


**birta**

VALA MATT, KOLFINNA OG MAGGA STÍNA

*Gefa fötin sín*

Matur tíska jólabirta




**SIRKUS**

STEINUNN Í NYLON

*Neitar að fara úr fötunum*

SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. desember 2006 — 329. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR



**St. Styrmir á HM**

Hýrasta knattspyrnulið landsins stefnir hátt

FÓLK 74

**Þrotlausir möguleikar orðsins**

Sigurður Hróarsson dæmir ljóðabók Vésteins Lúðvíkssonar, Sumir láta eins og holdið eigi sér takmörk.

MENNING 50

**Skynsamlegt frumvarp**

„Það er að vísu rétt, að fleiri hafa sennilega drukknað í víni en vatni. En hitt má áfengið eiga, að það hefur ekki gert neinum manni mein að fyrra bragði,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.



Í DAG 34

**Nýr þjálfari kvenna-landsliðsins**



Sigurður Ragnar Eyjólfsson var í gær ráðinn næsti þjálfari kvenna-landsliðs Íslands í fótbolta.

ÍÞRÓTTIR 64

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART MEÐ KÖFLUM** - Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt, en þó strekkingur á annesjum austan til. Éljagangur á Norður- og Austurlandi en bjart með köflum syðra. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4

# Ríkið kært vegna einkavæðingar ÍAV

**Einn bjóðenda í hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hefur kært framkvæmd sölunnar. Stjórnendur ÍAV keyptu hlutinn og eignuðust í kjölfarið allt félagið. Stefnendur segja þá hafa búið yfir upplýsingum sem aðrir bjóðendur höfðu ekki.**

**DÓMSMÁL** Stefnendurnir, Trésmiðja Snorra Hjaltasonar hf. og JB byggingarverktakar ehf, halda því meðal annars fram að Eignarhaldsfélagið AV ehf. (EAV ehf.) hafi nýtt sér þekkingu á innviðum ÍAV til þess að gera kaup sín á félaginu árið 2003 möguleg. EAV ehf. er í eigu stjórnenda og starfsmanna ÍAV. Í stefnu þeirra segir að þær upplýsingar sem stjórnendurnir bjuggu yfir hafi aðrir bjóðendur ekki haft aðgang að.

Þannig hafi stjórnendurnir vísvitandi haldið hjá sér upplýsingum um duldar eignir félagsins og nefna stefnendur þar sérstaklega raunverulegt verðmæti Blikastaðalands við Mosfellsbæ. Vilja stefnendur meina að landið hafi verið vanmetið í ársreikningum félagsins þrátt fyrir að stjórnendunum, þeim sem keyptu hlut ríkisins, hafi verið fullljóst hversu mikil verðmæti væru fólgin í landinu.

Í stefnunni segir að nýir eigendur hafi beitt reiknikúnstum til að greiða sér um 2,4 milljarða í uppsafnaðan arð á árinu 2004, sem er töluvert hærri upphæð en sú sem þeir greiddu fyrir hlut ríkisins í félaginu, sem var um 2 milljarðar. Í greinargerð lögmanns ríkisins er þessum ásökunum vísað á bug enda hafi margsinnis komið fram í ársreikningum ÍAV að Blikastaðalandið væri vanmetið.

Stefnendur gera einnig athugasemd við tengsl Jóns Sveinssonar, formanns einkavæðingarnefndar, við nýja eigendur ÍAV. Jón gegndi stöðu stjórnarformanns ÍAV þegar hluturinn var seldur og starfaði því náið með stjórnendum félagsins. Hann var endurkjörinn í þá stöðu eftir að nýir eigendur tóku við.

Ríkið hafnar því einnig að aðkoma Jóns hafi verið óeðlileg. Hann hafi setið bæði í einkavæðingarnefnd og stjórn ÍAV fyrir hönd ríkisins og því hafi hann gætt hagsmuna þess á báðum stöðum.

- þsj / sjá síðu 8.



**GLÓIR SEM GULL** Þorskur hefur aldrei verið verðmeiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðmet slegin á mörkuðum:

## Þorskur aldrei verið verðmeiri

**SJÁVARÚTVEGUR** Meðalverð á þorski í nóvember hefur aldrei verið hærra á íslenskum fiskmarkaði í einum mánuði, en tæpar 223 krónur hafa fengist fyrir kílóið. Meðalverð af öllum afla var 171 króna tæp og er það hæsta meðalverð í einum mánuði frá því í febrúar 2002.

Skýringa á háu verði var fyrr í haust leitað í jákvæðri gengisþróun en einnig hefur heilsuvakning í Evrópu verið talin hafa áhrif. Verð hefur haldist hátt á þeim tegundum sem sendar eru ferskar á Evrópumarkað með flugi og þar er þorskur stór hluti.

- shá



**EYÐILEGGINGIN BLASTI VIÐ** Björgunarsveitir í London höfðu í nógu að snúast við að hreinsa upp spýtnabrak, fallin tré og múrsteina sem höfðu hrunið úr húsveggjum í óveðrinu sem gekk yfir í gær. Um eitthundrað hús skemmdust í fárviðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvenjulegt veður í Bretlandi:

## Hvirfilbylur í miðri London

**BRETLAND, AP** Englendingum brá heldur betur í brún í gærmorgun, þegar hvirfilbylur fór um hluta London stuttu fyrir hádegi. Sex manns slösuðust og töluverðar skemmdir urðu á húsum og bifreiðum.

„Það var enginn fyrirvari. Himinninn varð svartur, haglél skall á og svo, innan við tíu mínútum síðar, var bylurinn farinn hjá,“ sagði Perrin Sledge Lundúnabúi.

Að sögn talsmanna slökkviliðsins í London voru um hundrað hús í norðvesturhluta borgarinnar skemmd eftir bylinn. Þök fuku af sumum húsanna og stakar þakplötur af enn fleiri húsum.

Að meðaltali myndast 33 hvirfilbyljir í Bretlandi árlega. Margir muna eftir hvirfilbyl í borginni árið 1984 sem olli miklum skemmdum.

- smk/gb

Karl á sextugsaldri grunaður um hrottafengna nauðgun og barsmíðar:

## Dæmdur nauðgari handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri, Jón Pétursson, situr í gæsluvarðhaldi grunaður um líkamsárás og nauðgun á föstudag fyrir viku. Maðurinn var fyrir tæpum tveimur mánuðum dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir hrottafengið ofbeldi og nauðganir.

Að sögn Harðar Jóhannessonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík, var maðurinn handtekinn á þriðjudag eftir að kona um fertugt, sem hann hefur átt í sambandi við, kærði hann fyrir frelsissviptingu og nauðgun. Hann mun hafa haldið konunni fanginni á heimili hennar, gengið illa í skrokk á henni og nauðgað oftar en einu sinni. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 20. desember.

Hinn 11. október síðastliðinn var maðurinn dæmdur í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottafengnar árásir á tvær konur og að hafa nauðgað annarri þeirra í þrígang. Hann áfrýjaði þeim dómi og bíður þess nú að Hæstiréttur dæmi í málinu.

Ef það hefur ekki gerst þegar gæsluvarðhald yfir manninum rennur út er líklegt að áframhaldandi varðhalds verði krafist.

Maðurinn misþyrmdi fyrrverandi sambýliskonu sinni í þrígang í fyrrasumar og hélt annarri fanginni í íbúð sinni í marga klukkutíma í febrúar, gekk í skrokk á henni og nauðgaði þrisvar.

- sh







## SPURNING DAGSINS



*Ertu mikill sundkappi, Kristján?*

**Já, ég kíki helst alltaf í sund í hádeginu.**

Kristján Sveinbjörnsson er forseti bæjarstjórnar á Álftanesi. Nágranni Kristjáns sakar hann um að hafa grafið fyrir sundlaug á lóð einni, til að koma í veg fyrir að aðrir geti reist sér hús þar.

Tyrkir sagðir bjóða málamiðlun í deilunni við ESB um tollabandalag og Kýpur:

# Vekur vonir um sættir náist

**BRUSSEL, AP** Tyrkneska stjórnin hefur boðist til að opna vissar hafnir og flugvelli tímabundið fyrir umferð frá Kýpur, en með þessu útspili vonast Tyrkir til að afstýra því að Evrópusambandið „frysti“ að hluta aðildarviðræður þeirra. Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði þetta útspil „mikilvægt skref“ í átt að lausn deilunnar, en aðildarþjóðir reyndust strax hafa mjög ólíka afstöðu til þess hvernig bæri að meta þetta skref.



**Á VAKT** Tyrkneskur hermaður á vakt í varðturni á „græna svæðinu“.

Tyrkneskir fjölmiðlar höfðu það í gær eftir heimildamönnum innan Tyrklandsstjórnar að stjórnin hygðist leggja til að vissar hafnir og flugvellir í Tyrklandi yrðu opnaðir fyrir umferð frá gríska hluta Kýpur, að því tilskildu að Evrópusambandið bindi enda á efnahagslega einangrun Kýpur-Tyrkja. Gríski hluti eyjarinnar er eina alþjóðlega viðurkennda ríkið á Kýpur, en það fékk aðild að ESB vorið 2004. Deilan nú snýst um að Tyrkir fullgildi aðild nýju ESB-ríkjanna tíu að tollabandalagssamningi Tyrklands og ESB, en það vilja þeir ekki gera nema Kýpur-deilan leysist um leið.

Grísk stjórnvöld vöruðu strax við því í gær að það væri ekki nóg að opna sumar hafnir og flugvelli Tyrklands fyrir umferð frá Kýpur. Bretar, Spánverjar og Svíar telja að á leiðtogafundi ESB um miðjan mánuðinn væri of langt gengið að frysta aðildarviðræður við Tyrki vegna þessa máls, en Frakkar, Kýpverjar og Grikkir krefjast þess að ekki verði látið eftir Tyrkjum að láta tollabandalagssamninginn ekki ná til allra nýju aðildarríkjanna. - aa

Auður heims:

## Tvö prósent eiga helming eigna

**BRETLAND, AP** Tvö prósent fullorðinna einstaklinga eiga ríflega helming allra eigna á jörðinni. Flestir búa auðmennirnir í Bandaríkjunum og Evrópu, kom fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem birt var á þriðjudag.

Á sama tíma á fátækari helmingur jarðarbúa tæplega eitt prósent allra eigna.

Í skýrslunni kom fram að misskipting tekna hefði færst í aukana síðustu tvo áratugina. Þetta er fyrsta könnunin sem metur eignir heimila með tilliti til skulda, landareigna, fasteigna og annarra eigna, en laun voru ekki talin með. - smk

Viðskipti með hergögn:

## Ýtt undir opinn Evrópumarkað

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hleypti í gær af stokkunum átaki til að opna hergagnamarkað álfunnar fyrir samkeppni og samstarfi yfir landamæri. ESB-ríkin 25 verja árlega um 30 milljörðum evra, andvirði um 2.750 milljarða króna, til kaupa á nýjum hergögnum.



**GÜNTER VERHEUGEN**

„Þetta er fyrsti áfanginn að opnari og sanngjarnari útboðsmarkaði fyrir hergögn,“ sagði Günter Verheugen, sem fer með málefni fyrirtækja í framkvæmdastjórn ESB, í Brussel í gær. Að hans sögn er opinn Evrópumarkaður með hergögn nauðsynlegur til að viðhalda samkeppnishæfni evrópsks hergagnaiðnaðar. - aa

Nauðgunardómur:

## Refsing stytt um hálft ár

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í eins og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot. Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í tveggja ára fangelsi. Atvikið átti sér stað á tjaldstæði í júlí fyrra. Maðurinn var ákærður fyrir nauðgun, með því að hafa með ofbeldi neytt konuna til að hafa við sig munnmök, reynt að þröngva henni til samræðis og sett fingur í leggöng hennar.**

**Hæstiréttur stytti dóm héraðsdóms um hálft ár meðal annars að virtum ungum aldri mannsins. Þá lækkaði Hæstiréttur fjárhæð miskabóta til konunnar úr einni milljón samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms í 800 þúsund krónur.** - jss

# Markaðssókn hætt vegna hvalveiðanna

**Sjávarútvegsráðherra segir vonbrigði að verslunarkeðja hætti markaðssókn á íslenskum vörum vegna hvalveiða. Telur að neikvæð áhrif verði tímabundin. Útilokar ekki frekari viðbrögð stjórnvalda og fyrirtækja í Bandaríkjunum.**

**HVALVEIÐAR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir ákvörðun bandarísku verslanakeðjunnar Whole Foods Market um að hætta markaðssetningu á íslenskum vörum vonbrigði. Einari barst bréf þess efnis frá Kenneth J. Meyer, aðalforstjóra austurstrandardeildar WFM, í nóvember um að ómögulegt væri fyrir fyrirtækið að halda áfram markaðssetningu Íslands sem vörumerkis því atvinnuhvalveiðar hafi neikvæð áhrif á þá viðskiptavild sem náðst hefur meðal viðskiptavina fyrirtækisins. Þar segir einnig að ef afstaða stjórnvalda breytist ekki muni sala á íslenskum vörum minnka og fyrirtækið neyðist þá til að leita eftir vörum annars staðar frá.



**ÚR VERSLUN WFM** Íslenskar vörur hafa verið til sölu í 30 verslunum Whole Foods Market og þær hafa verið kynntar sérstaklega. Markaðssókninni hefur verið hætt vegna atvinnuhvalveiða.

„Það eru vonbrigði að kynningarefnið verður tekið niður í verslunum Whole Foods en ég vek athygli á því að ekki var tekin ákvörðun um að hætta sölu íslenskra afurða. Ég hafði rætt við fulltrúa verslunarinnar en þeir eru einfaldlega ekki sammála mér og við það situr.“ Einar segir aðspurður að honum sé ekki kunnugt um að fleiri fyrirtæki ætli að grípa til svipaðra aðgerða og WFM en frá upphafi hafi hann búist við neikvæðum áhrifum til skemmri tíma vegna hvalveiðanna og þetta sé ein birtingarmynd þess. „Ég er þó sannfærður um að skilningur fáist á sjónarmiði okkar varðandi nýtingu auðlindarinnar og að þessi áhrif séu tímabundin.“



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Segir það vonbrigði að markaðssókn var hætt.

Fyrir skömmu frestaði dr. Bill Hogarth, forstöðumaður fiskveiðimála Bandaríkjastjórnar og fulltrúi í Alþjóðahvalveiðiráðinu, fundi þeirra Einars sem var skipulagður um miðjan desember. Einar sér ákvörðun Hogarths og stjórnenda WFM ekki í samhengi sem breiðar mótmælaaðgerðir í Bandaríkjunum. Um ákvörðun Hogarths að fresta fundinum með litlum fyrirvara segir Einar hins vegar að sér finnist það ekki góð vinnubrögð. „Ég tel að svar við ágreiningi á milli þjóða geti ekki falist í að tala ekki saman.“ Einar útilokar ekki frekari aðgerðir Bandaríkjastjórnar en veit ekki til þess að þær standi til.

Einar fagnar þeim fréttum að embættismaður í japanska sjávarútvegsráðuneytinu segir engar lagalegar hindranir á innflutningi hvalafurða á milli Íslands og Japan.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, sem nú er stödd í Japan í opinberri heimsókn, þekkti til ummæla embættismannsins og segir að hvalveiðar hafi borið á góma á fundum hennar með ráðamönnum, en að markaðsmálin hafi þó ekki verið rædd sérstaklega. svavar@frettabladid.is



**FÖNDURSTUND** Brugðið hefur verið á það ráð að láta tvö börn skipta með sér einu plássi.

Færri börn bíða nú en í fyrra:

## Enn vantar 31 starfsmann

**FRÍSTUNDAHEIMILI Nú bíða 45 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík.**

**Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá ÍTR, segir að börnin séu mun færri en á sama tíma í fyrra þegar 154 börn biðu eftir að komast að á frístundaheimilum. „Til að bregðast við vandanum nú hefur verið brugðið á það ráð að taka upp svokallaða veltidaga en þá skipta tvö börn með sér einu plássi.“**

**Enn vantar 31 starfsmann til starfa á frístundaheimilum og segir Steingerður nokkra starfsmannaveltu á frístundaheimilum í Reykjavík en þar starfa um 300 manns.** - hs

**NOREGUR**

**Þjófur með sleikjó**

Norsk yfirvöld fundu nýverið rúmlega fertugan mann sem sekur er um innbrot í nær 50 sumarhús í Hedmark í Noregi. Maðurinn hafði skilið hálfétinn sleikibrjóstsykur sinn eftir í einum bústaðanna. DNA-rannsókn tengdi manninn við þjófnaðina. Hann þarf nú að afplána tuttugu mánaða fangelsisvist fyrir afbrotin.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Tilkynning Whole Foods Market gæti haft áhrif í bandarískum viðskiptaheimi:

# Íslendingar glata tækifærum

**HVALVEIÐAR** Baldvin Jónsson markaðssérfræðingur segir að ákvörðun bandarísku verslunarkeðjunnar Whole Foods Market um að fjarlægja kynningarefni tengt Íslandi úr 30 verslunum vegna atvinnuhvalveiða sé mikið áfall. Hann segir að mörg verkefni hafi beðið úrvinnslu í samvinnu við fyrirtækið en nú sé óvíst hvort þeim verður fylgt eftir. „Ég kvíði því sem er framundan,“ segir Baldvin. „Kannski hefur orðið óbætanlegt tjón.“



**BALDVIN JÓNSSON** Hefur starfað í mörg ár við markaðssetningu íslenskra vara innan Whole Foods Market. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

WFM eiga yfir 180 verslanir um öll Bandaríkin og hyggjast fjölga þeim í 300 árið 2010. Baldvin segir að í ljósi framvindunnar nú sé erfitt eða ómögulegt að kynna Ísland í fleiri verslunum en þeim 30 sem selt hafa íslenskar vörur hingað til. Baldvin hefur um árabil unnið í náinni samvinnu við Kenneth J. Meyer, aðalforstjóra austurstrandardeildar WFM, sem skrifaði bréf til Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra þess efnis að markaðssetningu íslenskra vara yrði hætt án tafar.

Baldvin segir Meyer hafa af því miklar áhyggjur að atvinnuhvalveiðar Íslendinga komi í veg fyrir frekari markaðssókn Íslendinga í verslunum fyrirtækisins, sem eru persónulegt áhugamál hans. WFM verslunarkeðjan er leiðandi í smáverslun í Bandaríkjunum að sögn Baldvins og mjög er til þeirra horft í þarlendum viðskiptaheimi. Góður árangur hefur náðst í kynningu á sölu íslenskra mjólkur- og kjötvara innan verslana WFM á undanförnum árum. - shá

# Jólagleði



## LEVANTE – SOKKABUXUR
Vekja eftirtekt!

Levante



frá 909 kr.

## HAWAIIAN TROPIC
Flott um jólin. Coconut self tan spray. Lúxus kókoskrem. Body shimmer moisturiser.



2.331 kr.

## LAMAZE – LEIKFÖNG
Leikföng sem braka, tísta og hringla. Henta frá fæðingu á bílstólinn og eru góð í hendi.



1.967 kr.

## VICHY – OLICO 25
Krem sem gefur mjög góðan raka, er olíufrítt og vítamínríkt. Róar og jafnar blóðflæði í húð. Hreinsifroða fylgir með sem kaupauki.



2.179 kr.

## CLARINS – MASKARAKASSI
Wonder volume maskari, 30 ml augnfarðahreinsir og 5 ml augngel.



2.139 kr.

## VAN GILS – VGV
Nýjasti ilmurinn frá Van Gils. Edt. 30 ml sprey. 100 ml sturtusápa fylgir frítt með.



microlife

7.845 kr.

## MICROLIFE –BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR
Fyrir þá sem þurfa að fylgjast með blóðþrýstingnum reglulega. Hjartaheill nýtur góðs af hverjum seldum mæli.



1.590 kr.

## HUGUR, LÍKAMI OG SÁL!
Hugleiðslu-, jóga-, reiki- og spatónlist í miklu úrvali.

Einnig úrval geisladiska frá SENU.

## GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM
Komdu til okkar og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 35133 11/06

## GENGIÐ 07.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,78 | 69,10 |
| Sterlingspund | 135,35 | 136,01 |
| Evra | 91,33 | 91,85 |
| Dönsk króna | 12,249 | 12,321 |
| Norsk króna | 11,275 | 11,341 |
| Sænsk króna | 10,109 | 10,169 |
| Japanskt jen | 0,5984 | 0,6018 |
| SDR | 104,11 | 104,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,0136

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjaness yfir tvítugum pilti:

# Sex ár fyrir morðtilraun með sveðju

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjaness þess efnis að nær tvítugur piltur, Tindur Jónsson, sæti sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Pilturinn réðist að öðrum pilti með stórum hnífi eða sveðju og hjó í höfuð hans og líkama. Tindur var einnig dæmdur til að greiða þremur mönnum samtals um eina milljón króna í bætur.

Sveðjuárásin átti sér stað í Garðabæ í október í fyrra. Þá réðst pilturinn ásamt tveimur félögum sínum á annan pilt og lagði ítrekað til hans með sveðju þannig að fórnarlambið hlaut meðal annars djúpa skurði á höfði, sprungur í höfuðkúpu og blæðingu á yfirborði heilans, auk áverka á hægri hendi.



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Dæmdi pilt í sex ára fangelsi fyrir sveðjuárás.

Tindur var jafnframt sakfelldur fyrir fjórar grófar líkamsárásir, brot á vopnalögum og brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Með þeim hafði hann rofið skilorð þriggja mánaða fangelsisdóms vegna tveggja líkamsárása og fleiri brota.

Dómurinn vísaði til þess að Tindur hefði greitt piltinum sem varð fyrir sveðjuárásinni bætur í samræmi við niðurstöðu Héraðsdóms, á sjöunda hundrað þúsund krónur ásamt vöxtum.

Tveir félagar Tinds voru einnig ákærðir fyrir líkamsárásir. Þeir voru sakfelldir og dæmdir í fjögurra mánaða fangelsi hvor. **- jss**

Haraldur Hannes í London:

# Hæg framför á hverjum degi

**LONDON Haraldur Hannes Guðmundsson, ljósmyndarinn sem ráðist var á í London er á hægum batavegi, að sögn Sigurðar Arnarsonar sendiráðsprests. Haraldur er í öndunarvél en með meðvitund. Sigurður telur heilsufar hans stefna í rétta átt, en langt sé enn í land.**

**Lögreglunni í Bethnal Green miðar lítið áfram í rannsókn sinni. Nú er talið ólíklegt að nokkur hinna fjögurra, sem handteknir voru vegna málsins, hafi framið glæpinn. Robert Gurr rannsóknarlögreglumaður segist enn hafa vísbendingar sem verði skoðaðar á næstu dögum. - kóþ**

Tjón Náttúrufræðistofnunar:

# Rannsóknin hefur forgang

**LÖGREGLUMÁL Mál Náttúrufræðistofnunar er komið í rannsókn og gengur þokkalega, segir Óskar Sigurðsson lögreglufulltrúi. Óskar vildi lítið tjá sig um málið, en neitaði ekki að það hefði ákveðinn forgang. Hann býst við niðurstöðu á næstu vikum.**

**Síðastliðið sumar fór rafmagn af frystiklefa Náttúrufræðistofnunar, sem kunnugt er, og glötuðust þar fágætir gripir og rannsóknastarf til þrjátíu ára. Tjónið er talið óbætanlegt og Jón Gunnar Ottósson, forstjóri stofnunarinnar, útilokar ekki að dýrgripirnir hafi verið seldir á svörtum markaði. - kóþ**

Thelma Ásdísardóttir:

# Áætlunin er jólagjöfin í ár

**OFBELDI** Thelma Ásdísardóttir, sem sagði í fyrra sögu sína í bókinni Myndin af pabba – Saga Thelmu, telur að ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja aðgerðaáætlun gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum sé viðurkenning um að þjóðin standi saman í þessum málum.



**THELMA ÁSDÍSARDÓTTIR**

„Það hefur verið litið á þessi mál sem kvennamál en þetta er mjög skýr og sterk yfirlýsing um að svo er ekki lengur. Fyrir mér er þetta jólagjöfin í ár,“ segir hún.

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, segir að bók Thelmu hafi orðið til þess að embættismenn og ráðherrar hafi heimsótt Stígamót. „Ráðherrarnir urðu snortnir.“ **- ghs**

# Bush og Blair segja verkefnið fram undan gríðarlega erfitt

## George Bush og Tony Blair ræddu Íraksskýrsluna á fundi í gær. Írakar taka skýrslunni með tortryggni en Evrópuleiðtogar fagna henni. Ísraelskir ráðamenn segja fráleitt að tengja Íraksstríðið deilum Ísraels og araba.



**LEIÐTOGAR TAKAST Í HENDUR** Þeir Tony Blair og George W. Bush ræddu Íraksmálin í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BANDARÍKIN, AP** Meginumræðuefni þeirra Blairs og Bush á fundi þeirra í Washington í gær var Íraksskýrslan, sem kom út á miðvikudaginn.

„Þetta eru erfiðir tímar og þetta er erfið stund fyrir Bandaríkjamenn og Breta og verkefnið fram undan er gríðarlega erfitt,“ sagði Bush að fundi þeirra loknum.

Blair sagði skýrsluna hins vegar vísa veginn fram á við: „Ég tel mikilvægt að við einbeitum okkur núna að því sem er nauðsynlegt að gera til þess tryggja að við náum árangri, því afleiðingar þess að mistakast eru alvarlegar.“

Bush gaf þó til kynna að hann ætlaði ekki að fara í einu og öllu að tillögum nefndarinnar, heldur ætlar hann að bíða eftir fleiri skýrslum um Íraksstríðið sem væntanlegar eru frá varnarmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu og þjóðaröryggisráðinu.

Annar af aðalhöfundum skýrslunnar, demókratinn Lee Hamilton, sagði í gær nauðsynlegt að bæði repúblikanar og demókratar störfuðu saman að því að hrinda tillögum skýrslunnar í framkvæmd.

Íraksskýrslan virtist þó ekki vekja nýjar vonir í brjóstum fólks í Írak, þvert á móti segjast þeir sem blaðamaður AP-fréttastofunnar ræddi við á götum Bagdad varla geta séð að skýrslan muni hafa nein áhrif á líf fólks í Írak til hins betra á næstunni.

Mahmoud Othman, kúrdískur þingmaður í Bagdad, gagnrýndi skýrsluna að auki vegna þess að engir Írakar tóku þátt í gerð hennar. Það eitt geri það að verkum að útkoman er meingölluð.

„Það virðist sem þeir sem skrifuðu hana hafi litla þekkingu á ástandinu í Írak,“ sagði hann. „Þeir heimsóttu bara græna svæðið í nokkra daga. Þeir fóru hvorki til suðurhluta landsins né til Kúrdahéraðanna til að spyrja fólk þar álits. Þess vegna eru niðurstöður og tillögur þeirra yfirborðskenndar og ónákvæmar.“

Leiðtogar margra Evrópuríkja, sem sumir hverjir hafa harðlega gagnrýnt stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Írak, fögnuðu hins vegar skýrslunni.

„Ég held að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að Bandaríkjamenn taki að minnsta kosti að líta á stríðið í Írak eins og það er,“ sagði til dæmis Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands.

Í skýrslunni er Bandaríkjastjórn meðal annars hvött til þess að vinna að lausn á deilu Ísraels og Palestínumanna, að öðrum kosti sé engin von til þess að árangur náist í Írak.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hafnar því hins vegar með öllu að einhver tengsl séu á milli ástandsins í Íraks og deilna Ísraels við Palestínumenn og arabaríkin í nágrenninu.

„Við höfum aðra skoðun á því,“ sagði Olmert, og „eftir því sem ég best veit hefur Bush forseti á síðustu árum einnig haft aðra skoðun á þessu.“

Hann hafnar einnig tillögum bandarísku Íraksnefndarinnar um að Ísraelar hefji á ný samningaviðræður við Sýrland, en sagði að Ísraelar vilji „af öllum mætti okkar“ hefja á ný friðarviðræður við Palestínumenn.

Á fundi þeirra Bush og Blairs í gær virtist Bush þó taka undir það að nauðsynlegt væri að horfa til Mið-Austurlanda í heild, en Blair hefur áður lýst þeirri skoðun sinni að lausn á deilum Ísraels og araba sé forsenda þess að hægt verði að leysa aðrar deilur í þessum heimshluta. **gudsteinn@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**AÐFARANÓTT SUNNUDAGS**
Óveður er í aðsigi með komu mjög djúprar lægðar um helgina. Gangi allt eftir má búast við mjög vondu veðri á landinu sunnan- og vestanverðu strax annað kvöld, með slyddu í fyrstu en síðan rigningu. Um nóttina, þ.e. aðfaranótt sunnudagsins verður suðaustan stormur víða um land. Þetta er mjög hraðfara og gengur yfir um nóttina, þ.e. aðfaranótt sunnudagsins.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðan 5-8 m/s. Bjart veður. Hiti nálægt frostmarki.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæglætisveður í fyrstu- stormur sunnnan og vestan til um kvöldið og allt land um nóttina.

*» sunnudagur*




5-10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C hálfskýjað | London | 12°C rigning | Alicante | 18°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 6°C skúrir | París | 11°C skúrir | Mallorca | 16°C hálfskýjað |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 9°C hálfskýjað | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað | Krít | 18°C heiðskírt |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 10°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# KJÚKLINGABRINGUR
## MEÐ FETAOSTS- OG ÓLÍFUFYLLINGU
### að hætti landsliðs matreiðslumeistara

4 stk. kjúklingabringur
1 dl fetaostur
1 dl grænar ólífur
1/3 búnt steinselja
Salt og pipar
tannstönglar

Saxið ólífur og steinselju. Myljið fetaost og blandið þessu þrennu saman. Ristið í hliðina á kjúklingabringunum með hníf þannig að vasi myndist, setjið fyllinguna inn í og lokið fyrir með tannstönglum. Kryddið bringurnar með salti og pipar og steikið á heitri pönnu, á báðum hliðum. Setjið síðan inn í 180°C heitan ofn í 6 mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður.














Kjöt & fisktorgið

| | | |
|---|---|---|
| Lambainnralæri | TILBOÐ 2.498kr/kg | ~~3.298kr/kg~~ |
| Lambasirloin í bláberjalegi | TILBOÐ 1.798kr/kg | ~~1.998kr/kg~~ |

## KRYDDVÍN

Kryddvínin eru nýjung á Íslandi, en kryddvín eru ekta vín sem búið er að salta og pipra og því ekki notuð til beinnar drykkju. Gott og handtækt að eiga í kryddskápnum til að krydda tilveruna. Hafa þarf í huga að búið er að salta og pipra vínin og því best að krydda í lokin. Ekkert mál að nota uppáhalds uppskriftina eða prófa nýjar með kryddvínum.




### RAUÐVÍNSSÓSA að hætti landsliðs matreiðslumeistara

5 stk. skalottlaukur
2 msk. sherry edik
4 dl. rautt kryddvín
6 dl. nautasoð
1 stk. timjangrein

Skrælið og saxið skalotlaukinn fínt. Svitið laukinn í potti í 3 mín. Bætið sherry ediki yfir ásamt einni timjan grein. Hellið svo rauða kryddvíninu yfir og sjóðið niður í kjarna. Bætið nautasoði yfir og sjóðið rólega í 15 mín. Sigtið laukinn frá og þykkið með sósujafnara. Klárið sósuna með því að píska út í hana 30 gr. af smjöri.

Gildir til 10. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Er eðlilegt að listamenn hljóti heiðurslaun?*

| | |
|---|---|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að setja jarðgöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur í forgang í samgöngumálum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Elín María Nielsen, móðir eins drengsins sem gerði „Nóri að brenna“:

# Þetta fór aðeins úr böndunum

**FJÖLMIÐLUN** Elín María Nielsen sjúkraliði er móðir eins drengjanna sem gerðu myndbandið „Nóri að brenna“. Hún segist ekki hafa séð myndbandið og lítið vita af málinu. Hún hafi bara frétt af þessu þegar skólastjórinn hafi haft samband í gær.

„Þetta var einhver fíflaskapur í þeim öllum. Þeir voru saman vinirnir að leika sér við að taka upp myndband eins og þeir gera allan daginn. Þetta var bara ein tilraun sem þeir hugsuðu greinilega ekki til enda,“ segir Elín María. Hún tekur fram að Nóri, sá sem kveikt hafi verið í, hafi tekið fullan þátt í þessu.

„Þetta eru strákar sem leika sér alla daga. Sumt er saklausara en annað. Yfirleitt henda þeir bara spýtum fram af þaki en þetta fór meira úr böndunum en átti að gera,“ segir hún og telur strákana sækja hugmyndina í glæfraþætti úr sjónvarpinu.

Strákarnir séu líka með vefsíðuna steiktir.tk. Þeir setji myndböndin í sín inn á hana, bloggi og tali saman.

Sigurður Björgvinsson, skólastjóri Víðistaðaskóla, er bundinn trúnaði. Hann segir þó að foreldrar eigi að fylgjast með því hvað börnin gera utan skólatíma. Almennt talað láti hann foreldra vita, í sumum tilvikum séu barnaverndaryfirvöld látin vita.

Myndbandið var tekið af netinu í hádeginu í gær. - ghs



**ÚR MYNDBANDINU** Elín María Nielsen móðir segir að Nóri hafi fengið brunasár en honum líði vel í dag. Skólastjóri Víðistaðaskóla lét hana vita af myndbandinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR MYNDBANDINU

Dómur Hæstaréttar:

# Í fangelsi fyrir amfetamíngerð

**DÓMSMÁL** Karlmaður skal sæta 14 mánaða fangelsi fyrir að framleiða tæp 111 grömm af amfetamíni, samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær. Þar með staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Maðurinn var einnig sakfelldur fyrir að hafa í fórum sínum vökva og efni til amfetamíngerðar, 64 grömm af amfetamíni og 193 amfetamíntöflur, auk tæpra 11 gramma af hassi og lítið magn af amfetamíni sem fannst í bifreið hans.

Refsing mannsins var ákveðin með hliðsjón af eindregnum brotavilja hans og því hve brotin voru alvarleg. -jss




Allt það fína frá Kína

Gott úrval af lömpum, vösum og glæsilegri gjafavöru á frábæru verði

Opið mánudaga - sunnudaga 10 - 18



Gallery Kína

Ármúla 42 - sími 895 8966




**ÞINGMENN AÐ STÖRFUM** Samkomulag tókst í fyrrinótt um að fresta þriðju umræðu um Ríkisútvarpsfrumvarp menntamálaráðherra fram í janúar. Ráðherra telur ný lög geta tekið gildi 1. febrúar.

# Ný lög um RÚV gætu tekið gildi 1. febrúar

**Frestun þriðju umræðu um Ríkisútvarpið fram á nýtt ár er hryggjarstykkið í samkomulagi um þingstörfin fyrir jól. Menntamálaráðherra segir ágætt að málið sé komið vel á veg. Samfylkingin vill að RÚV verði sjálfseignarstofnun.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisútvarpið verður ekki að hlutafélagi í opinberri eigu um áramót eins og frumvarp menntamálaráðherra miðaði að. Fulltrúar stjórnmálaflokkanna urðu ásáttir um að ljúka annarri umræðu um málið í gær og að þriðja umræða fari fram um miðjan janúar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kveðst ekki ósátt við þessa lendingu. „Þetta er verra fyrir Ríkisútvarpið en það er ágætt að málið sé komið vel á veg,“ segir Þorgerður.

Þing kemur aftur saman 15. janúar og stendur til að verja fyrstu starfsviku þess á nýju ári í umræður um RÚV. Telur Þorgerður að frumvarpið geti orðið að lögum 1. febrúar.

Samfylkingin lýsti í gær stefnu sinni í málefnum RÚV en hún gengur meðal annars út á að stofnunin verði ekki hlutafélag eins og frumvarpið mælir fyrir um heldur sjálfseignarstofnun. Þá vill Samfylkingin að almenningur eigi aðkomu að stefnumótun RÚV fyrir tilstilli sérstaks hlustendaþings og að starfsmenn eigi fulltrúa í stjórn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði í gær að í því andrúmi sem skapaðist milli annarrar og þriðju umræðu yrði reynt að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í málinu. „Verði þetta að lögum þá verður engin sátt um Ríkisútvarpið,“ sagði Ingibjörg Sólrún sem leggur jafnframt til að starfshópur með fulltrúum allra flokka verði settur á fót til að reyna að ná sátt um málið.

Þorgerður Katrín segir á hinn bóginn slíkt ekki koma til greina.

Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks VG, er ánægður með samkomulagið sem tókst í fyrrinótt. „Mest er um vert að tekist hafi að semja um RÚV og enn er von um að þessi ómynd verði aldrei að lögum,“ sagði Ögmundur í gær.

Heiðursmannasamkomulag fulltrúa flokkanna tekur einnig til meðferðar frumvarps iðnaðarráðherra um Landsvirkjun. Samþykkt var að bíða með afgreiðslu annarra ákvæða en þess sem miðar að kaupum ríkisins á hlutum Reykjavíkur og Akureyrar í fyrirtækinu. Breyting Orkubús Vestfjarða og Rarik í dótturfélög Landsvirkjunar verður því ekki að veruleika um áramót eins og miðað var að. bjorn@frettabladid.is




Motorlift

bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrifnu Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótor og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

**Motorlift fæst í byggingavöruverslunum um land allt.**

CHAMBERLAIN™

**MEÐ ÍSLENSKUM LEIÐBEININGUM.**


Sjö sóttu um fasta stöðu dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. janúar:

# Aðstoðarmaður ráðherra sækir um starf héraðsdómara

**DÓMSMÁL** Þorsteinn Davíðsson, aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra og sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, er meðal umsækjenda um stöðu dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur en dómsmálaráðherra skipar í embættið frá og með 1. janúar á næsta ári.

Aðrir sem sóttu um stöðuna voru Halldór Björnsson, settur héraðsdómari, Halldór Frímannsson héraðsdómslögmaður, Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri í Reykjavík, Jón G. Briem hæstaréttarlögmaður, Sandra Baldvinsdóttir, settur héraðsdómari og Sigríður J. Hjaltested, löglærður aðstoðarmaður dómara.

Friðgeir Björnsson héraðsdómari lætur af störfum um áramótin og verður nýr dómari ráðinn í hans stað.

Umsóknarfrestur vegna stöðunnar rann út 24. nóvember síðastliðinn.

Samkvæmt reglum um skipan dómara þurfa þeir að hafa náð 30 ára aldri, hafa íslenskan ríkisborgarétt, vera lögráða og hafa aldrei „misst forræði yfir búi sínu“, vera nógu vel á sig komnir „andlega og líkamlega“ til þess að geta sinnt embættinu, eiga ekki gerst sekir um refsivert athæfi eða „sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta“.

Þá þurfa dómarar einnig að hafa lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið er því jafngilt og hafa verið alþingismenn eða stundað málflutningsstörf að staðaldri „eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi.“

Björn Bjarnason var ekki tilbúinn til að svara því ótvírætt hvort hann liti svo á að hann væri vanhæfur til þess að skipa í embættið.

„Málið er nú hjá umsagnarnefnd lögum samkvæmt. Ég tek afstöðu til álitaefna þegar þau koma á mitt borð,“ sagði Björn í gær. - mh


STEPHEN KING
„Ómögulegt að leggja hana frá sér. “
-Washington Post
GEMSINN
Hvað gera menn þegar þarfasti þjónninn snýst gegn þeim?
Hvað sem þú gerir - ekki HRINGJA í Neyðarlínuna ...
Glæný og æsispennandi skáldsaga eftir meistara hrollvekjunnar sem fengið hefur frábæra dóma.
Edda
edda.is




Þóra Guðmundsdóttir í mál vegna ummæla um hana í Séð og heyrt:

# Krefst á annan tug milljóna í bætur vegna ærumeiðinga

**DÓMSMÁL** Þóra Guðmundsdóttir, kennd við Atlanta, krefst á annan tug milljóna í miskabætur vegna umfjöllunar um hana í vikublaðinu Séð og heyrt, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Hún krefst þess jafnframt að tiltekin ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Málið hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Tildrög þess er viðtal Eiríks Jónssonar, blaðamanns Séð og heyrt, við Þorstein Svan Jónsson sem seldi Þóru einbýlishús. Af ummælum í blaðinu má ráða að hún sé ekki farin að borga krónu í húsinu og því hafi afhending þess tafist vel á annað ár samkvæmt ákvæðum um afhendingu í kaupsamningi. Þá er fullyrt að hún sé „blönk“ eins og það er orðað í blaðinu.



ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR.

Þessari umfjöllun vill Þóra ekki una. Hún hafi greitt allar greiðslur sem hún eigi að greiða samkvæmt kaupsamningi. Eina greiðslan sem eftir standi sé 10 milljónir króna sem hún eigi að greiða við afhendingu hússins, en það hafi enn ekki verið afhent. Að auki sé henni borið á brýn að hún standi ekki í skilum sem sé skaðlegt fyrir orðspor hennar, ekki síst þar sem hún starfi við fjárfestingar. Hún höfðaði því mál á hendur Eiríki Jónssyni blaðamanni, Mikael Torfasyni ritstjóra sem ábyrgðarmanni og Þorsteini Svani Jónssyni. - jss

# Kæra ríkið vegna sölu þess á ÍAV

**Tvö byggingafélög hafa kært framkvæmd einkavæðingar Íslenskra aðalverktaka árið 2003. Forsvarsmenn þeirra segja stjórnendur félagsins hafa nýtt sér þekkingu á innviðum þess til að vanmeta það. Ríkið vísar ásökunum á bug.**

**DÓMSMÁL** Trésmiðja Snorra Hjaltasonar hf. og JB byggingaverktakar ehf. hafa kært íslenska ríkið fyrir framkvæmd þess á einkavæðingu Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) árið 2003. Þá seldi ríkið 39,86 prósenta hlut sinn í félaginu til Eignarhlutafélagsins AV ehf., sem er í eigu stjórnenda og starfsmanna ÍAV. Aðalmeðferð í málinu mun hefjast 16. janúar næstkomandi.

Stefnendurnir halda því meðal annars fram að stjórnendur ÍAV hafi vísvitandi haldið hjá sér upplýsingum um duldar eignir félagsins. Nefna þeir þar sérstaklega Blikastaðaland í Mosfellsbæ, sem er byggingaland sem ÍAV eignaðist árið 1999. Samþykki á aðalskipulagi svæðisins lá ekki fyrir þegar salan fór fram, en var samþykkt stuttu síðar. Því hafi landið verið vanmetið í ársreikningum félagsins. Stefnendur segja að stjórnendunum hafi verið fulljóst hversu mikil verðmæti væru fólgin í landinu.



**FRAMKVÆMDIR** Ríkið vísar því á bug að óeðlilega hafi verið staðið að sölu á Íslenskum aðalverktökum.

Stuttu eftir að kaupin á hlut ríkisins gengu í gegn var landið endurmetið á tæpa þrjá milljarða. Stefnendur vilja meina að stjórnendur ÍAV hafi beitt reikningskúnstum til að greiða sjálfum sér í kjölfarið tæpa 2,4 milljarða króna á árinu 2004 í uppsafnaðan arð. Það er hærri upphæð en þeir greiddu fyrir hlut ríkisins í ÍAV, en verðmiðinn á honum var um 2 milljarðar. Telja stefnendur að nýir eigendur ÍAV hafi ráðgert þetta frá byrjun og að þeir hafi nýtt sér þekkingu sína á innviðum félagsins til þess að gera kaup sín möguleg. Þar hafi þeir haft aðgang að upplýsingum sem aðrir bjóðendur höfðu ekki. Því hafi kaupin á hlut ríkisins í raun verið fjármögnuð með eignum ÍAV og skuldsetningu félagsins.

Í greinargerð lögmanns ríkisins í málinu er þessum ásökunum líkt og öðrum vísað alfarið á bug. Þar segir að margsinnis hafi komið fram í ársreikningum ÍAV að Blikastaðalandið væri vanmetið.

Stefnendur gera einnig athugasemd við tengsl Jóns Sveinssonar, formanns einkavæðingarnefndar, við stjórnendur ÍAV, en Jón gegndi stöðu stjórnarformanns ÍAV þegar hlutur ríkisins var seldur. Hann starfaði því náið með stjórnendum félagsins. Samkvæmt bókunum af fundum einkavæðingarnefndar bauðst Jón til að segja sig frá málinu á lokastigum þess. Ekki er þó bókað að hann hafi vikið af fundum og tekið er fram að hann hafi komið að söluferlinu eftir að útboðið hófst.

Ríkið hafnar því að aðkoma Jóns hafi verið óeðlileg. Hann hafi setið bæði í einkavæðingarnefnd og í stjórn ÍAV fyrir hönd ríkisins og því hafi hann gætt hagsmuna þess á báðum stöðum. thordur@frettabladid.is












**VILHJÁLMUR AÐ KRULLA** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkur, sýndi áður óþekkta takta á skautasvellinu í íþróttinni krullu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýbreytni í miðbænum:

# Skautasvell á Ingólfstorgi

**MIÐBÆR** Skautasvell sem þekur tvo þriðju hluta Ingólfstorgs opnaði í gær. Skautasvellið er sett upp í tilefni af 50 ára afmæli Tryggingamiðstöðvarinnar sem leigir svellið frá Austurríki. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Óskar Magnússon, forstjóri TM, klipptu á borða til að opna svellið og kepptu því næst í krullu. Brassband lék tónlist fyrir viðstadda og stúlkur frá Skautafélagi Reykjavíkur sýndu listir sínar.

Frítt er á skautasvellið sem verður opið daglega til klukkan tíu á kvöldin. Hægt er að leigja skauta á staðnum og Tryggingamiðstöðin lánar hins vegar hjálma. - sdg

*Íslenska ánægjuvogin 2006*



# Ánægðustu viðskiptavinir landsins eru hjá SPRON!

Samkvæmt mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar 2006 eru viðskiptavinir **SPRON** ánægðastir allra viðskiptavina banka og sparisjóða – ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur á landinu öllu!

Við erum stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu viðskiptavina okkar og er hún okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

## Komdu í hóp landsins ánægðustu viðskiptavina!




**Ánægjuvog banka og sparisjóða**
– landið allt 2006

spron




Herferð hefur staðið yfir í innheimtu afnotagjalda vegna útvarpa í bílum:

# Mótmæla hörku í innheimtu

**INNHEIMTA** Samtök atvinnulífsins mótmæla vaxandi hörku innheimtudeildar Ríkisútvarpsins vegna greiðslna afnotagjalda á útvarpstækjum í bifreiðum og hyggjast láta reyna á réttmæti skattheimtunnar fyrir dómstólum verði henni haldið til streitu. Herferð hefur staðið yfir hjá innheimtudeild RÚV frá árinu 2004 um hert eftirlit með lögum um afnotagjöld.

Bjarni P. Magnússon, deildarstjóri afnotadeildar RÚV, segir lögin ótvíræð. „Öllum stofnunum og fyrirtækjum ber að greiða fullt gjald á fyrsta tæki og hálft gjald af öllum öðrum tækjum.“

Samtök atvinnulífsins segja innheimtu RÚV tilviljanakennda og virðist hún beinast að fáum útvöldum fyrirtækjum. Bjarni segir að unnið sé eftir ákveðnu kerfi og að heilan her þyrfti ef deildin ætti að ná að fara í öll fyrirtæki. „En frá því að við hófum þessa herferð hefur fyrirtækjunum fjölgað um hundrað prósent sem hefur gefið RÚV vel á annað hundrað milljónir.“



**BÍLAÚTVARP** Kveðið er á um innheimtu afnotagjalda í lögum um RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samtök atvinnulífsins benda á að RÚV sé heimilt að veita afslátt af útvarpsgjaldi vegna fjölda tækja á „sama stað“. Hins vegar sé ekki að finna sambærilega afsláttarheimild vegna fjölda bifreiða í eigu sama lögaðila. Þannig sé fyrirtækjum mismunað eftir því í hvers konar rekstri þau eru.

Bjarni segir að fyrir tveimur til þremur árum hafi verið beðið um breytingu á reglugerð til að hægt væri að veita afslátt á útvörpum í bílum en deildin hafi fengið það aftur í hausinn frá ráðuneytinu. **- sdg**

AMNESTY INTERNATIONAL

Aðventutónleikar
Amnesty International

Neskirkju við Hagatorg sunnudagskvöldið
10. desember kl. 20.00

*Flytjendur:*

*Kolbeinn Bjarnason flautuleikari*
*Elísabet Waage hörpuleikari*

*Auður Gunnarsdóttir sópran*
*Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari*

*Helga Þórarinsdóttir víóluleikari*
*Einar Jóhannesson klarinettuleikari*
*Richard Talkowsky sellóleikari*
*Ari Vilhjálmsson fiðluleikari*

*Systkinin Kristján og Ellen Kristjánsbörn*

Ágóði af tónleikunum rennur til fórnarlamba mannréttindabrota.
Miðaverð er 1.500 kr. Forsala aðgöngumiða er á skrifstofunni
Hafnarstræti 15 og Tónastöðinni, Skipholti 50d
Sími 511 7900 eða amnesty@amnesty.is.

# Segir Kjartansmálið hættulegt fordæmi

**Oddviti Samfylkingarinnar segir borgarstjóra hafa skapað hættulegt fordæmi með því að skjóta niðurstöðu matsnefndar um bætur fyrir land í Norðlingaholti ekki til dómstóla. Borgarstjóri segist hafa farið eftir tillögu skrifstofustjóra lögfræðisviðs.**

**STJÓRNSÝSLA** „Svörin sem lögð voru fyrir í borgarráði eru greinilega röng,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, um svör Vilhjálms Þ. Vihjálmssonar borgarstjóra við fyrirspurn um eignarnám á landi Kjartans Gunnarssonar í Norðlingaholti.

Borgarstjóri ákvað í sumar að borgin myndi una úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta frá í mars og greiða Kjartani Gunnarssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, 208 milljónir króna fyrir tæplega fjóra hektara lands í Norðlingaholti.

Skömmu eftir úrskurðinn lagði skrifstofustjóri lögfræðisviðs borgarinnar, Kristbjörg Stephensen, til í minnisblaði að úrskurðinum yrði skotið til dómstóla því hann væri órökstuddur og bæturnar alltof háar. Vilhjálmur segist hafa farið eftir tillögu sem skrifstofustjórinn setti fram í öðru minnisblaði til hans í júlí.

Nýja minnisblaðið var lagt fram í borgarráði í gær ásamt svörum borgarstjórans. Vilhjálmur segir engan viðsnúning hafa orðið. Þó að í fyrra minnisblaði skrifstofustjórans væri sagt að fullt tilefni væri til að bera niðurstöðuna undir dómstóla þá hafi borgarráð ekki gert neina samþykkt um málið.

Bendir Vilhjálmur á að í nýrra minnisblaðinu segi að nýlegt útboð á byggingarlóðunum hafi breytt forsendum sem borgin gaf sér áður við verðmat á landi Kjartans. Munaði nú 28 milljónum á verðmati borgarinnar og matsnefndarinnar.



**VILHJÁLMUR OG DAGUR** Dagur B. Eggertsson segir svör borgarstjórans um eignarnám á landi Kjartans Gunnarssonar greinilega röng.

„Kynnti skrifstofustjórinn borgarstjóra þá breyttu afstöðu og lagði til að Reykjavíkurborg myndi una úrskurðinum,“ segir Vilhjálmur og kveðst hafa fallist á tillögu skrifstofustjórans eftir að hafa yfirfarið rökin á minnisblaðinu.

Dagur B. Eggertsson telur að skrifstofustjórinn hafi ekki gert tillögu um að hætta við að leita til dómstóla.

Þvert á móti hafi skrifstofustjórinn haldið því fram að full ástæða væri til slíks þótt hann segðist ekki treysta sér til að ákveða það nema með fulltingi borgarstjóra sökum fjárhagslegrar áhættu sem væri fólgin í því að borgin yrði hugsanlega dæmd til að greiða enn meira en matsnefndin ákvað. Borgarstjóri hafi sjálfur ákveðið að fylgja úrskurðinum og hann beri ábyrgð á því að hafa ekki lagt þá „kúvendingu“ fyrir borgarráð.

„Það er mjög hættulegt fordæmi þegar menn eru algjörlega órökstutt að samþykkja mönnum bætur því það getur haft fordæmisgildi í öðrum málum,“ segir Dagur. **gar@frettabladid.is**






# Jólin koma!



SPARIÐ 14.500,-

ÁÐUR 39.400,- MEÐ FÓTUM 24.900

## „PLUS B10" BOXDÝNA 120 X 200 SM

Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í efra lagi eru 230 Bonell/LFK-gormar á hvern fermetra og í neðra lagi dýnunnar eru 150 Bonellgormar á hvern fermetra. Miðlungsstíf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna. Einnig fylgja fætur með. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheillri furu.



ÁÐUR 49.900,- 24.900

SPARIÐ 25.000,-

## „TOSCANA" TUNGUSÓFI

Rauður, fallegur tungusófi úr slitsterku, teflonmeðhöndluðu micrófíberefni. Litur rautt. Stærð 229x71x84/162 sm. Frábært tilboð á flottum sófa!



## „ANGUS" HÆGINDASTÓLL

Fallegur stóll úr leðri með innbyggðum fótaskemli. Veitir stuðning við allan líkamann. Stærð 82x88x94 sm. Fæst í brúnu og svörtu.

29.900



## „BRAVA" HÆGINDASTÓLL

Glæsilegur hægindastóll með „micrófíber" áklæði og innbyggðum fótaskemli. St. 76x79x98 sm.

24.900

*Hörðu pakkarnir fást í Rúmfatalagernum!*



## „JULIA" BORÐ + 4 „JULIA" STÓLAR

Fallegt hvítt borð með krómfótum og hvítir stólar í stíl með krómfótum. Borð stærð: 120x75x73 sm. Frábært verð á frábæri vöru!

BORÐ + 4 STÓLAR 12.900



## „BAILEY" TÖLVUBORÐ

Flott tölvuborð sem hentar vel fyrir börn og unglinga. Breidd: 80 sm, dýpt: 60 sm og hæð: 75 sm.

SPARIÐ 1.000,-

ÁÐUR 4.990,- 3.990



ÁÐUR 7.990,- 5.990

SPARIÐ 2.000,-

## „MAGNUS" STÓLL

Skrifborðsstóll með stillanlegu baki. Bakið er með netáklæði sem stuðlar að auknum þægindum. Svartur stóll með krómfæti. Tilvalinn í jólapakkann!



-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



SPARIÐ 1.000,-

ÁÐUR 4.990,- 3.990

## „HENRIK" STÓLL

Góður stóll með stillanlegri setu, baki og örmum. Fáanlegur í rauðum, bláum og svörtum lit.



**HEILÖG MARÍA?** Bandarískir kaþólikkar telja sig sjá Maríu guðsmóður í þessum trjádrumbi sem fannst í New Jersey. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samið um þingstörfin í óformlegum viðræðum forystumanna flokkanna í fyrrinótt:

# Nóttin var þrungin spennu

**STJÓRNMÁL** Mikil spenna ríkti í þinghúsinu í fyrrinótt þegar forystumenn flokkanna þreifuðu fyrir sér um mögulegt samkomulag um þinghlé.

Samvæmt starfsáætlun átti jólahlé þingsins að hefjast í dag en nokkuð er um liðið síðan menn tóku að ræða sín á milli að ólíklegt væri að áætlunin stæðist. Helgaðist það mat af mörgum umfangsmiklum málum sem bíða afgreiðslu. Var allt eins talið að þing gæti staðið fram undir Þorláksmessu.

Á þriðjudagskvöld tóku menn að ræðast við um hugsanlegt samkomulag og var á það minnst að frestun þriðju umræðu um RÚV ohf. fram á nýtt ár gæti liðkað fyrir. Á miðvikudag benti hins vegar flest til þess að ekki fyndist lausn. Um kvöldið var aftur komið nýtt hljóð í strokkinn og grundvöllur samkomulags í augsýn.



**ÞINGIÐ Í HÚMI NÆTUR** Samkomulag er um að jólahlé þingsins hefjist á morgun.

Lendingin varð að hefja jólahléið á laugardag og kalla þing saman á ný 15. janúar – degi fyrr en áður stóð til.

Viðræðurnar fóru fram í mörgum samtölum í ýmsum vistarverum þinghússins.

Sólveig Pétursdóttir þingforseti hélt um stjórntaumana en í hópi samningamanna voru Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Geir H. Haarde, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jón Sigurðsson, Guðni Ágústsson, Össur Skarphéðinsson og Magnús Þór Hafsteinsson. - bþs

Fangelsi og sekt:

# Sýndi ökuskírteini annars

**DÓMSMÁL Karlmaður var í gær dæmdur í 30 daga fangelsi og 250 þúsund króna sekt til ríkissjóðs.**

**Hann ók bifreið undir áhrifum áfengis, sviptur ökuréttindum, greindi lögreglu rangt frá nafni sínu og framvísaði svo ökuskírteini annars manns.**

**Maðurinn hefur áður orðið uppvís að því að brjóta umferðarlög, svo og fíkniefnabrot. Hann hefur á síðustu níu árum verið sviptur ökurétti fimm sinnum, síðast í mars á þessu ári í þrjú ár.**

**Auk ofangreindra refsinga var hann nú sviptur ökurétti í fimm ár.** - jss


## Bókin sem heimurinn bíður eftir!

Þessi bók hefur reitt fólk til reiði, fólk sem sér sjálft sig í Önnu en Anna er ljóta hliðin á teningnum. Flest allir lifa í blekkingum, þola ekkert óþægilegt og viðurkenna ekki vandann. Sem sagt sópa öllu undir teppið. En Kleopatra sviptir teppinu ofan af og sjá... hvað blasir við!? Þess vegna reiðist fólk. Könnun hefur sýnt að annaðhvort verður fólk alveg heillað af þessari bók eða reiðist ofsalega, móðgast og verður sárt. En það sýnir hvar fólk er statt. Fólk sýnir sig að lokum og það er svar. **Einhver varð að gera það. Kleopatra takk fyrir að þora.**






Kleopatra Kristbjörg

Skjaldborg

**Stórkostleg bók sem er löngu orðin tímabær.**

*Kleopatra sér heiminn í réttu ljósi eins og hann er og þorir að segja það án orðskrúðs.*

Hinn ungi rithöfundur þessarar bókar, Kleopatra Kristbjörg, hefur greinilega hlýtt kalli hins nýja tíma. Þetta er stórkostleg bók og löngu tímabær, bók rithöfundar sem þorir að ganga á hólm við heiminn og segja hlutina á opinn og hispurslausan hátt, forðast að gera list sína skrautsýningu utan um ekki neitt. Rithöfundar hins nýja tíma hafa hér mikið verk að vinna. Ég óska þeim góðs gengis og velfarnaðar í baráttunni fyrir betri heimi.

*Gunnar Dal heimspekingur og rithöfundur.*




**LITVINENKO BORINN TIL GRAFAR** Rússneskir auðkýfingar, gagnrýnendur rússneskra ráðamanna og uppreisnarmenn frá Téténíu komu saman í London í gær til þess að fylgja Alexander Litvinenko til grafar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alexander Litvinenko jarðsunginn í gær:

# Annar Rússi einnig fársjúkur í Moskvu

**LONDON, AP** Dmitry Kovtun, einn Rússanna þriggja sem hittu Alexander Litvinenko á hóteli í London, liggur fársjúkur á sjúkrahúsi í Moskvu og er sagður í lífshættu. Saksóknari í Moskvu sagði veikindi hans stafa af sama geislavirka efninu og varð Litvinenko að bana, en það var pólón-210.

Rússneska fréttastofan Interfax sagði að Kovtun hafi fallið í dá stuttu eftir að breskir og rússneskir lögreglumenn höfðu yfirheyrt hann í gær, en lögfræðingur sem hefur haft með málið að gera bar það síðar til baka.

Enn fremur er Andrei Lugovi, sem hitti Litvinenko í London um leið og Kovtun, nú á sjúkrahúsi í Moskvu þar sem grunur er um að hann hafi orðið fyrir geislun. Bæði Lugovi og Kovtun eru fyrrverandi njósnarar hjá KGB, rétt eins og Litvinenko.

Í gær skýrði aðalsaksóknarinn í Moskvu svo frá því að þar í borg væri hafin opinber rannsókn á láti Litvinenkos. Bresku lögreglumennirnir, sem staddir eru í Moskvu, fá ekki að ræða milliliðalaust við neinn þar, heldur fá þeir að fylgjast með þegar rússneska lögreglan yfirheyrir fólkið.

Útför Alexanders Litvinenko var gerð í London í gær. Á undan útförinni var haldin minningarathöfn að íslömskum sið, en Litvinenko snerist til íslams meðan hann lá banaleguna á sjúkrahúsi í síðasta mánuði. - gb







**3.999** kr/stk.

Trivial Pursuit

H:N markaðssamskipti / SÍA


BÓNUS
Vinsælasta hangikjötið í Bónus!
500 ml
69 KR.
BÓNUSMALT
MALT
Appelsín
2 lítrar
98 KR.
Hangilæri með beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1443 KR.
Merkt verð 1698KR.
EKKERT BRUÐL
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2159 KR.
Merkt verð 2698KR.
Frampartur með beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
679 KR.
Merkt verð 799KR.
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1598 KR.
Merkt verð 1998KR.
KJARNAFÆÐI
Bónus býður betur!
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
1104 KR.
Merkt verð 1748KR.
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 2148KR.
1 lítri trönuberjasafi
198 KR.
Florida
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1498 KR.
Merkt verð 1998KR.
Sambands Hangikjötið
Ekki bara 12.3% heldur:
25% afsláttur
við kassann
Ekki bara 12.3% heldur:
35% afsláttur
við kassann
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2024 KR.
Merkt verð 2698KR.
Hvítlauks síld
Sinneps síld
Marineruð síld
Krydd síld
600g
259 KR.
Bónussíld
Svört/silfur Rustic kerti
Kerti svart/silfur
259 KR.
RUSTIC GÆÐI
Vinsælustu kertin í Bónus!
Gráfíkjur 500g
500g
298 KR.
GRÁFÍKJUR Í TRÉKASSA
- í trékassa
Blandaðir ávextir 370g
370g
298 KR.
ÁVEXTIR Í TRÉKASSA
- í trékassa



Afnemum VSK
og rúmlega það
af öllu jólakjötinu!
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur
við kassann
Ali
Nýtt kortatímabil!
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
Einiberja lambalæri
KF einiberja
KÍLÓVERÐ NÚ:
1299 KR.
Merkt verð 1855KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur
við kassann
BÓNUS
Hamborgarhryggur
Einiberjakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
Nýreyktur hamborgarhryggur
HÁLFT KÍLÓ AF
LAKKRÍSKONFEKTI
fylgir hverri Coca-Cola kippu!
Coca-Cola light
Með þér um jólin!
Kaupauki!
KAUPAUKI
MEÐ 2L KIPPU AF
LAKKRÍSKONFEKT
500g
www.bonus.is
Danskir pipardropar
Pipardropar
198 KR.
500g
Karen Volf
Fylltu molarnir 650g
Sjáðu verðið!
FYLLTIR MOLAR
1298 KR.
650g
NÓA Konfekt
FYLLTIR MOLAR
ERAN/Landlist
BÓNUS



**NÁKVÆMNI** Japaninn Hisashi Mizutori vann gullverðlaun í sínum flokki á Asíuleikunum í fimleikum í Katar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Háskólanám í rannsóknarblaðamennsku á vegum Háskólans í Reykjavík og 365:

# Tólf blaðamenn luku námi

**MENNTUN** Tólf útskrifuðust í gær af námskeiði í rannsóknarblaðamennsku undir handleiðslu Jónasar Kristjánssonar. Útskriftarhópurinn er sá fyrsti sem kemur út úr samstarfsverkefni Símenntunar Háskólans í Reykjavík og 365.

Í útskriftarhópnum voru 11 starfsmenn 365, þar af sjö frá Fréttablaðinu og einn starfsmaður Blaðsins.

Þeirra útskrifuðu bíða nú fleiri námskeið en námið í heild sinni veitir meistaragráðu í blaðamennsku.

Jónas Kristjánsson segir námskeiðið hafa komið vel út. „Ég tel að þeir sem sátu þetta námskeið muni koma til með að breyta blaðamennsku á Íslandi.“ - sh



**ÚTSKRIFTARHÓPURINN** Hér sást níu af blaðamönnunum tólf, stoltir af árangrinum, ásamt Jónasi Kristjánssyni.

Frjálslyndi flokkurinn:

# Margrét hélt til viðræðna í gær

**STJÓRNMÁL** **Margrét Sverrisdóttir fundaði með þremur fulltrúum úr miðstjórn Frjálslynda flokksins í gær. „Við vorum að greina stöðuna og fara yfir málin. Þetta gæti orðið svolítið ferli, en þarna voru þó [stigin] ákveðin skref,“ sagði Margrét í gærkvöldi.**

**Margrét býst við því að miðstjórnarfulltrúarnir muni bera afrakstur viðræðnanna milli manna um helgina og að fundað verði aftur í næstu viku. Sjálf ætlar Margrét að taka því rólega um helgina. „Nú ætla ég bara að leggjast undir feld, hugsa málin og hvíla mig.“** - kóþ




REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



**AKUREYRARFLUGVÖLLUR** Næsta sumar geta Norðlendingar flogið beint til Keflavíkur.

Akureyri-Keflavík:

# Beint flug næsta sumar

**SAMGÖNGUR** **Flugfélag Íslands verður með beint flug milli Akureyrar og Keflavíkur næsta sumar. Um er að ræða flug sem tengist morgunflugi Icelandair til Evrópu og Bandaríkjanna. Flogið verður frá Akureyri klukkan sex að morgni og til Akureyrar síðdegis þrjá daga í viku næsta sumar.**

**Öll innritun, vegabréfsskoðun og öryggisleit fer fram á Akureyri og fara farþegar því beint inn á fríhafnarsvæði flugstöðvarinnar í Keflavík.**

**Þeir farþegar sem eru að koma að utan eru síðan tollskoðaðir á Akureyri.** - hs

# Forvarnirnar hafa virkað

## Neysla unglinga á áfengi, tóbaki og hassi hefur minnkað um tæpan helming síðan 1998. Lítilsháttar aukning er í drykkju og reykingum síðan í fyrra.

**FORVARNIR** Ívið fleiri unglingar í 10. bekk drekka og reykja miðað við árið í fyrra og hassneysla stendur í stað. Vímuefnaneysla nemenda í 8., 9. og 10. bekk hefur verið könnuð á hverju ári síðan 1997 og er neysla á áfengi, tóbaki og hassi núna nánast helmingi minni en hún var toppárið 1998. Neyslan hefur farið stiglækkandi síðustu ár og varhugavert er að lesa of mikið í þessa tilteknu hækkun að sögn Ingu Dóru Sigfúsdóttur, deildarforseta kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík sem vann könnunina fyrir Reykjavík.

„Líta þarf á stóru myndina en ekki rýna í eina og eina könnun þegar árangur og staða eru metin. Verulegur árangur hefur náðst á seinasta áratug og við sjáum að það hefur orðið mikil lækkun í neyslu áfengis og tóbaks meðal unglinga. Hassneysla og notkun annarra ólöglegra efna hefur einnig minnkað mjög mikið.“

Inga Dóra segir að sjá megi beina fylgni á milli minna félagslegs taumhalds og aukinnar drykkju og reykinga. Aukist hefur að unglingar eru úti eftir klukkan tíu á kvöldin frá árinu 2003. Einnig segjast færri vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum og um helgar. Tölurnar drógu þó upp verri mynd árið 1997 þegar mælingin var fyrst gerð.

Inga Dóra segir að unnið hafi verið kerfisbundið að því að koma skilaboðum til foreldra um að virða bæri útivistarreglur og að koma þyrfti í veg fyrir eftirlitslaus partí. „Lögð var áhersla á að stuðningur, tími og eftirlit skipta máli. Þátttaka í íþrótta- og tómstundastarfi sé lykilatriði og tengslanet foreldra skipti miklu máli upp á að vita hvar unglingarnir eru, þekkja vini þeirra og foreldra vina þeirra.“

Tekið var upp á nýbreytni við kynningu á niðurstöðum í ár í tilraun til að senda jákvæð skilaboð. „Í fyrsta skipti í ár settum við niðurstöður fram í mynd sem snýr hlutföllunum við. Þar sýnum við hlutfall þeirra nemenda sem hafa aldrei orðið ölvaðir eða reykt tóbak eða hass.

Það skiptir máli að sýna unglingum að það sé normið. Við megum ekki horfa framhjá þeim sem standa sig ekki jafn vel en verðum að muna að unglingarnir okkar standa sig almennt mjög vel.“

Góður árangur Íslendinga í forvarnarmálum undanfarin tíu ár er öðrum þjóðum fyrirmynd að sögn Ingu Dóru og vísar hún þar til svonefnds íslensks módels. „Við erum að vinna að verkefnum í 15 Evrópuborgum í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Íslenska módelið byggir á því að hafa áhrif á atferli ungmenna, ekki aðeins viðhorf þeirra og virkja grasrótina. Byggja þarf á rannsóknum og virkja alla þá aðila sem koma að uppeldi og ummönnun barna og ungmenna.

sdg@frettabladid.is




Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík sem segja foreldrum sínum nær alltaf hvar þau eru á laugardagskvöldum.

**ÞRÓUN VÍMUEFNANEYSLU UNGLINGA Í 10. BEKK Á ÍSLANDI ÁRIN 1997-2006**






**15. nóvember 1978 brotlenti Flugleiðavélin Leifur Eiríksson í beljandi hitabeltisrigningu og þrumuskýjum skammt frá flugvellinum í Kólombó á Sri Lanka.** Um borð voru 13 Íslendingar og 249 indónesískir pílagrímar. **Þetta var fjórða stærsta flugslys sögunnar á þessum tíma.**

# GRÍPANDI SÖNN SAGA

**Í þessari bók segja Íslendingarnir fimm, sem björguðust, og Flugleiðaáhöfnin, sem beið þeirra á flugvellinum, í fyrsta skipti alla söguna.** Einnig er hér frásögn Katrínar Fjeldsted læknis sem fór utan og veitti einu áfallahjálpina sem um var að ræða þá. Og síðast en ekki síst – Skúli Jón Sigurðarson frá Flugmálastjórn Íslands **upplýsir nú hvað raunverulega gerðist við rannsóknina ytra.**






**Frásagnir Óttars Sveinssonar hafa í meira en áratug verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Útkallsmetsölubækur hans hafa einnig verið gefnar út víða erlendis og kvikmyndaðar. Í þessari bók birtast í fyrsta skipti einstök viðtöl og upplýsingar um slysið á Sri Lanka.**

ÚTKALL
Sími 562 2600




# ÆVINTÝRAFERÐIR UM ÍSLAND

Hér segja **sex valinkunnir ferðalangar** frá útilegum og ævintýraferðum um Ísland í **hressilegum** viðtölum við Pál Ásgeir Ásgeirsson. Þeir deila með lesendum reynslu af **erfiðum fjallgöngum, útivist í eyðibyggðum og svaðilförum af margvíslegu tagi.** Þau tengjast íslenskri náttúru og einstökum héruðum sterkum böndum. Fótspor á fjöllum er **prýdd fjölda einstakra ljósmynda** úr fórum viðmælenda og sýna þá á ferðalögum við **erfiðar aðstæður á sjaldséðum stöðum** á Íslandi.

- **Höskuldur Jónsson** - harðfylgi á ferðalögum, víðtæk reynsla og skarpskyggni.
- **Gerður Steinþórsdóttir** - harðvítugur ferðamaður á fáförnustu stöðum á Íslandi.
- **Valgarður Egilsson** er rómaður fyrir leiðsögn sína um Víkur og Fjörður.
- **Guðmundur Hallvarðsson** er þjóðsagnapersóna meðal Hornstrandafara.
- **Ingvar Teitsson** stýrir Ferðafélagi Akureyrar og þekkir Norðurland öðrum betur.
- **Sigrún Valbergsdóttir,** leiðsögumaður og fjallageit, býr yfir fjölþættri ferðareynslu.



**Páll Ásgeir Ásgeirsson**
**blaðamaður og rithöfundur, hefur skrifað vinsælar bækur um íslenska náttúru fyrir göngufólk og ökumenn. Þekktastar þeirra eru Hálendishandbókin, Útivistarbókin og Bíll og bakpoki.**

ÚTKALL
Sími 562 2600





**FIMMBURAR FÆDDIR** Það verður nóg að gera á næstunni hjá ungu kínversku hjónunum sem eignuðust fimmbura í Kína á miðvikudag. Systurnar þrjár og bræðurnir tveir eru við góða heilsu, sem og móðir þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Danmerkur ber af sér ásakanir:

# Fangar hersins ekki pyntaðir

**DANMÖRK** Í nýrri danskri heimildarmynd um innrásina í Afganistan er sagt frá því að danski herinn hafi handtekið þrjátíu og einn fanga í landinu og þeir hafi síðar verið pyntaðir af bandaríska hernum. Er fullyrt að þetta hafi verið gert með fullri vitund forsætisráðherra og varnarmálaráðherra Dana.

Á fundi með blaðamönnum neitaði Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, þessum ásökunum og sagðist engar upplýsingar hafa sem bentu til þess að fangarnir hefðu verið pyntaðir. Hins vegar hefði hann loforð George W. Bush Bandaríkjaforseta fyrir því að allir fangar sem afhentir yrðu bandaríska hernum yrðu meðhöndlaðir í fullu samræmi við Genfarsáttmálann um meðferð stríðsfanga.

Samkvæmt frétt Politiken hyggst varnarmálaráðherra Dana leggja fram ný gögn um þátttöku Dana í innrásinni fyrir þingið. Talsmenn stjórnarandstöðunnar telja hins vegar ólíklegt að þar verði að finna svör við þeim spurningum sem vaknað hafa í kjölfar sýningar myndarinnar. - ks



**DANSKI FORSÆTISRÁÐHERRANN** Anders Fogh Rasmussen neitar ásökunum um að fangar danska hersins hafi verið pyntaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Persónuvernd:

# Tíu leyfi veitt í nóvember

**PERSÓNUVERND Persónuvernd gaf út tíu leyfi í nóvember til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vísindarannsóknir.**

**Meðal leyfisveitinga má nefna leyfi til vinnslu persónuupplýsinga og aðgang að sjúkraskrám og lífsýnasafni vegna rannsóknar um orsakir hvítblæðis og skyldra sjúkdóma í börnum. Leyfi til aðgangs að upplýsingum vegna krabbameinsrannsóknar og leyfi vegna rannsóknar á lífsgæðum geðfatlaðra sem búa á vernduðum heimilum.**

**Á árinu hefur Persónuvernd gefið út 104 leyfi til vinnslu persónuupplýsinga. - hs**

Rússneska þingið:

# Sýnir stuðning við aðskilnað

**MOSKVA, AP Aðskilnaðarsinnar í tveimur héröðum Georgíu fengu nokkurn stuðning frá neðri deild rússneska þingsins á miðvikudag þegar þar voru samþykktar tvær ályktanir. Annars vegar lýstu þingmenn því yfir að þeir teldu kosningar um sjálfstæði Suður-Ossetíu fyrir skömmu standast alþjóðlegar kröfur um slíkar kosningar. Hins vegar samþykkti deildin að Rússland ætti að móta sér stefnu gagnvart Abkasíu, sem hefur farið fram á það að Rússar viðurkenni sjálfstæði héraðsins.**

**Rússland viðurkennir ekki formlega sjálfstæði þessara tveggja héraða í Georgíu, sem þó hafa bæði notið sjálfstæðis í reynd árum saman. - gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Innbrot í Austurbænum

Brotist var inn í einbýlishús í Austurbænum í fyrrakvöld. Þjófurinn hafði á brott með sér fartölvu og stafræna myndavél. Hann er ófundinn.

### Eldur í uppþvottavél

Eldur kom upp í uppþvottavél í húsi við Torfufell í Breiðholti á miðvikudagskvöldið. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað á vettvang og réði niðurlögum eldsins á skömmum tíma. Lögreglan telur að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagni.



**FRÍMÍNÚTUR Í AUSTURBÆJARSKÓLA** Fulltrúar Vinstri grænna í borgarstjórn hafa sett fram tillögu um gjaldfrjálsan grunnskóla.

Gjaldfrjáls grunnskóli ekki á stefnuskránni:

# Skólagangan kostar 900 þúsund krónur

**SKÓLAMÁL** „Ljóst er að gjaldfrelsi í grunnskólum borgarinnar var ekki eitt af stefnumálum fyrri meirihluta borgarstjórnar og er það ekki heldur nú,“ segir meirihluti menntaráðs Reykjavíkur.

Þetta viðhorf meirihlutans kom fram þegar menntaráð ræddi tillögu vinstri grænna um gjaldfrjálsan grunnskóla. „Tillagan er sett fram af stórhug og framsýni enda er verulegt umhugsunarefni að skólaganga reykvísks barns kostar nálægt 900 þúsund krónum, með skólamáltíðum og frístundaheimilum. Það er okkar skoðun að ekki beri að taka gjald af grunnþjónustu sem þessari heldur fjármagna hana úr sameiginlegum sjóðum,“ sagði Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, í bókun.

Í tillögunni fólst að grunnskólabörn fái ókeypis skólamáltíðir og að ekki þurfi að greiða fyrir þau gjald á frístundaheimilum eftir að skóla lýkur. Tillagan var felld með fjórum atkvæðum meirihlutans.

Í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks segir að hefðu borgarfulltrúar Vinstri grænna haft viljann til þess hefði þeim verið í lófa lagið að beita sér fyrir framgangi þess máls á tólf ára valdatíma R-listans. - gar

# Skoða ekki hæfniskröfur sérstaklega

**Við útgáfu íslenskra ökuskírteina í stað erlends ökuskírteinis er stuðst við danskan undanþágulista fyrir lönd utan EES. Hæfniskröfur til ökuleyfis í löndum listans eru ekki rannsakaðar sérstaklega.**

**SAMGÖNGUMÁL** Handhafar ökuskírteina frá 42 ríkjum, auk EES-ríkjanna geta fengið ökuskírteini sínu skipt yfir í íslenskt ökuskírteini án þess að þurfa að gangast undir hæfnispróf, samkvæmt leiðbeinandi lista dómsmálaráðuneytisins sem gefinn var út árið 1999. Stefnt er að því að breyta þessu á næsta ári, en nú liggur fyrir endurskoðun á reglugerð um ökuskírteini.

Karl Alvarsson, skrifstofustjóri hjá samgönguráðuneytinu, segir að hætt verði að styðjast við listann eftir endurskoðun, en þá muni reglugerðin verða löguð að evrópskum reglum og allir þeir sem koma frá löndum utan EES þurfi þá að þreyta hæfnispróf til að fá íslensk ökuskírteini.

Samgönguráðuneytið, sem fer með þennan málaflokk í dag, segir listann hafa verið sniðinn að danskri fyrirmynd en ekki hafi verið farið út í það að kanna hvers konar kröfur séu gerðar til ökuleyfis í ríkjunum sem eru á listanum.

Árið 1997 var gefin út reglugerð um ökuskírteini, þar sem fram koma ákvæði um skipti á erlendum ökuskírteinum í íslensk. Meginreglan er sú að handhafar skírteina frá löndum innan EES-svæðisins þurfi ekki að gangast undir hæfnispróf til að fá ökuskírteinum sínum skipt. Þar segir einnig að lögreglustjóri geti ákveðið að einstaklingar þurfi ekki að gangast undir hæfnispróf vegna útgáfu íslenskra ökuskírteina í stað þeirra sem þeir hafi öðlast í heimalöndum sínum svo lengi sem þau lúti ekki verulega vægari skilyrðum en hér á landi.

Ekki er skýrt frekar hvaða skilyrði þurfi raunverulega að uppfylla. Því var sú undaþága í raun háð huglægu mati hvers lögregluembættis fyrir sig fram til 1999, þegar dómsmálaráðuneytið, sem fór þá með umsjón útgáfu ökuskírteina, gaf út leiðbeinandi lista um hvaða lönd falli undir undanþáguákvæðið.

Heiða Geirsdóttir, deildarstjóri almennrar afgreiðslu hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, segir lögregluembættin ekki fara í sjálfstæða rannsókn á því hvers konar hæfniskröfur liggi til grundvallar ökuleyfisveitingu hjá hverju landi fyrir sig heldur sé einvörðungu stuðst við listann. „Við staðfestum ökuréttindin. En við höfum alltaf litið svo á að það hljóti að hafa farið fram einhver rannsókn áður en löndin voru sett á þennan lista.“

Holger Torp, sérfræðingur hjá Umferðarstofu, segir að slík rannsókn hafi ekki verið framkvæmd né skoðuð hugsanleg afbrigði innan sérstakra landa. Mörg þeirra eru mjög stór og hugsanlegt sé að ekki sé stuðst við samræmdar reglur innan þeirra við veitingu ökuskírteina. thordur@frettabladid.is



## UNDANÞÁGULISTINN

**Eftirtalin lönd utan EES-svæðisins fá ökuskirteinum sínum skipt í íslensk án þess að þurfa að gangast undir hæfnispróf.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Alsír | Georgía | Kasakstan | Rúmenía | Tadsjíkistan |
| Armenia | Guernsey | Kósóvó | Rússland | Túnis |
| Azerbaídjan | Hong Kong | Króatía | Serbía | Túrkmenistan |
| Ástralía | Hvíta-Rússland | Kirgisistan | Singapúr | Tyrkland |
| Bandaríkin | Ísrael | Makedónía | Suður-Afríka | Taívan |
| Bosnía | Japan | Marokkó | Suður-Kórea | Úsbekistan |
| Brasilía | Jersey | Moldavía | Svartfjallaland | Úkraína |
| Búlgaría | Kanada | Mön | Sviss | |
| Eþíópía | | Nýja-Sjáland | | |


**Postulín sem gleður** – Pillivuyt




PILLIVUYT FRANCE

- Einstök hönnun
- Mikið úrval
- Frábær ending

**Rekstrarvörur** - vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6220

Fullorðið fólk stal veiðiboxum af níu ára gömlum dreng er hann var við Hafravatn:

# Stal veiðiflugum af níu ára barni

**ÞJÓFNAÐUR** Rúmlega þrjú hundruð veiðiflugum var stolið af níu ára gömlum dreng, Theodóri Hrannari Guðmundssyni, við Hafravatn í september er hann var þar við veiðar ásamt félaga sínum. Í veiðiboxum Theodórs Hrannars voru yfir þrjú hundruð veiðiflugur sem hann hafði hnýtt sjálfur frá fjögurra ára aldri.

„Mér er fyrirmunað að skilja hvað fær fullorðið fólk til þess að stela veiðiboxi af níu ára gömlum dreng,“ segir Einar Björnsson, umsjónarmaður veiðinámskeiða við Reynisvatn en Theodór Hrannar hefur verið undir hans handleiðslu á veiðinámskeiðum. „Því miður gerist það öðru hvoru að munir eru teknir ófrjálsri hendi hér á svæðinu hjá okkur. En mér finnst það fyrir neðan allar hellur þegar fullorðið fólk er farið að stela dýrmætum veiðivörum, sem mikil vinna liggur á bak við, af börnum.“



**VIÐ HAFRAVATN** Theodór Hrannar saknar veiðiflugnanna sinna sem teknar voru af honum í september.

Er veiðiboxin voru tekin frá Theodóri Hrannari voru kona og karlmaður, líklega á fimmtugsaldri, á veiðum við vatnið. Grunur leikur á því að þau hafi tekið veiðiboxin en Theodór Hrannar telur enga aðra hafa átt möguleika á því að taka boxið hans ófrjálsri hendi.

Ef einhver telur sig búa yfir vitneskju sem leitt geti til þess að veiðiboxin komi í leitirnar, er viðkomandi beðinn um að snúa sér til lögreglunnar í Reykjavík sem er í síma 444 1000. - mh

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnir aðgerðaáætlun vegna ofbeldis:

# Unnið með sveitarfélögunum

**OFBELDI** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur kynnt aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.

Markmið aðgerðaáætlunarinnar er að auka fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að viðhorfsbreytingum og opinni umræðu um ofbeldi, styrkja starfsfólk stofnana í því að þekkja einkenni kynbundins ofbeldis og koma fórnarlömbum til aðstoðar, tryggja þolendum ofbeldis viðeigandi aðstoð og rjúfa vítahring ofbeldis með því að styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Magnús segir að kostnaðurinn við aðgerðaáætlunina verði um 140 milljónir króna, þar af leggi félagsmálaráðuneytið til 3,4 milljónir á næsta ári og 9,5 milljónir á þarnæsta ári. Félagsmálaráðuneytið mun veita samtals 60 milljónum í verkefnið.



**AÐGERÐAÁÆTLUN KYNNT** Kostnaður við aðgerðaáætlun gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi nemur um 140 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt aðgerðaáætlunina. „Nú munum við vinna með sveitarfélögunum í því að fylgja þessu eftir. Þau þurfa að fjalla um þetta mál og setja niður fyrir sér hvernig þau ætli að vinna það,“ segir Magnús.

Ráðherrann hefur ákveðið að endurskipa samráðsnefndina til að fylgja áætluninni eftir og halda stjórnvöldum við efnið. - ghs


TÖLVUVERSLUN með þjónustu í lagi

Sjáðu verðin!

**Sony VAIO11NS/W FARTÖLVA**
- Intel Core Duo T2050 örgjörvi
- 1GM vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+-RW skrifari
- 15.4” breiðtjaldsskjár
- Intel Graphics Media Accelerator 950
- Windows Media Center Edition
- Þráðlaust netkort

**Tilboðsverð kr. 149.990**
Fullt verð kr. 169.990

**Asus Vintage PH1 TÖLVA**
- 3.33GHz Intel Celeron
- 512MB DDR2 533 OCZ vinnsluminni
- DVD ± R/RW 16x Dual layer skrifari
- 8 Channel hljóðstýring
- 250GB harður diskur
- Intel skjákort
- 10/100/1000 netkort
- Windows XP Home

**Verð kr. 59.990**

| | |
|---|---|
| • **Logitech X-230** 2.1 hátalarakerfi | 5.990 |
| • **400W aflgjafi** með tveimur viftum | 2.990 |
| • **650W aflgjafi** - hljóðlátur og góður | 4.990 |
| • Microsoft **Optical mús Blue** - hönnun Phillippe Starck | 4.990 |
| • Microsoft **Optical mús Orange** - hönnun Phillippe Starck | 4.990 |
| • **Sweex kortalesari** 30 í 1 lesara USB | 1.990 |
| • **Optical mús** - þægileg og góð | 490 |
| • **4 port USB 2.0** PCI kort | 990 |
| • **4 port USB 2.0** hub | 1.290 |
| • **4 port USB 2.0** mini hub | 990 |
| • **SATA RAID stýring** 0 & 1 Silicon Image | 2.990 |
| • **USB Internet sími** með skjá - góður fyrir Skype | 4.990 |
| • **Sweex USB talnaborð** með USB hub | 1.990 |
| • **10/100 netkort** PCI | 490 |
| • **10/100 netspjald** PCMCIA - í fartölvur | 1.790 |
| • **Sweex þráðlaust netkort** 54Mbps PCMCIA - í fartölvur | 1.990 |
| • **USB Bluetooth** 10m drægni - tengdu símann við tölvuna | 1.990 |
| • **NEC DVD±R/RW** 16x Dual Layer Retail með Nero hugb. | 3.990 |
| • **5 port** 10/100 switch | 1.290 |
| • **8 port** 10/100 switch | 1.790 |
| • **5.1 Surround** PCI hljóðkort | 1.990 |

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

ASUS Sarotech PHILIPS OCZ TRENDnet

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS






með flutningabílum búnum sérhönnuðum kæli- og frystitækjum og geymast í þar til gerðum vörumóttökum, vottuðum af gæðaeftirlitskerfi GÁMES. Vel skipulagt flutningakerfi og reynsla í faglegum matvælaflutningum um allt land tryggja að neytandinn fær vöru sína ferska innan 24–48 tíma og alla leið

... upp í munn og ofan í maga!






Frekari upplýsingar um afgreiðslustaði er að finna á **landflutningar.is**

Landflutningar SAMSKIP



Ódýrt og gott
449 kr. kg.
Móa kjúklingur 1/1 ferskur
40% afsláttur
1189 kr. kg.
Hóla hamborgarhryggur m/beini
30% afsláttur
HÓLA
Hamborgar-hryggur
Sjóðið í 45 mínútur fyrir hvert kg. Smyrjið sykurgljáa (púðursykri) á hrygginn og steikið við 190°C í 30 mín.
Klementínur
149 kr./kg.
30% afsláttur
Goða kjötbollur
LOKSINS Á DVD!
DVD Söngvaborg 1 & 2 fylgir með
2 fyrir 1
Myllu samlokubrauð, hvítt
Goða naggar, kjötbollur
377 kr./pk.
SS vínarpylsur og Söngvaborg
1698 kr./pk.
6 fyrir 4
MS jóla engjaþykkni
Gleðileg jól
Papco jólasalernisrúllur 8stk
399 kr./pk.
Papco jólaeldhúsrúllur
399 kr./pk.
Katte GRUS
Kattasandur 8 ltr
249 kr./pk.
8ltr.
Kremkex
Frón kex
149 kr./pk.
6 fyrir 4
Líf MAÍSKORN
Líf maískorn
RØDBEDER
RØDKÅL
Super rauðkál og rauðrófur 1060g
99 kr./stk.
KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN


Ódýrt og gott
1874 kr. kg.
Hóla hangikjöt úrb. læri
25% afsláttur
HÓLA
Hangikjöt
Látið vatn fljóta yfir kjötið.
Sjóðið í ½ klst. fyrir hvert kg.
Slökkvið undir og látið
standa 1 klst. í pottinum.
Berið fram eða kælið.
149 kr. stk.
Oetker pizzur 3 teg
1159 kr. kg.
Goða lambahryggur sneiddur
20% afsláttur
6 fyrir 3
Egils hvítöl 1.25 ltr
Egils appelsín 2 ltr
Egils malt dós 0.5 ltr
Galaxy ministrels og Revels tube
199 kr./pk.
Maltesers fata
629 kr./stk.
6 fyrir 3
Pepsi Max 2 ltr
Mars & friends
339 kr./stk.
Celebrations stór dós
1699 kr./stk.
Verð frá-
Krónu jólasmákökur
369 kr./pk.
KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN



**ALLT LAGT Í SÖLURNAR** Margir greiða aleigu sína fyrir ferðina til Spánar, í von um betri kjör í Evrópu. Spænsk yfirvöld eru ráðþrota gagnvart vandanum og hafa ítrekað beðið aðrar Evrópuþjóðir um aðstoð, en til lítils. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ILLA HALDINN** Margir þeirra Afríkubúa sem koma til Spánar eru afar illa haldnir og þurfa á læknishjálp að halda eftir ferðina. NORDICPHOTOS/AFP

# Öllu hætt fyrir betri kjör

**SPÁNN, AP** Sífellt berast fleiri fréttir af ólöglegum innflytjendum sem gripnir eru við strendur Spánar. Fólkið er allt að flýja örbirgð í Afríku og vonast eftir betri kjörum í Evrópu.

Seinast í gær kom bátur með 37 manns innanborðs til Kanaríeyja og hafði einn farþeginn látist um borð. Var hann, líkt og margir hinna, án allra persónuskilríkja. Líklegt þótti að banamein mannsins hefði verið ofþurrkur og ofkæling. Sex aðrir farþegar voru lagðir inn á sjúkrahús, kom fram í máli talsmanns innanríkisráðuneytis Spánar.

Yfir 24 þúsund Afríkubúar hafa verið handteknir við komuna til Kanaríeyja, sem liggja vestan Afríku, það sem af er þessu ári. Þetta er um fimm sinnum hærri tala en fyrir allt síðasta ár.

Langflestir leggja upp frá Vestur-Sahara, Máritaníu eða Senegal í litlum, opnum bátum, sem eru yfirfullir af fólki, en lítt búnir vatni eða mat. Fjölmargir farast á leiðinni og margir þurfa á læknishjálp að halda við komuna til eyjaklasans.

Spænsk yfirvöld reyna að eiga við vandann með ýmsum hætti, en ítrekuðum hjálparbeiðnum til annarra landa innan Evrópusambandsins hefur lítt verið mætt. Halda Spánverjar því fram að um alþjóðlegt vandamál sé að ræða, því margir Afríkubúanna halda áfram inn í Evrópu, takist þeim að komast inn í Spán.

Fyrr í þessari viku gerði spænska ríkisstjórnin svo samning við ríkisstjórn Senegals um að gefa fjögur þúsund Senegölum tímabundið atvinnuleyfi á næstu tveimur árum. Er vonast til þess að fólk velji þá frekar löglegu leiðina heldur en að hætta lífi og limum í leit að gulli og grænum skógum. - smk






**ÞRÖNG Á ÞINGI** Hann er oft þétt setinn, báturinn, þegar lagt er upp í ferðina til Spánar. Yfirvöld hafa gómað yfir 24 þúsund manns á þessu ári sem koma með þessum hætti til Spánar og talið er að yfir eitt þúsund hafi farist á ferðinni yfir. Enn eru þá ótaldir þeir sem hefur tekist að komast óséðir inn í landið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni
## veidihornid.is



**Sage FLi fluguveiðipakki.**
9 feta, 4ra hluta stöng með lífstíðarábyrgð.
Sage hjól með góðri diskabremsu.
Vönduð flotlína ásamt baklínu. Hólkur fylgir.
**Pakkaverð aðeins 39.900.-**



**Sage Launch fluguveiðipakki.**
9 feta, 4ra hluta stöng með lífstíðarábyrgð.
Sage hjól með góðri diskabremsu.
Vönduð flotlína ásamt baklínu. Hólkur fylgir.
**Pakkaverð aðeins 29.900.-**




**Scierra Avalanche fluguveiðipakki.**
9 feta, 3ja hluta stöng. Scierra fluguhjól með góðri diskabremsu. Vönduð flotlína ásamt baklínu fylgir ásamt kastkennslu á DVD diski. Mest keypti fluguveiðipakkinn í Veiðihorninu. **Veiðikortið 2007**, veiðileyfi í 29 vatnasvæði fylgir ókeypis með"
**Jólatilboð aðeins 21.900.-**



**Scierra Avalanche fluguveiðipakki.** 12,6 eða 14 feta tvíhenda. Öflugt Scierra tvíhenduhjól með góðri bremsu. Scierra skotlína og kastkennsla á DVD með Henrik Mortensen. Vinsælasti tvíhendupakkinn á markaðnum.
**Jólatilboð aðeins 37.900.-**



**Ron Thompson Travel Force**
4ra hluta flugustöng í hólk ásamt Scierra IC3 fluguhjóli með góðri diskabremsu. Hjólinu fylgja 3 aukaspólur og hjólataska.
**Jólatilboð aðeins 12.995.-**



**Danvise.**
Vinsælasta öngulheldan á Íslandi árum saman.
**Jólatilboð aðeins 5.895.-**
(plata á mynd er aukabúnaður)



**Dr. Slick verkfærasett.**
Vönduð bandarísk verkfærasett í handhægu boxi.
**Verð aðeins frá 4.495.-**



**Simms Classic Guide Gore-tex jakki.**
Vatnsheldur jakki með góðri útöndun. Merkið tryggir gæðin. **Jólatilboð aðeins 26.995.**



**Scierra Norðurá jakki.**
Vatnsheldur jakki með góðri útöndun. Áralöng frábær reynsla á Íslandi.
**Jólatilboð 22.995.-**



**Scierra Aquatex jakki.**
Vatnsheldur jakki með góðri útöndun.
**Jólatilboð 15.995.-**



**DAM veiðijakki.**
Vatnsheldur jakki með útöndun.
**Jólatilboð 12.995.-**



**Ron Thompson nestis/bakpoki.** Þessi hefur notið mikilla vinsælda í veiðitúrinn, tjaldvagninn eða útileguna. Diskar, glös og hnífapör ásamt fylgihlutum fyrir 4. Einangrað hólf með matarílátum á baki pokans. **Frábært verð eða aðeins 4.995.-**



**Stonefly hnýtingatöskur.**
Vinsælar og vel útfærðar töskur fyrir fluguhnýtara þar sem gert er ráð fyrir öllu hnýtingaefni og verkfærum á einum stað.
**Verð aðeins 16.995.-**



**Scierra hjólataska.**
Vandaðar og vinsælar töskur.
**Verð frá 3.995.-**



**Scierra Explorer veiðitaska.**
Einhver vinsælasta taskan í Veiðihorninu. Sterk taska með vatnsheldum botni. Burðarhandföng, axlaról.
**Verð frá 6.995.-**



**Ron Thompson vöðlutaskan vinsæla.** Vatnsheldur botn. Lok sem loftar. Burðarhandfang og axlaról. Motta til að standa á þegar farið er í og úr. **Verð aðeins 3.995.-**



**Ron Thompson reykofnar.**
Vinsælir reykofnar. Veislumáltíð á fáum mínútum.
**Verð aðeins frá 5.995.-**
**Einnig reyksag á 595.**



Hafnarstræti 5

# Erfitt að velja?
**Gefðu gjafabréf í stærstu veiðiverslun landsins. Þar er úrvalið**
**Þú sérð jólatilboðin líka á veidihornid.is**
**- Opið alla daga -**



Síðumúli 8

## „ORÐRÉTT“

*Ný tíska í uppsiglingu*

**„Það hefur gerst á flugvöllum erlendis að menn hafi keyrt í gegnum girðingar og því eru þetta í sjálfu sér engin ný vísindi. En þetta er nýtt fyrir okkur...“**

ARNGRÍMUR GUÐMUNDSSON, DEILDARSTJÓRI ÖRYGGISSVIÐS FLUGMÁLASTJÓRNAR, UM MANN SEM KEYRÐI NIÐUR GIRÐINGU Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI OG KEYRÐI Í ÁTTINA AÐ MANNLAUSRI FLUGVÉL.

FRÉTTABLAÐIÐ 6. DESEMBER

*Hver tínir upp eftir bæjarstjórann?*

**„Hér á árum áður höfðu bæjaryfirvöld forgöngu í umgengni og snyrtimennsku í þorpinu en eitthvað hefur farið úrskeiðis eftir sameiningu sveitarfélaganna...“**

ÍBÚASAMTÖKIN ÁTAK Í DÝRAFIRÐI HAFA ÁHYGGJUR AF UMGENGNI.

BB.IS 7. DESEMBER

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA** PÉTUR BEN TÓNLISTARMAÐUR

## *Fórnar piparkökuhúsinu fyrir tónlistina*



„Allt gott. Ég var að ljúka við að gera tónlist við kvikmyndina Foreldrar,“ segir Pétur Ben tónlistarmaður en hann samdi einnig tónlist fyrir kvikmyndina Börn. Í haust gaf hann út plötuna Wine for My Weakness, sem hefur verið vel tekið. „Það hefur gengið vel með plötuna. Ég er að halda tónleika með hljómsveitinni í Tjarnarbíó þann 16. desember, sem er í fyrsta sinn sem ég spila með hljómsveit síðan á Airwaves. Svo er ég að fara til Hollands að spila á tónlistarhátíðinni Eurosonic eftir áramót, og þaðan líklega til Danmerkur og Frakklands. Ég stefni á að vera að flakka og kynna plötuna mestallt næsta ár.“

Það er þó fleira á döfinni hjá Pétri. „Ég er að vinna í Borgarleikhúsinu við að semja tónlist fyrir leikritið Ófagra veröld eftir Anthony Neilson í leikstjórn Benedikts Erlingssonar.“ Verkið verður frumsýnt 27. desember, og verður því stíft setið við fram að jólum sem kemur líklega eitthvað niður á jólaundirbúningum. „Það er varla að ég geri neitt sem er ekki tónlistartengt þessa dagana nema að ala upp barn. Þetta eru ekkert rosalega róleg jól, ég held ég verði að fórna músastigunum og tveggja hæða piparkökuhúsinu fyrir tónlistina.“

## SKÓLAR TIL FORNA

### FYRSTA AKADEMÍAN VAR ÓLÍFUGARÐUR



Orðið akademía kemur frá garði einum í Grikklandi hinu forna sem var skírður í höfuðið á þjóðsöguhetjunni Akademos. Garðurinn innihélt ólífutré og íþróttavöll og þótti heppilegur samkomustaður. Þar komu lærisveinar Platóns saman og hlustuðu á viskuna drjúpa af vörum meistara síns. Árið 387 stofnaði Platón formlega heimspekiskóla sem hefur verið kallaður gamla akademían, en einn lærisveina hans, efasemdarmaðurinn Karneades, stofnaði seinna nýja akademíuna. Nafnið er í dag notað um þá sem fást við nám eða rannsóknir á háskólastigi.

## SJÓNARHÓLL

NÝ KRABBAMEINSLYF



**REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR**
Söngkona

### *Höfum efni á dýrum lyfjum*

„Ég held að það sé erfitt að skilja mikilvægi góðra lyfja fyrr en heilsan bilar,“ segir Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona.

Tvö af fjórum nýjum krabbameinslyfjum eru komin í notkun á Landspítalanum en notkun þeirra kostar yfir 300 milljónir á ári.

„Ég er svo heppin að þekkja engan með krabbamein en það er mín skoðun að þessari upphæð sé vel varið og ég held að aðrar eins upphæðir hafi farið í síður þarfa hluti í okkar ágæta þjóðfélagi. Ísland er talið vera eitt ríkasta landi í heimi og í ljósi þess finnst mér eðlilegt að nota stórar upphæðir til að lina þjáningar sjúkra sé það á annað borð hægt.

Það má heldur ekki gleyma því að heilsuleysi er ekki einungis andlegt og líkamlegt áfall heldur einnig fjárhagslegt fyrir þann sem missir heilsuna. Lyf sem virka vel geta síðan orðið til þess að mikið veikir einstaklingar ná heilsu og geta jafnvel farið aftur út á atvinnumarkaðinn.

Ég tel mikilvægt að vinna að áframhaldandi framþróun lyfja og rannsókna á heilsufarsvandamálum og tel að fyrirtæki eins og Decode séu að gera góða hluti á þessum sviðum.“

# Mega-prófdrykkir til að halda stúdentum gangandi

**Vindurinn blæs frá Norðurpólnum og yfir Reykjavíkurtjörn þar til hann brotnar á veðurbörðum veggjum Háskóla Íslands. Stúdentar, aldir upp í skorpuvinnukerfi nýríks bændasamfélags, leggjast yfir bækurnar og reyna að innbyrða þriggja mánaða skammt af þekkingu dagana fyrir próf. En hvað innbyrða þeir annað?**

Stúdentakjallarinn er lokaður, Bóksalan, sem selur nú heimsbókmenntir á gjafaverði í stað námsbóka, stendur nær tóm. Fáa er að sjá á göngum Aðalbyggingarinnar eða Lögbergs. Hvar eru allir?

Dominica frá Póllandi er í ársleyfi frá námi sínu þar í stjórnmálafræði við Kópernikusarháskóla. Frítímann notar hún til að skoða sig um á Íslandi og hefur unnið í búðinni Delí við hliðina á Bóksölu stúdenta undanfarna þrjá mánuði. Hún segir engan áberandi mun á matsölu eftir að próf hófust, en að alltaf sé mest um að vera í upphafi mánaðar. Stór skammtur af pasta kostar 700 kall og er kannski ekki að undra að stúdentar hafi efni á slíkum veitingum nema einu sinni í mánuði.

Sigga í kaffiteríunni í Lögbergi segir miklu minna um að vera í prófunum. Einnig er tómlegt um að lítast í Norræna húsinu, en Gíslína í kaffiteríunni þar segir það vera mjög sveiflukennt milli daga hvort mikið sé af fólki.

Það er ekki fyrr en komið er út á enda, í höfuðstöðvar Félagsvísindaog hagfræðideildar í Odda, að allt iðar af lífi. Allar stofur og flestir gangar eru fullmannaðir af nemum með nefið ofan í bók. Á miða á einum stað stendur að fyrir innan sé próf í rekstrarhagfræði og fólk beðið um að hafa hljótt.

Dominossendill með derhúfu gengur upp í kaffiteríuna og afhendir varning sinn, en þriðjudagar og fimmtudagar eru pítsudagar hjá stúdentum. Hann segir mikið pantað af pítsum á próftímanum í stúdentagarða.



**HULDA OG ELÍSABET AFGREIÐSLUKONUR Í KAFFISTOFUNNI Í ODDA** Kristín er skammt frá að sinna störfum.

Konurnar í afgreiðslunni, þær Kristín og Hulda, eru brosmildar. Aðspurðar hvers vegna það sé svona miklu meira um að vera í kaffistofu Odda en á öðrum kaffistofum á háskólasvæðinu segja þær að það sé vegna þess að skemmtilegustu konurnar vinni þar, og bæta við að þar sé einnig mest úrval af sælgæti.

Hinum megin við Suðurgötuna er hægt að komast í búðir. Í 10-11 á Hjarðarhaga segja menn sölu orkudrykkja alltaf taka kipp í kringum prófin. Karl F. Thorarensen, innkaupafulltrúi Vífilfells, staðfestir að salan aukist verulega um vor og jól þegar prófin eru í hámæli, og að Magic sé langvinsælastur.

Í Þjóðarbókhlöðunni er múgur og margmenni. Matstofa Vesturbæjar rekur þar útibú og virðist sú eina sem getur keppt við þær Kristínu og Huld í Odda hvað vinsældir varðar. Þar seljast einnig miklu fleiri orkudrykkir fyrir próf, og er jafnvel boðið upp á Mega-Prófdrykkinn, sem er „boost drykkur“ með vænum skammti af Magic orkudrykk í. Einn er það þó sem ekki seilist í vasa stúdenta um prófin, en það er hann Jóhann byssusmiður á Dunhaga. Búð hans er flutt, og því ekki líklegt að það verði mikil aukning á skotvopnasölu í jólaprófunum.

valurg@frettabladid.is



**RAGNAR ÓLAFSSON** Lærir bókmenntafræði eins og þræll dagana fyrir próf.



**MARÍA OG ÓLI SÁLFRÆÐINEMAR** Láta fara vel um sig í Odda.




# *Gefur öndunum báta að borða*

Hjörtur Aðalsteinsson, veitingamaður á Quiznos Sub, er vinsæll meðal fuglanna á Tjörninni, en á hverjum degi kemur hann með afgangsbrauð til að gefa svöngum öndum og svönum.

„Ég er búinn að gera þetta alla ævi, síðan ég var lítill og svo fór ég með eigin börn. Borgin sá alltaf um að gefa fuglunum á veturna, en því var hætt fyrir 2-3 árum.“

Þá vildi hins vegar svo heppilega til fyrir fiðurféð að Quiznos opnaði á Lækjargötu og Hjörtur tók við.

„Það er mest gaman að gefa þeim þegar er svona kalt. Þeir eru farnir að þekkja bílinn, hann er kirfilega merktur Quiznos og svanirnir virðast sjá betur. Þeir koma kjagandi á móti mér þegar ég er með brauðpokana.“

Borgin sér þó enn um að veita heitu vatni í Tjörnina til að bræða hluta íssins. „Það eru mikli fleiri fuglar á veturna, enda vita þeir að hér er hægt að komast í mat. Það er minni ástæða til að gefa þeim á sumrin, en ég kem með brauð allt árið um kring, jafnvel á sunnudagsmorgnum, en þá er búið að vera opið hér nóttina áður og því til afgangar.“

- vg



**HJÖRTUR AÐALSTEINSSON** Veitingamaður á Quiznos Sub gefur öndunum á Tjörninni afgangsbrauðin.


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
LJÓSADAGAR
3995-
HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL
3995-
HANGANDI LJÓS, GLER - RUST
5995-
HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL
3995-
HANGANDI LJÓS, GLER - RUST
4995-
HANGANDI LJÓS, STÁL
3995-
HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL
3990-
HANGANDI LJÓS, GLER - EIK
6995-
LJÓSAKRÓNA, GLER - STÁL
3995-
HANGANDI LJÓS, STÁL
3995-
HANGANDI LJÓS - ANTÍK
VERÐ FRÁ: 2995-
VEGG & LOFTLJÓS, GLER - STÁL
1995-
VEGGLJÓS, STÁL
VERÐ FRÁ: 995-
KASTARAR, STÁL
1995-
VEGGLJÓS, GLER - STÁL
1995-
VEGGLJÓS, GLER - STÁL
1495-
VEGGLJÓS, GLER - STÁL
1995-
VEGGLJÓS, HVÍTT & KRÓM
1495-
LOFT/VEGGLJÓS, GLER - STÁL
8995-
HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL
VERÐ FRÁ: 1995-
VEGGLJÓS, GLER - STÁL
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

## Svona erum við

> Aðfluttir til landsins umfram brottflutta




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MISSKIPTING AUÐS Í HEIMINUM

# *Eiga rúmlega helming auðsins*

Tvö prósent manna eiga rúmlega helminginn af auði heimila heimsins á meðan fátækasti helmingurinn á tæplega eitt prósent. Þetta kemur fram í skýrslu sem fjórir hagfræðingar við Háskólann í Vestur-Ontario unnu fyrir Sameinuðu þjóðirnar og kynnt var þann 5. desember. Auðmagnið var reiknað út frá verðmætum fasteigna og fjármunum hvers heimils. Þetta er í fyrsta skipti sem slík rannsókn er gerð í löndum heimsins og byggir hún á gögnum sem var safnað saman árið 2000.

Auður upp á rúmlega 4,2 milljónir nægir heimili til að vera í hópi þeirra sem eru ríkust í heiminum; 10 prósent heimila eru í þessum flokki. Ríkasta eitt prósent heimsins ræður yfir auði upp á meira en rúmlega 34 milljónir króna: 37 milljónir manna eru í þessum hópi.



**Skipting eftir heimshlutum?**

Einn þriðji hluti af heildarauði heimsins er í eigu bandarískra heimila og einn þriðji í eigu evrópskra. 24 prósent auðsins er í eigu ríkra heimila í Asíu og Kyrrahafslöndunum. Eitt prósent auðsins er í eigu heimila í Afríku.

Meðalauðurinn í heiminum er rúmlega 1,4 milljónir, en honum er afar misskipt eins og kemur fram í rannsókninni.

**Hvaða lönd eru ríkust?**

Samkvæmt rannsókninni er hæsti meðalauðurinn í Japan 12,5 milljónir króna að meðaltali á heimili. Sviss og Lúxemborg eru í næstu tveimur sætunum. Meðalauður á heimili er rúmar 9,9 milljónir í Bandaríkjunum, en þar býr eitt prósent af ríkasta fólki heimsins. Meðalauður á hvern Íslending samkvæmt rannsókninni er 5,7 milljónir.

**Hvaða lönd eru fátækust?**

Meðalauðurinn á hvern íbúa í Indlandi er um 76.000 krónur og í mörgum Afríkjuríkjum er auðurinn nokkuð hundruð dollarar á mann, til dæmis í Malí, Nígeríu og Súdan.

## SPURT & SVARAÐ

VÍRAVEGRIÐ

### *Hættuleg bifhjólafólki*



**EDDA ÞÓREY GUÐNADÓTTIR** Gjaldkeri Sniglanna.

Forsvarsmenn vélhjólaklúbbsins Sniglanna afhentu nýlega samgönguráðherra undirskriftalista með tvö þúsund nöfnum til að mótmæla víravegriðum á Hellisheiði. Edda Þórey Guðnadóttir er gjaldkeri Sniglanna.

Hún segir að tveir af hverjum tíu vélhjólamönnum sem lenda á víravegriði slasist alvarlega.

**Af hverju fóruð þið út í það að safna undirskriftum?**

Við söfnuðum undirskriftunum til að koma í veg fyrir banaslsys áður en þau gerast. Við gerðum þetta til þess að mótmæla víravegriðum.

**Eru víravegrið svona hættuleg?**

Já, þau eru mun hættulegri en þessi hefðbundnu vegrið. Það er ekkert sem hindrar okkur eða hjólin okkar að lenda á stólpunum og fara yfir á hinn vegarhelminginn. Á níutíu kílómetra hraða er vírinn eins og hnífur.

**Hvað viljið þið að komi í staðinn?**

Eiginlega hvað sem er. Við viljum bara ekki víravegrið.






# Jarðgöng í stað lífshættunnar

**Ummæli Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra um að flýta eigi gerð jarðganga milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur gefa tilefni til bjartsýni á Vestfjörðum. Aðstæður við veginn um Óshlíð hafa aldrei verið hættulegri en á þessu ári.**

Hræðsla vegfarenda á veginum um Óshlíð, vegna fjölmargra tilfella þar sem grjót hefur hrunið niður á veginn, hefur verið óhjákvæmilegur fylgifiskur umferðar milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur um árabil. „Fólk forðast það að keyra um veginn enda er það í raunverulegri hættu vegna þess hve grjóthrun hefur verið títt niður á veginn á undanförnum árum,“ segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, en margsinnis hefur lögregla verið kölluð vegna hættulegra aðstæðna sem skapast hafa á veginum. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær þurftu lögreglumenn frá Bolungarvík að forða sér undan skriðuföllum á hlaupum hinn 17. nóvember síðastliðinn er skriða féll skyndilega niður á veginn.

### Þung umferð og óöryggi

Að meðaltali fara rúmlega 600 bílar á dag milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur samkvæmt sjálfvirkri talningu Vegagerðar ríksins. Yfir sumartímann fara að meðtali 740 bílar á dag um veginn en umferð dregst nokkuð saman á öðrum tímum ársins. Mesti vandinn skapast er jarðvegur verður óstöðugur í hlíðum Óshlíðar vegna úrkomu eða mikilla hitabreytinga. Þá geta fallið skriður úr hlíðinni auk þess sem hætta á snjóflóðum verður umtalsverð.

Þetta óvissuástand hefur verið viðvarandi undanfarin ár og þrátt fyrir aðgerðir til þess að reyna að hefta skriðuföll og grjóthrun hefur óöryggi áfram verið viðvarandi. Öryggisaðgerðirnar, eins og uppsetning girðinga í hlíðinni, hafa ekki aukið öryggi vegfarenda á veginum. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á Ísafirði, Gísla Eiríkssyni umdæmisstjóra og Geir Sigurðssyni rekstrarstjóra, hefur grjóthrun margsinnis lokað umferð tímabundið á veginum og valdið nokkru tjóni. Mikil mildi þykir að manntjón hafi ekki orðið.

### Lausn fundin í samstarfi við heimamenn

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagðist Sturla Böðvarsson samgönguráðherra ætla að kynna hugmyndir um jarðgöng fyrir heimamönnum áður en ákvarðanir yrðu teknar innan ríkisstjórnarinnar en stefnt er að því að taka málið upp innan hennar fyrir áramót. Skýrsla starfshóps sem fjallað hefur um samgönguúrbætur á Vestfjörðum verður kynnt fyrir Sturlu á næstu dögum.

### Nokkrar leiðir nefndar

Heimamenn á Bolungarvík hafa lagt á það áherslu, meðal annars í viðtölum við Fréttablaðið í janúar á þessu ári, að göngin verði varanleg lausn á þeim vanda sem viðvarandi hefur verið um árabil. „Það sem nær allir voru sammála um var að þeir vildu heildræna lausn en ekki margar skyndilausnir,“ sagði Pálína Vagnsdóttir í viðtali við Fréttablaðið 19. janúar en hún hefur farið fyrir hópi áhugafólks um samgönguúrbætur á svæðinu. Tæplega 1500 manns höfðu þá þegar skrifað undir þá kröfu hópsins að ein göng verði lögð frá Syðridal við Bolungarvík og í Vestfjarðagöng. Til tals hafa komið nokkrar jarðgangaleiðir sem ýmist fela í sér stutt göng út frá veginum sem þegar er í notkun, í Óshlíðinni, lengri göng úr Hnífsdal yfir í Syðridal eða nokkrar útfærslur á göngum úr Tungudal yfir í Syðridal. Steinþór Bragason verkfræðingur lagði fram sjö jarðgangatillögur á fjölmennum fundi fyrr á árinu sem sjást á korti hér að ofan.






**Á VEGINUM UM ÓSHLÍÐ** Lögreglubifreið sést hér á veginum um Óshlíð eftir að stór grjóthnullungur hrundi viðstöðulaust niður á veginn í gegnum varnargirðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Fagnar ákvörðun um að flýta gerð jarðganga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GRÍMUR ATLASON** Óþarfi er að fjölyrða um hversu mikilvægt er að ráðast í samgöngubætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is


### Fagna ákvörðun um að flýta framkvæmdum

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, fagnar ákvörðun um að flýta jarðagangagerð. „Mér finnst þetta vera fagnaðarefni og þá sérstaklega að Sturla skuli leggja áherslu á samstarf við heimamenn. Það koma ýmsar lausnir til greina og það er nauðsynlegt að rætt verði um alla möguleika til hlítar því lausnin þarf að vera varanleg og nýtast til langrar framtíðar.“

Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, segir nauðsynlegt að ráðist verði í jarðgangagerð á svæðinu og fagnar öllum ákvörðunum sem leiða til flýtimeðferðar. „Við fögnum því að þetta mál sé komið á rekspöl. Það verður spennandi að sjá hvaða leið verður valin því nauðsynlegt er að skapa sátt um þá leið sem valin verður. Ég fagna því að samgönguráðherra vilji flýta þessu sem mest. Ekki þarf að fjölyrða um það hversu brýnt það er að bæta samgöngur á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, eins og á mörgum stöðum á Vestfjörðum.“

### TILLÖGUR UM JARÐGÖNG

| | Lengd | Áætlaður kostnaður |
|---|---|---|
| 1. Gegnum Óshyrnu í fyrsta áfanga, nyrsti áfanginn og síðar tvenn önnur göng um Óshlíð í áföngum. | 1,2 km | 1 milljaður |
| 2. Frá Skarfaskeri við Hnífsdal að Fremriós við Bolungarvík | 5,7 km | 3,4 milljarðar |
| 3. Úr Hnífsdal í Syðridal | 2,3 km | 2,2 milljarðar |
| 4. Úr Múlalandi í Syðridal | 6 km | 3,6 milljarðar |
| 5. Úr Tungudal í Syðridal | 5,3 km | 3,1 milljarðar |
| 6. Úr Syðridal að gatnamótum Suðureyrar- og Flateyraraflеggjara í Vestfjarðagöngum | 6,1 km | 3,9 milljarðar |
| 7. Úr Syðridal að Suðureyraraflеggjara í Vestfjarðagöngum | 5,2 km | 3,2 milljarðar |



JÓLASPILIN
Trivial Pursuit
GENUS-ÚTGÁFA
SPRENGI TILBOÐ
TILBOÐ
4.990.-
2.400 nýjar spurningar
ÍSLENSKA STAFRÓFIÐ
memory
TILBOÐ
2.495.-
Minnisleikur - íslenska stafrófið
TICKET TO RIDE
Alan R. Moon
TILBOÐ
4.490.-
Valið vinsælasta spilið í 15 löndum.
Rummikub
MEÐ SPILUM
MONOPOLY
noris
Spiele Sammlung
50
50 spil
TVÖ PÚSL
Ravensburger
▲ Monopoly
Aðeins
1.395.-
Rummikub ▲
Aðeins
1.395.-
Aðeins
995.-
▲ 50 spil í einum kassa
▲ Latabæjar púsluspil
Aðeins
1.295.-
Púsluhnettir ▼
VERÐ FRÁ
995.-
puzzleball
Junior puzzleball
puzzleball
240
Ravensburger Puzzle
puzzleball
960
Ravensburger Puzzle
PÚSL OG JÓLAKÚLA
Tilboðin gilda í desember 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 12-18
Sími: 550-4160
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4170
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardagur 9. des. kl. 10 til 16
Fimmtudagur 14. des. kl. 09 til 22
Sími: 550-4180
Office 1 Superstore
Spila- og púsluspilabúðin þín

# 30-90% afsláttur




30%* afsláttur

TILBOÐ **2.440kr**
Bókatíðindaverð 3.490,-




30%* afsláttur

9. sæti** Skáldverk

TILBOÐ **2.780kr**
Bókatíðindaverð 3.980,-




35%* afsláttur

TILBOÐ **3.560kr**
Bókatíðindaverð 5.490,-




33%* afsláttur

4. sæti** Ævisögur

TILBOÐ **3.990kr**
Bókatíðindaverð 5.980,-




8. sæti** Almennt

30%* afsláttur

TILBOÐ **8.380kr**
Kynningarverð 11.980,-
Verð 01.01.07 15.980,-




7. sæti** Ævisögur

35%* afsláttur

TILBOÐ **2.590kr**
Bókatíðindaverð 3.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ **2.570kr**
Bókatíðindaverð 3.680,-




10. sæti** Ævisögur

30%* afsláttur

TILBOÐ **3.490kr**
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur

TILBOÐ **3.320kr**
Bókatíðindaverð 4.750,-




35%* afsláttur

TILBOÐ **2.910kr**
Bókatíðindaverð 4.490,-




90%* afsláttur

TILBOÐ **199kr**
Almennt verð 1.999,-



* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði eða almennu verði.

** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 28. nóv.-4. des. 2006.

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.

# af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.346 **+0,50%** **Fjöldi viðskipta:** 382 **Velta:** 2.654 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| 365 | +6,50% | Mosaic | -1,21% |
| Tryggingamiðst. | +1,88% | Flaga | -0,81% |
| Teymi | +1,56% | Icelandic Group | -0,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,26 +6,50% ... Actavis 66,10 +0,15% ... Alfesca 5,13 +0,20% ... Atlantic Petroleum 548,00 +1,48% ... Atorka 6,52 +0,93% ... Bakkavör 62,70 +0,00% ... Eimskipafélagið 31,00 -0,64% ... FL Group 23,90 +0,42% ... Glitnir 22,80 +0,44% ... Kaupþing 831,00 +1,10% ... Landsbankinn 26,30 -0,38% ... Marel 77,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,30 -1,21% ... Straumur-Burðarás 17,40 +0,00% ... Össur 111,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Milljarður í húfi**

Þeir sem urðu vitni að síðustu mínútunum í leik Porto og Arsenal í lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar hljóta að hafa getað skemmt sér betur í lyftu. Blaðamaður á leikvarpi bresku vefsíðunnar Soccernet.com lýsti síðustu mínútunum þannig: „Ég myndi gefa ykkur snjallar lýsingar af öllum marktækifærunum og hinum frábæru hreyfingum leikmanna en ekkert slíkt hefur gerst. Leikurinn er orðinn að einni æfingu og varnarmenn Arsenal hafa haldið boltanum sín á milli síðustu fimm mínúturnar.“ Þessi mikla varfærni leikmanna var skiljanleg þegar haft var í huga að jafntefli dugði báðum liðum til að komast áfram í sextán liða úrslitin. Talið er að hvort lið fái að minnsta kosti einn milljarð króna frá evrópskum knattspyrnuyfirvöldum fyrir það eitt að komast áfram.



**Fá peningana í marslok**

Viðskiptabankarnir þrír Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing auglýsa nú allir í Lögbirtingablaðinu vegna nokkurs fjölda glataðra Sparisjóðsbóka. Vera má að beiðnum sé safnað upp til ársloka, en líklegra þykir þó að fyrir jólin hafi fleiri farið af stað til að taka út peningana sína en komist að því að bankabókin væri týnd. Lögum samkvæmt þarf nefnilega að auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir handhafa týndrar bókar áður en hægt er að hleypa þeim sem þykist eiga hana í reikninginn. Hafi einhver ætlað að taka út vegna jólanna verður honum ekki kápan úr því klæðinu, beðið er í þrjá mánuði eftir viðbrögðum við auglýsingunni. Reikningalistinn var lengstur hjá Kaupþingi, en ekki af því viðskiptavinir bankans séu gleymnari en hinna, heldur er hann einn um að vera enn að gefa út bankabækur.



## MARKAÐSPUNKTAR...

Samkvæmt áætlunum Kaupþings mun ný félagaskipan ICEX-15 fyrir fyrri hluta næsta árs verða óbreytt þeirri sem nú gildir,nema Atlantic Petroleum víkur fyrir Icelandic Group. Kauphöllin greinir frá nýrri samsetningu úrvalsvísitölunnar í dag.

Á vaxtaákvörðunarfundi í gær ákvað seðlabanki Englands að halda stýrivöxtum óbreyttum eftir að hafa hækkað vexti tvisvar á síðustu fjórum mánuðum. Nokkur óvissa ríkir um næstu skref.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að það sem af er ári hafi verið verulega neikvæð ávöxtun af útgáfu jöklabréfa og það kunni að skýra litla nýja útgáfu undanfarið. En er þó sagt kunna að vera að markaðurinn fyrir bréfin sé mettur.

# Glitnir lækkar verðmat á Kaupþingi

Greining Glitnis hefur uppfært verðmat sitt á Kaupþingi og lækkað verðmatsgengi úr 979 krónum á hlut í 968 krónur. Það var átján prósentum yfir gengi á markaði þegar nýja verðmatið var gefið út, 822 krónur.



**KAUPÞING BANKI** Glitnir hefur lækkað verðmatsgengi Kaupþings úr 979 í 968.

Gengi bréfa í bankanum hækkaði í gær og var komið í 830 krónur seinnipart dags í gær. Mælir greiningardeildin með því að fjárfestar kaupi bréf í félaginu horft til langs tíma.

Jónas G. Friðþjófsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, segir ástæður lækkunar verðmatsins meðal annars að gert er ráð fyrir minni vaxtamun, sérstaklega á næsta ári, og minni hagnaði af stöðutöku í hlutabréfum. Þar að auki virkar til lækkunar matsins tiltölulega lágt útboðsgengi í nýafstöðnu hlutafjárútboði Kaupþings.

Markgengi, sem er spá um hvert gengi bréfa í félaginu verður eftir sex mánuði, er 920 krónur. **- hhs**

# Vandmetinn viðskiptahalli

**Stór hluti íslenskra fyrirtækja er í skilningi laga í eigu erlendra fjárfesta sem stuðlar að halla á viðskiptum. Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir að skoða þurfi ítarlega aðferðafræðina að baki mælingum á hallanum.**

Umtalsverður hluti íslenskra fyrirtækja er í eigu erlendra fjárfesta í skilningi laga. Til þess teljast „íslenskur“ samkvæmt skilgreiningum Seðlabankans verður einstaklingur eða lögaðili að hafa fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillitis til ríkisfangs. Mikill hagnaður fyrirtækja upp á síðkastið stuðlar því að halla á viðskiptum við útlönd þegar fyrirtæki eru í eigu „erlendra“ fjárfesta.

Á þessa staðreynd var bent í Vegvísi Landsbankans eftir að Seðlabankinn birti í fyrradag tölur sem sýna að viðskiptahallinn fyrstu níu mánuði ársins nam 205 milljörðum króna. Er hallinn því þegar orðinn meiri en í fyrra þegar hann nam 164 milljörðum fyrir allt árið.



**ÍSLENSKUR EÐA ÚTLENSKUR?** Aukningu á viðskiptahalla má meðal annars rekja til góðrar afkomu hlutafélaga í eigu Íslendinga sem teljast erlendir í skilningi laga.

Á síðustu árum hefur þáttatekjuliðurinn „ávöxtun hlutafjár“ orðið æ meira áberandi í tölum um viðskiptahalla. Að baki hans eru færslur í tengslum við fjárfestingu útlendinga hér á landi og Íslendinga erlendis. Á þriðja ársfjórðungi hækkaði gjaldaliður ávöxtunar hlutafjár úr rúmum fimmtán milljörðum í rúma 26 milljarða milli fjórðunga. Tekjuliður ávöxtunar hlutafjár lækkaði hins vegar úr rúmum nítján milljörðum í átján. Sá aukni viðskiptahalli sem rekja má til þessara liða virðist því stafa annars vegar af góðri afkomu álfyrirtækjanna hér á landi og góðri afkomu hlutafélaga sem að hluta eru í eigu íslenskra aðila og teljast vera erlendir í greiðslujafnaðaruppgjörinu.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að ítarlega þurfi að skoða aðferðafræðina að baki mælingum á viðskiptahalla. „Í ljósi þeirra gríðarlegu breytinga sem hafa orðið á fjármagnsflæði til og frá landinu á undanförnum árum er eðlilegt að myndist ákveðinn mælingarvandi. Fjárfestingar erlendis hafa aukist gríðarlega og fyrirtæki og fjárfestingafélög hafa leitað leiða til þess að lágmarka skatta sína, meðal annars með því að skrá félög í útlöndum. Líkur eru því á að viðskiptahallinn sem af þessu skapast sé að einhverju leyti bókhaldslegur og komi til baka í gegnum fjármagnsjöfnuðinn.“ **holmfridur@markadurinn.is**

# Krónan út af markaði

Hávaxtastefna Seðlabanka Íslands virðist smám saman vera að verðleggja íslensku krónuna út af markaðnum, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

„Eitt af hlutverkum gjaldmiðla er að vera tæki til þess að geyma peninga og það er ekki einungis verðbólga sem rýrir hæfni gjaldmiðilsins til þess að gegna því hlutverki. Viðvarandi háir vextir gera það líka þegar fjármagnsmarkaðurinn er jafn opinn og virkur og er hér á landi,“ segir Vilhjálmur í nýju fréttabréfi SA. Hann bendir á að markaðshlutdeild krónunnar í íslenska bankakerfinu sé um 20 prósent, en aðeins um 13 prósent í íslenska lánakerfinu í heild. „Á undanförnum árum hafa ýmsar nýjungar á fjármagnsmarkaðnum gert hann virkari og meðal annars valdið því að lántakendur hafa betri möguleika en áður að taka lán í öðrum gjaldmiðlum en krónunni. Þessi þróun hlýtur að halda áfram og háir vextir á krónunni minnka því markaðshlutdeild hennar og þýðingu fyrir hagstjórn.“



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Vilhjálmur bendir á að fyrst og fremst séu það heimilin í landinu og mjög afmarkaðir hlutar atvinnulífsins sem séu nettóskuldarar í krónum og telur að hátt vaxtastig muni leiða til þess að bæði heimili og fyrirtæki flytji í auknum mæli lán sín yfir í erlenda gjaldmiðla. Þá telur hann ekki ólíklegt að skýringar á veikingu krónunnar undanfarið þrátt fyrir metvexti sé að leita í minnkandi eftirspurn úr byggingariðnaði þar sem menn hafi fjármagnað framkvæmdir í krónum „og á mjög háum vöxtum“. **- óká**

# TM fagnar fimmtugsafmæli

Tryggingamiðstöðin er fimmtug um þessar mundir og var af því tilefni opnað skautasvell fyrir almenning á Ingólfstorgi í Reykjavík síðdegis í gær, beint fyrir framan höfuðstöðvar félagsins í Aðalstræti.

Fram til 29. þessa mánaðar fer svo fram margvísleg dagskrá á svellinu samkvæmt upplýsingum frá Tryggingamiðstöðinni. „Má þar meðal annars nefna kennslu í íshokkí og curling, listsýningar á skautum, skautadansleik og margs konar tónlist og uppákomur. TM svellið hefur verið lagt í góðri samvinnu við Reykjavíkurborg og með stuðningi Orkuveitunnar,“ segir félagið.

Tryggingamiðstöðin var stofnuð 7. desember 1956 af aðilum tengdum sjávarútvegi með áherslu á að tryggja skip, frystihús og afurðir. Félagið þróaðist svo yfir í alhliða vátryggingarþjónustu og fjármögnunarþjónustu. Hjá TM starfa um 120 manns. Þá keypti TM fyrr á þessu ári norska tryggingafélagið NEMI Forsikring ASA.

Frekari upplýsingar um opnun og dagskrá á TM svellinu er að finna á vef félagsins, www.tryggingamidstodin.is. **- óká**



**SKAUTASVELL Á INGÓLFSTORGI**
Út þennan mánuð verður haldið úti skautasvelli í miðbæ Reykjavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


# Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.

NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ




Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!


# Tesco halda engin bönd

Tesco, stærsta stórmarkaðakeðja Bretlandseyja, sýndi mikinn vöxt á þriðja ársfjórðungi. Samkvæmt tölum frá fyrirtækinu jókst sala á innri vexti einum saman um 5,6 prósent á milli ára án tillits til eldsneytissölu. Heildarvelta jókst um 8,5 prósent á milli ára.

Tesco hefur vaxið hratt á fjórða ársfjórðungi en sjö nýjar verslanir voru opnaðar í síðustu viku. Eykst fermetrafjöldi verslunarrýmis um þriðjung á núverandi ársfjórðungi einum saman.

Tölur sýndu einnig mikla aukningu í erlendri starfsemi félagsins. Erlendar Tesco-verslanir seldu 17,9 prósentum meira á milli ára. Á seinni hluta þessa árs hafa alls þrjú hundruð nýjar verslanir erlendis verið opnaðar undir merkjum Tesco.

Hlutabréf í félaginu, sem er skráð í Kauphöllinni í Lundúnum, hafa hækkað um sautján prósent það sem af er ári. **- eþa**

## Icelandic taki sæti Atlantic

Greiningardeild Kaupþings spáir því að Icelandic Group taki sæti Atlantic Petroleum í næstu félagaskipan Úrvalsvísitölunnar sem kynnt verður við lokun markaða í dag. Skipan þessi mun ná til fyrri hluta ársins 2007.

Að öðru leyti verði samsetningin óbreytt og fjöldi félaga óbreyttur þrátt fyrir að ný aðferðafræði Kauphallarinnar geti leitt til þess að aðeins tólf félög skipi Úrvalsvísitöluna. **- eþa**

# SONY jól



- KDL32U2000
  BRAVIA 32" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 HD ready
- Borðstandur með snúningi fylgir
- HDMI tengi fyrir stafræna mynd

**139.999,-**

**11.666,- á mánuði í**
**12 mánuði vaxtalaust**

**Verðlækkun**
**20.000**

## ESPRIT 1: Glæsilegt sjónvarp, heimabíó, DVD spilari





- ESPRIT 1
  BRAVIA 32" LCD sjónvarp
- Rafdrifn framhlið lokar tækinu
  þegar það ekki er í notkun
- Innbyggður DVD spilari
  og FM útvarp með 20 stöðva minni
- 200W S-Force Pro hljóðkerfi sem
  veitir 5.1 heimabíóhljóm án fleiri
  hátalara eða snúra
- Innbyggður bassahátalari með
  dempun sem ekki leiðir titring út í
  gólfið

**499.950,-**

**41.663,- á mánuði í**
**12 mánuði vaxtalaust**

## Sony Center Kringlunni

**www.sonycenter.is sími: 588 7669**

# SPRON selur stofnfé

SPRON hefur hafið sölu á 4,5 milljörðum nýrra stofnfjárhluta á útboðsgenginu 2,04699. Söluandvirðið nemur því rúmum 9,2 milljörðum króna.

Þetta er í fjórða skipti frá vordögum 2005 sem stofnfé sparisjóðsins er aukið. Núverandi heildarfjöldi stofnfjárhluta er fimm milljarðar hluta og er því stefnt að því að auka það um níutíu prósent í þessu útboði. Stofnfjáreigendur í lok dags þann 6. desember eiga forkaupsrétt, en útboðinu lýkur þann 21. desember.

Í útboðslýsingu kemur fram að nýti forgangsréttarhafi ekki rétt sinn í útboðinu mun hlutfallsleg þynning hans í stofnfé SPRON vera 47,4 prósent að því gefnu að allt stofnféð seljist. - eþa



**STOFNFJÁRÚTBOÐ Í SPRON** Í boði nýtt stofnfé fyrir 9,2 milljarða króna.

# Ryanair framlengir tilboð sitt

Stjórn írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair hefur ákveðið að framlengja tilboðsfrest í allt hlutafé írska innanlandsflugfélagsins Aer Lingus fram til 22. desember næstkomandi í kjölfar þess að innan við eitt prósent hluthafa í Aer Lingus studdi tilboðið á hluthafafundi félagsins í byrjun vikunnar.

Yfirtökutilboð Ryanair í félagið hljóðar upp á 1,48 milljarða evra eða um 136 milljarða íslenskra króna.

Meirihluti hluthafa í Aer Lingus hefur sett sig upp á móti tilboðinu þrátt fyrir að það sé talsvert yfir útboðsgengi. Þar á meðal er ríkisstjórn Írlands sem fór með áttatíu prósent hlutafjár í félaginu fyrir einkavæðingu þess í lok september.

Stjórn Aer Lingus hefur boðað nokkrar breytingar til að hagræða og bæta afkomu flugfélagsins.

Írska ríkið situr enn á fjórðungi bréfa í félaginu en Ryanair sem festi sér rúmlega nítján prósenta hlut við einkavæðinguna á jafn stóran hlut og ríkið. Haft hefur verið eftir Michael O'Leary, forstjóra Ryanair, að taki hluthafar ekki yfirtökutilboði félagsins muni Aer Lingus staðna í innanlandsflugi og hefur hann boðað verulegar breytingar til að snúa rekstri félagsins við verði af yfirtöku. - jab




**MICHAEL O'LEARY** Innan við eitt prósent hluthafa írska flugfélagsins Aer Lingus samþykkti yfirtökutilboð Ryanair á mánudag.




**HÖFUÐSTÖÐVAR SKY** Breska gervihnattasjónvarpsstöðin NTL hefur hætt við að kaupa ITV. Móðurfélag Sky keypti 17,9 prósenta hlut í ITV fyrir mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# NTL hættir við að taka yfir ITV

Breska kapalstöðin NTL hefur hætt við að gera yfirtökutilboð í ITV, eina stærstu einkareknu stjórnvarpsstöð Bretlands. Tilboðið hljóðaði upp á 4,73 milljarða punda eða tæplega 643 milljarða íslenskra króna.

Baráttan um sjónvarpsstöðina varð til þess að auðkýfingarnir Richard Branson og Rupert Murdoch kýttu sín á milli um réttinn til að kaupa stöðina.

Upphaf baráttunnar má rekja til þess að gervihnattastöðin BSkyB, sem meðal annars rekur sjónvarpsfréttastöðina Sky, keypti 17,9 prósenta hlut í ITV fyrir rúmum mánuði síðan. Forstjóri BSkyB er James Murdoch, sonur Ruperts Murdoch, sem sjálfur á stóran hlut í NTL ásamt Branson.

Branson sagði kaup Murdochs óviðunandi og ógn við lýðræðið og vitnaði til yfirburðastöðu Murdochs á breska fjölmiðla- og afþreyingarmarkaðnum.

Þetta ku vera enn einn vandræðagangurinn í kringum ITV en Charles Allen, forstjóri sjónvarpsstöðvarinnar, sagði starfi sínu lausu skömmu eftir birtingu uppgjörstalna í ágúst sem bentu til samdráttar í auglýsingatekjum og minna áhorfs. ITV hefur siglt án forstjóra í brúnni síðan þá en fjármálastjóri ITV hefur stýrt skútunni á meðan annars forstjóra hefur verið leitað. - jab

# Seðlabanki Evrópu hækkar stýrivexti

**Stjórn seðlabanka Evrópu ákvað í gær að hækka stýrivexti bankans um 25 punkta í 3,5 prósent. Á sama tíma ákvað Englandsbanki að halda stýrivöxtum í Bretlandi óbreyttum í 5 prósentum.**

Greiningaraðilar bjuggust almennt við þessum ákvörðunum en reiknuðu með því að evrópski seðlabankinn hækki stýrivexti á ný um 25 punkta snemma á næsta ári í 3,75 prósent.

Danski seðlabankinn fylgdi í kjölfar evrópska seðlabankans líkt og fyrr og hækkaði stýrivexti sína í samræmi við stýrivaxtastig á evrusvæðinu. Norðmenn hyggjast hins vegar ekki fylgja fordæmi Dana vegna sterkrar stöðu norsku krónunnar.

Breskir greiningaraðilar segja að Englandsbanki geti vart staðið í vegi fyrir hækkun stýrivaxta á næstunni þar sem verðlag hafi hækkað nokkuð í landinu. Þeir árétta hins vegar að koma verði í ljós hvaða afleiðingar launahækkanir um áramótin hafi í för með sér. Þá segja þeir að þótt stýrivextir í landinu standi í hámarki nú telja þeir líkur á hækkun öðru hvoru megin við áramótin.

Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, hefur ítrekað lýst yfir því að bankinn muni fylgjast grannt með þróun efnahagsmála á evrusvæðinu og grípa til sinna ráða sýnist honum sem verðbólga sé að fara úr böndunum. Í rökstuðningi bankans fyrir hækkuninni nú eru áhyggjur yfir verðlagshækkunum, aukinni lántöku og mikill hagvöxtur á evrusvæðinu á árinu samanborið við síðastliðin sex ár.

Stjórnmálamenn aðildarríkja Evrópusambandsins hafa lýst yfir áhyggjum af þróun mála enda hefur stýrivaxtastigið, sem hefur hækkað sex sinnum á árinu, þrýst gengi evrunnar upp með þeim afleiðingum að það hefur ekki verið hærra gagnvart Bandaríkjadal í 20 mánuði. Gengishækkunin hefur svo áhrif á vöruútflutning frá löndum sem aðild eiga að myntbandalagi Evrópusambandsins.

Vörur voru fluttar frá aðildarríkjum Evrópusambandsins að jafnaði á ári fyrir jafnvirði rúma 103.000 milljarða íslenskra króna. Fimmtungur af útflutningnum fer til Bandaríkjanna, sem greiðir fyrir vörurnar í evrum. jonab@frettabladid.is



**MERKI EVRÓPUSAMBANDSINS** Evrópski seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti í 5 prósent. Englandsbanki ákvað hins vegar að halda vöxtunum óbreyttum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

• Aðventugleði Samfylkingarfélagsins í Reykjavík • Aðventugleði Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Gluggað í bækur með Margréti og Ellert





Velkomin á árlega aðventugleði Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Nú gefst tækifæri á að gera hlé á jólaamstrinu, skreppa í miðborgina að hitta gott fólk, njóta veitinga og hlýða á upplestur.

**Margrét Frímannsdóttir** og **Ellert B. Schram** lesa úr nýútkomnum bókum sínum, *Stelpan frá Stokkseyri* og *Á undan sinni samtíð* á okkar árlegu aðventugleði.

Klukkan 17-19 á morgun, laugardaginn 9. desember á Hallveigarstíg 1.

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

www.sffr.is

• Aðventugleði Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

# Símafyrirtækin keppa á Norðurlandi

Stóru símafyrirtækin tvö hafa nýverið bæði gripið til aðgerða til að bæta þjónustu sína á Norðurlandi.

Þannig er raftækjaverslunin Rafsjá nýr umboðsaðili fyrir Vodafone á Sauðárkróki. Rafsjá býður sömu þjónustu og vöruúrval og er að finna í verslunum Vodafone, símtæki, ADSL-endabúnað og margvíslega aukahluti. Í tilkynningu Vodafone kemur fram að lögð hafi verið áhersla á eflingu dreifikerfis fyrirtækisins og þjónustu í Skagafirði og nágrenni. Fyrirtækið býður nú til dæmis sambærilega ADSL-þjónustu á Sauðárkróki og almennt gerist á þjónustusvæði Vodafone. „Þá hefur Vodafone einnig eflt GSM-kerfi sitt bæði á Sauðárkróki og annars staðar í Skagafirði," segir í tilkynningunni.

Þá hefur Síminn nýlega stóreflt GSM-samband fyrir viðskiptavini sína á Norðurlandi með uppsetningu á fjórum sendum. „Eftir breytinguna verður samfellt samband frá Víkurskarði til Húsavíkur en nýr sendir við Háls í Köldukinn bætir samband á um 10 kílómetra vegkafla," segir Síminn, sem einnig setti upp nýjan sendi á Sauðárkróki sem bæta á samband við höfnina og í nágrenni hennar. Þá hafa verið settir upp tveir sendar í Öxnadal til að bæta samband á um 20 kílómetra kafla á þjóðvegi eitt. - óká



**SAUÐÁRKRÓKUR** Verslunin Rafsjá á Sauðárkróki sér nú um þjónustu og sölu Vodafone í Skagafirði.


SÉR-
TILBOÐ!
INNBYGGÐ WC
Innifalið í verði:
- Innbyggingar WC kassi
- WC skál með setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint eða bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- Festingar að ofan og neðan
Verð frá
32.900
Eitt flottasta
úrval landsins
Há blöndunartæki fyrir handlaug
Verð frá
7.900
Með lyftitappa
Verð frá
3.900
Lág blöndunartæki fyrir handlaugar
Verð frá
5.900
B-C03
B-C18
B-C19
Verð frá
10.900
HANDLAUGAR Á BORÐ Mikið úrval
B-C06
B14
KENT
TINA
CINDYS
DEAN
CAESAR
Þverm: 21 sm
Þverm: 20 sm
Þverm: 20 sm
Þverm: 15 sm
Þverm: 21 sm
Hausar á ömmustöng VERÐ frá kr. 3.900 stgr.
Sturtuhausar VERÐ frá kr. 950 stgr.
SMÁHLUTIR Á BAÐHERBERGI Fjölbreytt úrval
Verð frá
22.900
Ömmustangasett
með öllu
hægt að tengja við
öll bað- og sturtutæki
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stöðugt mannfall og árásir:

## Bandaríkin ráða ekki ein við Írak

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Varla líður sá dagur nú undanfarna mánuði að ekki berist fréttir af mannfalli í Írak þar sem í hlut eiga saklausir íraskir borgarar, nýráðnir lögreglumenn í landinu eða erlendir hermenn – einkum þó bandarískir.

Það virðist ekki vera ofmælt sem Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði í vikunni að ástandið í Írak sé verra en í borgarastyrjöld og er þá langt til jafnað. Annan er kannski berorðari nú um ástandið þarna vegna þess að hann er að láta af embætti um áramótin, og hans sjónarmið réðu ekki ferðinni þegar Bandaríkin og nánustu bandamenn þeirra ákváðu að gera innrás í landið fyrir tæpum þremur árum.

Mörg þúsund manns hafa látið lífið eftir innrásina í mars 2003, þar af upp undir þrjú þúsund bandarískir hermenn. Tölur um fallna almenna borgara í landinu eru mjög á reiki, og virðist enginn vita nákvæmlega hve margir hafa fallið, og er það til vitnis um ástandið í landinu. Heilbrigðisyfirvöld þar tala um tölur á bilinu 100 – 150 þúsund manns, en aðrar heimildir nefna tölurnar 50 – 500 þúsund manns sem hafa orðið að gjalda með lífi sínu fyrir ástandið í landinu. Þá nefna erlendir miðlar að mörg hundruð þúsund manns hafi flúið til nágrannalandanna, án þess þó að nokkrar nákvæmar tölur liggi fyrir um flóttamennina frekar en margt annað í þessu stríðshrjáða landi.

Um þessar mundir eru í kringum 140 þúsund bandarískir hermenn í Írak, og stöðugt berast til heimalands þeirra fréttir af slæmu gengi bandaríska hersins í landinu. Ástandið er farið að minna á tíma Víetnamstríðsins og skyldi engan undra.

Baker-skýrslan svonefnda, sem var gerð opinber um miðja vikuna, kemur ekki með neina afgerandi lausn á Íraksvandanum, en hún skýrir væntanlega stöðu mála fyrir stjórnmálamönnum og almenningi í Bandaríkjunum og víðar. Það virðist ljóst að Bandaríkjamenn eru orðnir fastir í eigin stríðsgildru í Írak, því þeir virðast hvorki geta farið þaðan, né haldið áfram dvöl sinni þar. Hin þverpólitíska Baker-nefnd gerir að vísu ráð fyrir að bandarískir hermenn hverfi frá landinu eigi síðar en árið 2008, en hvort það tekst er svo allt annað mál.

Á þessu stigi virðist deginum ljósara að Bandaríkjamenn og nánustu bandamenn þeirra ráða ekki einir og sér við það ástand í Írak sem þeir eru upphafsmenn að. Þar þurfa fleiri að koma til, en hverjir má svo spyrja? Í öðru lagi er vandmálið ekki einangrað við Írak eitt, heldur þarf að líta á óróasvæðið í Mið-Austurlöndum í heild, og kannski er lausnin ekki síst falin í víðtæku samkomulagi um Palestínuvandamálið, sem verður að vísu ekki hrist fram úr erminni nú um stundir frekar en á undanförnum áratugum.

Grundvöllur fyrir þessu öllu er svo stefnubreyting þeirra sem nú ráða ríkjum í Hvíta húsinu í Washington, en hún verður varla fyrr en þar verða húsbóndaskipti. Það er ekki nóg að fórna varnarmálaráðherranum fyrrverandi og skipa nýjan í hans stað. Þarna þarf miklu meira að koma til, og líkt og í Víetnamstríðinu hér fyrr á árum, hefur almenningsálitið í Bandaríkjunum mikið að segja, því stjórnmálamenn eru alltaf stjórnmálamenn, hvort sem þeir eru kjörnir af bandarískum almenningi eða borgurum annarra landa. Til almennings sækja þeir umboð sitt og því hefur hann sitt að segja á nokkurra ára fresti, þótt lítið fari kannski fyrir því þess á milli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Samfylkingin

**Kjördæmisráð Samfylkinginnar í Suðurkjördæmi heldur kjördæmisþing sunnudaginn 10. desember kl. 14:00 á Víkinni Hafnargötu 80 Reykjanesbæ.**

**Dagskrá:**

Tillaga uppstillinganefndar að framboðslista lögð fram til samþykktar.
Skipun kosningastjórnar.
Skipun fjármálaráðs.
Skipun blaðstjórnar.

**Stjórn kjördæmisráðs Suðurkjördæmis**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lofaði borgarstjóra

Margir góðborgarar, heiðnir og kristnir, fengu boðskort frá Ásatrúarfélaginu fyrir síðustu mánaðamót þar sem tilkynnt var að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson myndi taka fyrstu skóflustunguna fyrir byggingu hofs félagsins 1. desember. Þegar til kastanna kom mætti borgarstjóri ekki og tók Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði skóflustunguna. Einhver misskilningur var uppi með þetta atriði og ekki við Vilhjálm að sakast. Borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins fannst ekki við hæfi að borgarstjóri, sem einhver hafði lofað í verkefnið, tæki fyrstu skóflustungu af hofi sem aðeins væri búið að gefa fyrirheit um lóð til byggingar á.



### Í réttum félagsskap

„Ég borðaði í hádeginu í gær á Gay Hussar, sem í þessu tilviki þýðir Káti riddarinn," segir ritstjórinn reyndi, Jónas Kristjánsson, á heimasíðu sinni. „Ungverski veitingastaðurinn er alveg eins og hann var fyrir 50 árum. Ekkert tillit er tekið til tízkusveiflna. Þar borða enn í hádeginu sjötugir þingmenn krata og sami aldursflokkur ritstjóra á vinstra kanti. Þangað hefði verið gaman að fara með Össuri."

### Forstjóri og forseti

Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, brá sér til Mexíkóborgar í byrjun mánaðarins til að vera viðstödd embættistöku Felipe Calderon, nýkjörins forseta Mexíkó. Ástæðan er sú að Calderon var samtíða Ásdísi Höllu í Harvard þar sem hún nam leiðtogafræði. Vildi forseti Mexíkó bjóða sínum gömlu bekkjarfélögum til athafnarinnar og þáði Ásdís boðið með þökkum. Var hún viðstödd þegar Calderon flutti sína fyrstu ræðu sem forseti landsins í þjóðarleikhúsinu í Mexíkóborg. Spurning hvort Ásdís bjóði Calderon verði hún forseti?



bjorgvin@frettabladid.is

## Skynsamlegt frumvarp



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Sala áfengis

Gárungarnir segja, að jafnan geigi að festa upp viðvörunarmerki, þegar þing sitji, því að þá sé sjálfsaflafé okkar í stórhættu, svo að ekki sé minnst á athafnafrelsi. Þeir hafa því miður nokkuð til síns máls. En stundum eru samin skynsamleg lagafrumvörp. Guðlaugur Þór Þórðarson er aðalflutningsmaður eins slíks, sem liggur nú fyrir Alþingi, en með honum standa að því átta flokkssystkini hans, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson, Ásta Möller og Sigurrós Þorgrímsdóttir, en einnig framsóknarmaðurinn Birkir Jónsson og Samfylkingarfólkið Ágúst Ólafur Ágústsson, Einar Már Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir.

Þetta frumvarp er um, að sala áfengis, sem hefur að geyma minni vínanda en 22 prósent, með öðrum orðum bjór og létt vín, megi færa úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í venjulegar matvöruverslanir. Í því felst, að lesandinn geti komið við í Bónus eða Krónunni á heimleið, keypt í kvöldmatinn og kippt einni rauðvínsflösku með. Fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi er auðvitað löngu orðið úrelt. Ég man þá tíð, þegar Mjólkursamsalan rak sérstakar mjólkurbúðir í Reykjavík, en mér er enn óskiljanlegt, hvers vegna sá háttur var þá hafður á. Eins á að hætta að reka sérstakar búðir með bjór og létt vín, sem menn skjótast skömmustulegir inn í. Þessi varningur er orðinn snar þáttur í lífi nútímafólks. Hinir fáu, sem ekki kunna með létt vín að fara, mega ekki koma óorði á það.

Það er að vísu rétt, að fleiri hafa sennilega drukknað í víni en vatni. En hitt má áfengið eiga, að það hefur ekki gert neinum manni mein að fyrra bragði, eins og Tómas skáld Guðmundsson benti á. Ég vek síðan athygli á, að í frumvarpi þeirra Guðlaugs Þórs er aðeins rætt um bjór og létt vín, ekki sterka drykki eins og vodka og gin. Áfengisböl er vissulega til, en það hlýst ekki af bjór og léttu víni, heldur sterkum drykkjum. Mér finnst sjálfsagt til samkomulags að áskilja ríkinu einkarétt á sölu sterkra drykkja. En má ekki að minnsta kosti gera tilraun og selja bjór og létt vín í venjulegum verslunum í tvö ár og meta síðan reynsluna? Ég hef búið í mörgum löndum, þar sem það er gert, til dæmis á Englandi, án þess að það komi að sök. Eru Íslendingar svo miklu óþroskaðri en Englendingar, að þeim sé ekki treystandi til að kaupa vín úti í búð?

*Þetta frumvarp er um, að sala áfengis, sem hefur að geyma minni vínanda en 22 prósent, með öðrum orðum bjór og létt vín, megi færa úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í venjulegar matvöruverslanir.*

Á áfenginu sannast, að eina ráðið við frelsinu er meira frelsi. Því frjálsari sem vínmenningin er, því betri verður hún. Á Ítalíu drekka allir rauðvín með kvöldmat, en ég sá þar aldrei vín á neinum manni, þegar ég var þar tvisvar gistiprófessor. Allir muna hrakspárnar, áður en sala bjórs var leyfð á Íslandi. Þær reyndust rangar. Drykkjusiðir okkar hafa snarbatnað hin síðari ár, eins og allir vita, sem komnir eru yfir miðjan aldur. Við drekkum nú miklu frekar bjór og létt vín en sterka drykki. Í frumvarpi þeirra Guðlaugs Þórs er þess vandlega gætt, að frelsið til að selja bjór og létt vín verði ekki misnotað. Þar eru ákvæði um, að ekki megi selja þessa drykki undir kostnaðarverði og söluturnum, myndbandaleigum og bensínstöðvum sé ekki heimilt að hafa þá á boðstólum. Einnig er gert ráð fyrir óbreyttum reglum um, að aðeins fullorðið fólk megi kaupa þessa vöru. Raunar er venjulegum verslunum treyst til að selja hið lífshættulega fíkniefni tóbak, en sala þess er bundin ströngu aldurstakmarki, svo að vandséð er, hvers vegna þær mega ekki líka selja bjór og létt vín.

Loks er reginmunur á gosdrykkjum og mjólk, sem venjulegar verslanir mega selja, og léttu víni. Hann er, að létta vínið er hollt fullorðnu fólki, en sykraðir gosdrykkir stuðla að offitu og mjólk að kalkmyndun í beinum (þótt hún sé vissulega góð börnum). Komið hefur í ljós í ótal rannsóknum vísindamanna um allan heim, að létt vín, sérstaklega rauðvín, minnka verulega líkur á hjartasjúkdómum, sérstaklega blóðtappa. Vínið bætir ekki aðeins skapið, heldur lengir lífið. Þess vegna á aðgangur að því að vera auðveldari en nú er. Alþingi ætti af heilsufarsástæðum einum saman að samþykkja frumvarp þeirra Guðlaugs Þórs.

## Yfirboð og hjáseta

**UMRÆÐAN**

Fjárlögin



SÆUNN STEFÁNSSON

Í gær samþykkti Alþingi fjárlög ársins 2007. Þar er gert ráð fyrir rúmum níu milljarða króna afgangi af rekstri ríkisins næsta ár þrátt fyrir mikla hækkun til velferðarmála, menntamála, heilbrigðis- og tryggingamála og félagsmála.

Um síðustu helgi sátu þingmenn Samfylkingarinnar undir ræðu Ingibjargar Sólrúnar þar sem hún viðurkenndi að Samfylkingunni hefði ekki verið treystandi fyrir landsstjórninni en fullyrti að nú væri allt breytt og flokkurinn væri tilbúinn til að axla ábyrgð. Afstaða þingflokksins við fjárlagaafgreiðsluna bendir ekki til þess að hann sé tilbúinn. Stjórnarandstaðan sat öll hjá við afgreiðslu fjárlaga en lagði fram þrjár breytingatillögur sem skorið hefði afgang ríkissjóðs niður í rúma tvo milljarða. Það hefði verið algjörlega óviðunandi frá sjónarhóli þeirrar ábyrgu efnahagsstjórnar, sem stjórnarandstöðunni verður tíðrætt um en iðkar síður.

Þessar þrjár tillögur sneru allar að almannatryggingum og framkvæmdasjóði aldraðra og fólu í sér algert yfirboð. Fyrir þinginu liggur stjórnarfrumvarp um 27 milljarða framlag til að efna samkomulag ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá í sumar næstu fjögur ár. Breytingatillögur stjórnarandstöðunnar, sem felldar voru í gær, hefðu kostað rúma sjö milljarða til viðbótar á hverju ári. Og svo er stjórnarandstaðan að saka meirihlutann um kosningafjárlög!

Tvískinnungur stjórnarandstöðunnar æpti líka á mann þegar kom að afstöðunni til tillögu um að auka framlög til Landspítalans um 1.000 milljónir. Frá sameiningu spítalanna tveggja í Reykjavík hefur verið hagrætt mikið í rekstrinum og spítalinn hefur nánast verið rekinn fyrir sömu krónutölu undanfarin fimm ár. Þetta hefur ekki verið sársaukalaust en nauðsynlegt því fara verður vel með skattpeninga almennings. Ótal utandagskrárumræður, fyrirspurnir og uppþot tengd Landspítalanum hafa einkennt síðustu þing en nú var að því komið að standa við stóru orðin og auka framlög – þá sat stjórnarandstaðan hjá.

Stjórnarmeirihlutinn leggur fram tillögur sem gera LSH og velferðarþjónustunni kleift að þróa áfram þjónustu sína – í því liggur hin pólitíska stefnumótun – en þá situr stjórnarandstaðan hjá.

*Höfundur er alþingismaður.*







| | |
|---|---|
| **Bókahillur í eik** B: 55sm. x D: 40sm. x H: 200sm.: | Verð: **69.800,-** |
| **Sjónvarpsborð í eik** B: 155sm. x D: 55sm. x H: 60sm.: | Verð: **98.400,-** |
| **Hillur í eik** B: 155sm. x D: 25sm. x H: 3sm.: | Verð: **11.700,-** |
| **Hillur í eik** B: 109sm. x D: 25sm. x H: 3sm.: | Verð: **10.400,-** |



classyc

Borð m. hnífaparaskúffu 200 x 100 + 2 x 50 sm. stækkun: **169.800,-**
Leðurstóll: Hvítt, svart og brúnt. Dökkar og ljósar fætur: **19.800,-**



mod: 601
3+1+1: **249.800,-** / 3+2: **229.800,-**
Leður, hvítt og svart.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is / Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudaga 13-16.

Grafíska smiðjan ehf. 12-06




**1.445** kr/kg. áður 2.409 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur skinnlausar




**267** kr/kg. áður 534 kr/kg.
Goða súpukjöt




**999** kr/kg.
Humar 1 kg.




**1.264** kr/kg. áður 1.945 kr/kg.
Borgarnes lambalæri hvítlauksmarinerað




**1.311** kr/kg. áður 1.748 kr/kg.
Goða lambahamborgarhryggur




**1.399** kr/pk. áður 1.999 kr/pk.
Nóa konfektkassi




**461** kr/pk. áður 614 kr/pk.
Goða grillborgarar

H:N markaðssamskipti / SÍA

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 8. desember til 10. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is





## Unglingagjöfin þessi jól

**43% afsláttur**




**1.704** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.

Kossar, knús og málið er dautt




**499** kr/stk.

DVD mynd - Fjórir góðir




**3.999** kr/stk.

Trivial Pursuit

# Myndin af Afríku

UMRÆÐAN
Ímynd

Afríka. Hvað er það fyrsta sem manni dettur í hug þegar maður les eða heyrir minnst á Afríku? Því miður virðast mjög margir tengja Afríku við styrjaldir, sjúkdóma og fátækt enda er sú mynd dregin upp af þessari stóru álfu í fjölmiðlum. Undanfarið hefur Afríka verið í sviðsljósinu og það er ekki falleg sýn sem blasir við. Ég efast um að marga langi að ferðast um þessi lönd þegar sjúkdómar og fátækt virðast vera það eina sem þessi lönd hafa upp á að bjóða. En er önnur hlið á Afríku? Í Afríku eru 53 lönd með hundruðum eða þúsundum ættbálka sem hver hefur sína menningu og tungumál og fjölbreytileiki fólksins er gífurlegur. Þess vegna er villandi að tala um Afríku sem eitt land. Vegna starfs míns er ég oft spurður að því hvort ekki sé hættulegt að ferðast til Afríku vegna styrjalda og almennrar vesældar. Þetta á við þótt viðkomandi sé að fara til t.d. Tansaníu þar sem friður hefur ríkt um áratugi. Oftar en ekki er uppspretta óttans sú að öll lönd Afríku eru sett undir sama hatt þannig að borgarastyrjöld í Sierra Leone er farin að hafa neikvæð áhrif á ferðamannastrauminn í Tansaníu (Það er álíka langt á milli Sierra Leone og Tansaníu eins og vegalengdin á milli Íslands og Rúmeníu mæld með tommustokki á landakorti!).


BORGAR ÞORSTEINSSON

Ég verð að segja eins og er að mér sárnar oft sú mynd sem dregin er upp af Afríku. Nærtækasta dæmið er Kenýa þar sem ég rek fyrirtæki og þekki ágætlega til. Kenýa er 538.000 ferkílómetrar á stærð og þar búa rúmlega 30 milljón manns. Íbúar búa við lýðræði en þó er spillingin mikið vandamál sem gerir það að verkum að almenningur býr við slök kjör á meðan háttsettir embættismenn maka krókinn. Kenýa er þó heillandi land þrátt fyrir allt. Náttúran er stórbrotin hvort sem það eru dalir Mt. Kenýa eða hvítsendnar strendur Indlandshafsins og dýralífið er einstakt. Hvergi annars staðar í heiminum er hægt að sjá annan eins fjölda dýra í sínum náttúrulegu heimkynnum. Menningin er fjölskrúðug og þar lifa enn ættbálkar sem halda í sína siði og venjur þó svo að sífellt þrengi að. Í Kenýa eru óþrjótandi möguleikar í ferðamennsku og alls kyns fyrirtækjarekstri. Margt af því fólki sem ég hef kynnst í Kenýa kvartar sáran undan neikvæðri umfjöllun á landi sínu. Það virðist eingöngu einblínt á hinar neikvæðu hliðar. Fólki finnst eins og nóg sé komið af þessari ímynd sem umheiminurinn virðist hafa af þeim þ.e. að þau séu öll bjargarlaus og eigi allt að þiggja úr gjafmildri hendi hins hvíta manns til að eiga sér viðreisnar von. Í Kenýa (og öðrum löndum Afríku) er fullt af hæfileikaríku fólki sem þarf einungis tækifæri til að koma sér á framfæri. Verndartollar í heiminum spila stórt hlutverk í því að viðhalda því ástandi sem fyrirfinnst víða í Afríku; það er ekki í lagi að kaupa vöruna þaðan en það er í lagi að gefa í formi aðstoðar!

Vissulega er hörmulegt ástand víða í Kenýa og Afríku, það þekki ég af eigin raun. Fátæktin er gífurleg og HIV-veiran herjar á ungt fólk sérstaklega. Þegar ég skipulegg ferðir fyrir Íslendinga til Kenýa reyni ég ætíð að fara með þá í heimsókn á heimili fyrir HIV-smituð munaðarlaus börn til að sýna þá hlið landsins. Við kynnum þó fólki líka fyrir þessu fallega landi og því sem það hefur upp á að bjóða; safaríferðir, gönguferðir, veitingastaði, sjóstangveiði, skútusiglingar, heimsókn í Masai-þorp, úlfaldareið með Sambúrumönnum í óbyggðum eða hangs á ströndinni. Möguleikarnir eru endalausir.

Ímynd landa skiptir miklu máli þegar kemur að því að laða fólk þangað. Við getum tekið dæmi um nokkurn. Skotland: manni dettur í hug kastalar, viskí og menn í pilsum að spila á sekkjarpípur. Þar eru þó skuggahliðar eins og heróínneysla og niðurnídd hverfi sem hafa t.d. orðið rithöfundinum Irwin Welch að yrkisefni. Írland. Guinness-bjór og glaðlegt fólk sem spilar og syngur af innlifun. Ódýrt að versla. Á Norður-Írlandi geisaði blóðug borgarastyrjöld lengi vel og ekki víst að búið sé að bíta úr nálinni. Ísland. Ósnortin náttúra, andstæður elds og íss, kraftmikið fólk og blómstrandi menning. Hér eru líka skuggahliðar, eiturlyfjaneysla og glæpir. En við auglýsum það ekki að sjálfsögðu.

*Ég verð að segja eins og er að mér sárnar oft sú mynd sem dregin er upp af Afríku. Nærtækasta dæmið er Kenýa þar sem ég rek fyrirtæki og þekki ágætlega til.*

Ríkisstjórnir og ferðafrömuðir leggja mikið upp úr jákvæðri ímynd landa sinna til að laða að ferðamenn og fjárfesta. Við þekkjum dæmin best hér að heiman. Ríkisstjórn Kenýa og ferðafrömuðir þar gera slíkt hið sama og það á einnig við um mörg önnur Afríkuríki. En það er við ramman reip að draga þegar kastljósinu er ávallt beint að því sem miður fer. Skemmst er að minnast Live 8 tónleikanna sem sjónvarpað var um allan heim. Þar var hlutur afrískra tónlistarmanna mjög rýr. Þarna var kjörið tækifæri til að koma þeim á framfæri og auka plötusölu þeirra án þess að varpa skugga á það brýna málefni sem var til umfjöllunar.

Þessi grein er ekki skrifuð til höfuðs hjálparsamtökum eða öðrum sem vinna óeigingjarnt starf til hjálpar þeim sem minnst mega sín. Ég vildi vekja athygli á því að Afríka er önnur stærsta heimsálfan og við megum ekki setja hana alla undir sama hatt og einblína á það sem miður er. Gefum Afríku séns. Hún á það skilið.

*Höfundur hefur rekið ferðaskrifstofu í Kenýa í 10 ár ásamt konu sinni, Elínu Þorgeirsdóttur.*




# Ótakmörkuð ábyrgð í mono

UMRÆÐAN
Ríkisútvarpið

Á Alþingi er nú fjallað um frumvarp um að Ríkisútvarpinu RÚV skuli breytt í opinbert hlutafélag. Samkvæmt skuldbindingum íslenska ríkisins gagnvart EES mun vera nauðsynlegt að bregðast við þeim vandamálum sem leiða af ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV sem ríkisstofnunar. Til dæmis er talið að lagaheimild til innheimtu afnotagjalds eða nefskatts veiti efnahagslegt forskot á keppinauta og verður að telja að menntamálaráðherra þyki að slíkt geti ekki viðgengist nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. að vel skilgreind skylda til að láta í té opinbera þjónustu hvíli á viðtakanda ríkisstyrks (RÚV).


BJÖRN DAVÍÐSSON

Samkvæmt 4. mgr. laga nr. 122/2000 skal RÚV senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Ég hef leitt hugann að því hvort RÚV teljist hafa veitt þessa opinberu þjónustu eins og hún er skilgreind í gildandi lögum og hvaða tryggingu landsmenn hafi fyrir því að hún verði yfirleitt veitt.

Að mínu viti hefur þjónusta RÚV víða á landsbyggðinni lengi verið verulega lakari en á höfuðborgarsvæðinu. Með þessu á ég við að hvorki sjónvarps- né útvarpssendar hafa verið endurnýjaðir eftir því sem ný tækni til að bæta útsendingar hefur boðið upp á. Til undantekninga heyrir að sjónvarp sé sent út með stereohljóði á landsbyggðinni en það var komið á á höfuðborgarsvæðinu árið 1992. Hvað varðar hljóðvarp er RDS-þjónusta víðast hvar ekki í boði úti á landi þó það nái til hringvegs nr. 1 að mestu. RDS-þjónusta felur m.a. í sér útsendingar á merkjum um á hvaða tíðni næsti sendir er, þannig að þegar ekið er t.d. á milli fjarða, skipta útvarpsviðtæki sjálfkrafa á milli senda sem er bæði til þægindaauka en ekki síður mikilvægt öryggisatriði þar sem leit að útvarpsútsendingum getur truflað einbeitingu bílstjóra við akstur. Engin tímasett áætlun er til um uppbyggingu á RDS-þjónustu á landsbyggðinni.

Útsendingar RÚV til sjómanna á næstu miðum hafa frá upphafi ekki verið í samræmi við lög og er það verulega ámælisvert, sérstaklega í ljósi þess að innheimt hefur verið afnotagjald af hverju einasta skipi þar sem sjónvarp eða útvarp er um borð. Sjónvarpssendingar er varla hægt að tala um, sérstaklega fyrir vestan og austan land. Útvarpssendingar til skipa eru nær eingöngu ein útvarpsrás á langbylgju. Tiltölulega góð lausn er að koma fyrir sjónvarps- og útvarpssendum á Bolafjallli og Gunnólfsvíkurfjalli til að sinna þessari lögboðnu skyldu en það hefur ekki verið gert og er ekki á áætlun. RÚV hefur hins vegar kannað kaup á rásum til útsendinga hjá rekstraraðilum gervihnatta til útsendinga en slíkt myndi þó einungis koma að notum á skipum sem eru lengri en 35 metrar að því gefnu að keyptur sé á þau sérstakur móttökubúnaður. Af um 1700 haffærum skipum á skipaskrá má ætla að um 135 skip séu 35 metrar og lengri, þ.e. um 8% skipa. Á móti kemur að áhafnir eru vissulega fjölmennari en á minni skipunum. Hvað þau landssvæði varðar þar sem útsendingar RÚV nást ekki eða illa er einnig ljóst að vegna fjalla er víða þannig háttað að ekki verður hægt að nýta sér útsendingar frá gervihnöttum. Reiknað er með að fjarskiptasjóður greiði kostnað vegna gervihnattaútsendinga næstu þrjú ár og þær hefjast mögulega á næsta ári en hvað verður eftir það er ekki ljóst.

*Að mínu viti hefur þjónusta RÚV víða á landsbyggðinni lengi verið verulega lakari en á höfuðborgarsvæðinu.*

Fjárveitingar til úrbóta á dreifikerfi RÚV hafa verið í sögulegu lágmarki um nokkurra ára skeið, svo notuð séu orð þeirra starfsmanna RÚV sem ég hef spurt um þessi mál. Nú spyr ég, – er afnotagjaldið og það framlag sem ríkið veitir til að halda uppi þessari lögboðnu skyldu RÚV ekki nægjanlegt til að halda úti dreifikerfi samkvæmt því? – Er einhver trygging fyrir því að svo verði með setningu nýrra laga um RÚV? – Er þessi ótakmarkaða ábyrgð sem á er minnst í upphafi greinarinnar kannski takmörkuð?

*Höfundur er greiðandi afnotagjalda.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Frostrósir

**Tónleikagestur ritar um upplifun sína á tónleikum.**

Við hjónin ákváðum að fara á þriðju Frostrósartónleikana okkar til þess að upplifa góða jólastemningu frá frábæru tónlistarfólki. Við keyptum sæti á netinu á svæði B og þar stóð að sætin væru í stúku og greiddum við litlar átján þúsund krónur fyrir. Við urðum því miður fyrir miklum vonbrigðum og komum ekki heim í miklu jólaskapi vegna hræðilegrar skipulagningar tónleikahaldara.

1) Öll sætin voru á gólfi og því fengum við ekki stúkusætin sem við töldum okkur hafa greitt fyrir og átti það við um fleiri sem voru að vandræðast við komu sína hvar stúkusætin væru eiginlega.

2) Tónleikarnir byrjuðu með suði og ískri sem hélt áfram eftir að byrjað var að spila og syngja enda voru risastórir rokkhátalarar (þeir sömu og á Rock star-tónleikunum) sem henta engan veginn fyrir þessa tegund tónlistar og höfðu sumir orð á að stemningin væri eins og á 17. júní ... ískur og lélegur hljómburður.

3) Tvö risatjöld voru hvort sínum megin við sviðið og á öðru tjaldinu var allt í eðlilegum lit en á hinu tjaldinu voru allir rauðir.

4) Á milli tónleikasvæðisins og veitingasölunnar hékk aðeins tjald og eftir hlé bárust hljóð frá veitingasölunni inn í salinn þegar verið var að ganga frá eftir söluna.

5) Ekki virtist vera samræmi í auglýsingum þar sem tónleikarnir voru bæði kynntir sem fimmtu tónleikar Frostrósa og einnig sem Frostroses og ekki var hægt að sjá hvort um væri að ræða íslenska eða erlenda tónleika nema bara af landfræðilegri staðsetningu þar sem öll lagaheiti og kynningar á milli laga voru á ensku (lög eins og „Sitji guðs englar“ misstu algjörlega marks sungin á útlensku).

6) Tónlistarfólkið stóð sig í alla staði mjög vel en öll umgjörð og skipulagning var til mikillar skammar; of stutt var á milli aukatónleikanna og aðaltónleikanna svo mikið bílastæðavandamál skapaðist og hljómburðurinn var hræðilegur og ekkert heyrðist frá tónlistarfólkinu sjálfu, aðeins uppmögnuð hljóð úr hátölurum, Þetta var því eins og að horfa á tónleika-dvd disk í sal fullum af fólki, glasaglamri, lélegu útsýni og bílastæðavandamálum.

Það er ekki ásættanlegt að hafa borgað þetta miðaverð á tónleikana miðað við hljómburð og aðra umgjörð. Hefðum við hjónin verið sátt við að borga 1.800 krónur fyrir svona tónleika en ekki átján þúsund fyrir tvo miða. Við hjónin munum ekki fara aftur á Frostrósartónleika fyrr en þeir verða aftur smærri í sniðum og meiri áhersla lögð á gæði en ekki græðgi.



**KEYPT Í MATINN**
Elísabet Gunnarsdóttir knattspyrnuþjálfari velur fjölbreytta og holla fæðu
MATUR 2



**GALDUR Í JÓLAGJÖF**
Eva Hauksdóttir norn, fagnar jólum eins og flestir Íslendingar en sólstöðurnar skipta hana meira máli
JÓLIN KOMA 10



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ JÓLIN KOMA ]

**Jólaljós** prýða nú flest heimili landsins. Hægt er að fá fjölbreytt jólaljós á þrjátíu prósenta afslætti í Blómavali.

**Sænsk** jólapylsa frá Kjarnafæði fæst með tuttugu og fimm prósenta afslætti í Bónus.



**Raftækjaverslun** Íslands er með fjörutíu prósenta afslátt af pottum og pottasettum.

**Byko** er með jólatilboð á sex manna matar- og kaffistelli með skrautmynstri og kostar allt stellið aðeins 5.990 krónur.

**Jólasmjör** er nauðsynlegt í jólakökubaksturinn, það fæst nú á tuttugu prósenta afslætti fyrir jólin.

**Snaigé** kæli- og frystiskápar fást með allt að fjörutíu og þriggja prósenta afslætti í Fríformi.

**Jólatilboð** er í versluninni Hjá Hrafnhildi og tuttugu prósenta afsláttur af öllum drögtum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 8. desember, 342. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.02 | 13.20 | 15.36 |
| Akureyri | 11.14 | 13.04 | 14.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Jóhanna Vigdís segir fólk yfirleitt leita að góðum réttum sem hægt er að töfra fram á skömmum tíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

# Ferskt hráefni skemmtilegast

***Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir gekk með matreiðslubók í maganum í tíu ár.***

„Mig hafði dreymt um að gefa út matreiðslubók í að minnsta kosti tíu ár. Gekk með hana í maganum og hafði hana á teikniborðinu í allan þennan tíma, enda hef ég haft áhuga á matreiðslu og matargerð frá því ég man eftir mér,“ segir fréttakonan Jóhanna Vigdís sem nýlega gaf út sína fyrstu matreiðslubók – Í matinn er þetta helst. Helsta markmið Jóhönnu með uppskriftunum í bókinni er að lesendur hennar nái að töfra fram góðan mat á skömmum tíma og að hráefnin séu fáanleg alls staðar. „Til dæmis ætti fólk sem býr úti á landi ekki að þurfa að fara til Reykjavíkur til þess að finna sérverslanir sem eiga hráefnin,“ segir hún.

Jóhanna heldur því fram að níutíu prósent af tímanum séu flestir að leita að einhverju spennandi til þess að hafa í matinn alla daga vikunnar. „Það er ekkert mál að töfra fram dýrindis mat ef fólk hefur allan laugardaginn eða sunnudaginn til þess að standa í eldhúsinu,“ segir hún, en sjálfri þykir henni skemmtilegast að elda mat úr góðum og ferskum hráefnum. „Hvort sem það er grænmeti, kjöt eða fiskur þá finnst mér skemmtilegast að elda úr ferskum hráefnum og því ferskari sem þau eru því betra.“

Uppskriftin sem Jóhanna gefur lesendum Fréttablaðsins er ekki í bókinni enda var hún gerð sérstaklega fyrir blaðið. Í réttinum er saffrankrydd notað saman við gróf hrísgrjón og útkoman mun vera ævintýraleg. Hana má sjá á bls. 3

*mhg@frettabladid.is*

## Á borðum íslenska lýðveldisins er ...

MATREIÐSLUBÓK ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS KOM ÚT HINN 1. DESEMBER EN MARGIR SÆLKERAR HÖFÐU BEÐIÐ SPENNTIR EFTIR ÚTGÁFU ÞESSARAR BÓKAR.

Í Matreiðslubók íslenska lýðveldisins má finna fjöldan allan af hátíðarmatseðlum í bland við heimildir um Íslandssöguna. Þessi matreiðslubók er óvanaleg að því leyti að hún hefur að geyma úrval rétta sem bornir hafa verið fram í boði íslenska lýðveldisins. Um er að ræða 70 hátíðarmálsverði ásamt myndum af fólkinu sem sat þessar skemmtilegu veislur, en þar eru konungar, forsetar, ráðherrar og önnur stórmenni meðal gesta. Uppskriftirnar eru fjölbreyttar, villibráð, sjávarréttir og aðrar íslenskar afurðir matreiddar feðgunum Elíasi Einarssyni og Eyjólfi Elíassyni sem þjónuðu íslensku ríkisstjórninni, Alþingi og fleirum um árabil. Matreiðslubók íslenska lýðveldisins veitir því innsýn inn í íslenska sögu frá nýju sjónarhóli með því að kitla bragðlaukana.

*- jóa*



Matreiðslubók íslenska lýðveldisins er skemmtilega útfærð uppskriftabók þar sem stiklað er á sögu Íslands frá sjónarhóli eldhússins.

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.
FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF
Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.
20-65% AFSLÁTTUR







55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is

**Jólamaturinn** er mikilvæg máltíð og því betra að koma jólakjötinu strax í hús. Enginn vill lenda í því að jólamaturinn seljist upp daginn áður en ætlunin var að kaupa hann inn.











Elísabetu finnst ananas bragðvondur en kaupir hann handa eiginmanninum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

# Fjölbreytt fæða skiptir máli

***Elísabet Gunnarsdóttir, knattspyrnuþjálfari meistaraliðs kvenna í Val, velur holla fæðu þegar hún kaupir í matinn.***

„Ég læt öfgana ekki ráða för í matarinnkaupum þótt ég leggi upp úr heilsusamlegum lífsstíl og passa upp á að hafa fæðuúrvalið fjölbreytt,“ segir Elísabet. „Fyrir þær sakir reyni ég að versla inn sitthvað úr hverjum fæðuflokki,“ heldur Elísabet áfram. „Grænmeti eins og paprika, brokkolí og laukur, eru til að mynda ofarlega á innkaupalistanum enda fer slíkt vel með ofnbökuðum fisk, sem ég hef minnst vikulega. Það kemur sér vel að sömu grænmetistegundir passa líka við taco-kjúklingaréttinn minn.“

Elísabet segir heimilisfólkið vera sjúkt í ávexti, ekki síst eftir að fest voru kaup á safapressu síðasta vetur. „Það liggur við að vélin sé ofnotuð á heimilinu,“ segir hún hlæjandi. „Mér finnst hreinn appelsínusafi og eplasafi bestir, en ananassafi er í miklu uppáhaldi hjá manninum mínum. Sjálfri finnst mér ananas frekar bragðvondur en leyfi honum að fljóta með í innkaupunum til að halda heimilisfriðinn.“

Þá eru egg ómissandi hluti af matarinnkaupunum, en þau eru að mati Elísabetar eitt besta álegg sem völ er á og henta í nánast hvað sem er.

Elísabet segist reyna að vera meðvituð um næringargildi matarins og því sneiði hún eftir fremsta megni hjá kolvetnum. „Svo er ég barnshafandi, sem setur auðvitað sitt strik í reikninginn,“ bætir hún við. „Ég hef í kjölfarið fjölgað ávöxtum, grænmeti og mjólkurafurðum.“

Elísabet segist hins vegar sjá töluvert á eftir túnfisknum, laxinum og sardínunum sem henni þykir hreinasta lostæti en hafi verið ráðlagt að neyta ekki á meðgöngunni. „Hrár fiskur er ekki talinn góður fyrir þungaðar konur þótt ég hafi reyndar ekki neina haldbæra skýringu á því,“ segir hún.

„Síðan heyrir til undantekninga að ég kaupi sælgæti, það er helst að Prins Polo verði fyrir valinu um helgar,“ heldur Elísabet áfram. „Gos drekk ég aldrei og veit nánast ekki hvernig snakk bragðast. Ég stilli sælgætisneyslunni í hóf einfaldlega vegna þess hversu óholl hún er.“

*roald@frettabladid.is*



**INNKAUPALISTI ELÍSABETAR:**

| | |
|---|---|
| Ýsa | Bananar |
| Kjúklingabringur | Ananas |
| Ostur | Appelsínudjús |
| Paprika | Léttmjólk |
| Brokkolí | Undanrenna |
| Laukur | Jógúrt |
| Appelsínur | Egg |
| Epli | Hrökkbrauð |
| Melóna | Prins Póló |




Renate Scheibner frá Samtökum sjálfstæðra ölgerða í Þýskalandi, Guðmundur Mar Magnússon, ölgerðarmeistari hjá Ölgerðinni, Lárus Berg, framkvæmdastjóri tæknisviðs Ölgerðarinnar, og Gerhard Ilgenfritz frá Samtökum sjálfstæðra ölgerða í Bæjaralandi.

# Silfur fyrir bjór

***Egils Premier frá Ölgerðinni krækti í silfurverðlaun í flokki hátíðabjóra í evrópskri samkeppni í Bæjaralandi.***

Ölgerðin hlaut silfurverðlaun fyrir Egils Premium í samkeppninni European Beer Star samkeppni sem skipulögð er af samtökum ölgerða í Bæjaralandi. Í sömu keppni hlaut Egils Lite bronsverðlaun í flokki mildra bjóra.

Alls hefur Ölgerðin hreppt sex verðlaun á þessu ári fyrir framleiðslu sína á bjór. Hún vann Lite gullverðlaun í Mondé Selection og á World Beer Cup. Silfurverðlaun fengust á European Beer Star fyrir Premium og silfurverðlaun unnust fyrir Egils Gull á Monde selection.

Guðmundur Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar, segir öll þessi verðlaun staðfesta að þróunarstarf Ölgerðarinnar sé á heimsvísu. „Upphefðin kemur stundum að utan en við finnum fyrir því að Íslendingar hafa tekið þessum nýjungum fagnandi, bæði létta bjórnum Lite og Premium sem er bruggaður úr íslensku korni á sérstakan hátt. Við gefum okkur góðan tíma til að þróa nýjar vörur og það er gleðilegt þegar fyrirhöfnin skilar sér á þennan hátt. Þetta er mikil hvatning og sýnir að góð þekking á bruggun bjórs er til staðar á Íslandi.“

## uppskrift Jóhönnu }



## Gómsætur fiskréttur

UPPSKRIFT JÓHÖNNU ER FISKUR Í OFNI „VEGNA ÞESS AÐ VIÐ BORÐUM SVO MIKIÐ KJÖT YFIR HÁTÍÐARNAR“.

Gróf hrísgrjón
10 til 15 saffranþræðir

800 g ýsa (má nota lúðu, þorsk eða til dæmis skötusel eða steinbít)
salt
pipar
sítrónusafi
1 dós græn aspas
nokkrir brokkólístönglar
1 rauðlaukur
1 rauð paprika
200 g skelflettur humar
200 til 300 g rifinn ostur
1/2 askja gráðaostur
1 peli matvinnslurjómi

Aðferð:
**1.** Sjóðið hrísgrjónin skv. leiðbeiningum á pakka með saffranþráðum. Þegar þau eru soðin, dreifið þeim í botninn á eldföstu móti.
**2.** Skerið fiskinn í bita og setjið hráan ofan á hrísgrjónin. Saltið og piprið og kreistið sítrónusafa yfir. Skerið rauðlauk, brokkólí og papriku smátt og dreifið yfir fiskinn. Leggið humarinn sömuleiðis hér og þar yfir fiskinn.
**3.** Dreifið rifna ostinum yfir og setjið klípur af gráðaosti hér og þar. Hellið rjómanum yfir og bakið í ofni í um 20 til 30 mínútur eða þar til osturinn er bráðinn og gylltur.

Berið fram með grænu salati og ísköldu hvítvíni eða vatni!

Madonna Ristorante

Jóla matseðill

*Forréttir*
**Kremuð kúrbítssúp** 1.090,-
með camenbert
eða
**Grafinn lax með tartarasósu** 1.090,-
og frisée salati
*Aðalréttir*
**Ofnbakaður saltfiskur** 3.390,- / 4.390,-
með möndlu/ parmesano hjúp gratín
á " rataouille" beði
eða
**Andabringu "magret"** 3.390,- / 4.390,-
með hunangssósu, mangósýrópi og
léttsteiktu skógargrænmeti
*Desert*
**Blaut frönsk súkkulaðikaka** 990,-
með mandarínuís og appelsínusósu

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

Ilmur af jólum




Kryddin frá Pottagöldrum eru ómissandi í matreiðsluna

Íslenskt franskt

Frönsk áhrif
á íslenska jólaborðinu

Patéin frá Íslenskt franskt í Borgarnesi njóta vaxandi vinsælda.

Margverðlaunuð gæðavara, ómissandi
á jólahlaðborðið




Borgarnes kjötvörur ehf. - sími: 430 5600

# Auðvelda nútímamanninum matreiðsluna

***Fiskisaga er heiti á fiskverslunum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Nú þegar eru starfandi sjö en fyrirhugað er að opna fleiri.***

„Við erum að færa fiskverslun í nútímalegan búning og með því viljum við höfða til yngri kaupendahóps,“ segir Óskar Garðarsson, framkvæmdastjóri Fiskisögu. „Við erum að bjóða upp á nýja rétti sem ekki hafa sést áður hér á landi. Höfum hannað fjöldann allan af tilbúnum réttum sem auðvelda nútímamanninum matreiðsluna. Allir kryddlegir eru sérframleiddir í Danmörku, þeir eru MSG-fríir og án allra aukaefna enda leggjum við mikið upp úr hollustu. Samt sem áður verða verslanir okkar að sjálfsögðu einnig áfram með ferskan fisk þannig að allir ættu að fá eitthvað fyrir sig.“



Óskar Garðarsson í nýjustu verslun Fiskisögu sem er í Hamraborg í Kópavogi.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Meðal nýjunga sem Óskar nefnir eru barnabox sem fyrirtækið hyggst framleiða. „Við ætlum að kynna til sögunnar hollustu fyrir börnin í barnaboxum og fara þar með óbeint í samkeppni við skyndibitamarkaðinn.“ Fleira er á döfinni hjá Fiskisögu því Óskar upplýsir að fyrirhugað sé að opna veitingastaði samhliða Fiskisögu á tveimur eða þremur stöðum.

Að lokum lætur hann okkur í té tvær uppskriftir að hátíðaréttum frá Fiskisögu.





## HUMARHALAR MEÐ RAUÐRÓFUSTEMNINGU

3-6 stk. humarhalar á mann
Humarinn er pillaður og hreinsaður, steiktur upp úr hvítlauksolíu og kryddaður með salti og pipar

**MEÐLÆTI:**
Myrkilsveppamauk
100 g myrkilsveppir
100 g kjörsveppir
300 g rjómi
Salt og pipar
Smá madeiravín
Pannan er hituð og sveppirnir eru léttsteiktir upp úr olíu. Þá er madeiravíninu bætt við og soðið niður um helming. Síðan er rjómanum bætt út í og kryddað með salti og pipar og léttsoðið saman. Að lokum er allt sett saman í blender og maukað vel.

**ANÍS-RAUÐRÓFURASPUR**
4 anísstjörnur
1 msk. fleur de sel salt
1 þurrkuð rauðrófa
Þurrkuð rauðrófa, anís og fleur de sel salt sett saman í kaffikvörn og mulið.

**RAUÐRÓFUGLJÁI (SÓSA)**
100 ml rauðrófusafi
100 g dökkt balsamikedik
1 tsk. púðursykur
1/2 msk. hunang
Allt sett saman í pott og soðið niður um helming og síðan kælt.

**ANNAÐ MEÐLÆTI**
Fjólublár vatnakarsi
Stór myrkilsveppur fylltur með geitaosti
Rauðar alfa alfa baunir
Sveppasalat

## RÆKJUKOKKTEILL MEÐ HARÐFISKI

(fyrir 8 manns)
1 kg íslenskar úthafsrækjur
300 g harðfiskur

Vatnsmelónu-brómberja-krapís
100 g vatnsmelóna
100 g brómber
10 g límóna (safi)
70 g sítróna (safi)
100 g stock síróp (sykur 50%, vatn 50%)
100 ml romm
10 g engifer
50 ml rabarbaramauk
Vatnsmelóna, brómber, límónusafi, sítrónusafi, stock síróp, romm og rabarbaramauk er allt sett í pott og soðið í 1-2 mín. ásamt fínt söxuðum engifer. Sigtað og síðan fryst.

**GRÆNMETI Í KOKKTEIL**
150 g vatnsmelóna
150 g kirsuberjatómatar
100 g agúrka
100 g litkaber (lichi)
½ sítróna (safi)
Salt og svartur pipar
Smá ólífuolía
Vatnsmelóna, agúrka og litkaber er skorið í fallega teninga og sett í skál með rækjunum. Síðan er smá ólífuolía, svartur pipar og smá fleur de sel salt sett yfir (eða Maldonsalt)
Svartur pipar er mulinn yfir kokkteilinn í lokin




# Sólbrauð Lúsíu

***Brátt gengur Lúsíuhátíð í garð og þá er vel við hæfi að prófa nýjar aðventuhefðir og baka Lúsíubrauð.***

Lúsíuhátíðinni er mest haldið við lýði í Svíþjóð og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Þó var Lúsía ítalskur dýrlingur sem var verndari blindra og sjónskertra.Lúsíuhátíðin fer fram 13. desember ár hvert og þá klæða stúlkur sig í hvíta dragsíða kjóla með ljósakórónu á höfði. Á eftir þeim koma síðan þernur Lúsíu, stúlkur í hvítu með kertaljós í hönd. Stúlkurnar bera fram sérstakt Lúsíubrauð, sem bakað er einu sinni á ári. Brauðin eru sólgul smábrauð, sem ilma af kryddi og heita á frummálinu Lusekatter. Brauðin eru formuð eins og geislar eða hið forna ljóshjól sem eiga að undirstrika ljósið sem Lúsía kemur með í myrkrinu.



## Lúsíubrauð:

125 g smjör
5 dl af mjólk
2 teskeiðar (50 g) af geri
1/2 teskeið af salti
1 dl af sykri (má nota annað til að sæta)
1 g af saffran
2 egg
16 dl af hveiti (má nota spelt)
Rúsínur til að skreyta
Egg til að pensla

Mjólkin er sett í pott og hituð, smjörið fer út í og er látið bráðna í mjólkinni. Blandan á að vera um 37 gráðu heitt. Gerið fer síðan út í blönduna ásamt saffraninu. Sætunni (má vera döðlur, ávaxtamauk, agave-síróp, banani) er síðan bætt út í blönduna. Eggin eru þeytt sér og bætt útí og þar á eftir hveiti. Deigið er síðan hrært og jafnvel meira hveiti bætt við ef það er of blautt. Stráið hveiti á deigið og leggið yfir hreint viskastykki á meðan það lyftir sér í 30 mínútur og verður tvöfalt. Síðan er deigið hnoðað. Það á að vera ljóst, teygjanlegt og frekar laust í sér. Þá eru brauðin mótuð og sett á smurða ofnplötu. Síðan eiga brauðin að lyfta sér áfram í aðrar 30 mínútur. Þá eru þau pensluð með eggi og skreytt með rúsínum.

Brauðið má móta í alls konar form og snúninga. Stundum eru búnir til kransar og fléttur. Brauðið verður fljótt þurrt og því ágætt að frysta það og þíða í ofni þegar á að borða það heitt.

- rh



Lúsíubrauð eru formuð eins og fornt tákn sólar.



Mirijam Wolfgruber lagar glögg á Kaffi Vín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Glögg vekur gleði og yl

***Þótt jólaglöggpartíin hafi farið úr böndum hjá okkur er engin ástæða til að gleyma algerlega þessum bragðgóða drykk.***

Glöggdrykkja er vinsæll siður sem hefð er fyrir víða í Evrópu. Íslendingar tóku hann upp á arma sína á tíunda áratugnum og fóru nokkuð geyst. En betra er minna og jafnara. Glögg er bragðgóður drykkur sem yljar vel í norðangarranum og gott getur verið að dreypa á. Á veitingahúsinu Kaffi Vín starfar hin austurríska Mirijam Wolfgruber sem sér um að viðhalda glöggmenningunni þar á bæ. Í hennar heimalandi er það nefnilega aldagamall siður að sötra jólaglögg á aðventunni. Henni finnst það því sjálfsagður hluti af þeirri stemningu sem ótvírætt skapast í aðdraganda jólanna.

Hér er uppskrift frá henni.

**GLÖGG**
1 l rauðvín (með sterkum ávaxtakeim)
1 appelsína skorin í kubba
1 sítróna skorin í kubba
70 g strásykur
1/2 kanilstöng
5 negulnaglar (1/2 tsk.)
5 kardimommufræ/duft (helst heilar)
snefill af múskathnetum
1/4 l vatn
30-40 ml romm



Jólaglögg veitir yl í kroppinn.

Rauðvín, vatn, romm og krydd er sett í pott. Sítrónan og appelsínan eru skrældar og börkurinn brotinn ofan í pottinn. Eplið og appelsínan einnig sett út í, ásamt sykri og kryddi. Svo er glöggið hitað við lágan hita upp undir suðu og hrært reglulega og smakkað af og til. (Kannski ekki of oft!)

Eldunartíminn á að vera að minnsta kosti 30 mínútur. Glöggið er borið fram heitt.



Appelsína og sítróna í örlitlum bitum gefa bæði bragð og lit.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Jólaflatkökur

Íslensku flatkökurnar eru góðar. Bestar eru þær auðvitað nýbakaðar af hellunni frá ömmu, en þær eru líka hreint ágætar fengnar utan úr búð. Hér er réttur sem passar vel á jólahlaðborðið. Klassíska hangikjötsflatkakan fær að kynnast litríkum ávöxtum og keimi sem komið hefur til okkar frá fjarlægum löndum rétt eins og hugmynd sú sem fagnað er á jólum.

**FLATKÖKUR ÖMMU GUÐRÚNAR**
(Fyrir þá sem vilja baka frekar en kaupa flatkökur)
200 g hveiti
400 g heilhveiti
50 g fínt haframjöl
1 tsk. salt
5 dl sjóðandi vatn
Álegg:
250 g hangikjötsneiðar
1 mangóávöxtur
1 rauð paprika
(mjög gott ef hún er grilluð, en það þarf þó ekki)
2-3 msk. rauðkál
5-6 msk. hummus eða sýrður rjómi

1. Setjið þurrefnin í skál. Sjóðið vatnið og hellið yfir þurrefnin. Hrærið, en eins lítið og mögulegt er. Skellið deiginu á borðplötu og hnoðið þar til deigið loðir vel saman. Skiptið því í 10 hluta og fletjið hvern hluta þunnt út. Skerið kökurnar út eftir diski og pikkið hverja köku með gaffli.
2. Bakið kökurnar á eldavélarhellu eða pönnukökupönnu við háan hita í 3-5 mínútur á hvorri hlið. Gott er að hafa volg og rök stykki við hendina til þess að leggja yfir deigið og síðan kökurnar þegar þær eru bakaðar. Gott að setja bakaðar kökurnar í stafla ofan í pott með loki.
3. Skerið mangó og papriku í litla teninga, og blandið bitunum saman. Skerið hangikjötið í ræmur.
Smyrjið flatkökurnar með hummus eða sýrðum rjóma (setjið áleggið á heila flatköku, ef notast er við flatkökur úr búð, raðið þá tveimur helmingum saman þannig að þær myndi heila köku). Dreifið hangikjötsræmunum yfir og síðan papriku- og mangóblöndunni. Sáldrið rauðkáli og ferskum kóríanderblöðum yfir.
Skerið eins og pitsu.






# Hnetusteik til hátíðabrigða

***Grænn kostur býður upp á hnetusteik, bæði til að borða á staðnum en líka til að taka með heim á Þorláksmessu.***

Æ fleiri hafa lagt niður kjötát og gera engar undantekningar, ekki einu sinni um jólin. Í sumum tilfellum er fjölskyldan öll samstiga í þessu en í öðrum fjölskyldum er grænmetisætan vandræðagemlingur og upptök höfuðverkja því ekki er nóg að gefa henni grænar baunir og rauðkál þrjá daga í röð á meðan aðrir raða í sig kræsingunum. Á Grænum kosti verður hnetusteik á boðstólum næstu þrjár helgar í því augnmiði að kynna þennan rétt fyrir þeim sem aldrei hafa bragðað hann og til að koma til móts við grænmetistætur sem vilja fá sér hátíðlegan grænmetismat fyrir jólin. Á Þorláksmessu verður svo hægt að kaupa hráar hnetusteikur til að elda sjálfur. Tvær stærðir eru í boði, 600 g og 1000 g og hægt er að kaupa heita sósu með. Nauðsynlegt að panta þær fyrirfram. Verðið er 1.200 krónur fyrir minni steikina og 1.800 krónur fyrir þá stærri og sósan kostar 400 krónur. Hnetusteikin er bökuð í ofni við 190 gráðu hita í 20 mín. og gott er að bera með hýðishrísgrjón, heita sósu, waldorfsalat og ofnbakað grænmeti.

Þetta ætti að létta jólastressið á sumum heimilum og svo er góð hugmynd að fara og smakka. Hver veit nema öll fjölskyldan endi á því að borða hnetusteik í ár?


Hnetusteik er herramannsmatur.


Morgunverðarborðið er af klassískum toga þar sem boðið er upp á brauð og áleggshlaðborð. Einnig er hægt að fá sér croissant, kaffi og ávaxtasafa svo eitthvað sé nefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Morgunverður að hætti Kaupmannahafnarbúa

***Konditori Copenhagen hefur um skeið boðið upp á morgunverð á kaffihúsi sínu á Suðurlandsbraut. Nú er hann einnig fáanlegur í nýopnuðu útibúi í Hafnarfirðinum.***

Morgunverðarhlaðborðinu á Suðurlandsbraut hefur verið vel tekið. Af þeim sökum var ákveðið að opna nýtt kaffihús við Reykjavíkurveg 74 í Hafnarfirði. „Þetta er svona blanda af bakaríi og kaffihúsi þar sem fólk getur fengið sér morgunverð á leið í vinnu," segir Þormar Þorbergsson, konditormeistari Konditori Copenhagen. „Í hádeginu leggjum við áhersluna á létta rétti og seinni part dagsins er svo um hefðbundið kaffihús að ræða þar sem hægt er fá gott brauð og sætmeti."


Þormar Þorbergsson konditor-meistari á veg og vanda að morgunverðarhlaðborðinu.


Nýja Konditori Cobenhagen-kaffihúsið er á fjölförnum stað í Hafnarfirðinum.

Starfsemi Konditori Copenhagen er orðin mjög fjölbreytt en það er strúktúr sem Þormari líkar vel. „Þetta er orðið ansi víðfeðmt. Við erum með brauðgerðina og kökuframleiðsluna á Suðurlandsbrautinni, kaffihús í Kringlunni og nú nýja staðinn í Hafnarfirði," segir Þormar.

Þormar segir að kaffihúsið sé tilvalinn staður fyrir hádegisverðarfundi, það sé vel staðsett við fjölfarna umferðargötu og í miðju atvinnuhverfi. „Hann er einnig í anddyri atvinnuhúsnæðis þannig að hjá okkur er alltaf líf," segir Þormar.

Konditori Copenhagen í Hafnarfirði er opið frá 8.30 á morgnana til 16.00 í eftirmiðdaginn. „Þannig verður það í desember en svo má búast við breyttum afgreiðslutíma í janúar," segir Þormar sem hvetur alla til að koma og fá sér morgunmat í rólegheitum nú þegar jólastressið hellist yfir þjóðina.

*tryggvi@frettabladid.is*

**Sérfræðingar í saltfiski**

**Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.**

**Fyrir verslanir:**

**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
**Sími: 466 1016**
**ektafiskur@emax.is**

WMF Steikarpotturinn vinsæli
Tilboðsverð: 11.900 kr.



Villeroy & Boch
Kringlunni / sími: 533 1919


Rauðkál í fallegri krukku er skemmtileg jólagjöf.

# Jólarauðkálið góða

***Það er frumleg og skemmtileg jólagjöf að gefa krukku af heimagerðu rauðkáli.***

**¼ tsk. fennelfræ**
**4 greinar timian, ferskt**
**1 stk. lárviðarlauf**
**1 meðalstór laukur, fínt saxaður**
**1 meðalstórt epli (helst Granny Smith), flysjað og niðurskorið í grófa bita**
**1,5 kg rauðkál, fínt skorið**
**125 ml gott rauðvínsedik**
**310 ml vatn**

Smjör, fennelfræ, timian og lárviðarlauf sett í stóran þykkan pott og látið malla þar til ilmur er kominn í húsið. Bætið epli og lauk saman við, eldið þar til eplið er orðið mjúkt. Bætið rauðkáli, ediki og vatni við og látið malla meira. Setjið lok á pottinn og lækkið hitann, hrærið í reglulega í eina klukkustund. Fjarlægið timian og lárviðarlauf og rauðkálið er til.

www.yndisauki.is

# Serenukökur

SKORNAR KÖKUR ERU ALLTAF ÞÆGILEGAR OG FLJÓTLEGAR Í MEÐHÖNDLUN.

Serenukökur eru einfaldar og góðar og klikka aldrei.

**475 g hveiti**
**375 g smjör**
**250 g sykur**
**1 egg**
**1 tsk. lyftiduft**

Deigið er hnoðað vel og rúllað út í lengjur sem síðan eru skornar niður og kökunum raðað á plötu með bökunarpappír. Bakaðar við tæpar tvö hundruð gráður og hafðar ljósar.



# Hart rokk til sölu

***Veitingahúsakeðjan Hard Rock Café fæst fyrir litlar 965 milljónir bandaríkjadala.***

Samningur um kaup á veitingahúsakeðjunni Hard Rock Cafe er á lokastigi. Kaupandinn er bandarískt fyrirtæki sem ber heitið Seminole Tribe of Florida. Verðið er um 965 milljónir bandaríkjadala sem samsvarar 66,8 milljörðum íslenskra króna. Frá þessu greinir á vefsíðunni www.freisting.is.
Seminole Tribe á fjölda fyrirtækja, til að mynda hótel, spilavíti og sumarleyfisstaði á Flórída svo fátt eytt sé nefnt.
Hard Rock Café var stofnað árið 1971 af Isaac Tigrett og Peter Morton en fyrsti veitingastaðurinn var opnaður nærri Hyde Park í London í sal sem áður þjónaði sem sýningarsalur Rolls Royce bílasölu. Árið 1979 fóru eigendurnir að skreyta veggi staðarins með munum til minningar um rokk og ról.
Reksturinn vatt upp á sig og árið 1982 hófst útbreiðsla staðanna um allan heim. Eigendurnir tveir ákváðu að þróa kaffihúsin hvor í sínu lagi. Tigrett seldi sinn hlut en Morton opnaði nokkra staði til viðbótar í Las Vegas, San Diego og víðar. Árið 1995 opnaði hann síðan fyrsta Hard Rock hótelið og spilavítið í Las Vegas. Hard Rock staðirnir eru nú 120 um allan heim.



Hard Rock Café var eitt sinn í Kringlunni en hætti starfsemi þar fyrir allnokkru.


Fljótlegur gestaréttur.

# Gestaréttur

ÞEGAR KOMA ÞARF GÓÐUM AFGÖNGUM Í LÓG EÐA GEST BER AÐ GARÐI ER UPPLAGT AÐ HRISTA ÞENNAN RÉTT FRAM ÚR ERMINNI.

**1 pk. Savory hrísgrjón**
**200 g rækjur (kjúklingur, humar – hvað sem er)**
**Sætar kartöflur, soðnar**
**1/2 dós sveppir**
**3 msk. majones**
**3-4 tsk. karrí**
**1/4-1/2 l rjómi**
**Ostur**

Hrísgrjónin soðin og sett í eldfast mót. Sveppirnir ristaðir í smjöri og settir ofan á, rækjurnar þar ofan á og sætu kartöflurnar þar ofan á. Safinn úr sveppadósinni hrærður út í majonesið, karrí blandað saman við, hellt yfir mótið. Rjómi og ostur sett síðast.
Bakað í 30 mínútur við 200 gráður.
Ristað brauð borðað með.


Frosin ber eru hið mesta lostæti og geta leyst konfektmolana af hólmi, vigtinni til mikillar gleði. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Bland í berjapokann

***Konfektið má ekki ná algerri yfirhönd um jólin. Búið til ykkar eigin hollustu brjóstsykur til að grípa í við og við.***

Yfir jólamánuðinn er ágætt að birgja sig upp af berjum. Berunum er svo stungið í frystinn og innan skamms eru þau orðin að ljúffengum „berjabrjóstsykri“. Hægt er að nota vínber, jarðarber, krækiber, bláber, kirsuber, sólber, rifsber eða hvað sem ykkur dettur í hug. Þegar berin eru orðin fryst má laumast í frystinn og ná sér í hollustusnarl. Berin eru sogin og bruðin í staðinn fyrir konfekt og snakk. Jólamánuðurinn á það til að leggjast þungt á læri og ístrur landans og því ekki úr vegi að grípa öðru hvoru í holla matinn til að vega upp á móti óhollustunni.

**- jóa**



Jólabrauð


Jólasaltkringlur


Ensk ávaxtakaka


Súkkulaðibitar


Prinsessukökur


Negulkökur


Lagkaka
Hrærð dökk & hrærð ljós


Míni hafrafitness


Lagkaka
Hnoðuð dökk & hnoðuð ljós

# Jólin að hætti Jóa Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Hjá Jóa Fel er eingöngu bakað úr fyrsta flokks hráefni. Við bjóðum ykkur að kynnast jólabakstrinum í nýjum jólabúningi. Verið Velkomin!



**Kleppsvegi 152** | Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
**Smáralind** | Mán. - föst. 11 - 19. Laug. 11 - 18. Sun. 12 - 18.

**70%** Hagkaup slær allt út í afsláttum þessa helgi með því að bjóða kaki, öðru nafni döðluplómu á 399 krónur kílóið sem áður voru á 1.299 krónur.






**BÓNUS**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus ferskur trönuberjasafi 1 | 198 | 259 | 198 | |
| Bónus jólaís 1 l | 198 | 259 | 198 | 25 |
| Ali hamborgarahryggur m/ beini | 1.189 | 1.529 | 1.189 | 25 |
| Ali úrbeinaður hamborgarahryggur | 1.539 | 1.979 | 1.539 | 25 |
| Sambands úrbeinað hangilæri | 1.396 | 1.933 | 1.396 | 30 |
| Sambands úrb. hangiframpartur | 1.136 | 1.573 | 1.136 | 30 |
| Nóa konfekt sérvaldir molar 650 g | 1.298 | Nýtt | 1.997 | |
| Bónus síld 4 teg. 600 g | 259 | Nýtt | 432 | |
| Ferskar döðlur 650 g | 259 | Nýtt | 398 | |

Tilboðin gilda til 10. des

**FJARÐARKAUP**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalambs hangilæri úrb. | 1.898 | 2.598 | 1.898 | |
| Fjarðarkaups hamborgarhryggur | 998 | 1.198 | 998 | |
| Ali hamborgarhryggur úrb. | 1.649 | 2.198 | 1.649 | |
| Nautapiparsteik úr kjötborði | 2.198 | 2.998 | 2.198 | |
| Kjúklingabringur | 1.875 | 2.679 | 1.875 | |
| Emmess jólaís l.5 l | 667 | 798 | 445 | |
| Jólasmjör 500 g | 166 | 195 | 83 | |
| Brún egg vistvæn 10 stk. í pk. | 378 | 438 | 38 | |
| Ostakaka bláberja 800 g | 898 | 1.048 | 1.122 | |
| Jólaengjaþykkni 150 gr | 79 | 93 | 526 | |

Tilboðin gilda til 10. des

**HAGKAUP**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambainnralæri | 2.498 | 3.298 | 2.498 | 25 |
| Lambasirloin bláberjalegið | 1.798 | 1.998 | 1.798 | 30 |
| Óðals svínahamborgarhryggur mb | 1.188 | 1.698 | 1.188 | 30 |
| Ali hamborgarhryggur m/beini | 1.443 | 1.698 | 1.443 | 15 |
| Ali hamborgarhryggur úrbeinaður | 1.868 | 2.198 | 1.868 | 15 |
| Danskar kjúklingabringur | 1.459 | 1.899 | 1.459 | 25 |
| Emmess jólaís 1,5 l | 399 | 589 | 266 | 30 |
| Emmessís Daim jólaískrans 1 l | 499 | 749 | 499 | 35 |
| Kaki (döðluplóma) | 399 | 1.299 | 399 | 70 |
| Robin klementínur 2,3 kg | 349 | 499 | 151 | 30 |
| Robin appelsínur | 119 | 179 | 119 | 35 |

Tilboðin gilda til 1. des

**KRÓNAN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Naggalínan kjötbollur 450 g | 377 | 539 | 838 | 30 |
| Móa kjúklingur ferskur | 449 | 749 | 449 | 40 |
| SS vínarpylsur& söngvaborg | 1.698 | 1.698 | 1.698 | |
| Oetker pítsur 3 gerðir 260 g | 149 | 199 | 149 | 25 |
| Klementínur 1 kg í neti | 149 | 169 | 149 | 11 |
| Melónur gular | 99 | 120 | 99 | 20 |
| Jóla engjaþykkni 6x150 ml | 304 | 456 | 338 | 35 |
| Myllu samlokubrauð hvítt 2 fyrir 1 770 g | 93 | 186 | 60 | 50 |
| Ariel compact 4.05 kg | 1.998 | nýtt | 493 | |

Tilboðin gilda til 10. des

**Þín verslun**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Sveitapaté í dós | 368 | 460 | 368 | 20 |
| Kálfabjúgu | 499 | 629 | 499 | 20 |
| LHL hangilæri úrbeinað | 1.948 | 2.598 | 1.948 | 25 |
| LHF hangiframp. úrbeinað | 1.269 | 1.698 | 1.269 | 25 |
| VHL sauðalæri af veturgömlu úrbeinað | 1.948 | 2.598 | 1.948 | 25 |
| VHF sauðaframpartur af veturgömlu úrb. | 1.269 | 1.698 | 1.269 | 25 |
| Gevalia rauður 500 g | 379 | 419 | 758 | 10 |
| Champion rúsínudós 500 g | 149 | 239 | 298 | 40 |
| Wesson grænmetisolía 1,42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Wesson Canola olía 1.42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Chicago Town Wrap Chilli Beef 302 g | 399 | 659 | 1.321 | 40 |
| Chicago Town Wrap Fajita Chicken 298 g | 399 | 659 | 1.339 | 40 |
| Tilda Rizazz Pure Bsmati Rice 250 g | 239 | 319 | 956 | 25 |
| Tilda Rizazz pilau 250 g | 239 | 319 | 956 | 25 |
| Tild Rizazz Egg Fried Rice 250 g | 239 | 319 | 956 | 25 |
| Beauvais rauðkál 580 g | 119 | 129 | 205 | 10 |
| Beauvais rauðrófur 570 g | 119 | 129 | 209 | 10 |

Tilboðin gilda til 13. des

**NÓATÚN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lorem ipsum dolor sit amet | 0.000 | 0.000 | 0.000 | 00 |
| Kjúklingur grill 900 g | 699 | 899 | 776 | 20 |
| Sælkerbaka m/brokkolifiski 250 g | 299 | 399 | 1.196 | 25 |
| Sælkerabaka m/plokkfiski 250 g | 299 | 399 | 1.196 | 25 |
| 1944 Fiskibollur/kjötbollur 450 g | 426 | 609 | 947 | 30 |
| Freschetta XL pítsa 3 teg. 500 g | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Ungnautahakk | 899 | 1.398 | 899 | 35 |
| Casa F. Taco dinner 300 g | 374 | 499 | 374 | 25 |
| Casa F. Wrap tortillas 280 g | 209 | 279 | 746 | 25 |
| Casa F. Medium taco sósa 225 g | 172 | 229 | 764 | 25 |
| Casa F. Creamy Guacamole sauce 225 g | 224 | 299 | 995 | 25 |

Tilboðin gilda til 10. des






# Mjúkar og þykkar

***Í versluninni Dizu er 20-40 prósenta afsláttur á peysum.***

Í versluninni Dizu að Laugavegi 44 er nú hægt að fá valdar peysur frá Frank Saul á aðeins 4.990 krónur.

Frank Saul er enskur peysuframleiðandi sem byrjaði að framleiða peysur sínar árið 1980. Þetta vörumerki hefur verið til sölu í Dizu frá í vor. Peysurnar eru bæði þykkar og þunnar og mikið að jakkapeysum, bæði spari og hvrsdags. Í þeim eru allskonar



blöndur af ull, akríl eða viskós. Tólf mismunandi peysugerðir á tilboði, aðallega haust- og vetrarpeysur, mjúkar og þykkar.

# Raftæki á tilboðsverði

***Í raftækjaversluninni Max eru tilboðsdagar.***

Í versluninni Max, Kauptúni 1 í Garðabæ, er hægt að fá dvd-diska, geisladiska, tölvuleik, sjónvörp, tölvur, IPOD og önnur raftæki á lækkuðu verði. 50 tommu plasma breiðtjaldssjónvarp í takmörk-



uðu upplagi, sem kostar venjulega 399.999 kr. er nú á 279.999 kr. Toshiba Sattelite Pro A120 ferðatölva áður á 149.999 kr. kostar nú 119.999 kr. Apple IPOD NANO 2GBS sem kostar venjulega 22.999 er nú á 17.999 kr. Er þá fátt upptalið. Max er höfð opin til kl. 22.00 alla daga til jóla. Hægt er að hafa samband í síma 412-2200.

# Leslampar í jólagjöf

***Í Rafkaup er nú hægt að fá hentuga gólflampa á tilboði***

Margir gefa bækur í jólagjöf en væri ekki sniðugt að gefa einhverjum lampa svo hann eða hún eigi auðveldara með að lesa allar þessar bækur? Í Rafkaup eru gólflampar á tilboði þessa dagana sem einmitt eru sniðugir til að lesa við. Lamparnir eru 180 cm og með tveimur perum, efst er halogenpera með dimmer sem bregður birtu á stofuna og svo er lítill armur út frá miðjunni sem passar yfir hægindastól og lesanda.

Lamparnir eru til í þremur útlitstegundum, möttu stáli messing og antík, heita Comforty og koma frá framleiðandanum Eglo. Þeir kosta 7995 krónur og fást eins og áður sagði í Rafkaupum, Ármúla.







Office 1 Superstore er að finna í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum.

# Engir vextir á Airis

***Office 1 Superstore býður ýmsar vörur á jólatilboði þessa dagana.***

Á meðal tilboða er vaxtalaust Visa lán til tölvukaupa á Airis fartölvu. Hún kostar 69.990 og með láninu er hægt að dreifa greiðslunum á tólf mánuði og borga 6.099 krónur á mánuði.

Airis DVD ferðaspilari kostar nú 16.990 krónur en hann getur spilað alla DVD diska auk CD og diska sem innihalda MP3 og JPEG skjöl. Hann er með 7 tommu breiðtjaldsskjá, fjarstýringu, bílahleðslutæki og tösku svo hægt sé að koma honum fyrir aftan á hauspúða í bíl.

Airis hljómtækjasamstæða er einnig á jólatilboði og kostar nú 12.900 krónur. HP ljósmyndaprentari kostar nú 8.990 krónur en hann prentar 32 síður í svörtu og 25 í lit á mínútu og getur lesið beint af minniskortum.

Af öðrum vörum á tilboði má nefna Samsung l-9 6.0 megapixla stafræna myndavél sem einnig er MP3 spilari. Hún kostar 36.980 krónur. *- tg*

# Inniskór á 100 kall

***Haraldur Reynisson, eða Halli Reynis, getur ekki gert upp á milli fyrsta gítars síns og inniskónna sinna þegar kemur að bestu kaupunum.***

Halli keypti sér fyrsta gítarinn átján ára fyrir peninga sem hann hafði safnað sér sjálfur. „Það var til gítar á heimilinu en mig langaði í einn sjálfur," segir Halli. „Ég fór í allar búðirnar og gerði verðsamanburð á öllum gíturunum og endaði með einn tólf strengja."

Það er ekki algengt að fyrsti gítar upprennandi tónlistarmanna sé tólf strengja. „Já ég verð nú bara að viðurkenna að ég man ekki alveg af hverju ég valdi hann, en ég hlýt að hafa haft frábæra ástæðu," segir Halli og hlær. Gítarinn er ekki lengur í eigu Halla en hann var seldur þegar þurfti að kaupa nýjan. Hann sér ekki eftir sölunni þó svo hann sjái á eftir gítarnum. „Ég veit ekkert hvar hann er niðurkominn en það væri vissulega gaman að eiga hann ennþá í dag," segir Halli.

Inniskórnir hans Halla eru einnig ofarlega á vinsældalistanum hans. Hann keypti þá í Bilka í Danmörku á 100 krónur danskar á meðan aðrir kaupa sér rándýra og fína skó. „Þeir bara endast og endast, ég get ekki útskýrt það," segir Halli og segir að sé miðað við nýtni per krónu séu skórnir án efa langbestu kaupin hans. „Svo eru þeir svo þægilegir að ég gæti selt aðgang að þeim."

Um verstu kaupin er engin keppni. Þar trónir á toppnum Mitsubishi Pajero sem keyptur var í hita augnabliksins á Akureyri. „Við vorum á ferðalagi og konan skrapp aðeins inn í bankann að taka út pening. Ég fór á meðan á bílasölu og féll gjörsamlega fyrir jeppanum," segir Halli. Það ástarsamband átti eftir að skilja eftir sig ör.

„Ég fór og náði í konuna og nýtti þessar þrjátíu sekúndur sem ég hafði á milli bankans og bílasölunnar til að sannfæra hana um að þessi bíll væri akkúrat það sem við þurftum. Það tókst og við keyptum bílinn," segir Halli. Það voru mistök því næstu tvö árin bilaði allt sem bilað gat í bílnum. „Bara nefndu það og ég get lofað þér því að það bilaði. Hann var alveg ótrúlegur og eftir fullt af þúsundköllum ákváðum við loks að losa okkur við hann," segir Halli sem sér öllu minna eftir bílnum en gítarnum.

Halli hefur nýlokið við að gefa út sinn sjöunda disk. Hann heitir Fjögurra manna far og hefur hlotið mjög góðar viðtökur. „Þetta er svona folk-popp á léttum nótum," segir Halli. „Þetta er líka músík sem gengur mikið til út á textana." Nánari upplýsingar um Halla og tónlist hans er að finna á www.hallireynis.com. *tryggvi@frettabladid.is*



Halli keypti fyrsta gítarinn átján ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Outlet lækkar verð á herrafatnaði

***Hægt er að fara í Outlet á Suðurlandsbraut 54 á næstu dögum og gera góð kaup á herrafatnaði en búðin hefur lækkað verð á öllum herrafatnaði sínum.***

Öll jakkaföt eru núna á 17.980 kr. og selur búðin jakkafatamerki eins og Hugo Boss, Iloyd, Sand, Benvenuto og fleiri. Bellini leðurjakkar sem voru áður á 34.980 kr. kosta nú 17.490 kr. og eru Bellini frakkar á sama verði. Þetta er hentugt tilboð fyrir þá sem vilja kaupa sér jakkaföt fyrir jólin. Outlet er opið alla virka daga frá kl. 12 til 18 og á laugardögum frá kl. 11 til 17.



Outlet markaðurinn er tilvalinn fyri þá sem vilja versla merkjavöru á hagstæðu verði.


Temprakon hitajöfnunarsængin

Nú á jólatilboði






TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.



Jólagjöfin í ár

Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY






Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16




**Baggalútur** hefur gefið út hreint frábæran jóladisk sem er skyldueign á hvert heimili. Diskurinn skartar meðal annars laginu Kósíheit par exelans og fleiri slögurum sem koma manni í dillandi jólaskap.



Eva Hauksdóttir hefur starfað í Nornabúðinni síðan hún opnaði árið 2005, en norn hefur hún verið töluvert lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Galdur í jólagjöf

***Fagnar jólum eins og flestir Íslendingar en sólstöðurnar skipta meira máli.***

Að sögn Evu Hauksdóttur, nornar í Nornabúðinni við Vesturgötu í Reykjavík, eru nornir jafn misjafnar og þær eru margar. Þó eiga þær það flestar sameiginlegt að sjá táknrænt samhengi allra hluta og þar eru jólin engin undantekning.

„Jólin hafa náttúrlega ekki alltaf verið kristin hátíð,“ segir Eva. „Upphaflega er þetta heiðin hátíð. En þrátt fyrir það held ég bara jól eins og aðrir Íslendingar. Þetta er tími til að slaka á með fjölskyldunni og hafa það gott. Ég geri ekkert jólalegt sem tengist nornaskap. Hins vegar gerum við ýmislegt í kringum vetrarsólstöðurnar sem er áhugaverðara, en sólstöður skipta almennt miklu máli fyrir fólk sem trúir á galdur. Að áliti norna er þetta besti tími ársins til þess að taka nýjar ákvarðanir og móta nýjar stefnur. Kannski svolítið svipað og áramótin eru almennt fyrir fólki. Á vetrarsólstöðum setjum við okkur ný markmið og endurskoðum það sem við höfum verið að gera á árinu sem á undan er gengið. Í kringum þetta eru svo framdir galdrar sem tengjast þessu.“

Spurð að því hvort hægt sé að fá góðar jólagjafir í nornabúðinni segir Eva nóg af þeim. „Hér í Nornabúðinni erum við með mikið af dóti sem tengist galdri. Til dæmis rúnir, rúnaborð og bækur. Svo erum við með tarotspil, hrafnaklær, rjúpnalappir og margt fleira. En okkar sérstaða er kannski sú að við erum líka með galdur í neytendapakkningum. Þannig getur fólk keypt pakka með uppskrift og lýsingum á því hvernig eigi að bera sig að við galdurinn ásamt þeim tækjum og tólum sem þarf til við verkið,“ segir Eva og bætir því við að einnig séu til margs konar verndar- og heillagripir í Nornabúðinni. Það er því ekki úr vegi að gera sér ferð á Vesturgötuna og sjá hvort ekki sé hægt vefja yfirnáttúru inn í jólapakkann þetta árið. *- mhg*




Peningapúkinn er lítill galdur sem hentar til dæmis unglingum, en hann særir fé til þeirra sem vilja meira.

Spábolli – enginn smá bolli. Þessir spábollar koma í sérstöku skríni en með þeim fylgir leiðbeiningabók um hvernig eigi að spá í bolla og sérstakt spákaffi.

hotel 4thfloorhotel
4th floor
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí
4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is
1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi
Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

Jólasveinarnir eru á leiðinni
Núna fer í hönd þriðja starfsár jólasveinaþjónustu Leppalúða. Líkt og undanfarin ár verðum við eldhressir og tökum að okkur verkefni fyrir stærri aðila og smærri.
Fyrirtækjaskemmtanir
Jólaskemmtanir
Heimahús
Jólaböll
o.fl. o.fl
Sími Leppalúða: 865 2452

Hlý Jólagjöf
Ullarjakkar
stærðir 36-42
Verð frá 9990
FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

Vatnsrúm
Jólatilboð
Verð nú 245.000
Verð áður 345.000
Takmarkað magn
Vatnsrúmin eru komin aftur flottari og betri, þetta er það besta á markaðinum í dag þú átt það skilið að láta þér líða vel í rúminu. Vaknar út hvíld/ur og tekur brosandi á við daginn .
15 ára ábyrgð það gerist ekki betra
Vatnsrúm ehf. www.4you.is
Kársnesbraut 114 • sími 564 2030 - 690 2020

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11
Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
10 ára ábyrgð
12 stærðir, 90 - 500 cm
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Truflar ekki stofublómin
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar
Traustur söluaðili
Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta

# SIRKUS

8. DESEMBER 2006


ÓLAFUR ELÍASSON EKKI ÍSLENDINGUR Í NEW YORK

## STEINUNN Í NYLON ER POPPSTJARNA Í ÚTLÖNDUM



„EF FÓLK NENNIR EKKI AÐ HLUSTA Á OKKUR AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM EKKI Í MÍNÍPILSUM, MÁ ÞAÐ BARA SLEPPA ÞVÍ AÐ HLUSTA.“

# Neitar að fara úr fötunum



RAÚL RODRIGUEZ FLUTTUR TIL HOLLYWOOD

## Saknar Bobbys Fischer



KENNARINN BRYNDÍS JÓNA

## Gefur út aðra unglingabók



RAPPARINN BENT

## Flottur á húsveggjum í 101


Glæsileg baðlína með ótal möguleika



Speglar og höldur í miklu úrvali

Tveir skápalitir, hvítur eða koksgrár



Ljósakappar með halogenljósum eða halogenlömpum

Fjöldi skápa og hurðagerða

Komdu með málsetta grunnmynd af baðinu þínu og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð. Stuttur afgreiðslutími eða af lager.

Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 Laugard. kl. 10-15

Heilsteypt vaskborð í 8 litum eða plastlagðar borðplötur og borðhandlaugar






# Ég er Andri



Guð skapaði einu sinni mann og skírði hann Adam. Hann fékk engu um það ráðið. Var víst bara voða sáttur. Ég heiti Andri en það munaði mjög litlu að ég héti ekki Andri í dag. Hér á eftir kemur sagan um það hvers vegna ég er Andri en ekki Gummi.

Um það leyti sem átti að skíra mig var ég sjö ára gamall. Flest sjö ára börn eru þokkalega vel viti borin og ég var ekkert öðruvísi. Hafði til dæmis alveg skoðanir á því hvað ég ætti að heita. Ég hafði auðvitað alltaf verið kallaður Andri en fannst það ekki alveg nógu töff.

Mamma sagði mér að í skírninni ætti ég sjálfur að segja prestinum hvað ég ætti að heita. Það sem hún hafði samt mestar áhyggjur af var að ég mundi segja eitthvert annað nafn. Ég hafði nefnilega rifist við foreldra mína um þetta Andra-nafn. Vegna þess að ég vildi heita Guðmundur. Því þá væri hægt að stytta það í Gummi. Sem var töff.

Móðir mín var nú ekki alveg sammála þessu og reyndi hvað hún gat að telja mig af þessu. Ég gaf mig ekki. Í kirkjunni sat fjölskylda mín svo með hjartað í buxunum þegar presturinn spurði mig hvað ég ætti að heita. Til þess að gera langa sögu stutta þá svaraði ég Andri. Langaði samt að segja Guðmundur en þorði það ekki. Í dag er ég samt bara sáttur. Enda væri hálffáránlegt ef ég héti Guðmundur Ólafsson.

Innst inni vildi ég samt alveg heita Andri. Þetta var bara eitthvað svona tímabil. Sem ég kalla aldrei neitt annað en Gumma-tímabilið. Sem betur vildi mamma líka að ég héti Andri en ekki Breki eða eitthvað álíka flippað. Lærdóminn sem má draga af þessari sögu er sá að maður á aldrei að fá sér tattú.

*Andri Ólafsson*



**Ívar Örn Kolbeinsson**
Ætlar að flytja til útlanda eftir áramót og einbeita sér að músíkinni.



### ÍVAR ÖRN KOLBEINSSON SEGIST HÆTTUR Í RUGLINU OG FLYTUR TIL ÚTLANDA

# Ég stal engum peningum

„Við áttum að spila á þessum tveimur tónleikum og áttum að fá vissa upphæð fyrir það,“ segir Ívar Örn Kolbeinsson, annar helmingur Dr. Mister og Mr. Handsome. Í síðasta tölublaði Sirkuss birtist frétt þar sem fram kom að Ívar hefði tekið alla peningana sem sveitin fékk fyrir tónleika með Basshunter, það hefðu hinir í hljómsveitinni ekki sætt sig við og þess vegna hefði bandið hætt.

„Það var alls ekki þannig. Málið var að ég hafði fengið minn hlut og strákarnir ekki allan sinn en áttu að fá hann eftir aðra tónleikana með Basshunter daginn eftir. Ekkert varð samt að þessum seinni tónleikum því ég var bara alltof fucked up. Við erum ekki að hætta út af neinum peningamálum og erum allir vinir.“

> **„MÉR FINNST BARA ASNALEGT AÐ VERA „CLEAN“ OG SYNGJA BARA UM EITURLYF.“**

Hljómsveitin er þó komin í nokkurs konar pásu að sögn Ívars. „Þetta var bara komið út í alltof mikið rugl, við eigum tvenna tónleika eftir með þessum lögum og síðan vil ég bara ekkert spila þau aftur. Þetta er allt svo eiturlyfjatengt og ég er núna búinn með þann pakka. Mér finnst bara asnalegt að vera „clean“ og syngja bara um eiturlyf,“ segir Ívar sem ætlar að snúa blaðinu algjörlega við. „Ég ætla að flytja út núna eftir áramót og einbeita mér að því að búa til nýja músík og tónlist fyrir auglýsingar.“

Ívar segir að núna finni hann loks fyrir því að hann vilji taka sér taki. „Já, þetta er náttúrlega búið að vera algjört „wild ride“ og oft rosalega gaman, en þetta gengur ekki endalaust.“

Ívar segir strákana í hljómsveitinni alveg tala saman og engin leiðindi séu þeirra á milli. „Við í rauninni vitum ekki alveg hvað gerist og erum ekkert opinberlega hættir, þetta er bara pása í dágóðan tíma. Ef við kæmum fram aftur yrði það algjörlega nýtt sett og concept,“ segir Ívar Örn Kolbeinsson fullur bjartsýni að lokum.

## 6 ATRIÐI SEM BENDA TIL ÞESS ...

# ... að þú sért einmana

**1.** Síðasta SMS sem þú fékkst var svohljóðandi. „Hæ, pizzan þín er komin inn í ofn. Þú mátt sækja hana eftir 10 mín. á Skúlagötu.“





**2.** Þú kaupir tvö bréf af hamborgarhryggsá-leggi frá SS í jólamatinn.



**3.** Þú kannt textavarpið utan að.

**4.** Þú rífst við miðasölufólk í bíó yfir því að 2 fyrir 1-tilboð skuli ekki geta verið 50% afsláttur.



**5.** Þú býrð til myspacesíðu fyrir köttinn þinn.



**6.** Þú heitir Palli og það hefur verið skrifuð bók um ævi þína.

### ÓLAFUR ELÍASSON GERIR ÞAÐ GOTT HJÁ LOUIS VUITTON

# Ekki Íslendingur í New York

Blaðamaður Sirkus var staddur í New York um síðustu helgi. Drakk hann í sig menninguna og keypti köflóttar skyrtur eins og óður maður væri. Það vakti athygli blaðamannsins að í mörgum af flottustu búðum New York-borgar, Louis Vuitton, voru listaverk eftir Ólaf Eliasson upp um alla veggi og súlur. Yfirskrift sýningarinnar var „Eye see you“ og virtist kaninn ánægður með verk Ólafs. Í versluninni er hægt að fá lítinn bækling þar sem helstu upplýsingar um listamanninn og verk hans koma fram. Stoltur íslenskur blaðamaðurinn byrjaði að glugga í bæklinginn en fékk fljótlega kaldan svita þegar ekki var minnst einu orði á að Ólafur væri Íslendingur. Byrjaði textinn á þeim orðum að Ólafur væri fæddur í Danmörku árið 1967 og svo var farið gróflega yfir feril listamannsins. Maður spyr sig því óneitanlega hvort Ólafur Eliasson sé bara Íslendingur þegar hann er á Íslandi, hann er allavega stoltur Dani, búsettur í Berlín, þegar hann er í New York.



**Ólafur Eliasson**
Ekki Íslendingur heldur Dani í New York-borg.


## Klipping og jólavörur í sömu ferð

*Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma*
*Verið velkomin - Lára og Eva*

Verðdæmi:

| | |
|---|---|
| Klipping, m. þurrkun | 2.500 |
| Lagning, stutt hár * | 1.500 |
| Blástur, stutt hár * | 2.100 |
| Strípur m. álpappír * | 4.900 |
| Permanent, stutt hár * | 3.900 |
| Hárlitun, stutt hár | 3.400 |

* Dýrara í síðara hár.
Þetta er verðskrá virka daga, 20% dýrara á laugardögum.



*Full búð af fallegum vörum á betra verði. Úrval lampa og lugta, sjón er sögu ríkari*

**Evíta**
**Hárgreiðsla og gjafavörur**
Starmýri 2, 108 Reykjavík • Sími 553 1900 • www.evita.is



**SIRKUS**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórar** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is og Breki Logason, breki@minnsirkus.is **Ritstjórn** Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is og Sölvi Snær Magnússon, solvi@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is



Vinnur þú Jólin öll!
Í FJARÐARKAUPUM
Jólin öll!
BT
• Jólagjöfin er 32 tommu flatskjár frá BT
• Jólaþrifin koma frá ISS sem mun koma heim til vinningshafa og þrífa allt hátt og lágt.
ISS ÍSLAND
• Jólabakstur og jólamatur í formi gjafabréfs sem nemur 35.000 krónum frá Fjarðarkaupum.
• Skemmtilegur jólapakki frá Fjarðarkaupum með jólavörum
Fylltu út þátttökuseðil um leið og þú verslar í Fjarðarkaupum og þú gætir unnið Jólin öll frá Fjarðarkaupum.
Dregið verður úr pottinum 19. desember,
nöfn vinningshafa munu birtast á www.fjardarkaup.is
en vinningarnir verða afhentir í beinni útsendingu í 6 til sjö á Skjá einum.
Opnunartímar í desember:
2 des. laugardagur 10 - 18 · 9 des. laugardagur 10 - 18 · 10 des. sunnudagur 12 - 18 · 16 des. laugardagur 10 - 19
17 des. sunnudagur 12 - 19 · 18 des. mánudagur 9 - 19 · 19 des þriðjudagur 9 - 19 · 20 des. miðvikudagur 9 - 19
21 des. fimmtudagur 9 - 20 · 22 des. föstudagur 9 - 22 · 23 des. Þorláksmessa 9 - 22 · 24 des. Aðfangadagur 10 - 12.30
FK
FJARÐARKAUP

## Ég var að heyra ...

Að miðasala á partyzonekvöldið með **Booka Shade** 19. jan. hæfist í dag á www.midi.is / Að áform væru uppi um að loka **Stúdentakjallaranum** / Að Barinn væri að byrja með nýjan matseðil / Að **Todmobile** væri með útgáfutónleika í Barcelona á næstunni / Að **Óli Tynes** hefði hreyft við menntamálaráðherra með samlíkingu sinni um brauðgerðir og rúv í Mogganum í vikunni / Að **Kolfinna Baldvinsdóttir** og **Björn Jörundur** fóru á Rosso Pommodoro með dóttur sína í vikunni / Að Skakkamanage-hjónin **Svavar og Berglind** séu að flytja til Barcelona. Þau voru einmitt að gefa út lagið Costa del Jól sem er orðagrín um spænskan sumarleyfisstað sem var vinsæll hjá íslendingum snemma á níunda áratugnum / Að allir **þingmenn Samfylkingarinnar** ætli að vera með rauð bindi í desember.









## Þetta heyrðist í vikunni ...



„Ég væri alveg til í að fá þessa mynd prentaða á stuttermabol.“

***Arnar Gauti í Fréttablaðinu um veggmynd af honum með orðinu viðbjóður undir.***



„Blaðamadur med rafmagnslausan gemsa, kommon! Það er eins og Eastwood med tóma sexhleypu.“

***Þórarinn Þórarinsson blaðamaður á blogginu sínu, badabing.is.***

„Fjölritað A4 blað stemmir ekki við þær skilgreiningar sem við þekkjum á bókum.“

***Sigurður Svavarsson hjá Eddu, full yfir velgengni ævisögu Hannesar eftir Óttar Norðfjörð.***



**RAUL RODRIGUEZ ÆTLAR AÐ MEIKA ÞAÐ Í HOLLYWOOD**

# Saknar Bobbys Fischer

Einkaþjálfarinn og fyrirsætan Raul Rodriguez setti svo sannarlega sitt mark á Ísland þau sjö ár sem hann dvaldi hér. Hann var oft á milli tannanna á fólki á meðan hann lét að sér kveða í skyndibitabransanum og einkaþjálfarabransanum. Raul hefur nú vent kvæði sínu í kross og dvelur nú á meðal stjarnanna í Hollywood. Draumurinn er að ná langt. Og að gera heiminn betri í leiðinni. „Ég hef verið á fullu síðan ég kom hingað út,“ segir Raul glaður í bragði. Hann hefur nýlega ráðið sér þjónustu umboðsmannsins Shirley Hamilton sem þykir með þeim betri í bransanum. Sérstaklega þegar kemur að því að koma óþekktu hæfileikafólki á kortið. Með hennar aðstoð hefur Raul fengið hlutverk í Bud Light-auglýsingu en það þykir vel af sér vikið enda afar vinsæll bjór þar á ferð. En Raul ætlar ekki að láta staðar numið þar. Markmiðið er að slá í gegn. Raul er hæfileikaríkur einkaþjálfari. Vann meðal annars með Magnúsi Scheving hér á landi. Raul segist ætla að nýta sér þessa þekkingu sína til að koma sér á framfæri í Hollywood.

„Ég er meðal annars að þjálfa James Bartholet sem er stjórnandi kvöldþáttar hér í borg og er ansi þekktur. Í staðinn þjálfar hann mig í leiklist auk þess sem hann kynnir mig fyrir fólkinu sem ég þarf að þekkja til að fá hlutverk. Hollywood er eins og Ísland. Það þekkja allir alla og orðsporið getur gert mikið fyrir mann.“

**„ÉG BIÐ AÐ HEILSA ÖLLUM Á ÍSLANDI.“**

Þessi óbilandi bjartsýni er Raul eðlislæg. Þótt hún virki eins og eitthvað sem hann hafi lært af Íslendingum. Það er ljóst á orðum þessa manns að hann ætlar að sigra heiminn. Og hann verður viðþolslaus þar til það tekst.

Raul segist sakna Íslands og þá sérstaklega fólksins sem hann kynntist hér. Hann nefnir sérstaklega þá Björn Leifsson í World Class, sem hann segir sannan víking, og Bobby Fischer en góð vinátta tókst á milli þeirra tveggja eftir að stórmeistarinn fékk ríkisborgararéttinn. „Ég sakna Bobby mikið og þá sérstaklega hinna löngu samræðna okkar um þjáningar mannkynsins. Ég bið að heils öllum á Íslandi. Og þakka ykkur fyrir allt sem þið hafið gert fyrir mig.“

Við biðjum að heilsa til baka, Raul. Takk fyrir það sem þú hefur gefið okkur. Og gangi þér vel.












**RAPPARINN BENT SMELLTI SJÁLFUM SÉR Á HÚSVEGGI BORGARINNAR**

# Ekki pissa á mig

„Málið er að þegar maður gefur svona út sjálfstætt þá getur maður ekkert verið að auglýsa í Mogganum. Ég fann því þessa ódýru lausn sem ég held að hafi heppnast bara vel,“ segir Ágúst Bent Sigbertsson, betur þekktur sem Bent úr Rottweiler. Bent er að gefa út sína fyrstu sólóplötu sem heitir einfaldlega Rottwilerhundur. „Þetta er búið að hanga uppi í mjög stuttan tíma en ég held að allir sem labba þarna framhjá taki eftir þessu. Það mun bara hjálpa mér við sölu og kynningu á plötunni,“ segir Bent sem ætlar að gera nokkrar aðrar týpur af sjálfum sér.

Platan hans hefur fengið fína dóma og er Bent bjartsýnn á framhaldið. „Þetta er alveg skuggalega góð plata og á að vera í öllum jólapökkum hjá öllu heilvita fólki.“

En er Bent ekkert hræddur um að það verði pissað á vegggjaBent á djamminu?

„Nei, ég vona nú bara að fólk sé ekkert að því og bið fólk um að sleppa því að teikna á mig skegg og gleraugu,“ segir Bent hlæjandi að lokum.



**Félagarnir** VeggjaBent og Bent eru flottir með nýjustu afurð sína, Rottweilerhundur.

# Ellert, alltaf skemmtilegur!






Toppmaður
í toppsætum!




**Ellert B Schram**
sendir frá sér bráðskemmtilega og óborganlega bók
– **Á undan sinni samtíð**, sönn skáldsaga.
Hún er ein af söluhæstu skáldsögunum á metsölulista
Pennans. 3. sæti: Sala til 4. desember.
Hún fær ★★★ hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.

**Saga Guðrúnar Halldórsdóttur**
**2. sæti: Ævisögur**
**5. sæti: Allar bækur fyrir fullorðna.**

Metsölulisti Pennans
birtur 6.12. 2006




Gullfalleg og skemmtileg bók
eftir tvo meistara máls og mynda.




Glettinn texti og fínar,
spaugsamar myndir eftir verðlaunahöfund.

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

BRYNDÍS JÓNA MAGNÚSDÓTTIR HEFUR BÚIÐ ERLENDIS Í SJÖ ÁR

# Skrifar unglingabækur í útlegð

„Mér finnst það algjör skandall hversu lítið hefur verið gefið út af bókum fyrir unglinga undanfarin ár,“ segir Bryndís Jóna Magnúsdóttir, 25 ára ungur og upprennandi rithöfundur, sem gefur út aðra bók sína þessi jól. Bókin ber nafnið Kossar, knús og málið er dautt! og er beint framhald bókarinnar Er ég bara flatbrjósta nunna? Bækurnar fjalla báðar um líf hinnar 15 ára gömlu Júlíu og oft á tíðum pínleg samskipti hennar við strákana Snorra og hin ofursvala Danna.

Bryndís Jóna segir það ekki skrýtið hversu lítið unglingar lesi nú til dags þegar tekið er tillit til hversu lítið úrval sé af bókum skrifuðum fyrir þá.

„Ég held að flestir unglingar hafi mest gaman af því að lesa um sögupersónur sem þeir geta fundið sjálfa sig í, það fannst mér að minnsta kosti sjálf þegar ég var á þessum aldri og þannig bækur hef ég reynt að skrifa. Mér finnst líka sérstaklega gaman að skrifa um kjánaleg smáatriði, sem geta orðið hádramatísk á viðkvæmum augnablikum og vandræðaleg atvik eru eiginlega orðin sérstakt áhugamál mitt,“ segir Bryndís.

Bryndís er fædd og uppalin í Keflavík en hefur búið erlendis í sjö ár. Meðal annars í Englandi, Noregi og nú í Gautaborg í Svíþjóð. Ástæðan fyrir þessu flakki hennar er atvinna eiginmanns hennar, Jóhanns B. Guðmundssonar, en hann er atvinnumaður í knattspyrnu.

Bryndís segir að velgengni fyrstu bókar sinnar, Er ég bara flatbrjósta nunna?, hafi komið sér skemmtilega á óvart. Hún náði til að mynda inn á metsölulista í flokki barna- og unglingabóka

„Fyrstu bókina skrifaði ég bara til að stytta mér stundir, skrifin voru einfaldlega áhugamál. Það var miklu afslappaðra og ég freistaði bara gæfunnar þegar ég sendi handritið inn til skoðunar. Ég finn að ég hef lært mjög mikið af útgáfu fyrstu bókarinnar og ég tel mig hafa bætt ýmislegt frá því í fyrra. Mér finnst gott að líta á þessi skrif mín sem hálfgert námsferli og ég er mjög meðvituð um að ég eigi margt eftir ólært.“

Bók Bryndísar, Kossar, knús og málið er dautt! er komin í allar betri bókaverslanir.


**Bryndís Jóna Magnúsdóttir** Gefur út aðra bók sína fyrir jólin.

## MINNINGIN UM LENNON LIFIR ENN

Minningartónleikar um John Lennon voru haldnir í Háskólabíói um sl. helgi. Þar komu helstu söngvarar þjóðarinnar fram ásamt rokksveit Jóns Ólafssonar og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sirkus var að sjálfsögðu á staðnum og smellti nokkrum myndum.


**Nylonfjölskylda** Sigurður Steinþórsson, Kristjana Ólafsdóttir, Sólborg Sigurðardóttir og Steinunn Camilla úr Nylon.


**Hress** Ómar og Hanna létu Lennon ekki framhjá sér fara.


**Gaman** Júlíanna og Ottó ljómuðu eins og þau hefðu unnið fyrsta vinning í lottói.


**Sætar eru systur** Þórunn Erna Clausen og Ragnheiður Elín Clausen voru hressar í Háskólabíói.


**Sáu Lennon** Ragnar, Sólveig og Siggi sáu Lennon.


**Feðgarnir** Hrannar og Haukur vildu ekki missa af tónleikunum.


Blue Lagoon gjafakort








Bláa lónið Húðvörur Spa meðferðir Veitingar Gisting

Upplýsingar í síma 420 8832 eða á bluelagoon@bluelagoon.is.

BLUE LAGOON ICELAND

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# JÓLAHROLLUR Í HÁDEGINU

UPPLESTUR KL.12:15
ALLA DAGANA

*Einn af öðrum tínast spennusagnahöfundarnir í Þjóðmenningarhúsið á aðventunni og skjóta áhlýðendum skelk í bringu með hrollvekjandi upplestri úr nýjum verkum sínum:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| **12. 12**<br>Arnaldur Indriðason<br>*Konungsbók*<br>*Ingvar E. Sigurðsson les.* | **13. 12**<br>Ævar Örn Jósepsson<br>*Sá yðar sem syndlaus er* | **14. 12**<br>Stefán Máni<br>*Skipið* | **15. 12**<br>Stella Blómkvist<br>*Morðið í Rockville.*<br>*Ólafía Hrönn Jónsdóttir les.* |
| **16. 12**<br>Bragi Ólafsson<br>*Sendiherrann* | **17. 12**<br>Einar Hjartarson<br>*Nehéz* | **18. 12**<br>Steinar Bragi<br>*Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins* | **19. 12**<br>Sigurjón Magnússon<br>*Gaddavír* |
| **20. 12**<br>Árni Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson<br>*Farþeginn.* | **21. 12**<br>Bjarni Klemenz<br>*Fenrisúlfur* | **22. 12**<br>Jökull Valsson<br>*Skuldadagar* | **23. 12**<br>Yrsa Sigurðardóttir<br>*Sér grefur gröf* |

Óknyttalegt tilboð á blóðrauðri rauðrófusúpu eða súpu dagsins á veitingastofunni Matur og menning.

Jólakort hússins, bækur og forvitnileg hollusta til sölu í versluninni.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
THE CULTURE HOUSE

Þjóðmenningarhúsið
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
sími 545-1400
thjodmenning@thjodmenning.is
www.thjodmenning.is

MEÐ FYRIRVARA UM FORFÖLL

**STEINUNN Í NYLON UM POPPSTJÖRNULÍFERNIÐ, BRESKU SLÚÐURPRESSUNA OG ÚTLITSDÝRKUN UNGU KYNSLÓÐARINNAR.**

# Ég fer ekki á svið í mínípilsi

*Steinunn Camilla sótti um sumarstarf fyrir rúmum tveimur árum. Þá átti að setja saman stúlknasveit sem myndi spila á Íslandi það sumarið. Hún er enn í sumarstarfinu en stelpurnar í Nylon voru að gefa út sína þriðju breiðskífu. Síðasta ár hefur verið viðburðaríkt. Þær hafa spilað í stærstu tónleikahöllum Bretlands með stærstu nöfnunum. Steinunn er þó lítið að stressa sig á velgengninni. Er þakklát fyrir að vinna við það sem henni finnst skemmtilegast og gerir sér grein fyrir fyrirmyndinni sem hún er. Um jólin ætlar hún að vinna í verslun foreldra sinna á Laugaveginum en svo fara stelpurnar aftur út eftir áramót. Sirkus hitti Steinunni á Vegamótum og ræddi við hana um poppstjörnulífernið, breska stráka og mínípils.*

„Eftir hinar tvær plöturnar fannst mér þetta orðið svo þreytt að ég gat varla sett það í spilarann. En ég er alltaf að hlusta á þessa í bílnum," segir Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir, betur þekkt sem Steinunn í Nylon um nýjustu plötu þeirra Nylonstelpna, sem heitir einfaldlega Nylon.

Steinunn segir Nylon hafa breyst mikið á þessum tíma og þær séu núna meira að elta það sem þeim finnst gaman. Sirkus lék samt forvitni á að vita hvers vegna stúlknasveitin Nylon komi ekki fram í efnisminni fötum.

„Þetta eru bara við og svona viljum við hafa þetta. Það eru margir sem kjósa að fara þá leið en ekki við. Ef fólk nennir ekki að hlusta á okkur af því að við erum ekki í mínípilsum, þá má það bara sleppa því að hlusta," segir Steinunn harðákveðin.

*En nú verður þú ekki alltaf í Nylon. Pælirðu eitthvað í því?*
„Ég hætti að skipuleggja líf mitt daginn sem ég byrjaði í Nylon, ef ég næ viku þá er ég góð. En svona án gríns þá er bara næst á dagskrá að gefa plötuna okkar út í Bretlandi í febrúar. Við höfum náð fínum árangri úti og eigum fastan aðdáendahóp en þetta snýst bara um að komast inn í útvarpið og það er mikil pólitík í því. Núna er til dæmis Sugarbabes aðalbandið og þær vilja ekki samkeppni, þetta er bara spurning um heppni."

*En eru aðdáendur Nylon á Bretlandi bara litlir krakkar?*
„Það er einmitt það sem kom okkur á óvart. Bretar hafa það sjónarmið að pirra sig ekkert á því sem náunganum finnst. Þú getur verið aðdáandi einhvers frá þriggja ára aldri og upp úr. Stærsti hópurinn eru auðvitað unglingar en við eigum líka aðdáendur upp í fertugt. Um daginn komu til dæmis tveir eldri menn sem höfðu lagt sig fram við að læra lögin á íslensku og pæla í músíkinni. Þeim fannst mjög spennandi að heyra popptónlist frá Íslandi sem væri ekki Björk, þeir gáfu okkur blóm og voru rosasáttir."

*Erfitt að vera poppstjarna?*
„Þetta er ekki auðveld vinna en ég kvarta ekki. Erfiðast er að við þurfum að skipta um hótel á hverjum degi. Við erum búnar að vera á tónleikaferðalagi samtals í sex mánuði þannig að það er svolítið mikið. Þegar við byrjuðum átti þetta bara að vera vinna, en nú er þetta frábært vináttusamband sem er bara bónus. Fólki úti finnst ótrúlega skrítið að við séum svona góðar vinkonur og hittumst fyrir utan vinnuna," segir Steinunn og hlær.

*Er mikið reynt við ykkur á djamminu í Bretlandi?*
„Við djömmum mjög lítið en erum samt engar nunnur. Satt best að segja tökum við lítið eftir því hvort verið sé að reyna við okkur, eigum allar kærasta og förum sjaldan út. Við vöknum líka snemma á morgnana og klárum seint á kvöldin."

*En þið eruð nú sætar stelpur, er kannski meira reynt við ykkur hérna heima?*
„Eins og ég segi þá tek ég ekkert eftir því, er búin að vera í sambandi í fimm ár og er voðalega sátt. Ég á líka fullt af góðum strákavinum og fólk misskilur það oft. Þegar stelpur fara á djammið og eru að tala við vini sína þá verða sumir voðalega hneykslaðir. Það skil ég ekki enda er helmingur jarðarbúa af hinu kyninu."

**„VIÐ DJÖMMUM MJÖG LÍTIÐ EN ERUM SAMT ENGAR NUNNUR"**

Einar Bárðarson setti Nylon saman fyrir rúmum tveimur árum og mættu margar stelpur í prufu fyrir sveitina. Margir hafa gagnrýnt Nylon og segja þær hæfileikalausar, sætar stelpur sem syngja lög eftir aðra. Hvað finnst Steinunni um það?

„Mér finnst ég bara ekkert sætust í heimi," segir Steinunn og hlær en hefur greinilega heyrt þessa gagnrýni.

„Það er allt gagnrýnt og meðal annars hvernig þetta var sett saman. Sum bönd eru sett saman í bílskúr og önnur svona. Við höfum allar lært á hljóðfæri og verið í músík. Ef þig langar að gera eitthvað í tónlist áttu bara að grípa öll tækifæri, ef þú setur það fyrir þig ertu ekki að ná neinum árangri. Fólk hefur áhuga á mismunandi hlutum og það væri ömurlegt ef allir hefðu áhuga á því sama."



*Af hverju gengur Nylon svona vel?*
„Við erum rosalega ólíkar og það er það sem bindur okkur saman. Við erum líka hreinskilnar hvor við aðra og rökræðum hlutina. Við rífumst mjög lítið og ég held að til þess að virka uppi á sviði verði maður að vera sáttur. Ég skil ekki bönd sem tala varla saman en eru voðalega glöð á sviðinu, ég trúi því ekki. Við njótum allar þess sem við erum að gera og það hefur aldrei komið upp í hugann að einhver okkar nenni ekki að vera í Nylon."

**„MÉR FINNST EKKI FALLEGT ÞEGAR LITLAR STELPUR ERU MEÐ G-STRENGINN UPP Á BAK OG STÍFMÁLAÐAR"**

*Við hverja rífstu mest?*
„Ég veit það ekki… í alvöru."

*Er Klara mesta frekjan?*
„Nei alls ekki… við erum allar mestu frekjurnar."

*Talið berst að fyrirmyndum og Nylon-stelpurnar gera sér allar grein fyrir að þær eru fyrirmyndir hjá ungum krökkum. Hvað finnst Steinunni um það hlutskipti?*
„Aðdáendahópur okkar hérna heima er mikið í yngri kantinum og við erum mjög meðvitaðar um það. Mér finnst ekki fallegt þegar litlar stelpur eru með G-strenginn upp á bak og stífmálaðar. Við förum ekki í hvaða föt sem er. Ef við getum sent skilaboð til krakka um að vera þeir sjálfir erum við sáttar.

Ég er ekki að segja að ég fari í ullarsokkum á ströndina heldur í bikiníi en þar áttu líka að vera í bikinii. En ég fer ekki að dansa í háum hælum og bikiníi."

*Þú myndir gera það ef þú fengir nógu mikið af peningum?*
„Nei. Það er ekki ég og þá væri ég bara að svíkja sjálfa mig fyrir peninga."

*Hvað ertu með mikið á mánuði fyrir að vera í Nylon?*
„Það er bara okkar mál. Þetta er bara vinna."

*Sátt?*
„Ég er örugglega með mínus tvær krónur á tímann þar sem ég fer aldrei úr vinnunni, þetta er vinna sem er allan sólarhringinn en ekki þessi hefðbundna 9-17 vinna."

*Heldurðu að Nylon ætti meiri möguleika ef þið væruð í minni fötum?*
„Já hver veit, það virkar eflaust fyrir suma enda erum við kvenmenn. En mér er eiginlega alveg sama vegna þess að það er ekki okkar. Ef við sláum í gegn nenni ég ekki að gera það á röngum forsendum."

*Hafið þið eitthvað lent í bresku slúðurpressunni?*
„Það stóð einu sinni að ein okkar væri geðveikt hrifin af einhverjum leikara í sápuóperu sem við höfðum aldrei séð. Við þurftum meira að segja að googla hann. Svo áttum við að hafa farið í brúðkaupið hjá Cheryl Cole úr Girls Aloud (Konan hans Ashley Cole knattspyrnumanns) og sungið fyrir hana lag í brúðkaupsgjöf. Punkturinn var sá að umboðsmanni hennar var ekki verið boðið en Nylonstelpunum hefði verið boðið," segir Steinunn og hlær.

*Breskir strákar sætir?*
„Þeir eru annaðhvort þvílíkar fótboltabullur eða þvílíkir herramenn. Það er mjög algengt að þeir opni dyrnar og allt. Ég er samt ekkert að segja að íslenskir strákar séu dónalegir, þeir eru bara öðruvísi."

*Lifirðu hinu fullkomna lífi?*
„Það lifir enginn fullkomnu lífi en ég er voðalega sátt við það sem ég er að gera og lifi algjörlega í núinu. Ég reyni að njóta þess sem ég geri og þegar maður býr á hótelum eru það þessir venjulegu hlutir sem skipta máli. Þó að það hljómi fáránlega þá finnst mér mjög gaman að þvo fötin mín og ryksuga. Ég ber mikla virðingu fyrir venjulegheitum."

**Ljósmyndir:** Björg Vigfúsdóttir
**Fatnaður:** Rokk og Rósir/ Sara
**Förðun:** Lukka Baldursdóttir
**Texti:** Andri og Breki


Það vilja allar mömmur kyssa jólasveininn okkar!
ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR
PEPSI
MAX
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • Mynd: Gunnar Karlsson

# Tommy tískukóngur

GQ hélt á dögunum hina árlegu verðlaunahátíð „Menn ársins“. Hönnuðurinn Tommy Hilfiger hlaut þau eftirsóttu verðlaun, hönnuður ársins. Ekki er leiðinlegt að segja frá því að verslunin Couture á Laugavegi 86-94 (þar sem Stjörnubíó var áður) selur Tommy Hilfiger fyrir bæði kynin. Ég ætla að mæla með denim línunni frá Tommy sem er búinn að slá algerlega í gegn í Evrópu. Í línunni eru rosalega flott gallapils og -buxur, toppar með kinversku ívafi, æðislegar prjónapeysur og ullarkápa sem er með blöðrupilsasniði. P.S. Tommy er í góðra vina hópi í Couture með herra Pringle og hinni töskuóðu Guess.













## tískumolar
HELGU ÓLAFSDÓTTUR





## Stella McCartney
# Snjógalli

Stella McCartney línan sem Stella hannar fyrir Adidas hefur heldur betur slegið í gegn. Þetta er ein flottasta íþróttalína sem sést hefur, réttara sagt tískuíþróttalína. Fötin eru vægast sagt gott tvist af tísku- og íþróttafatnaði. Smáatriði og snið sem ekki hafa sést áður. Eitt sem mér finnst geðveikt, það er Stella snjógalli. Það er í alvöru hægt að vera í snjógalla og vera smart. Vörurnar fást í Adidas Concept Store í Kringlunni og Útilíf í Smáralind.

# Gullin undirföt



Signe Tolstrup heitir danskur hönnuður sem strendur á bak við línuna Afterwear. Þetta eru lúxus nærföt, kjólar og prjónapeysur úr yndislegum efnum. Mjög femínísk og sexí á ljóðrænan hátt. Hljómar mjög hátíðlega enda er þetta ótrúlega flott lína og vert að fylgjast með þessari stelpu.



**Kíkið á heimasíðuna hennar og látið ykkur dreyma (http://www.signetolstrup-afterwear.com).**



# Vörumst ofskreytt jólatré

Ég mæli ekki með kaupum á flíkum skreyttum gulli og glingri fyrir jólin, því þær eru nánast einnota. Þetta eru flíkur sem þú átt eftir að hata eftir jólin, því þú vilt ekki vera eins og ofskreytt jólatré fyrstu mánuði hins nýja árs. Ég mæli með kaupum á flíkum sem eru einfaldari, flottar í sniðinu og úr fallegum efnum. Notið frekar glamúr aukahluti til að jólaskreyta fötin, til dæmis skartgripi, belti, loðfeldi og töskur.






G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

NÝJAR OG SPENNANDI
VÖRUR FYRIR JÓLIN.

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · marc newson · g-star.com

# Gott í jólamatinn!




Maizena Cremefine til matargerðar hentar vel í heitan mat í stað rjóma, með aðeins 15% fituinnihald, ríkt af hollri jurtafitu. Bragðið er sérlega gott með rjómakenndri fyllingu og Maizena Cremefine til matargerðar skilur ekki við suðu. Notaðu Maizena Cremefine í heita rétti, súpur og sósur í stað rjóma.

***Í staðinn fyrir rjóma!***

## Með jurtafitu

Freisting sem óhætt er að falla fyrir!

Fiton/SÍA FI019381

# DD unit með langbesta hollywoodslúðrið

1



FAUX PAS*…síðustu vikur snúast eingöngu um faux pas þannig að pistill vikunnar snýst um hverjir eru úti að skíta og hverjir ekki … takið niður punkta og ekki láta segja ykkur neitt annað um þetta fólk – ég ræð! Við hefjum þetta á Billboard-verðlaunum sem Paris og Brit Brit stjórnuðu ekki eins og talið var. Ok Carrie Underwood idol mætti og það í útópískt* ljótum kjól, efnið í honum fer í mínar fínustu, svona satín-drasl iiiewwww!

2



Janet man eflaust sinn fífil fegurri in the nineties* en það þýðir ekki að þú eigir að klæða þig sikkað ljótt næntís. Hárið svona skáklippt og kjóll sem er eins og jakkaföt sem búið er að vippa upp í tube-kjól*? Þetta er svona kjóll sem virðist eiga heima í Batman-myndinni fyrstu frá Tim Burton og Kim Basinger blaðamannatýpan væri í! Hei, Janet – eitt að lokum … The Chippendales* hringdu og vilja fá ermarnar.




3

YIKES*!! Ég veit ekki alveg hvað Denise Richards gekk til hérna þegar hún labbaði út um dyrnar heima hjá sér og út í limmann sinn, en þar sem mér hefur alltaf fundist hún eitthvað skrítin á mörgum levelum* nenni ég



varla að velta því fyrir mér … virkar á mig sem svona bimbó* með greindar-vísitölu á við stofuhita – hún hefur eflaust ekki pælt í því að hún væri að rokka* Marge Simpson dú-inu* sorry …

4



**„Maður setur ekki lauk á ís – súkkulaði á slátur … it´s just not gonna work yall*!!!“**

Mér er það alltaf þvert um geð þegar ég þarf að segja eitthvað leiðinlegt um my girl Gwen* en lagið hennar Wind it up er eitt það allra slakasta sem ég hef heyrt í langan tíma … það verður bara að segjast – það er ekki hægt að blanda saman Sound of music-jóðli og Pharrell Williams beats*! Maður setur ekki lauk á ís – súkkulaði á slátur … it´s just not gonna work yall*!!! En ég get litið annað en dáðst að hárinu hennar hérna en mér finnst það MEGA!! Love it – we love!

## WHO CARE´S FRÉTTIR!

Efst á baugi í áhugaleysis-dálknum er hin stórbrotna frétt að Katie Price og greppitrýnið Peter André, sem hér heilsa Kalla Bretaprins, eru að fara að fjölga sér eina ferðina enn og DD-unit spyr af hverju, WHY*! Af hverju hlífið þið okkur ekki við more of your evil spawns*? Ég lofa ykkur að börnin þeirra eiga eftir að taka yfir heiminn og drekkja okkur í ævisögum um hvernig það hafi verið Growin up with the André´s?



Ahh og meira í áhugaleysis-möppunni, Brody og Bilson eru hætt saman – já, þið lásuð rétt, sætu ungstirnin í The O.C. sem léku sætt par þar eru hætt saman í raunveruleikanum. Þetta er fullátakanlegt fyrir okkur á föstudegi … öll saman nú: „Ahhhhh, neiii þau voru svo sæt.“ Svona er þetta mar í Holly … þau eru víst búin að vera í sundur síðan 28. nóv. og það er bara allt vitlaust út af þessu … þannig.





Meira af no no´s*, hérna er hún Ellen Pompeo sem er nú yfirleitt voða sæt og fín en hún og her Jungle Fever fiancé* Chris Ivery eru hérna á einhverjum rauða dreglinum – það svo sem er ekki heila málið, mér finnst hann bara sjúklega líkur Zazu-fuglinum í The Lion King sem Rowan Atkinson talaði fyrir – ég meina tjek it! Og já, hún er ekki upp á 10 hérna – lítur út eins og Katherine Hepurn rétt áður en hún hrökk upp af!



En svo eru það sumir sem bara taka ekki feilspor eins og Kate Blanchett – það er varla að þessi ástralska 2 barna móðir leiki í vondum myndum og hún verður í nokkrum klassaræm-um* í vetur sem hún verður tilnefnd til Óskars fyrir, mark my words* – hérna er hún flawless* í Versace-kjól og Christian Louboutin-skóm á frumsýningunni á The Good German en mótleikarar hennar þar eru George Clooney og Toby Maguire. Af hverju geta ekki fleiri verið eins mikið class act* og hún og sleppt því að veifa their meat curtains in our grillz!

Að lokum er það spurning hver í ósköpunum þarf að fá sér að borða hérna? Er það Nic the stick sem hérna heldur á matarbakka úti á götu, eflaust til að sýna fram á að hún borði!



**Hver þarf að borða?**



Eða er það Victoria Beckham sem er að leita sér að húsnæði í LA – sem rennur heldur betur stoðum undir þann orðróm að David gæti verið að hugsa um að spila með LA Galaxy fótboltaliðinu – pæling! En erum við að grínast með hvað hún er skelfilega grönn? Þetta er nú ekki í lagi!

FLAMETHOWER-TOP CHARTER*

Skoffínið hún Anna Nicole Smith er að gera mig geðveika! Ég get varla komist undan því að sjá hvað er að frétta af þessari aumu afsökun af manneskju þar sem hún treður sér alls staðar, ok í Insider og ET-fréttir – en já ég segi það flatt út – hún er rusl – ef þið hafið séð hana tala í sjónvarpi þá verður ekki hjá því komist að fá kennslustund í því hvernig pillufiklar tjá sig, með slörrað* málfar og augun blikkandi sitt á hvað eins og heilahvelin séu bara alls ekki að tala saman! Tekur og selur vídeó af sér fæða og jarða börnin sín og selur það, það verður bara að núka* hana!



Ææææ og ef einhver er með faux pas í þessari viku og svona næstu mánuði þá er það Mel B en hún ætti nú að vera orðin vön því að vera með lengjurnar í buxun-um*! Sjaldan er ein báran stök þegar það kemur að henni blessaðri og núna eru þau Eddie hætt saman og hún sögð ganga með barn hans undir „tiger“-belti - abbabbabbab … hann neitar að gangast við barninu fyrr en það er fætt og fer í blóðprufu …shiiiii* Mel B segir í bresku pressunni núna á sunnudag-inn að þau ætli að vera saman um jólin og yada yada yada* en nei, hann er kominn með Tracy Edwards upp á arminn en hún er x-ið* hans Babyface*!





Gott að eiga stóran og góðan stuðningsaðila þegar maður er að skilja við Kid Rock sem er bara auli og afbrýðisamur kúkur með minnimáttarkomplexa*! Þau allavega eiga saman tvo stráka, Brandon og Dylan, alveg eins og í Beverly Hills 90210, tilvijun eða aðdáun á Jason Priestly og Luke Perry? Þar að auki eru þau bæði með lifrarbólgu C og svona þannig þetta er eflaust besta lausnin, bara að þau kannski kýli á það eina ferðina enn.

GLÓSUR

## LÆRÐU LINGÓIÐ

**FAUX PAS**
Gera mistök, hvort sem er félagsleg eða tískuleg, þykir ekki fínt, sama og að kúka á sig

**Útópískt**
Ævintýralega ljótum kjól

**In the nineties**
Á níunda áratugnum ´90-´98 ca

**Tube-kjól**
Hlýralaus kjóll

**The Chippendales**
Hópur karla sem dansar erótíska dansa við mikinn fögnuð kvenna

**My girl Gwen**
Vinkona mín Gwen

**Pharrell Williams beats**
Pharrell Williams er einn af Neptunes en þeir eru bæði framleiðendur og tónlistarmenn, þekktir í hip-hop heiminum

**It´s just not gonna work yall**
Það mun einfaldlega ekki ganga

**YIKES**
SJIT, upphrópun til að ítreka hversu vont eitthvað er

**Levelum**
Á mörgum sviðum

**Bimbo**
Glyðra

**Rokka**
Ganga með, notast við, vera í einhverju

**Dú-inu**
Hárgreiðslunni

**More of your evil spawns**
Meira af illum afkvæmum ykkar

**Að vera með lengjurnar í buxunum**
Að vera með kúk í brókunum, vera með allt niður um sig, vera á glapstigum í lífinu

**Shiiiii**
Andskotinn sjálfur

**Yada yada yada**
Og svo framvegis

**X-ið* hans Babyface**
Fyrverandi eiginkona Kenny „Babyface“ Edmonds tónlistar-manns og framleiðanda

**No no´s**
Nei nei – eitthvað sem þú átt alls ekki að gera

**Her Jungle Fever fiancé**
Vísun í Spike Lee-myndina þar sem West-ley Snipes átti hvíta kærustu

**Minnimáttarkomp-lexa**
Með minnimáttarkennd

**Mark my words**
Takið eftir því sem ég segi

**Flawless**
Lýtalaus

**Klassaræmum**
Stórgóðum kvikmynd-um

**Class act**
Klassapía

**Their meat curtains in our grillz**
Sleppt því að veifa kjöt-gluggatjöldunum framan í okkur, sem sagt nást á filmu nærfatalausar

**FLAMETHOWER-TOP CHARTER**
Nær að komast mjög nálægt toppnum á eldvörpulistanum mínum

**Slörrað**
Þvoglumælt eins og fyllibytta nema hún er í pillunum, blessunin

**Núka**
Kveikja í henni með eldvörpunni

be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com


NÝTT Á DVD
FRÁ FRAMLEIÐENDUM
THE INCREDIBLES & FINDING NEMO
DISNEY · PIXAR
Cars
KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR.
SAM MYNDIR

TEKINN

## NYLON MÆTTU TIL HEMMA GUNN OG VORU TEKNAR

# Við erum með stílista í Bretlandi

Stelpurnar í Nylon mættu í þáttinn hjá Hemma Gunn. Fljótlega var þeim tilkynnt að þær þyrftu að vera í fötum frá Hagkaupum sem kostaði þáttinn. Upphófst mikið rifrildi hver ætti að vera í tigerbolnum og baksviðs var eitt fuglabjarg.







1 **COSTA DEL JÓL**
**Skakkamanage**



Yndislegt, já yndislegt, jólalag. Textinn er skemmtilega einlægur eins og reyndar allt með þessari persónulegu sveit.

2 **HAPPY B'DAY MR. J**
**Hairdoctor**



Höldum okkur við jólalögin þó þetta sé bara semi-jólalag. En það er verið að óska Jesús til hamingju með afmælið og hvað er jólalegra en það?

3 **VAKTIR ÞÚ**
**Skúli Sverrisson**



Undurfagur söngur Ólafar Arnalds passar vel við textann. Lag sem hefur heltekið mig síðustu daga og á hrikalega vel við á þessum síðustu og verstu tímum.

## FÖNKHUNDURINN BÖRKUR OG PÖNKARINN EINAR MÁR GERA ÞJÓÐLAGAPOPP

# Ást við fyrsta tón

„Það má eiginlega segja að þetta sé alveg ný hlið á hinum harða fönkara,“ segir Börkur Hrafn Birkisson sem var að gefa frá sér plötu sem inniheldur tónlist við ljóð Einars Más Guðmundssonar. Börk þekkja flestir sem gítarleikara fönkhljómsveitarinnar Jagúar en nýja platan gæti varla verið ólíkari því sem Börkur hefur fengist við í þeirri hljómsveit. Sirkus hringdi í Börk og spurði hann út í plötuna.

Sæll Börkur. Andri hérna á Sirkus. Hvernig er með þessa plötu sem þú varst að gefa út?

„Þetta er eins konar þjóðlagapopp,“ útskýrir Börkur stoltur en platan hefur verið rúmt ár í vinnslu. „Þetta er alveg nýtt fyrir mér en markmiðið var bara að gera góða popptónlist.“

Hver syngur?

„Það er frábær söngkona sem heitir Elísabet Eyþórsdóttir og er dóttir Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar.“

Hvernig kom það til?

„Ég hafði samband við Ellen og bað hana um að syngja lögin á plötunni. Hún var til í það en vari sjálf að gefa út plötu þannig að hún gat að sjálfsögðu ekki sungið inn á hana alla. Hún benti mér þá á dóttur sína sem hún sagði yndislegan söngvara. Ég hringdi þá í hana. Bauð henni í kaffi og útskýrði hugmyndir minar.“

Og það hefur svona smellpassað?



**Börkur og Elísabet** Flytja saman lög við ljóð Einars Más Guðmundssonar.

„Já algjörlega. Það var ást við fyrsta tón.“

En hvernig eru þessi ljóð hans Einars?

„Einar er húmoristi. Hann er líka mjög gagnrýninn og það er skotið á hina og þessa í ljóðunum. Við unnum mjög náið saman í lagasmíðunum alveg fram að upptökustiginu. Ég fór oft og mörgum sinnum til hans í kaffi og við fórum í gegnum þetta allt saman.“

Kann Einar eitthvað á gítar?

„Nei.“ Börkur hlær.

„Hann kann ekki neitt.“

Voruð þið aldrei ósammála?

„Við héldum að við værum mjög ólíkir. Einar hélt að ég væri svona fönkhundur sem spilaði bara djass. Og ég hélt að hann væri algjör pönkari. En við áttum svo mjög vel saman. Fílum svipaða tónlist. Einar er mikill tónlistarunnandi og á þessu tímabili sem við unnum saman kynnti hann mig fyrir mörgum skemmtilegum söngvurum sem ég hafði ekki heyrt af.“

Og upptökurnar. Hvernig gengu þær?

Mjög vel. Við tókum þetta upp í stúdíóinu sem ég og Daði bróðir minn erum með. Eyþór Gunnarsson spilaði á píanó og hljómborð og hann var líka upptökustjóri.

Útgáfutónleikar bráðlega?

Já. 15. desember í Iðnó og það er hægt að kaupa miða á midi.is.

Frábært. Gangi ykkur vel.

„Takk fyrir það, heyrumst.“




1 **NELLY FURTADO - Say it right ...**



Þetta er án efa eitt af þeim kynþokkafylltri lögum sem hljóma hjá okkur á fm um þessar mundir. Lagið er á plötunni Loose sem er nýjasta plata Nelly, og er þriðji singullinn af plötunni sem er að slá í gegn.

2 **MARIO VAZQUEZ - Gallery**



Ljúfur R&B smellur sem hefur verið að gera allt vitlaust í Bandaríkjunum. Þessi ungi strákur kemur frá Bronx-hverfinu.

3 **PINK - Nobody Knows**



Pink hefur verið að gera alveg frábæra hluti síðustu misseri og er að finna marga frábæra smelli á nýjasta afreki dömunnar. Platan kom út fyrir skömmu og heitir Im not dead, en þar er t.d. að finna smelli á borð við U + Ur hands / Who knew / Stupid girls ofl … Þetta er eintak sem þú verður að fá í jólapakkann ;)

## Hlustaðu á þetta ...




Jólaplatan í ár er klárlega Majones Jól sem kom út í síðustu viku. Þar er það stórsveit Reykjavíkur undir stjórn Samúels Arnar Samúelssonar sem leikur einkar falleg jólalög. Söngvari er hinn eini sanni Bogomil Font. Það er enginn annar en Sigtryggur Baldursson sem á flest alla textana á plötunni sem eru bráðskemmtilegir. Meðal annars breytir hann jólatextanum „hún hélt ég væri steinsofandi Stínu dúkku hjá“ yfir í „hún hélt ég væri steinsofandi tínu barnfóstrunni hjá“.

## Ekki láta þér leiðast um helgina ...

### Föstudagur

**Kvikmyndin The Holiday**



Frumsýnd í Laugarásbíói og Smárabíói. Cameron Diaz, Kate Winslet, Jack Black og Jude Law.

**Pétur Gautur í Þjóðleikhúsinu**



Þessi frábæra sýning er sýnd klukkan 20 í kvöld og annað kvöld. Það kostar 3000 kr.

**Skautasvell á Ingólfstorgi**



Tryggingamiðstöðin setur upp skautasvell í tilefni af fimmtugsafmæli fyrirtækisins. Mættu þangað, leigðu þér skauta og fáðu marblett á rassinn.

### Laugardagur

**Paparnir á Nasa**



Stórdansleikur sem hefst klukkan 23. Kostar 1000 kall. Aldurstakmark 20 ár.

**Draugasetrið í sjónvarpinu**



The Haunted Mansion er sýnd klukkan 20:50 á RÚV. Frábær kvikmynd með Eddie Murphy í aðalhlutverki.

**Jón Páll á DVD**




Ekkert mál fyrir Jón Pál er komin á DVD. Alveg pæling að taka rólegt DVD kvöld og tékka á þessari.

## Sjáðu þetta ...



Kvikmyndin BOSS OF IT ALL eftir Lars Von Trier er frumsýnd í kvöld í Háskólabíói. Um er að ræða óborganlega grínmynd með þá Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson í burðarhlutverkum. Fjallar myndin meðal annars um árekstra Íslendinga og Dana en þessir árekstrar hafa mikið verið í umræðunni undanfarið. Heimsfrumsýning er í kvöld á myndinni en hún byrjar samtímis hér á landi og í Danmörku. Friðrik og Benedikt fara á kostum í þessari kvikmynd og mælir Sirkus hiklaust með henni.




JÓLAMYNDIN 2006
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á midi.is MIDI.IS/BIO
OG Í EFTIRTÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM:

SMÁRABÍÓ

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20
SÝND Í LÚXUS 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20

LAUGARDAGUR 16. DESEMBER
SÝND KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20
SÝND Í LÚXUS 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20

SUNNUDAGUR 17. DESEMBER
SÝND KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20
SÝND Í LÚXUS 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20

www.midi.is/bio

midi.is

REGNBOGINN

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 6 - 8.20 - 10.40

LAUGARDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 3.40 - 6 - 8.20 - 10.40

SUNNUDAGUR 17. DESEMBER
SÝND KL. 3.40 - 6 - 8.20 - 10.40

Borgarbíó

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 5.50 - 8 - 10.10

LAUGARDAGUR 16. DESEMBER
SÝND KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10

SUNNUDAGUR 17. DESEMBER
SÝND KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10

BÍÓ

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.15

LAUGARDAGUR 16. DESEMBER
SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.15

SUNNUDAGUR 17. DESEMBER
SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.15

SELFOSS BÍÓ

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 8 - 10.10

LAUGARDAGUR 16. DESEMBER
SÝND KL. 5.50 - 8 - 10.10

SUNNUDAGUR 17. DESEMBER
SÝND KL. 3.50 - 5.50 - 8 - 10.10

KEFLAVÍK SAMBÍÓIN

FÖSTUDAGUR 15. DESEMBER
SÝND KL. 5.50 - 8

LAUGARDAGUR 16. DESEMBER
SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8

SUNNUDAGUR 17. DESEMBER
SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8

spron



stelpubögg með
Siggu Dögg

# Örlög

Sumir trúa því að lífið sé allt fyrirfram ákveðið af örlögunum svokölluðu. Það sé ekkert til sem heitir tilviljun og frasar líkt og „hverjar eru líkurnar ...“ eiga ekki við, lífið er fyrirfram ákveðið af „æðri mætti“. Trú þessi er því mikil túlkunarfræði og spæjaravinna. Hvern einasta atburð má rekja til baka og komast að hugsanlegri tengingu hans við einhvern annan atburð. Allt gerist af ástæðu. Það er til hinn „eini rétti“ sem er sérstaklega hannaður bara fyrir þig.

Örlagatrúin er þannig ein leið til að hafa stjórn á stjórnleysinu. Við vitum að við stjórnum okkar eigin örlögum að hluta til og það sem við ekki stjórnum er fyrirfram ákveðið og hluti af heildarmyndinni. Lífið fer því eins og það á að fara. Ef við klúðrum einum hlut þá einfaldlega tekur annar við.

Aðgerðaleysi og dulúð eru neikvæðu hliðar örlagatrúarinnar. Ekki gera ekki neitt. Hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér heldur þarft þú að ýta við fyrsta dómínókubbnum. Það leynist heldur ekki dulin merking í hverjum einasta atburði og kannski gerast sumir hlutir af einskærri tilviljun. Maður þarf því að treysta á sjálfan sig og ákvarðanirnar sem maður tekur.

Ég er hóflega örlagatrúar. Ég hef gaman af því hvernig sumir atburðir vinda upp á sig og hvernig það virðist stundum eins og maður þekki allt „rétta“ fólkið. En á sama tíma vil ég trúa því að ég stjórni ferðinni og sé orsakavaldur en ekki afleiðing. Því trúi ég ekki á hinn „eina rétta“. Ég tel að „sálufélaginn“ sé háður manns eigin stað og stund og samvinnu beggja aðila. Það eru því ekki örlögin sem bera mitt ástarsamband uppi heldur er það vinnan sem við bæði leggjum í það.

Um daginn fór ég í gullbrúðkaup hjá ömmu og afa. Þau hafa verið saman frá unglingsárunum, gengið í gegnum súrt og sætt og klára nú setningar fyrir hvort annað. Amma segist ekki trúa á örlög heldur hafi afi beðið hennar og hún sagt já, ekkert flóknara en það. Engin spurning hvort afi væri sá „rétti“, hann var það. Ef erfiðleikar komu upp þá var unnið úr þeim en ekki sett spurningarmerki hvort örlögin væru að senda merki um að nú væri tími til að finna sér nýjan maka.

Kannski er örlagatrúað fólk að nota trúna sem afsökun fyrir leti. Það nennir enginn að hafa fyrir hlutunum og því eru óheppilegar ákvarðanir eignaðar „almættinu“ og það sem illa fer. Við sleppum hendinni af stjórnartaumunum og ábyrgðinni, það er ekkert okkur að kenna. Um leið og við hættum að lita í földu skilaboð örlaganna og trúa að grasið sé grænna hinum megin þá náum við stjórn á lífi okkar. Þá kannski finnum við „hann“ og „hann“ okkur.







jólaskrautið }

## Eftirsóttustu englar í bænum

Englarnir hans Páls Sævars rjúka út eins og heitir skýjabólstrar. Himneskir herskarar boða komu frelsarans, syngja og fljúga. Þeir spila sumir á hljóðfæri, aðrir sauma og enn aðrir eru ferðalangar sem þvælast um heiminn með litla ferðatösku í hönd. Þessir skemmtilegu englar eiga ættir sínar að rekja á handverkstæði Páls Sævars Garðarssonar sem tálgar þá í tré og skapar úr pappír og vír. Á þessu handverkstæði má finna auk englanna, hreindýr, elgi og fugla, jólatréstoppa, aðventukransa og kertakrónur. Hver engill er einstakur og þeir kosta misjafnlega mikið. Svo eru þeir gríðarlega eftirsóttir og í Jólahúsinu, þar sem þeir fást meðal annars, er langur biðlisti eftir englunum. Sem koma bara þegar þeir eru tilbúnir enda ekki ráðlegt að reka á eftir himnabúum.
Nánari upplýsingar um englana má finna á www.himneskirherskarar.is.



## Gylltir könglar

FÁTT FER GRENI JAFNVEL OG KÖNGLAR.

Til að gefa jólatrénu náttúrulegt útlit er tilvalið að skreyta það með könglum, enda fer fátt greninu betur. Könglar fást í öllum helstu blómaverslunum, en skemmtilegt er að tína þá sjálf/ur. Gaman getur verið að fara í göngutúr með fjölskylduna á svæði þar sem er mikið af grenitrjám, eins og við Rauðavatn eða Öskjuhlíðina og tína þar nokkra köngla. Þegar heim er komið er hægt að mála þá eða úða gyllta og festa við þá spotta til að hengja á tréð.



## Jólagjafalisti barnanna

Í SÍÐUSTU VIKU BIRTUM VIÐ JÓLAGJAFALISTA 11 ÁRA DRENGS EN NÚNA FENGUM VIÐ 9 ÁRA STÚLKU Í REYKJAVÍK TIL AÐ SEGJA OKKUR HVAÐ HANA LANGAR Í JÓLAGJÖF.

1. Bíómynd
2. Bratz bíll
3. Bratz flugvél
4. Bratz dúkku
5. Bratz föt
6. Baby Bratz föt
7. Náttföt
8. Stóra Bratz dúkku
9. Prins kexpakki, (helst tvöfaldan pakka)
10.Nintendo ds leik
11. Síma
12 Bækur
13. Föt
14. Jólalegt handklæði
15. Snjósleða
16. Risastóran pakka
.... ég man ekki eftir meiru núna...











## Mishvít jól

***Marga dreymir um hvít jól en sumir hafa meiri líkur á að upplifa þau en aðrir.***

Margir láta sig dreyma um hvít jól en þó er skilningurinn á hvítum jólum ekki sá sami hjá öllum. Á Akureyri teljast það til dæmis tæpast hvít jól nema að varla sjáist í dökkan díl yfir alla hátíðina meðan á suðvesturhorninu nægir að snjó festi á aðfangadag. Það teljast hins vegar hvít jól í Bretlandi ef eitt einasta snjókorn fellur á breska jörð á tímabilinu frá miðnætti á jólanótt og fram til miðnættis aðfaranótt annars í jólum. Í New York eru almennt taldar tíu prósent líkur á hvítum jólum en engar í Phoenix í Arizona og San Fransisco. Fyrstu hvítu jólin í Houston í Texas sem vitað er um voru jólin 2004.



Kvikmyndin Hvít jól vekur drauma og vonir í brjósti margra.




















Árdís Bj. Jónsdóttir telur það nauðsynlegt að fullorðnir eigi súkkulaðidagatal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Göróttur jóladrykkur á Þorláksmessu

***Árdís Bj. Jónsdóttir, deildarstjóri hjá Vodafone, gleymir fyrsta í aðventu á hverju ári og telur algerlega nauðsynlegt fyrir fullorðið fólk að eiga súkkulaðidagatal.***

„Ég hef það stöðugt að markmiði að gleyma ekki fyrsta í aðventu á næsta ári, en það hefur ekki gengið upp ennþá.“ Árdís er alin upp í sveit og þegar hún er beðin að rifja upp jólaundirbúninginn í sveitinni koma fram kærar minningar. „Það voru pantaðir appelsínu- og eplakassar, og á Þorláksmessukvöld gaf pabbi okkur alltaf hvítöl sem við trúðum að væri galdradrykkur sem léti mann sofa þar til jólin kæmu. Klukkan sex á aðfangadag sátum við svo og hlustuðum á þegar jólunum var hringt inn í útvarpinu og horfðum niður á veg til að sjá hvort jólin væru ekki að koma. Það var mikið fjör í stórum systkinahópi á aðfangadagskvöld.“

Aðspurð um jólagjafamálin segir hún að skemmtilegast sé að pakka inn gjöfunum og að hún vildi gjarnan geta látið einhvern annan fara í búðir til að kaupa gjafirnar sem hún pakkar síðan inn. „Annars finnst mér skemmtilegast að gefa gjafir sem er ekki hægt að kaupa úti í búð. Ég fékk pabba til að mynda einu sinni til að lesa inn sögu sem ég held hann hafi lesið fyrir öll systkinin þegar við vorum lítil og skellti henni á geisladisk og gaf þeim. Svo hlusta ég á söguna þegar ég er að jólastússast og verð bara lítil stelpa í sveitinni aftur.“ Árdís segist ekki hafa fengið gjöf ennþá sem hún getur talið vera bestu jólagjöfina en hún sé bókasjúk og því vænlegast að gefa henni bækur í jólagjöf. „Það eru engin jól án þess að Útkallsbók sé í einum pakkanum.“ Hún hefur heldur aldrei fengið slæma jólagjöf þar sem gjafirnar eru jafnan gefnar af góðum hug. „Mér eru samt minnisstæð fyrstu jólin eftir að ég flutti að heiman, þá voru allir rosa duglegir að gefa mér sleifar, potta og þess háttar og mér fannst það voða fullorðinslegar gjafir og í engu samræmi við mig á þeim tíma.“

*- hhh*

## Appelsínulyktin kemur með jólin

***Fátt er jólalegra en appelsínur og appelsínulykt á heimilinu fyrir jólin kemur flestum í hátíðarskap.***

Appelsínur geta verið mjög fallegt jólaskraut en sniðugt getur verið að stinga negulnöglum í appelsínurnar til þess að gera þær ennþá fallegri og lyktin af þeim verður þá sérstaklega góð og jólaleg. Einnig er hægt að búa til jólalegar appelsínuluktir með því að skera ofan af appelsínunum, hreinsa innan úr þeim, skera út myndir í börkinn og setja sprittkerti inn í þær. Appelsínuluktirnar eru mjög fallegt jólaskraut og hitinn frá kertunum magnar upp appelsínulyktina svo hún berst um allt heimilið. Svo getur líka verið skemmtilegt að hafa bara appelsínur í skál á borði en það krefst ekki mikillar fyrirhafnar og getur verið mjög jólalegt.

*- eö*


Appelsínur geta verið fallegt jólaskraut. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES


Hann sýnist nú ekki kunna mikið á tölvur þessi en kannski leynir hann á sér.

# Bréf frá jólasveini

***Á síðunni www.sveinki.is er hægt að fylgjast með lífi jólasveinanna og panta bréf frá þeim.***

Jólakveðjur á fjölmörgum tungumálum og fréttapistlar undir yfirskriftinni Jólasveinatíðindi eru meðal efnis á heimasíðunni www.sveinki.is. Þar leyfir Kertasníkir okkur að fylgjast með því sem á daga bræðra hans drífur fram að jólum og einnig hvernig búskapurinn gengur í hellinum hjá Grýlu og Leppalúða. Kertasníkir er í útrás og því er hann farinn að skrifa líka á ensku og dönsku á heimasíðurnar julemanden.is og christmas.is. Hann hefur greinilega komist í einhvern góðan skóla.

Bréf frá jólasveininum er vinsæl gjöf í skóinn hjá góðum börnum. Þar sem senn líður að þeim tíma sem sveinarnir koma til byggða einn af öðrum er vissara að tryggja sér slík bréf og það er einmitt gert á síðunni www.sveinki.is. Einnig er hægt að fá bréfin með jólapóstinum.

Þess má geta að fólkið á bak við ofangreindar heimasíður eru þau Steingrímur Ólafsson og Marín Hrafnsdóttir. Þau hafa ákveðið að hluti þeirra tekna sem sala bréfa frá jólasveininum skapar skuli renna til málefnis sem tengist velferð barna.

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAMIÐSTÖÐIN



**Ótrúlega sparneytinn og lipur,100% lán!**
Suzuki Jimny JLX, árg. '04, ek. 45 þús., sk. '07, Cd, ásett 1.290 þús. Fæst á 100%yfirtöku 1.110 S. 540 5800.



**100% lán fyrir 7 Manna Zafiru !!**
Opel Zafira árg. '08/01, ek. 83 þús., 1800, sk. '07, ný tímareim, 1 eigandi, 100% lán. Verð 1.095 þús. S. 540 5800.



**18Þ Pr mánuð Fyrir Fallegan Station !!**
Ford Focus árg. '00, ek. 112 þús., 5 gíra, sk. '07, Abs, fæst á 100% láni 634 þús., 18 þús. pr.mán. S. 540 5800.



**22Þ pr mán Sjálfskiptur Focus !!**
Ford Focus árg. '03, ek. 66 þús., ssk., sk. '07, álf., v.dekk, 1600, fæst á 100% láni 1.134 þús. S. 540 5800.

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.net**

bílaland B&L notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



Honda CR-V nýskr. 07/2005, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkrauður, ekinn 24.000 þ. Verð 3.050.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



Til sölu Nýjar 19" felgur og ný dekk. Verð 260.000 þús. Uppl.í s. 860 1998.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401



Renault Laguna 2000 árg. 1999 ekinn 129 þús. km. sjálfskiptur, rúmgóður, traustur og fallegur á fínu verði. Fullt verð 750 þús. Tilboðsverð 490 þús.

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

SPARI bill



Nýr 2007 Mazda Cx-7 Grand Touring 4x4 , Svartur, svart leður, topplúga, Sjálfskiptur, allt rafknúið, Xenon, Bose hljómkerfi, ofl til sýnis á staðnum. Okkar verð: 4.590 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

X4 ehf



Nýr Mazda CX-7, árg. 2007, 2.3L DÍSI 4cyl. Turbo og intercooled vél, 244 hestöfl, stöðuleikakerfi, spólvörn, 4x2, 18" álfelgur, hraðastillir, spoiler, stýris stilling fyrir útvarp og cd, TPMS dekkja loftþrýstings nemi o.fl. Verð. 3.990.000 kr. Uppl. í s. 565 2500. Fæst í fleiri útfærslum.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is



Subaru Legacy 2.0 sedan árg 7/2005 ek. 25 þ.km, sjálfskiptur. Ásett 2.190 þús. Áhvílandi 1.985 þús. Afb. 30 þús á mánuði. Gullfallegt eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



Nissan Primera 1.6 árg 5/2002 ek. 101 þ.km Ásett 850 þús. Tilboð 695 þús. Afb. 375 þús. Afb. 25 þús á mánuði. Góð kaup. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



VW Polo basicline árg 2000 ek. 102 þ.km Ásett 450 þús 3ja dyra. Einn eigandi, góð smurbók. 100% lánarmöguleiki. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



**Verktakar og iðnaðarmenn**
M. Benz Sprinter árgerð 2001 ekinn aðeins 45 þús.km., sjálfskiptur, álhús, gönguhurðir, hillur á lömum og borð. Stærð kassa lengd 3,5 m, hæð 2,0 m, breidd 2,0 m, 100% lánað. Verð 2.680.000 m.vsk. S. 821 6292 & 562 1717.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

### Bílar til sölu



100% lán! Legacy Sedan árg. '01, ekinn 101 þús. Engin skipti. S. 897 7955.



Audi A3 árg. '01, ek. 92 þús. Þjónustaður frá upphafi. Auðveld kaup! 200 út +yfirtaka á láni 900 þús. Uppl. í s. 861 1020 & 861 9190.



Til sölu er MMC Lancer árg. 6/'04., sjálfsk. Ekinn 66 þús. Spioler, cd, rafm. Verð 1.290.000 kr. Áhv. 970.000 kr. 15 þ. á mán. Uppl. í s. 822 4167.



**Gullfallegur Dodge**
Dodge Intrepid, árg. '98, ek. 125 þús., nýsk. Verð 1.070 þús. Góður stgr. afsláttur. Uppl. í s. 868 5922.



**Mercedes Benz C280**
**1995 árg. Ekinn 206 þ.km. Álfelgur, topplúga, rafmagn í rúðum, CD o.fl. Nýskoðaður '07. Verð 790 þús. Uppl. í s. 693 7585.**



Til sölu Land Cruiser 100 árg 2002, diesel, ekinn 138 þús. Mjög vel með farinn og góður bíll. Uppl. í síma 820 8887.

Til sölu Ford Mondeo '97 mjög gott eintak, selst á góðu verði. Einn eigandi frá upphafi. Uppl. í s. 486 8836.

**Sjálfskiptur**
Til sölu er Daihatsu Cuore árg. '00. Ekinn 85 þús. Skoðaður '07. Ásett verð 400.000 kr. Tilboð 280.000 kr. 100% lán mögulegt. Uppl. í s. 822 4167.

**Toyota Carina E**
Toyota Carina E 2000, sjálfsk. árg. '95. Ek. 133 þús. Verð aðeins 300 þús. stgr. Uppl. í síma 863 2350.




Ford jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Ford Explorer með nýja útlitinu 2006-2007 frá Kr. 2.690.000. Splúnkunýr frá verksmiðju Ford Explorer Sport-Track frá Kr. 2.750.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

### 0-250 þús.



**Tilboð**
VW Golf '97. Ekinn 145 þús. Skoðaður '07. Verðhugmynd 190 þús. Uppl. í s. 868 5922.

Rauð Toyota Carina E, '94, ek 213 þús., sumar & vetrardekk, álfelgur. Gott eintak. Verð 250 þús. S. 847 0048.

**Tilboð !**
Renault Mégane árg. '00 ek. 115 þ. sk. '07 í toppstandi. Á glænýjum nagladekkjum. Tilboðsverð 530þ. Upplýsingar s: 6169840

### 250-499 þús.



Toyota Corolla 1600 árg. 2000, G6. 6 gíra, 3ja dyra. Ásett verð 680.000. Fæst á 440.000 stgr. S. 893 5201.



Góður Renault Megane árg. '99 ekinn aðeins 59 þús. km er á glænýjum nelgdum vetardekkjum, sumardekk fylgja. Uppl. í síma 863 6091.

### 500-999 þús.



Dekurbíll, M. Bens '94, sjsk. ek. 224 þ. Viðhaldsbók og reikningar með. Sumar/vetradekk, CD, samlæsingar, toppbíll. Ásett verð 590 þús. Góður staðgr.afsl. Uppl. í síma 898 5751.

### 1-2 milljónir




Toyota jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Nýr Toyota jeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.



Mini One 2003 ek. 32 þ. km. Mjög vel með farinn. Verð 1.990.000. Uppl. í s. 897 4583.



Toyota Corolla'02 ek.38 þús., bíll í toppstandi, aðeins bein sala. S. 697 6305.



Góður Fiat Stilo station árg. 2004 ekinn aðeins 57. þús. km. Er á nelgdum vertardekkjum. Reyklaus bíll. Verð 1.100-1.200 þús. Uppl. í síma 863 6091.

### 2 milljónir +



Svartur Benz E-220 dísel 2004 Kompressor Avantgarde ek. 45 þ. km. Leður í sætum , topplúga , xenon ljós ofl .ofl. Ný vetrardekk kominn undir. Söluverð er 5.490.000. Tilboð 4.990.000. Uppl. í síma 897 4583.

### Bílar óskast

Óska eftir Toyota hilux Xtra cap í góðu standi og á mjög góðum kjörum. uppl í s 848 0944

„Frúarbíll" óskast þarf að vera í góðu standi. Verðh. 350-400 Þ. Uppl. sendist á r10@simnet.is

Vantar gangfæran bíl frá 0-75þ. Uppl. í s. 848 8183.

### Jeppar



Ford Explorer XLT 2006 Ek. 16þ. km, ssk., 7 manna, rafmagn í sætum, ESP, stigbretti, þakbogar, CD magasín, þjófavörn, filmur, aksturstölva, hraðast., Glæsilegur bíll í alla staði og vel með farinn. A.t.h. verð aðeins 3.790 þús. Uppl. í s. 821 2066.



Toyota Hilux 1992 ek. 230 þ. km. Breyttur fyrir 35" er á 33" nýjum tekkjum, kastarar að framan, nýr vatskassi og yfirfarin vél. Get látið fylgja með nýja VHS talstöð , nmt síma og dvd m/skjá (er í bílnum). Verð án tækja 590.000 staðgr. Og með tækjum 690.000 staðgr. Uppl. 897 4583.

**Bella.is S: 699 1673. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. S: 557 9939 (904 2080) 199,90 mín kl 16 - 24 virka daga og 18-24 laugardaga. Bella.is

**Englaljós til þín 908 5050**
Andleg leiðsögn, tarrot, fyrirbænir. Er við alla daga frá 16-02. Lára spámiðill.

**Spásíminn 846 6364**
Hringdu núna.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Heimilistæki

Til sölu uppþvottavél, ísskápur, frystiskápur, borð og stólar, gínur og bækur. S. 894 6633.

Electrolux 1400 sn tölvustýrð þvottavél til sölu. Þriggja ára, lítið notuð, kostar ný 65 þús. fæst á 40 þús. Hafið samband í 694 4714.

Electrolux ísskápur, 2 m, 300L kæliskápur og 85 l frystir, 5 ára. í toppstandi. Verð 30 þús. S. 694 4714.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Til leigu á Spáni**
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is www.geymslaeitt.is

**Næturvaktir**
**Óskum eftir að ráða starfsmann á næturvaktir í Select Smáranum og Select Suðurfelli. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu. Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í síma 849 1274.

## Snyrting

Dekurhús
didrix


S:561 8677

## Dýrahald



**Dýrabær**
Úrval af fallegum hunda- og kattarúmum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.



**Dýrabær**
Blikkólar og taumar fyrir hunda. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9 Kóp.

8 vikna Pommerraian til sölu, hundur, tilbúinn til afhendingar, ættbókarfærður og örmerktur. Uppl. í s. 861 0460.

Fræðslufundur um flugeldahræðslu hjá hundum 14. des kl.20. Skráning í nr 897 1525 eða sif@dyrin.is Sif Traustadóttir dýralæknir.

Hamstur fæst gefins með búri og öllu tilheyrandi. Einnig skógarkettlingur + fylgihlutir. S. 891 8727.

## Fyrir veiðimenn



HEITUR OG ÞURR Í
termo
SPORTVÖRUGERÐIN
Skipholt 5, 562 8383

## Hestamennska

**Eik**
Eik í hestastíur og veggjaklæðningar. Næsta sending í janúar. Uppl. í s. 691 8842.

## Gisting

Íbúð til leigu í Kópavogi með öllum búnaði frá 8. des. - 7 jan. Uppl. í s. 869 9964.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 25 ára. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Vaktstjóri**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra í Select Smáranum. Viðkomandi hefur umsjón með vaktinni og sér m.a. um uppgjör. Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Ekki yngri enn 23 ára. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8840 eða á www.nings.is**

**Viljum bæta við okkkur hjálparkokki.**
**Helst með reynslu úr veitingahúsar eldhúsi og bakstri. Kröfur: samviskusemi og stundvísi, heiðarleiki og vinnusemi, þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir á www.kringlukrain.is eða í s. 863 8900.**

**Oddur Bakarí Grensásvegi**
**óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu virka daga frá kl. 14 - 18.30. Upplýsingar gefur Oddur í s. 699 3677 eða 588 8801.**

**Gullnesti, Grafarvogi**
**Óskar eftir rösku starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 898 9705**

Nordica hotel

**Þjónustufólk.**
**óskum eftir að ráða vant aðstoðarfólk í sal í fulla vinnu. Unnið er á 15 daga vöktum. Allar upplýsingar gefur Ólafur í síma 8400116**

## Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.**

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Amerískt sófasett 3+1+1 á 40.000, stofuskápur á 12.000, baunapokar verð frá 6.500 og fjarstýrð rafmagnsgolfkerra. S. 695 5609.

## Ýmislegt

Plankaparket, eik. Flott verð. Einnig vatnsheldur brúnn krossviður 15 mm. 2,50x1,22. Uppl. í s. 660 7720.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu herbergi og stúdióibúðir í Hafnarfirði og Sandgerði. Sími 660 6585.

4 herb. íbúð í Síðuhverfi á Akureyri 112 m2 ásamt 28 m2 bílskúr laus frá áramótum. Uppl. í s. 860 2222

Nýleg og falleg 2-3 herb. íbúð í 110 Rvk, getur losnað bráðlega. Verð 95. þús á mán. Tilvalin fyrir par. S. 697 8166, Elmar.

65 fm íbúð til leigu í Hraunbæ. Aðeins reglusamt fólk. Verð 100þ m. rafm. og hita. Uppl. í s. 698 8037.

## Húsnæði óskast

Herbergi óskast á stór Reykjavíkur svæðinu, helst í Hafnarfirði. Uppl. í s. 692 8091.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu**
við Hverfisgötu, ca 240 fm lager og skrifstofu húsnæði, og ca 250 fm lager og skrifstofuhúnæði við Skipholt. Uppl. í s. 821 0700.

Til leigu 126 fm. iðnaðarbil í Hafarfirði leiguverð 1.000 kr. pr fm. Sími 660 6585.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

# Tilboð!
# 3 fyrir 2!



Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.

Full búð af nýjum vörum

SJÁUMST

Glæsibæ COS S. 588 5575

# TIL SÖLU

**Nautshúðir**

Mottur úr nautshúð í ýmsum stærðum og gerðum.



Frábært verð.

Vatnsrúm - 4you.is
Kársnesbraut 114
S. 564 2030 & 690 2020 Fax. 544 2027

RE/MAX LIND









# Óðinsstígur 18

801, Selfoss

Hafið samband og bókið skoðun

**Verð: 29.900.000**

Stærð: 120 fm
Fjöldi herbergja: 4+svefnl.
Byggingarár: 2006

Sérstaklega vandað og glæsilegt heilsárshús úr Cetrus límtrésbjálkum frá Kanada. Húsið er 91 fm að grunnfleti auk u.þ.b. 28 fm svefn- og geymslulofts. Umhverfis húsið er 150 fm sólpallur með heitum potti og 16 fm gestahúsi. Húsið stendur á rúmlega 0.7 ha eignalóð í landi Ásgarðs í Grímsnesi og skilast fullbúið utan sem innan. Allar innréttingar eru úr dökkum Hlyn, á gólfum eru flísar og eldhús og baðherbergi eru fullbúin vönduðum tækjum. Gluggar eru handsmíðaðir úr Mahogni, þakið klætt svörtu Aluzinki, milliveggir eru úr furu, loft eru einangruð og klædd með furu. Húsið skiptist í samliggjandi eldhúsi og stofu með útgengi á sólpall, baðherbergi, þrjú svefnherbergi og svefnloft. Í gestahúsi er lítið lagnaherbergi og svefnherbergi. Þetta er glæsilegt hús og er mikið lagt upp úr vandaðri smíði og frágangi.



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali



Stella
Sölufulltrúi
**892 3392**
stella@remax.is



Hrafnhildur
Sölufulltrúi
**869 8150**
hrafnhildur@remax.is



## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir hjúkrunarfræðing til starfa þarf að getað tekið næturvaktir. Áhugasamir hafi samband við Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra **thora@saa.is** eða í síma 8247615.



**Grunnskólinn í Grindavík**

## Þroskaþjálfi

Grunnskólinn í Grindavík óskar eftir því að ráða þroskaþjálfa, eða starfsmann með sambærilega menntun, til starfa við skólann. Um er að ræða 75 % starf. Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 420-1150.
Netfang gulli@grindavik .is.

**Skólastjóri**



**Spa centre jobs on cruise ships**

Steiner — SNYRTI-AKADEMÍAN

The perfect combination:

Travel the world and getting paid for it at the same time? What about a day shopping in New York or Sydney? Or a day off on the beach in Miami? Mounten climbing in Peru or on excursion in Egypt?

* NAIL STYLISTS

* HAIR STYLISTS

* INSTR. FITNESS - AEROBICS

* BEAUTY & MASSAGE THERAPISTS

Steiner leisure has contracts with 125 cruise ships world wide to operate the hair-, beauty and fitness Spa centers on board.

**Free info & interview day: Dec. 11, 2006**

To register call : 553-7900

**Website: www.str.co.uk**

DISCOVER THE WORLD WITH YOUR OWN EYES



allt hús

Alla mánudaga








HÚSIÐ FASTEIGNASALA

*Heilshugar um þinn hag*

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

www.husid.is

Frum




**Rað- og parhús** **Gauksás - Hafnarfjörður**



- Glæsilegt 6 herb. 218,8 fm raðhús
- Mustang flísar og gæðaparket
- Flísalagður bílskúr, sjálfvirkur opnari
- Hurðir úr mahogny og góðir skápar
- Eldhús frá InnX, 90 sm gaseldavél
- Verð 49.900.000.-

**ÞETTA ER EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA BETUR.**

**3ja herbergja** **Laufengi - Grafarvogur**



- Mjög góð 3 herb. 85,7 fm íbúð
- Sérinng. á 1. hæð í 3ja hæða fjölbýli
- Sérmerkt bílastæði
- Afgirtur skjólsamur og sólríkur garður
- Góðir skápar
- Nýleg eldhústæki
- Verð 18.800.000.-

**Kolbeinn veitir allar nánari upplýsingar í síma 694 9100.**

## VISSIR ÞÚ ...

… að Younis Edwan frá Jórdaníu er sagður vera einungis 65 cm á hæð?

… að lágvaxnasti maður allra tíma sem vitað er um með vissu hét Gul Mohammed frá Indlandi? Hann var einungis 57 cm langur.

… að Louise Hollis frá Bandaríkjunum hefur látið táneglur sínar vaxa frá árinu 1982? Síðast þegar þær voru mældar var samanlögð lengd þeirra 2,21 m.

… að Louise getur ekki klæðst skóm nema þeir séu opnir og á 7,5 cm þykkum sólum svo táneglurnar dragist ekki eftir götunni?

… að úr miðju úteyra Radhakant Bajpai frá Indlandi skaga hárbrúskar sem eru allt að 13,2 cm langir?

… að Garry Turner frá Bretlandi getur teygt húð sína 15,8 cm út frá líkama sínum? Þetta getur hann af því hann er haldinn krankleika sem kallast Elhers-Danlos heilkennið.

… að minnsti lifandi hestur í heimi er 47 cm hár og heitir Black Beauty?

… að stærstu fætur allra tíma eru 47 cm langir og tilheyra Robert Wadlow í Bandaríkjunum?

… að stærstu hendur allra tíma eru 32 cm langar frá úlnliði á brodd löngutangar?

… að lengsta typpi sem hefur verið mælt er 27 cm langt?

… að léttasta fullvaxna manneskjan er einungis 2,13 kíló?

… að lengsti og þyngsti nýburinn í heimi var 76 cm langur og 10,8 kg eða 43 merkur?

… að lengsta augnhárið sem mælt hefur verið er 5,08 cm langt?

… að lengsta tunga í heimi er 9,5 cm og tilheyrir Stephen Taylor frá Bretlandi?

… að lengsta nef allra tíma er 19 cm langt?

… að lengsti botnlanginn sem mældur hefur verið er 23,5 cm?

… að Cathi Jung frá Bandaríkjunum er með mjósta mitti veraldar? Hún er 1,72 m á hæð en samanreyrt er ummál mittisins 38,1 cm.

… að Kim Goodman frá Bandaríkjunum getur kreist augu sín þannig að þau standa 11 mm út úr tóttunum?

… að hæsti núlifandi maðurinn er Xi Shun frá Kína? Hann er 2,36 cm á hæð.

… að elsta móðirin var 66 ára og 230 daga gömul þegar hún átti dóttur sína?

… að götunarmeistarinn Charlie Wilson festi 1.015 nýja títaníumlokka á líkama Kam Ma án nokkurrar deyfingar?

… að þetta voru flestar gatanir sem gerðar hafa verið í einni lotu?

… að vinsælasta fegrunaraðgerðin (án húðskurðar) er Botox sprautun?

… að Cindy Jackson frá Bandaríkjunum hefur eytt 6,47 milljónum króna í 47 fegrunarskurðaðgerðir?

… að perúskur maður hefur frá því 1979 gengist undir 64 skurðaðgerðir í viðleitni sinni að verða kona?

… að flest bikinívöx sem framkvæmd hafa verið á fjórum tímum eru 262?

… að flestar hárgreiðslur sem framkvæmdar hafa verið á einum degi eru 250?

… að dýrasta klippingin sem vitað er um kostaði 140.000 krónur? Það er hárgreiðslumaðurinn breski Lee Stafford frá Bretlandi sem rukkar þessa upphæð þegar hann kemur til þín.

… að gataðasti maðurinn í heimi skartar 230 götum á höfði sínu og líkama?

# DRAUMAHELGI

## *Gengið undir fullu tungli*

Jökull Jorgensen, bassaleikari og eigandi Hársnyrtistofunnar Amadeus, hæfi sína draumahelgi með dætrum sínum þremur í sumarbústaðarferð í Fljótshlíð. „Mér finnst fjölskyldan nefnilega ekki verja nægum tíma saman í nútímasamfélagi og sumarbústaðardvöl býður upp á ánægjulega samveru," segir hann.

Jökull myndi elda veglega máltíð fyrir fjölskylduna um kvöldið og að henni lokinni yrði púsluspil tekið fram. „Að mínu mati er fátt eins afslappandi og að púsla, sérstaklega í öllu þessu öngþveiti," útskýrir hann. „Svo hefði ég hana móður mína heitna með í ferðina, gæti ég ráðið. Enda er þetta víst draumahelgi."

Laugardeginum verði Jökull einsamall í góðan göngutúr á Þúfnavöllum í Víðidal fyrir ofan Skagafjörð. „Ganga á hjarni undir fullu tungli er hápunktur tilverunnar, þar sem engu líkara er en tunglið breytist í sól þar sem skugginn frá því verður svo skarpur. Ég hef gert þetta áður og finnst það einstök upplifun."

Jökull færi síðan í sund með dætrunum á sunnudegi og ætti með þeim rólegan og ánægjulegan eftirmiðdag. Bíóferð yrði fyrir valinu um kvöldið.

*-rve*



**JÖKULL JORGENSEN BASSALEIKARI**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Biðlistar eftir gervitönnum!

**UMRÆÐAN**
Gerviliðaaðgerðir

Í Fréttablaðinu 23. nóv. s.l. birtist frétt undir fyrirsögninni: „Allir sem bíða eftir gervilið þjást mikið“. Í undirfyrirsögn: „Biðlistar eftir gerviliðaaðgerð lengjast jafnt og þétt. Líðan þeirra 700 einstaklinga, sem nú bíða, er mjög slæm vegna stöðugra verkja. Bæklunarsérfræðingar segja ástandið hræðilegt og kalla eftir fjármagni frá heilbrigðisyfirvöldum“. Í fréttinni segir, að bið eftir aðgerð sé um ár á Landspítalanum og að „ástæðan er skortur á fjármagni“. Haft er eftir yfirlækni á LSH, að „við stöndum hérna með allt til alls; tæki og kunnáttu, en getum ekkert gert“.

*En hver er munurinn á bæklunaraðgerðum og tannlækningum, þegar kemur að því að leysa málin? Hvers vegna er árs biðlisti eftir öðru, en enginn eftir hinu?*

Í Fréttablaðinu degi síðar er haft eftir heilbrigðisráðherra, að hann sé vongóður um að fé fáist til biðlistaaðgerða með samþykki fjárlaga fyrir árið 2007 og „segist ætla að horfa sérstaklega til gerviliðaaðgerða, fáist fjárveitingin“. Fjárveitingin sé að vísu „ekki í höfn, en [ráðherrann] geri sér góðar vonir um, að hún verði samþykkt“. Ráðherrann segir að lokum: „Ég mun skoða það með velvilja, þar sem það er óumdeilt að biðin er lengri eftir þessum aðgerðum nú en í fyrra.“

Í sama tölublaði er skýrt nánar, hvað felist í „gerviliðaaðgerð á hné, sem sé algeng og árangursrík aðgerð“ við slitgigt, en hún er algengasta orsökin. En „í dag eru engin lyf þekkt, sem hafa áhrif á gang sjúkdómsins, en þau lyf, sem gefin eru, slá á verki og óþægindi. Þegar lyfjameðferð dugar ekki til að halda sjúkdómseinkennunum niðri og sjúkdómurinn hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, er yfirleitt valið að gera gerviliðaaðgerð. Aðgerðin er þó einungis gerð, þegar verkir og hreyfihindrun eru orðin það mikil, að sjúklingur telur sig ekki geta lifað við óþægindin.“ Loks segir: „Árangur aðgerðarinnar er yfirleitt góður, sjúklingar verða flestir verkjalausir eða verkjalitlir og hreyfifærni batnar.“

---

Þetta er ófögur lýsing á hlutskipti þeirra, sem skipa þann biðlista, sem hér er til umfjöllunar. Og ekki virðist hlutskipti alþingismanna, sem sagðir eru bera ábyrgð á, að ekki sé nægjanlegu fé veitt í þessa hluti, heldur vera öfundsvert. – En gæti það orðið verra?

Hugsum okkur, að ekki væri verið að ræða um gerviliðaaðgerðir, heldur eitthvað annað; t.d. tannlækningar. Setjum sem svo, að frásögn Fréttablaðsins hefði snúist um biðlista eftir tannviðgerðum og gervigómum í stað liðskiptaaðgerða. Þá myndi þessi pistill hljóma eitthvað á þessa leið:

Í Fréttablaðinu 23. nóv. s.l. birtist frétt undir fyrirsögninni: „Allir sem bíða eftir tannviðgerðum þjást mikið“. Í undirfyrirsögn: „Biðlistar eftir tannviðgerðum lengjast jafnt og þétt. Líðan þeirra 700 einstaklinga, sem nú bíða, er mjög slæm vegna stöðugrar tannpínu. Tannlæknar segja ástandið hræðilegt og kalla eftir fjármagni frá heilbrigðisyfirvöldum“. Í fréttinni segir, að bið eftir nýjum gómi og tannfyllingum sé um ár og að „ástæðan er skortur á fjármagni“. Haft er eftir yfirlækni á tannlækningadeild LHS, að „við stöndum hérna með allt til alls; tæki og kunnáttu, en getum ekkert gert“.

Í Fréttablaðinu degi síðar er haft eftir heilbrigðisráðherra, að hann sé vongóður um að fé fáist til munnholsaðgerða með samþykki fjárlaga fyrir árið 2007 og „segist ætla að horfa sérstaklega til góma og gervitanna, fáist fjárveitingin“. Fjárveitingin sé að vísu „ekki í höfn, en [ráðherrann] geri sér góðar vonir um, að hún verði samþykkt.“ Ráðherrann segir að lokum: „Ég mun skoða það með velvilja, þar sem það er óumdeilt að biðin er lengri eftir þessum aðgerðu nú en í fyrra.“



EGGERT HAUKSSON

Í sama tölublaði er skýrt nánar, hvað felist í „viðgerðum á tönnum og ísetningu postulínstanna, sem sé algeng og árangursrík aðgerð“ við skemmdum og sliti á tönnum. En „í dag eru engin lyf þekkt, sem hafa áhrif á gang tannpínu, en þau lyf, sem gefin eru, slá á verki og óþægindi. Þegar lyfjameðferð dugar ekki til að halda sjúkdómseinkennunum niðri og sjúkdómurinn hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, er yfirleitt valið að gera við tennurnar eða setja nýjar. Aðgerðin er þó einungis gerð, þegar verkir og hreyfihindrun eru orðin það mikil, að sjúklingur telur sig ekki geta lifað við óþægindin.“ Loks segir: „Árangur aðgerðarinnar er yfirleitt góður, sjúklingar verða flestir verkjalausir eða verkjalitlir og hreyfifærni kjálka og beiting tanna batnar þannig að menn geta aftur farið að tyggja matinn sinn.“

---

Framangreind umritun á frétt Fréttablaðsins um biðlista eftir læknisaðgerðum kann að hljóma fjarstæðukennd. En hver er munurinn á bæklunaraðgerðum og tannlækningum, þegar kemur að því að leysa málin? Hvers vegna er árs biðlisti eftir öðru, en enginn eftir hinu? Hvaða máli á að skipta, þegar að lækningu kemur, hvort verkur sé í hné eða tönn, ef hann er jafnvondur og illbær? Og hvers vegna má fólk sjálft leita úrræða, þegar það þjáist af öðrum verknum, en ekki hinum? (Það getur verið jafndýrt að kaupa munnfylli af gervitönnum og það kostar að setja gervilið í hné).

Núna eiga þeir, sem kveljast á biðlistum eftir gerviliðaaðgerðum, sem og á öðrum biðlistum, lækningu og lífsgæði komin undir örlæti þingmanna og „velvilja“ þess, sem er heilbrigðisráðherra hverju sinni. Hefur það reynst góður kostur? Svar heilbrigðisráðherra við þeirri spurningu í Fréttablaðinu 24. nóv. s.l. er, að „það er óumdeilt að biðin er lengri eftir þessum aðgerðum nú en í fyrra“.

Fjárskorti er kennt um. Ég held að það skorti miklu fremur nýja hugsun, afstöðu og vinnubrögð í þessum efnum, þar sem sjúklingarnir (viðskiptavinirnir) endi ekki sem afgangsstærð. Slík úrræði eru þekkt og þrautreynd afar víða á öðrum sviðum.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*




# Misfarið með almannafé

**UMRÆÐAN**
Samkeppni


SNORRI H. GUÐMUNDSSON

Ríkisstjórn Íslands er sek um að misfara með almannafé með því að beita því markvisst inn í ríkisstofnanir í beinni samkeppni við einkageirann. Þessar upphæðir eru talsverðar, og mætti fremur nýta í þjóðfélagslega uppbyggingu s.s. að breikka Suðurlandsveg, efla heilbrigðiskerfið, sjá til þess að aldraðir búi við velsæmandi kjör, og þannig mætti lengi telja. Kostnaður Hagstofunnar við þróun á kerfi í samkeppni við einkafyrirtæki hérlendis er í kringum 30 miljónir á ári. Þetta er deild sem ber nafnið Upplýsingadeild og á að sjá til þess að miðla upplýsingum sem safnað hefur verið (og unnið úr) til almennings og stofnana innanlands sem utan. Slíkt kerfi er til og var boðið Hagstofunni undir stjórn Hallgríms Snorrasonar í ágúst 2004. Kostnaður: 5 milljónir. Áætlaður kostnaður vegna eigin hugbúnaðarþróunar Hagstofunnar 2004 - 2006: 57 milljónir! Ein deild! Er skrýtið að Hagstofan hafi farið fram úr áætlun skv. Ríkisendurskoðun? Og hver ber kostnaðinn? Almenningur – eldri borgarar, aðilar sem ferðast milli Reykjavíkur og Selfoss, þeir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Þetta er óþolandi sóun á okkar fé og þarf að ljúka þessum svarta kapítula Íslandssögunnar í næstu kosningum. Greinilegt er að þeir sem nú sitja við stjórn hafa ekki hundsvit á upplýsingatækni og þeim sóknartækifærum framtíðarinnar sem þar felast (sumir láta prenta út tölvupóstinn sinn sem ýtir enn frekar undir sóun almannafjár).

Seðlabankinn er í sömu verkefnum – að þróa upplýsingakerfi í samkeppni við einkafyrirtæki. Sé gert ráð fyrir því að málum sé svipað háttað þar á bæ, þá eru þessar stofnanir að kosta almenning í landinu yfir 115 milljónir árlega! Glæsileg stjórnsýsla það og aðhald í ríkisfjármálum. Þá bætist við Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins (TDM), FME, RSK, og ótal smærri stofnanir sem einnig starfa að hugbúnaðarþróun á kostnað einkageirans og almennings í landinu á meðan ekki fæst fjármagn til þess að veita í það sem máli skiptir – að búa um hag þjóðarinnar! Sé sett tala á kostnað vegna ríkisvæðingar á upplýsingatæknisviði má reikna með hún sé á bilinu 500 - 800 miljónir árlega varlega áætlað. Svar við fyrirspurn til Ríkisendurskoðunar um úttekt á þessum kostnaðarlið hefur ekki borist ennþá, tveimur árum eftir að óskað var eftir þessari úttekt. Greinilegt er að þessi ríkisvæðing er EKKI að skila sér í hraðvirkum upplýsingakerfum (Upplýsingasamfélagið sem er á snærum forsætisráðherraembættisins getur ekki einu sinni sagt til um hvernig fjárveitingum þess er varið þar sem ekki er hægt að framkvæma slíka úttekt!)

Tæknin sem þessar stofnanir þykjast vera að þróa á kostnað hins almenna borgara er til og kostar tuttugu sinnum minna en áætluð ÁRLEG fjármunasóun stjórnvalda (sem hafa glatað rétti sínum til stjórnunar vegna vankunnáttu og skorts á framtíðarsýn). Hefði sú leið verið tekin 2004 af þremur lykilstofnunum að taka inn tilbúið kerfi til gagnavinnslu og dreifingar, hefðu sparast nægilegir fjármunir til þess að sinna hinu raunverulega ríki – fólkinu í landinu. Stjórnmálamenn eru starfsmenn okkar, og nú vil ég reka þá úr starfi fyrir vanrækslu á sviði ábyrgrar fjármálastjórnunar og ríkisvæðingarstefnu. Eins og Trump myndi segja: „You are FIRED!“

Bein tilvitnun í aðila sem raunar hætti áður en hann var rekinn: „Til að tryggja sem besta nýtingu fjármuna hins opinbera er mikilvægt að leita leiða til að ná fram aukinni hagkvæmni og skilvirkni í yfirstjórn og stjórnsýslu. Fjármunir hins opinbera eru skattpeningar sem við, íbúar þessa lands, greiðum til ákveðinna verkefna og þjónustu samfélaginu öllu til heilla. Það er skylda stjórnvalda að tryggja að þessir fjármunir nýtist sem best.“ Setningarræða forsætisráðherra 10. nóvermber 2005, 10. grein.

Er það verkefni að drepa framtíðaruppbygginu á sviði upplýsingatækni með ríkisvæðingu? Eru stjórnvöld betur til þess fallin að stjórna þróun að upplýsingatæknikerfum í stað þess að stjórna landinu? Ég sárvorkenni forriturum og öðru tæknifólki sem fær hvergi vinnu annarsstaðar en hjá hinu opinbera vegna drepsóttar sem stjórnvöld hafa komið af stað í þessum geira. Þetta velmenntaða og öfluga fólk fæst við leiðinleg verkefni sem skila hvorki bónusgreiðslum né heldur möguleikum á að eignast hluta í því félagi sem það starfar fyrir; það vinnur ekki í heilbrigðu samkeppnisumhverfi þar sem hver dagur er áskorun í að gera betur, og fær því ekki að kynnast þeirri gleði sem hlýst af því að koma framsækinni hátækniafurð á innanlands- og alþjóðamarkað. Ofan á allt þetta leggst að þetta úrvalslið er á lægri launum en starfaði það í einkageira. Oft er sagt að þeir sem ná ekki árangri í einkageiranum fari í ríkisgeirann, en á Íslandi er staðreyndin sú að það eru fáir sem engir valmöguleikar í stöðunni – tæknifyrirtæki á sviði upplýsingamiðlunar fara að leggjast af eða flytja úr landi vegna eitilharðrar samkeppni við ríkið!

Ég heyri á hverjum degi um framúrskarandi tölvufólk sem missir starf í einkageira og flyst yfir í Hagstofu, Seðlabanka, eða RSK (Reykjavíkurborg tekur virkan þátt í þessari ríkisvæðingu, enda sitja þar sömu afturhaldsflokkar við stjórnvölinn). Þar fer það á laun skv. kjarasamningum ríkisins sem eru ALLTAF lægri en hjá einkageiranum. Ég veit engan forritara sem er á 800 þúsund á mánuði hjá ríkinu, en slíkt er algengt í einkageiranum, sér í lagi erlendis þar sem eðlileg samkeppni þrífst.

Það þarf að skipta um stjórn við næstu kosningar ef Ísland ætlar að vera samkeppnisfært í upplýsingatækni á alþjóðavettvangi. Þegar rýnt er í nöfn flokkanna sem ráða ríkjum og misfara með almannafé, fer maður að velta fyrir sér hversu mikið sjálfstæði felist í því að ríkisvæða stofnanir og hversu mikil framsókn felist í landbúnaði. Framsóknarflokkurinn boðar afturför og Sjálfstæðisflokkurinn (Sjálfsæðisflokkurinn?) rýrir sjálfstæði þjóðarinnar með því að veita fé til höfuðs einkageiranum. Þjóð er með réttu skilgreind sem RÍKISBORGARAR hennar, en ekki skipaðir (eða kosnir) embættismenn.

Það er kominn tími til breytinga. Vonandi ber vorið þær í skauti sér.

*Höfundur er framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækis.*

# *Stefnubreyting Frjálslynda flokksins*

**UMRÆÐAN**
Stefnumótun


ÁMUNDI LOFTSSON

Málflutningur þingmanna Frjálslynda flokksins og áhanganda þeirra, um innflytjendur hefur vakið ugg og óróa í samfélaginu. Stefna stjórnvalda í málefnum þeirra er nánast engin, og óskýr þar sem hennar gætir. Engar tillögur eru sjáanlegar.

Stefna Frjálslynda flokksins í þessum málum er skýr. Hún er eftirfarandi upp úr stefnuyfirlýsingu hans. Í kafla um innflytjendur og flóttafólk á bls. 34. segir að áhersla skuli lögð á íslenskukunnáttu, félagslegt jafnrétti og þátttöku í samfélaginu, öllum til hagsbóta. Þá segir einnig að Frjálslyndi flokkurinn telji að innflytjendur auki víðsýni og samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Ennfremur að Ísland eigi ekki að skorast undan ábyrgð í málefnum flóttafólks. Í kafla um menningu og trú á bls. 13 segir að íslenskt samfélag sé að breytast í fjölmenningarþjóðfélag og „Íslendingum“ af erlendum uppruna fjölgi ört. „Vinna verði að því að aðfluttir finni sér hlutverk, aðlagist og kynnist menningu og hefðum. Öllu skuli fagnað sem auðgar samfélagið.“ Í kafla um mannréttindi á bls. 32 segir: „Allir skulu njóta fullra mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, aldurs, kynþáttar, kynhneigðar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Vart verður fundin pólitísk stefna innflytjendum hagstæðari, og meira að skapi. Hún er þeim afar vinveitt. Hún gengur út á að taka öllum, sem hingað vilja koma, opnum örmum. En, hvað hefur gerst? Frjálslyndi flokkurinn hefur aukið fylgi sitt með umræðu um innflytjendur. Ekki verður þó séð að málflutningur þingmanna hans hafi verið í samræmi við þá stefnu sem mótuð er af fólkinu í flokknum á landsþingum hans og vitnað er til hér að framan. Þvert á móti hefur hún snúist um að takmarka aðgang fólks af öðru þjóðerni að landinu. Hinsvegar er minna rætt um að í mörgum tilfellum umgangast Íslendingar hið svokallaða erlenda vinnuafl, nánast eins og búfénað. Hvað veldur? Hugsum málið. Hér hafa þingmenn flokksins skriplað á skötunni og ekki náð að höndla hlutina rétt. Ekki hefur aðkoma utanaðkomandi flökkumanna, sem uppá sjálfdæmi hafa nánast skipað sér í hóp hinna kjörnu fulltrúa flokksins, bætt hér úr. Þar er daðrað við kynþáttafordóma m.a. með spuningum um hvort Ísland eigi að vera fyrir Íslendinga. Hér þurfa menn að opna augun. Allt hefur þetta leitt til óróa, óöryggis og kvíða þeirra sem í hlut eiga. Um það vitna opinber viðtöl við innflytjendur, fréttir og blaðaskrif. Hinir kjörnu fulltrúar flokksins verða að átta sig. Finna stefnu sína aftur en láta ekki einhver mýrarljós villa sér sýn. Umræðan á ekki að snúast um hvort, Íslendingar taki á móti fólki af öðru þjóðerni, heldur hvernig.

Annar þáttur þessarar umræðu snýr að trúmálum. Hvort fólk af erlendum uppruna sé af trúarlegum ástæðum óæskilegir innflytjendur. Stefna Frjálslynda flokksins í þessu er einföld. Í yfirlýsingu hans á bls. 13 segir: „Frjálslyndi flokkurinn telur að það sé einkamál hvers og eins hvaða trú eða lífssýn hann eða hún aðhyllist. Aðskilja ber ríki og kirkju. Það er eins og í öðru. Allir velkomnir. Kosturinn við pólitíska stefnu af þessu tagi er að hún útilokar alla trúarlega sérdrægni, er í raun grunnur þess frjálslyndis sem flokkurinn byggir á. Þess vegna eru hverskonar hugmyndir um, að sértrúarleg gildi skuli vera í fyrirrúmi í starfi hans og stefnu, gersamlega út í bláinn.

Ef fulltrúar okkar á Alþingi, sem og aðrir sem innflytjendamál varðar, ná hér áttum, er von um úrbætur þar sem þeirra er þörf. Þar eru ærin verkefni. Þvarg og þras um þjóðerni og trúarbrögð leiða þar ekki til nokkurrar niðurstöðu.

*Höfundur er skráður í Frjálslynda flokkinn.*

# Methalli á viðskiptum við útlönd - verðbólga í hámarki

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Viðskiptahalli er nú meiri en nokkru sinni fyrr og verðbólga einnig mikil. Vaxtahækkanir Seðlabankans hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Þeim var ætlað að slá á verðbólguna og stuðla að því, að Seðlabanka tækist að halda verðbólgunni innan viðmiðunarmarka, sem eru 2,5%. En það hefur mistekist. Verðbólgan er langt umfram markmið Seðlabankans í þessum efnum þrátt fyrir stanslausar vaxtahækkanir.

**Viðskiptahallinn 109 milljarðar**

Halli á vöruskiptajöfnuði landsins nam 109,l milljarði króna fyrstu 10 mánuði ársins. Til samanburðar má geta þess, að hallinn á sama tímabili á síðasta ári nam 81,8 milljörðum. Ástandið fer því versnandi. Í oktober nam vöruskiptahallinn 7 milljörðum. Þetta er methalli og mikið áhyggjuefni. Alls nam útflutningur á þessu tímabili í ár 193,2 milljörðum en innflutningur 302,4 milljörðum. Það er einkum mikill innflutningur fjárfestingarvara, sem veldur halla á vöruskiptajöfnuðinum en einnig er mikill innflutningur á flutningatækjum og neysluvörum.

**Verðbólgan 12,5% frá 2004**

Á sama tíma og þjóðin býr við methalla í viðskiptum við útlönd fer verðbólgan vaxandi, þegar yfir lengri tíma er litið, og brennir upp kjarabætur launþega og eftirlaunafólks. Frá 2004 nemur verðbólgan 12,5%. Svo virðist þó sem örlítið sé að hægja á verðbólgunni nú. Greiningardeild Glitnis spáir 9% verðbólgu á árinu. Er það mesta verðbólga í Evrópu.

*Ljóst er, að barátta ríkisstjórnar og Seðlabanka gegn verðbólgunni hefur mistekist.*

**Baráttan hefur mistekist**

Ljóst er, að barátta ríkisstjórnar og Seðlabanka gegn verðbólgunni hefur mistekist. Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti ört í því skyni að styrkja gengi íslensku krónunnar svo verð innfluttra vara mundi lækka. Þessi ráðstöfun hefur verið mjög umdeild, þar eð hún hefur bitnað mjög á útflutningsatvinnuvegunum, sem hafa fengið minna en áður fyrir útfluttar vörur vegna sterkrar stöðu krónunnar. Krónan hefur að vísu lækkað nokkuð aftur. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum hafa ekki stutt nægilega við stefnu Seðlabankans. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur skapað þenslu. Þessir aðilar hafa ekki verið nægilega samstíga í baráttunni við verðbólguna.

**Kjararýrnun er orðin mikil**

Verðbólgan er nú orðin það mikil, að kjararýrnun er orðin veruleg. Verkafólk sér nú, að þær litlu kjarabætur, sem samningar eiga að veita þeim, brenna upp á verðbólgubálinu. Greiðslur af húsnæðislánum hafa þyngst verulega og eiga margir láglaunamenn nú erfitt með að halda íbúðum sínum.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

**Nýlendustefna**

Athugasemd við greinina „Hvað er nýlendustefna og hverjir voru kostir hennar og gallar“ sem birtist í Fréttablaðinu 2. desember sl.

Sumt er með þeim hætti í greininni að ég get ekki fellt mig við framsetninguna. Vil fá að vita hvernig þessi fullyrðing stendur og hvernig fengin. „Íbúum Mexíkós fækkaði úr um 25 milljónum í eina milljón á tímum Hernando Cortés (1485-1547) í byrjun 16. aldar.“

Sem áhugamaður um sögu Spánar og landafunda þeirra, ásamt framferði þeirra við hernað og búseta í nýlendunum, finn ég hvergi neitt sem styður þessa hræðilegu fullyrðingu frá sögukennara í HÍ. Það liggur vel ljóst fyrir hvenær Cortés hóf för sína vestur um haf. Þess vegna sé ég ekki tilgang að segja frá hve lengi hann lifði eða í 62 ár. Þessi ægilega mergð fólks, sem sagt er að hafi dáið í Mexíkó, „dó“ því á fárra ára tímabili. Ég hefi nýjustu útgáfu á sögu Spánar vegna 500 ára tímamóta um landafundina og finn ekkert þar um þennan fjölda.

Ennfremur segir: „Fyrstu nýlenduveldin í þessum skilningi voru Portúgal og Spánn. Portúgalar hófu að sigla niður eftir strönd Afríku á 15. öld og spænsku konungshjónin Ferdínant og Ísabella styrktu Kólumbus til ferðar sinnar árið 1942.“

Ekkert veit ég um ferðir Portúgala „niður með strönd Afríku“. Hitt er vel skjalfest að Kólumbus fór nokkrar ferðir til eyjanna vestur af Afríku á árunum 1480-86.(Frásögn af þessum ferðum hefi ég úr nýju útgáfunni). Þegar það var ljóst að jörðin var ekki flöt, sáu báðar þessar þjóðir hag sínum betur borgið að gera með sér samning um ákveðin yfirráð. En um það fjallar Tordesillas-samningurinn (kenndur við stað á Spáni). Hollendingar gerðu miklu, miklu meira en að taka smáríkið Guina (sem fæstir lesendur vita hvar er, innskot mitt). Þeir fóru til Indónesíu og mergsugu nýlendur sínar. Það gerðu nýlenduveldin öll, meira og minna.

Þess vegna fær það ekki staðist í greininni, að „móðurlandið nýtir auðlindir nýlendunnar og nýlendan er síðan hentugur markaður fyrir unnar vörur móðurlandsins“. Eftir því sem ég fæ skilið var nær eingöngu um það að ræða að „kúgarinn“ hirti auðæfin heim til sín og vann úr þeim fyrst og fremst til eigin hagsbóta. Ég gæti nefnt hér mörg dæmi um tímabil, sem stóð yfir í um 250 ár. Doðrantur í höndum mínum um sögu Afríku segir það. Ég tel feng í fyrir lesendur Fréttablaðsins að fá svör á þessum vettvangi. Vænti þess hins vegar að allmikil nákvæmni og sannleikur einkenni svarið.

**Jón Ármann Héðinsson, eldri borgari í Kópavogi.**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# MAX DÚNDUR VERÐ

10stk **49.999 kr.**



**Sony DCRS30 tökuvél**
- Stafræn tökuvél með hörðum disk
- 20x Optical aðdráttarlinsa
- 30GB harður diskur
- Night Shot möguleiki
- 2,5" LCD skjár
- Fjarstýring fylgir

STAFRÆN TÖKUVÉL MEÐ 30GB HÖRÐUM DISK

2.5 tommur

almennt verð ~~79.999~~



**22.999 kr.** 50stk

**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical og 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt

almennt verð ~~29.999~~



**1.999 kr.**

**Melissa 638135**
- Multi Trimmer
- Fyrir skegg, nef og eyru
- 4 mismunandi hausar

almennt verð ~~2.999~~



**12.999 kr.** 20stk

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**Philips HTS3100**
- Heimabíósett með DivX DVD spilara
- 400w (4x25w-2x50w RMS) Digital magnari
- Fjölkerfa DVD spilari
- Video Upsampling
- 5 litlir hátalarar og bassabox
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 20 stöðvaminnum
- SCART (með RGB), S-Video og RCA tengi
- Aux inn

almennt verð ~~22.999~~



**2.999 kr.**

**Melissa 631015**
- Þægilegur hitapúði
- Þrjár stillingar

almennt verð ~~3.999~~



12stk **54.999 kr.**

**GeneralFrost RF360-1671A**
- 191sm stál kæliskápur
- 90 lítra frystir
- 225 lítra kælir
- 341 lítrar brúttó
- Mál (hxbxd): 191x60x60sm

almennt verð ~~79.999~~



**1.899 kr.** DVD Nýtt!

almennt verð ~~2.499~~

CARS - DVD



**2.999 kr.** DVD Nýtt!

almennt verð ~~3.999~~

Grey's Anatomy - Sería 2 - DVD



**1.799 kr.** 2CD Nýtt!

almennt verð ~~2.499~~

POTTÞÉTT 42 - 40 pottþétt lög - Tveir CD

Nýtt kortatímabil!

**OPIÐ til kl. 22**
ALLA DAGA TIL JÓLA

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Glæsilegt úrval gjafavara
# ... í átta verslunum!



**AEG**

Blandari sem endist og endist - enda frá AEG.
Jólaverð kr.: 6.990.

**SAMSUNG**



Stál - kámfríir SAMSUNG kæliskápur RS21KCSM
Lakkað stál.

Kælir og frystir – 176 x 91 x72 cm, tvö kælikerfi, klakavél og kalt vatn.
Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
Kælir 334 ltr og frystir 186 ltr. – alls 520 ltr.
Orkunotkun 528 kwh á ári.

JÓLATILBOÐ KR. 199.900.-

**Solis** OF SWITZERLAND



Hágæða Espresso kaffivél.
Jólaverð kr.: 29.900.



**AEG**

AEG RYKSUGUR
Jólaverð frá kr. 10.900.

**AEG**



AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Jólaverð kr.: 89.900 *Stál*
Jólaverð kr.: 79.900 *Hvít*



**AEG**

Alsjálfvirk kaffi og espresso kaffivél
Jólaverð kr.: 49.900.

**TEFAL**



TEFAL straujárn
Jólaverð kr.: 4.790.

Brabantia strauborð
Jólaverð kr.: 6.490.

**Solis** OF SWITZERLAND



Mínútugrill fyrir alvöru matgæðinga.
Jólaverð kr.: 10.990.



## VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

Ávaxta- og grænmetis-safapressan frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.

**Solis** OF SWITZERLAND

**AEG**



Lavamat 52820 Lavatherm 54810

AEG ÞVOTTAVÉL (1200 sn/mín) OG ÞURRKARI
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
~~Listaverð kr.: 168.000~~ Jólaverð kr. 140.000.

## *Njótið vöruúrvalsins í 8 ORMSSON*



ORMSSON-LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800



ORMSSON-SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800




ORMSSON-SMÁRALIND
SÍMI 530 2900



ORMSSON-AKUREYRI
SÍMI 461 5000



ORMSSON-KEFLAVÍK
SÍMI 421-1535



MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

# fyrir alla fjölskylduna

## Bylting á leikjatölvumarkaðnum:




Útgáfudagur leikjatölvunnar Wii
frá Nintendo er í dag!




„Það er allt að verða vitlaust!"

**Nintendo Wii er bylting í leikjatölvum.**
Wiimote fjarstýringin er með hreyfiskynjara, sem nemur nákvæmlega hvernig þú snýrð, hreyfir þig eða sveiflar höndunum – þú getur staðið upp og leikið leikina. Fjöldi leikja kominn. Wii getur spilað Game Cube leikina. Innbyggt þráðlaust netkort – tengjanleg við netið.

**Því miður er fyrsta sending uppseld,** en önnur sending kemur seinni hluta næstu viku og sú þriðja þar á eftir. Gerum ráð fyrir að eiga upp í þegar komnar pantanir í næstu viku og síðan kemur að öllum öðrum áhugasömum.

**Nintendo Wii selst þrisvar sinnum meira en PS 3 í Bandaríkjunum og Japan. Hvað segir það okkur?**

**Sjá nánar á www.nintendo.is**

OLYMPUS



OLYMPUS MJU 725 SW
7.1 milljón pixlar. Vatnsheld. Höggþétt.
Jólaverð kr.: 38.900.

SAMSUNG



SAMSUNG MP3 spilari
1 Gb með útvarpi.
Litir: Svartur, grár, silfur og bleikur.
Jólaverð kr.: 19.900.

OLYMPUS



OLYMPUS mju 740
Stafræn myndavél. 7,1 milljón pixlar.
Jólaverð kr.: 33.900.

SAMSUNG



SAMSUNG ljósmyndaprentari.
Draumur ljósmyndarans – galdratæki.
Jólaverð kr.: 14.900.

Nintendo



NINTENDO DS Lite
Leikjatölvan vinsæla.
Frábært leikjasafn.
Jólaverð kr.: 16.900.

QONIX



QONIX RDA-4730
Ferðatæki - útvarp, CD og segulband.
Jólaverð kr.: 5.990.

## *Hér sérðu mestu gæðin!*




LOEWE.

LOEWE Xelos SE
HÁGÆÐA 32" LCD SJÓNVARP
~~Listaverð kr.: 299.900~~ – Jólaverð kr.: 219.900.




Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVÖRPUM

PIONEER PDP-4270XA 42" PLASMA sjónvarp
**Það flottasta á markaðnum!** – Jólaverð kr.: 359.900.

## *verslunum:*



ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

# ORMSSON

WWW.ORMSSON.IS

*... og hjá* **UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT**

**BJÖRN HLYNUR HARALDSSON LEIKARI ER 32 ÁRA Í DAG**

*Við erum loksins búin að átta okkur á því að við erum engir aumingjar, en um leið og við skiljum það, þá vöðum áfram í þessu mikilmennskubrjálæði. Og það kemur að því að við eigum öll eftir, öll þjóðin, að hlaupa á stóran og þykkan vegg og átta okkur á þessu.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. DESEMBER 1980

## *John Lennon myrtur í New York*



Á þessum degi eru tuttugu og sex ár síðan að morðið á John Lennon skók heimsbyggðina. Lennon var eins og flestir vita einn frægasti tónlistarmaður heims. Eftir árin með Bítlunum og sólóferil sinn hafði Lennon haft hægt um sig í nokkur ár, en 1980 sneri hann aftur til með plötunni Double Fantasy, sem hann og eiginkona hans, Yoko Ono, unnu saman.

Lennon og Yoko Ono voru á heimleið eftir að hafa varið nokkrum klukkutímum í hljóðveri við tökur á nýju lagi Yoko Ono, þegar Mark David Chapman skaut Lennon fjórum sinnum í bak og öxl. Chapman hafði fyrr um daginn beðið hjónanna utan við heimili þeirra í byggingunni Dakota til þess að fá eiginhandaráritun frá Lennon, en hann var mikill aðdáandi tónlistarmannsins. Eftir árásina lagði Chapman frá sér byssuna og settist á gangstéttina, þar sem lögregla handtók hann. Lennon var fluttur á Roosevelt-sjúkrahúsið, en sökum mikils blóðmissis lést hann á leiðinni þangað. Fréttirnar bárust um heiminn eins og eldur í sinu, og aðeins örfáum mínútum eftir að fyrstu fréttum af láti fyrrverandi Bítilsins var útvarpað hóf fólk að safnast saman fyrir utan heimili hans. Þar baðst það fyrir, söng lög hans og kveikti á kertum.

Chapman játaði sök og hlaut fangelsisdóm frá tuttugu árum til lífstíðar. Honum hefur fjórum sinnum verið neitað um reynslulausn, síðast í október í ár.

## MERKISATBURÐIR

**1587** María Stúart, Skotadrottning, er tekin af lífi í Englandi.

**1936** Tíðindum þykir sæta þegar listverslun er opnuð í Reykjavík.

**1941** Bandaríkjamenn lýsa yfir stríði á hendur Japönum, einum degi eftir árásina á Perluhöfn.

**1971** Samkomulag um stjórnmálasamband Íslands og Kína er formlega undirritað.

**1978** Golda Meir, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, andast í Jerúsalem.

**1987** Leiðtogar Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, Reagan og Gorbatsjov, skrifa undir samkomulag um að draga úr kjarnorkuvopnabúnaði.

## AFMÆLI



**Ragnar H. Hall** lögmaður er 58 ára.



**Sólveig Anspach** kvikmyndagerðarkona er 46 ára.



**Guðni Finnsson** bassaleikari er 36 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**Sammy Davis Jr.** söngvari og leikari 1925



**Jim Morrison** söngvari 1943



**Kim Basinger** leikkona 1953



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Lillý Steingrímsdóttir**

Þverholti 10, Keflavík,

sem lést á Heilsustofnun Suðurnesja, 12. nóvember sl., verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilsustofnun Suðurnesja.

**Jón Ísleifsson**
**Steinunn Stefanía Magnúsdóttir**
**Ólafur Eggert Júlíusson**
**Sigtryggur Leví Kristófersson**
**Ísleifur Jónsson**
**Svanlaug Jónsdóttir**
**Hildur Nanna Jónsdóttir,**
**ömmu-, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Ottó Bjarnason**

frá Böðvarsholti, Ennisbraut 18, Ólafsvík,

verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 9. desember kl. 13.30. Jarðsett verður frá Ingjaldshólskirkjugarði.

**Kristín Jóna Guðjónsdóttir** **Gunnar H. Hauksson**
**Bjarni Guðjónsson** **Bjarney Guðmundsdóttir**
**Jóhann Pétur Guðjónsson** **Þórey Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

**BERGLJÓT ARNALDS:** FAGNAR TÍU ÁRA ÚTGÁFUAFMÆLI

# Eilífðarhátíð Stafakarlanna

„Það kom mér svo sannarlega á óvart hversu vel þetta hefur gengið,“ segir Bergljót Arnalds, höfundur Stafakarlanna, sem eiga tíu ára útgáfuafmæli um þessar mundir. Blásið var til veislu í Borgarbókasafninu á miðvikudag í tilefni tímamótanna þar sem fjöldi manna kom saman, málaði myndir og efndi til myndlistarsýningar. „Annars er þetta bara eilífðarhátíð,“ segir Bergljót og hlær.




**STAFAKARLARNIR** Komu fyrst út á bók fyrir tíu árum en hugmyndin kviknaði sjö árum fyrr.



**BERGLJÓT ARNALDS** Ætlaði alltaf að verða rithöfundur og leikkona en datt ekki í hug að skrifa fyrir börn fyrr en hún eignaðist son sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þótt Stafakarlarnir eigi tíu ára útgáfuafmæli eru þeir í raun nokkuð eldri því hugmyndina fékk Bergljót sjö árum fyrr. „Þetta byrjaði sem saga sem ég las fyrir strákinn minn þegar hann var þriggja eða fjögurra ára. Sagan virkaði vel á hann og sjálfri fannst mér vanta svona bók á Íslandi þannig að ég ákvað að reyna að fá hana gefna út. Mér fannst bara frábært að hún skyldi vera gefin út og pældi ekkert í metsölulistum eða neinu slíku, það kom mér allt mjög á óvart.“

Bergljót segist alltaf hafa ætlað að verða rithöfundur og leikkona og byrjaði að skrifa leikrit fyrir fullorðna. „Ég hafði ekki hugsað um að skrifa fyrir börn fyrr en sonur minn fæddist, en ég var sjálf mjög ung þegar ég átti hann. Ég las fyrir hann og með honum á hverju kvöldi þangað til hann var níu ára. Eftir að ég skrifaði söguna fyrir hann var þetta bein leið og ég hef skrifað nokkrar barnabækur síðan Stafakarlarnir komu út.“

Bergljót segist eiga auðvelt með að tengjast börnum. „Þau eru svo miklir heimspekingar á þeim aldri sem ég skrifa fyrir, sífellt að pæla í hlutunum. Ég held að lykillinn að því að ná til barna sé virðing og kærleikur, eins og með allt í lífinu. Það á aldrei að tala niður til þeirra.“ Auk þess að fagna tíu ára útgáfuafmæli koma Stafakarlarnir nú út á ensku í fyrsta sinn auk þess sem Bergljót var að gefa út jólasveinasögu á hljóðbók. „Svo er maður alltaf með eitthvað í handraðanum sem verður bara að koma í ljós hvað verður úr.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Ölgerðin hlaðin verðlaunum

Ölgerð Egils Skallagrímssonar hlaut sjöttu bjórverðlaun sín á árinu þegar Egils Premium fékk silfurverðlaun í keppninni European Beer Star á dögunum. Keppnin var skipulögð af samtökum ölgerða í Bæjaralandi. Egils Lite, sem fyrr á árinu hlaut gullverðlaun í Mondé Selection og á World Beer Cup, fékk að þessu sinni bronsverðlaun í flokki mildra bjóra. Þetta eru önnur silfurverðlaunin sem Premium hlýtur í ár, og jafnframt var Egils Gull verðlaunaður á Mondé Selection, þar sem hann lenti í öðru sæti.

Ölgerðarmenn eru að vonum ánægðir með árangurinn á árinu, og er Guðmundur Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar, á því að viðurkenningarnar staðfesti að þróunarstarf fyrirtækisins gefi því sem á sér stað í öðrum löndum ekkert eftir. Hann segir góða þekkingu vera til staðar á landinu, og lítur á viðurkenningarnar sem hvatningu.

Premium bjórinn hefur verið á markaði í tæp tvö ár, en hann er bruggaður í íslensku korni eftir aldagömlum aðferðum. Framleiðsluferli hans er jafnframt lengra en flestra annarra bjóra.

-sun



**BJÓRAR ÖLGERÐARINNAR VERÐLAUNAÐIR Í BÆJARALANDI** Guðmundur Mar Magnússon og Lárus Berg frá Ölgerðinni taka við verðlaunum frá fulltrúum samtaka ölgerða í Bæjaralandi.




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Þreytandi þreyta

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER SÍÞREYTTUR



Af öllum þeim líkamlegu og andlegu kvillum sem hrjá mig er síþreytan verst. Ég útiloka ekki einu sinni að hún sé frumforsenda alls hins. Veit það ekki.

Ég er of þreyttur til þess að nenna að reyna að muna hversu lengi ég hef glímt við þennan vágest og er löngu hættur að nenna að berjast gegn þessu. Þetta hlýtur að eiga að vera svona. Þungur kross nútímamanns sem fær sína andlegu næringu nær einungis í gegnum amerískt afþreyingarefni og er úr öllum tengslum við sjálfan sig og náttúruna.

Uppgjöfin á sér þó langan aðdraganda með alls kyns tilraunum með skyndilausnir enda eru þær einu lausnirnar sem maður hefur tíma til að prufa. Gegndarlaus koffín- og sykurneysla var fyrsta skrefið. Virkaði ekki. Þá var bætt við rótsterku espressó í lítravís á dag. Virkaði ekki en skilaði sér í magasári. Þá voru það orkudrykkirnir. Þeir gerðu ekkert þegar þeim var bætt saman við koffínmengaða blóðrásina. Þetta voru umtalsverð vonbrigði þar sem þarna trúði ég því í einlægni að lausnin væri komin.

Þá komu pillurnar. Koffíntöflur, gingseng, lýsistvenna, spírúlína og fleira sem ég kann ekki lengur að nefna.

Þrátt fyrir allan þennan magnaða kokkteil gerist ekkert. Ekki lágmarkslífsmark og ég held áfram að ganga vakandi í svefni. Ég er helst farinn að hallast að því að þessi þreyta sé andleg og eigi rætur sínar í hausnum á mér. Það eina sem mælir á móti því að ég er svo ægilega hress, í svo miklu jólaskapi og nýt alls þess sem ég sé, heyri og skynja. Ég hlýt því að vera að gera eitthvað rangt sem veldur því að ég er lamaður frá hálsi og niður úr.

Þetta er kannski spurning um að fara fyrr að sofa og borða trefjar. Ætti ég að nenna að tékka á því?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PSP
leikjaúrvalið er í BT
FRÁBÆRIR LEIKIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!
LocoRoco
4.999
Daxter
4.999
Scooby-Doo! Who's Watching Who?
4.999
LEGO Star Wars II The Original Trilogy
4.999
EINNIG FÁANLEGIR ALLIR BESTU ÍÞRÓTTALEIKIRNIR!
Spilaðu alla uppáhaldsleikina þína hvar sem er, hvenær sem er!
FIFA 07
4.999
Tiger Woods PGA Tour 07
4.999
NBA Live 07
4.999
...OG SVO ALLIR ÞESSIR!
Killzone Liberation
4.999
Dark Mirror
4.999
Gangs of London
4.999
Tekken
4.999
Carbon
4.999
Ridge Racer 2
4.999
MotoGP
4.999
PSP
í jólapakkann
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

**!** **Kl. 10.00**

*Á sýningunni Uncertain States of America í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru Hans Ulrich Obrist og Daniel Birnbaum en Gunnar Kvaran, fyrrv. safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, kom einnig að vinnu við sýninguna. Sýningin stendur til 21. janúar 2007.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Opnun smámyndasýningar

Smámyndasýning Art-Iceland.com verður opnuð í húsakynnum gallerísins á Skólavörðustíg 1a á morgun en í dag lýkur sýningu Gunnars S. Magnússonar og Álfheiðar Ólafsdóttur. Tuttugu listamenn eiga verk á smámyndasýningunni, þar á meðal Ester Jóhannesdóttir, Árni Rúnar Sverrisson, María Jónsdóttir, Ágúst Bjarnason og Ástrós Þorsteinsdóttir. Listamennirnir og Art-Iceland.com gefa 10% af allri sölu af smámyndasýningunni til Barnaheilla.

Þess má geta að galleríið starfar einnig á netinu og geta áhugasamir listunnendur nálgast upplýsingar um verk og listamenn á samnefndri heimasíðu þeirra.

Í tilefni af opnuninni mun tónlistarmaðurinn KK skemmta gestum á morgun og eru gestir því hvattir til að mæta tímanlega en sýningin verður opnuð kl. 13 á morgun.



**TÓNLISTARMAÐURINN KK** Leikur ljúfa tóna á Skólavörðustígnum á morgun.




**> Dustaðu rykið af...**

sígildum ævintýrum **Thorbjörns Egner**. Kærleiksríkur boðskapur **Dýranna í Hálsaskógi** á til að mynda alltaf við og „gott er að borða gulrótina, grófa brauðið, steinseljuna...“

## NÝJAR BÆKUR

**Lífsreglurnar fjórar** eftir Don Miguel Ruiz er leiðarvísir að persónulegu frelsi sem byggist á fornri visku Tolteka-indjána. Lesanda eru kynntar fjórar einfaldar en magnaðar lífsreglur sem vísa leiðina að frelsi og sjálfstæði. Höfundurinn er af ætt græðara og seiðmanna sem iðkað hafa Tolteka-fræðin frá alda öðli og er þekktur fyrir bækur sínar. Salka gefur bókina út en þýðandi er Birgitta Jónsdóttir.



Njála er án efa ein af áhrifamestu og vinsælustu Íslendingasögunum enda þykir hún afburða vel skrifuð og mannlýsingar hennar einstakar. Í bók sinni **Njála lifandi komin** endursegir Jóhannes Eiríksson söguna og tengir við söguslóðir með glæsilegum ljósmyndum. Saman vekja nútímalegur texti og ljósmyndir Jóhanns söguna til lífs á nýrri öld og hrífa lesendur með sér á vit margslunginnar örlagasögu. Salka gefur bókina út.



**Ræktað, kryddað, kokkað** er fræðandi rit þar sem fjallað er um kryddræktun og kryddnotkun á aðgengilegan hátt. Bókin geymir upplýsingar og myndir af fjölmörgum íslenskum og erlendum kryddjurtum, fróðleik um ræktun þeirra og uppskriftir frá landsþekktum matreiðslumeisturum þar sem kryddið fær notið sín til fullnustu. Höfundur bókarinnar er Magnús Jónasson en útgefandi er Ritskinna.





**TÓNLIST** Þau voru hress á æfingum í gær, Jónas Ingimundarson og Inesse Galante.

# Inesse Galante í Salnum

**Óperuaðdáendur eiga von á veislu í kvöld af sætum völdum molum úr vinsældalista óperutónlistarinnar. Þá verður lettneska söngkonan Inesse Galante með tónleika í Salnum og nýtur undirleiks Jónasar Ingimundarsonar. Hefjast tónleikarnir kl. 20 og eru í Tíbrár-röðinni. Á efnisskrá eru antique-aríur og rússnesk sönglög ásamt glæsilegum sópranaríum úr þekktum óperum.**

Inessa Galante er fædd í Ríga þar sem hún kom fram á unga aldri en móðir hennar var söngkona. Strax á námsárunum vakti hún gríðarlega athygli og ung að árum tókst hún á við mörg lykilhlutverk óperubókmenntanna, svo sem Violettu í La Traviata, Gretu í Faust og Luciu di Lammermoor, sem hún söng að sjálfsögðu í sínu heimalandi, en einnig sem gestur t.d. í Moskvu og hjá Kirov í St. Pétursborg og víðar. Hún vakti ekki athygli á Vesturlöndum fyrr en hún fór með litháskum óperuflokki til Bandaríkjanna. Þá hvöttu bæði Zubin Mehta og Yehudi Menuhin hana til að flytjast þangað en hún hikaði. Það var síðan 1992 að hún réðst til óperunnar í Mannheim og hafði þá tuttugu stórhlutverk á reiðu. Síðan hafa tveir tugir hlutverka bæst við skrá hennar: Yolanta í samnefndri óperu Tschaikowskis, Vivetta í L'Arlesienne eftir Cilea, Leonora í Il Trovatore, Donna Elvira í Don Giovanni, Mimi í La Boheme og svo Madame Butterfly, Turandot, Brúðkaup Fígarós, Valkyrjur Wagners og fleiri.

Dagskrá kvöldsins ber það með sér: í seinni hlutanum eru Si.Mi chiamano Mimi úr La Boheme, Un bel di vedremo úr Madame Butterfly, O mio babbino caro ор Gianni Schicci, Sola, perduta, abbandonata úr Manon Lescaut og Vissi d´arte úr Tosca. Allt vinsælustu popplög Pucchini. Þá tekur hún líka aríur eftir Bellini (Norma), Cilea (Adriana Lecouvreur) og Gounod (Faust).

Fyrri parturinn er settur saman af eldri óperuaríum eftir Händel, Giordani og Ciampi, auk sönglaga eftir Caccini, Glinka og fleiri. Galanti tók að hljóðrita frekar seint en frá síðasta áratug eru fáanlegar um tugur útgefinna hljóðritana á diskum með túlkun hennar á ýmsum pörtum úr lagasafni sóprana. - pbb

# Tilnefningar birtar

Tilkynnt var í dægurmálaþættinum Kastljósi í Ríkissjónvarpinu í gærkvöldi hvað verk eru tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sem Félag bókaútgefenda stofnaði til fyrir nokkrum árum. Tilnefningar eru í tveimur flokkum sem kunnugt er: fagurbókmenntum og fræðiritum.

Í flokki fagurbókmennta voru eftirtalin verk tilnefnd: Fyrir kvölddyrum eftir Hannes Pétursson, ljóðabók sem Mál og menning gefur út; Guðlausir menn eftir Ingunni Sædal, ljóðabók sem Bjartur gefur út, en Ingunn hlaut fyrr á þessu hausti bókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar kennd við Tómas Guðmundsson fyrir verkið; Tryggðapantur eftir Auði Jónsdóttur, skáldsaga sem Mál og menning gefur út; Sendiherrann eftir Braga Ólafsson, skáldsaga sem Mál og menning gefur út; Aldingarðurinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, smásagnasafn sem Vaka Helgafell gefur út.

Í flokki fræðirita eru eftirtalin rit tilnefnd: Skáldalíf eftir Halldór Guðmundsson sem JPV útgáfa gefur út; Upp til Sigurhæða, ævisaga Mattíasar Jochumssonar eftir Þórunni Erlu Valdimarsdóttur sem JPV útgáfa gefur út; Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason sem Mál og menning gefur út; Hellar á Íslandi eftir Björn Hróarsson sem Vaka Helgafell gefur út; Óvinir ríkisins eftir Guðna Th. Jóhannesson sem Mál og menning gefur út.

Nú tekur til starfa þriggja manna nefnd sem velur eitt verk úr hvorum flokki. Þar í sitja formenn valnefndanna Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur og Kristján Kristjánsson kynningarfulltrúi, auk formanns sem skrifstofa forseta Íslands skipar, það er Stefán Baldursson leikstjóri.

Áætlað er að verðlaunin verði afhent á Bessastöðum um mánaðamót janúar og febrúar. - pbb

Opið til 22:00
fram að jólum



1.590,-
GLÄNSA
ljósakrans Ø40 cm
IKEA
www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2006

## NÝJAR BÆKUR

Forlagið Salka gefur út ljóðabók Kristínar Ómarsdóttur, **Jólaljóð**. Kristín hefur gefið út ljóðabækur, smásögur, skáldsögur og skrifað leikrit en hún er þekkt fyrir ljóðrænan og prakkaralegan stíl sem hrífur lesandann á óvænta staði. Hún er jólabarn í hjarta sínu og í bókinni skyggnist hún inn í stemningu og töfra aðventunnar, hátíðanna og vetrarins.






Bókaútgáfan Æskan gefur út söguna **Stelpan sem talar við snigla** eftir Freystein Björnsson og Freydísi Kristjánsdóttur. Kolla fer í rannsóknarleiðangur til fjalls með afa sínum en hana langar ákaflega til að finna hreiður en fuglarnir eru býsna lunknir að fela eggin sín. Eysteinn hefur skrifað bæði skáldsögur og ljóð fyrir börn og fullorðna en Freydís hefur myndlýst fjölda bóka.




Barnabókin **Mitt er betra en þitt** eftir Þorgerði Jörundsdóttur fjallar um meting tveggja vina um gæludýrin sín og dreka sem verður hrikalega ægilegur þegar á líður. Útgefandi er Bókaútgáfan Æskan en Þorgerður vann til fyrstu verðlauna í samkeppni forlagsins í fyrra fyrir bókina Þverúlfs saga grimma. Bókin er ríkulega myndskreytt með stóru og skýru letri fyrir yngstu lesendurna.

**Dætur hússins** eftir Michéle Roberts kemur út hjá forlaginu Sölku. Þar er á ferð heillandi þroskasaga tveggja stúlknanna Thérése og Léonie sem alast upp í skugga gyðingaofsóna og kaþólsks trúarhita og hittast á ný eftir tuttugu ára aðskilnað. Grímurnar falla og sárar minningar þeirra gera endurfundi þeirra óbærilega en uppgjör er óumflýjanlegt. Höfundurinn var tilnefndur til Bookerverðlaunanna fyrir bókina. Þýðandi er Fríða Björk Ingvarsdóttir.



# BT

# Toshiba Satellite



## TOSHIBA

PSL33E-00G016N5
TOSHIBA SATELLITE L30-140
Intel® CeleronM 410A
14" WideXGA skjár
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
40GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort

Windows XP home edition SP2
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
PowerDVD
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

**VAXTALAUST**
**1.GREIÐSLA 1.MARS**

aðeins **50** STK

**2.767****

**Ótrúlegt verð**

- Intel Celeron M -Fyrir kraftinn
- 40GB harður diskur -Fyrir gögnin
- ATI Radeon X200 -Fyrir leikina
- 512 Mb minni -Fyrir vinnsluna
- 14"WideScreen -Skjár
- Þráðlaust net -Til þæginda

| 2.767 | 5.799 | 69.588 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## MYNDAVÉL

**SONY**

DSCW30
Sony CyberShot
6 Megapixlar
Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
3x optical aðdráttur
(6x Precision digital)
2.0" LCD litaskjár
Lithium-Ion rafhlaða
& hleðslutæki
400 myndir á hleðslu

| 1.999 | 23.988 |
|---|---|
| *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## MYNDAVÉL

**Panasonic**

DMCLZ5BS
6.0 Megapixel myndflaga - effective
Leica DC Vario linsa
6x optical aðdráttur (4x digital)
2.5" TFT LCD litaskjár
PictBridge

BABY MODE

Vönduð Leica linsa

| 2.499 | 29.988 |
|---|---|
| *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## MYNDAVÉL

**Canon**

Canon Ixus i7
7,1 megapixlar
2,4x aðdráttur um linsu
ISO 80-1600
Hreyfimyndataka
Digic III örgjörvi
17 myndstillingar
Falleg hönnun
Andlitsleitarkerfi tryggir skarpann fókus
16mb SD minniskort fylgir
105g

Fæst blá eða bleik

| 3.299 | 39.588 |
|---|---|
| *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

Jólasveininn verslar í BT!

# 32"PANASONIC TÆKI

NÝTT KORTA TÍMABIL

32"



32.000 VERÐLÆKKUN

**6.277****

**Panasonic**

TX32LX60F

32" Panasonic LCD sjónvarp
Ný Panasonic LCD AI myndstýring
Upplausn: 1366x768
Kontrast 1200:1
500 síðna textavarpsminni
2x 10W Hljómur
2x HDMI tengi
PAT mynd & textavarp
Mál með standi: 791 x 615 x 301 mm
Mál: 791 x 563 x 107 mm
Boys Toys Winner Reccomended Award - Maí 2006
Hrikalega flott tæki!

DVD Upptökutæki

DMRES15
PANASONIC DVD
UPPTÖKUTÆKI
Timeslip

~~35.999~~

FYLGIR

| 6.277 | 13.999 | 167.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |




# Véfrétt að hætti Vésteins

Mikilvægt er að átta sig á því hver mælir og hver hlýðir í ljóðum, hver talar við hvern. Áður en ég opna heitir fyrsta ljóðið og þannig birtist skáldið okkur í þessari bók: ljóðmælandinn nálægur og ágengur í fyrstu persónu eintölu, beinir sjónum tíðum að eigin veru en getur þá verið hver og hvað sem er, jafnvel þú. Er mikið niðri fyrir, boðberi reynslunnar, birtir lesandanum véfrétt, ávarpar hann þó tæpast beint og „þú“ er fremur sérhver eða jafnvel sá sem yrt er á innan ljóðsins heldur en lesandinn einn (dæmi um „þig“ á bls 29, 30, 40-43). Því síður bítur skáldið sig fast í raunveruleikann einan og skynjanlegan, skeytir víðari rýmd og vekur að auki (sjálfstæðan) veruleika ljóðsins til lífs sem allteins á sér samsvaranir utan sýnilegrar veru.

Rödd skáldsins er engu að síður aðkallandi, hún er vitringur og völva sem opnað getur gáttir tilvistar utan takmarka holdsins og þekkir af reynslu þau lífsgildi hérvistar sem þokað gætu sérhverjum áleiðis og þá ekki síður þær raunir sem hefta för – og býður lesandanum ástæðu til að hlýða messu. Rödd sem grunar hvernig ódauðlegum beri að lú garðinn sinn. Rödd sem mælir þótt hún annars mæri þögnina og láti ekki glepjast:

*Til hvers að opna munninn*
*hafi maður ekkert annað að segja*
*en það sem öngullinn stingur að fiskinum? (23)*

Bókin skiptist í tvo hluta; Opnað – Lokað og Óð blindingjans. Í fyrri hlutanum tekst skáldið á við „hugmynd sína um lífið“ (35), „tímann handan tímans“ (28), minnir lesandann á „hversu erfitt er að vera alltaf sá sami, því húsið er opið, engin lykl í skránni“ (4), samt hægt að „læsa sig inni“ (51) og deyja út, því „þeim þarf að kenna að deyja sínum dauða sem ekki hafa lifað sínu lífi“ (24). Holt að læra það áður en „hún brestur“ (19). Í síðari hlutanum snýr skáldmælandinn orðum að sjálfum sér og kennir hvernig batnandi manni er best að lifa: „Verið hef ég dómarinn í hringnum þar sem minnið slæst við minningarnar upp á líf og dauða ... nú er ég bara haglkorn sem hlakkar til að bráðna“ (67) „verið hef ég kóngur /.../ nú er ég vatn“ (58-59). Spekin hvöss, boðorðið klárt, klökkvi hins veika er vegsemd hærri ... (laotse/helgi).

Ljóðstíllinn frumlegur ögrandi og gáskafullur, vakandi sýn á þrotlausa möguleika orðsins, skörpu orðfæri beitt á skjön gegn tuggum vanans, óvæntar ferskar líkingar og auðugt myndmál {á milli hugsana sem fá ekki að giftast fyrir þögninni“ (45).

Fyrir mér er lykillinn að skilningi á ljóðum Vésteins í þessari bók fólginn í því „landi sem djarfa sér fyrir milli heims og helju“ og „greinilega er ort af einhverju sem á ekki yfir það orð“ (49). Ekki auðfundinn sem sé, lykillinn, hvorki innan ljóðs né utan, hvorki áþreifanlegur né einsýnn, enda skaparinn (sköpunin?) orðlaus og „landið“ opið hugskot utan takmarka orðs og ljóðs þótt ekki sé það „óort“ (37). Og á meðan skáldið „leitar að orðum sem brenna“ (32) brennur á lesandanum að leita í orðum skáldsins skilnings án orða.

Er ekki hlutverk skáldsins að koma réttum orðum að því sem það vildi sagt hafa – þar til lesandinn „biður sólina að hneigja sig“ orðalaust? Þótt lífsgátan sé enn óleyst?

Sigurður Hróarsson




**BÆKUR**

**Sumir láta einsog holdið eigi sér takmörk**

Vésteinn Lúðvíksson

Bjartur

★★★★

Niðurstaða: Frumlegur og ögrandi ljóðstíll. Bók sem birtir vakandi sýn höfundarins á þrotlausa möguleika orðsins.

# Furðuleg vinnubrögð

Titill bókarinnar vísar í ummæli sem Madeleine Albright, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, viðhafði í fyrirlestri sem hún hélt í Stokkhólmi í ágúst 2004. Ekki laust við að maður hnjóti um titilinn. Ekki vegna þess að hann sé langur, heldur einfaldlega vegna þess að það hefði verið svo miklu fallegra að segja: Í helvíti er staður fyrir… Það sést, sem sagt, strax á titlinum að eitthvað er bangið við þýðinguna. Og fljótlega eftir að lestur hefst, er hún orðin pirrandi. Orð hafa verið þýdd á íslensku en röðun orða í setningar er sænsk. Það hefur alveg gleymst að þýða bókina yfir á íslenskt ritmál. Því miður, byrja alltof margar setningar á „það“ og „að“. Dæmi: „Að stelpur eru aldar upp til að eiga í samskiptum sést á leikjum þeirra“ (bls. 22), „Hvernig stelpur og strákar tala er líka mismunandi,“ (bls. 28). „Að vera vær um að láta taka mark á sér er ekki mælt í skólaeinkunnum, faglegri þekkingu eða reynslu – heldur því að hafa og geta farið með vald“ (bls. 114) – og svo ein óskiljanleg að lokum: „Að skapa sér svigrúm felur í sér að þú verður að vita hvað þú vilt í raun og veru, í raun, raunverulega“. (bls. 115).

Hér hafa aðeins verið tekin fjögur dæmi úr í bókinni – og þetta eru ekki tilfallandi setningar. Þýðingin er öll í þessum dúr og er óskiljanlegt að nokkur útgefandi sendi svona handarbaksvinnu frá sér; það er ekki eins og skortur sé á góðum prófarkalesurum.

Hvað efni bókarinnar varðar, verð ég að viðurkenna að ég er ekki alveg að átta mig á því. Hún hefst á ábendingum um þau mismunandi skilaboð og viðmót sem kynin mæta í frumbernsku, upp í gegnum uppvaxtarárin. Síðan er reynt að sýna fram á skaðlegu afleiðingarnar sem þetta allt hefur fyrir okkur stelpurnar þegar við erum orðnar fullorðnar. Höfundar segja frá sinni reynslu inni á milli. Það er vísað austur vestur, út og suður, í ýmsar fræðilegar rannsóknir – og kokkaðar upp einhverjar ályktanir. En, því miður, er fókus bókarinnar nokkuð á reiki, fyrir utan hversu flausturslega hún er unnin. Vissulega er ein og ein áhugaverð ábending inni á milli en ábendingar koma í kippum – og það er lítið sem ekkert unnið úr þeim. Hver tilgangurinn með bókinni er, er mér hulin ráðgáta. Þetta er bara ein æðibuna, jafnvel svo að á köflum veltir maður því fyrir sér hvort hún hafi verið skrifuð í einhvers konar óráði.

Uppsetning íslensku þýðingarinnar er harla óvönduð, rétt eins og hún hafi verið prentuð beint úr tölvunni án nokkurs umbrotsnosturs.




**BÆKUR**

**Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annari**

Liza Marklund og Lotte Snickare

Þýðing: Erna G. Árnadóttir

Ari

★

Ómarkviss og flausturslega unnin.

Breidd á spássíum er á reiki, sem og bil efst og neðst á síðum. Vond bók, hrákavinna.

Súsanna Svavarsdóttir

# Lennon aftur í kvikmyndahús

Þegar rétt er lokið þrennum tónleikum helguðum tónlist Johns Lennon berast þær gleðifréttir að heimildamyndin Bandaríkin gegn John Lennon verði sýnd aftur. Í fréttatilkynningu Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík segir að hún verði tekin til almennra sýninga hér á landi, en myndin var frumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í haust. „Myndin var ein sú vinsælasta á hátíðinni, en uppselt var á sýninguna með nokkrum fyrirvara og þurfti fjöldi fólks að hverfa frá.“

Myndin verður tekin til sýninga á ný í dag, 8. desember, og því gefst þeim sem ekki fengu miða fyrr í haust tækifæri til þess að sjá myndina í Háskólabíói. Bandaríkin gegn John Lennon segir sanna sögu þess hvernig ríkisstjórn Bandaríkjanna reyndi hvað hún gat til þess að þagga niður í John Lennon, sem var ekki einungis ástsæll tónlistarmaður heldur einnig boðberi friðar. Myndin inniheldur ítarleg viðtöl við þá sem þekktu hann best og sýnir líf og samtíma Lennons, hugmyndirnar sem hann barðist fyrir og gjaldið sem hann þurfti að greiða að lokum fyrir tilraunir sínar til að bæta heiminn. Enn fremur sýnir myndin fram á að dæmi Lennons er síður en svo einangrað í bandarískri sögu. Leikstjórar myndarinnar eru David Leaf og John Scheinfeld.

Það eru nokkur tíðindi að Alþjóðlega kvikmyndahátíðin skuli kaupa rétt til dreifingar en sjálfstæð fyrirtæki sem hafa engin tengsl við kvikmyndahús eru fá hér á landi.

- pbb


JOHN LENNON



GÓÐAR MYNDIR Á DVD
Ástríkur og víkingarnir
Bubbi Byggir
Gulla
Hæfileikakeppnin
Elías 1
TILVALIÐ Í JÓLAPAKKAN
Astrid Lindgren
Lína Langsokkur
Á SALTKRÁKU
Líf og fjör á SALTKRÁKU
SALTKRÁKU
Á SALTKRÁKU
RONJA Ræningjadóttir
EMIL í Kattholti
EMILS í Kattholti
EMIL
Bróðir minn Ljónshjarta
MADDITT á Sólbakka 2
MADDITT
RASMUS fer á FLAKK
LOTTA
ÍSLENSKT TAL
FÁANLEGAR Í NÆSTU VERSLUN
MYNDFORM
Trönuhraun 1, 220, hfj. Sími: 534-0400, www.myndform.is
DVD VIDEO

KRINGLU KRÁIN

Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Leitin að jólunum
Fæst nú á geisladiski í miðasölu Þjóðleikhússins og Hagkaupum.

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 uppselt,** lau. 30/12 **kl. 14:00 uppselt** og **kl. 17:00 uppselt,** lau. 6/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00**, sun. 21/1 **kl. 14:00**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fös. 8/12 **uppselt,** lau. 9/12 **uppselt.** Aukasýning sun. 10/12 **örfá sæti laus**.
**Allra síðasta sýning!**

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 **uppselt,** 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt.**

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 9/12 kl. 13:00 **uppselt,** kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt,** sun. 10/12 kl. 13:00 **uppselt,** kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt,** lau. 16/12 kl. 13:00 **uppselt,** kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt,** sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt,** kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt,** fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt,** lau. 23/12 kl. 13:00 **uppselt.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 Fös 29/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20

**BLÓÐBRÚÐKAUP**
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Sun 10/12 kl. 17 Sun 10/12 kl. 20
Miðaverð 1.500

**MEIN KAMPF**
Lau 9/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNINGAR
Síðustu sýningar

**DAGUR VONAR**
Fim 11/1 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20

**AMADEUS**
Sun 10/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**FOOTLOOSE**
Lau 9/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Lau 9/12 kl.. 13:00
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00
Sun 10/12 kl. 13:00
Sun 10/12 kl. 15:00
Mán 11/12 kl. 9:30 UPPS.
Þri 12/12 kl. 9:30 UPPS.
Mið 13/12 kl. 9:30
Fim 14/12 kl. 9:30 UPPS.
Fös 15/12 kl. 9:30 UPPS.
Lau 16/12 kl. 13:0
Lau 16/12 kl. 15:00
Sun 17/12 kl. 13:00
Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14
Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 14

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Af losta, kroti og krossvið

Myndlistarmennirnir Bjarni Sigurbjörnsson, Jón Óskar og Kristinn Már Pálmason opna samsýningu sína í Anima gallerí við Ingólfsstræti 8 í dag. Á opnuninni mun Áki Ásgeirsson tónskáld flytja frumsamið verk sem hann hefur samið sérstaklega fyrir þetta tækifæri.

Bjarni sýnir „sull og skvett á plexigler þar sem sköpun og eyðing fallast í óafturkræfan faðm losta og umburðarlyndis,“ eins og segir í fréttatilkynningu gallerísins. Jón Óskar sýnir að eigin sögn svona „all-over“ krot í ætt við Delawere-málverkin sem hann sýndi í 101 Gallery á Hverfisgötu ekki alls fyrir löngu en Kristinn Már heldur áfram uppteknum hætti við að „mála og skafa aftur og aftur, inn að sálarkvikunni, í verkum sem unnin eru með olíu á krossvið“.

Galleríið verður opið í desember milli kl. 13-17 nema á mánudögum. Sýningin stendur fram á Þorláksmessu.

Sýningin verður opnuð kl. 17.




**LÍFLEGT TRÍÓ** Myndlistarmennirnir Bjarni Sigurbjörnsson, Jón Óskar og Kristinn Már á góðri stund.


Sýnt í Iðnó

Fim. örfá sæti 7. des.
Fös. örfá sæti 8. des.
Lau. örfá sæti 9. des.
Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 13. jan.
Fös. 19. jan.
Lau. 20. jan.

Miðasala virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 562 9700
idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20

BEST Í HEIMI

“Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri.”
S.A. TMM

Himnamóðirin bjarta
Söngsveitin Fílharmónía
Magnús Ragnarsson
Hulda Björk Garðarsdóttir
Kári Þormar
Langholtskirkja
Sunnudaginn 10. desember kl. 20 og þriðjudaginn 12. desember kl. 20
Aðgöngumiðar hjá midi.is, hjá kórfélögum og við innganginn
Nánari upplýsingar á www.filharmonia.mi.is

AUSTURBÆR

Barnasýningin Jólafárið:
Lau 9. des kl.13.00 Frumsýning
Sun 10.des kl.13.00
Lau 16.des kl.13.00
Sun 17.des kl.13.00
Miðaverð kr. 800

Miðasala sími : 551 4700



DOMO Restaurant

Domo Restaurant er nýr veitingastaður sem leggur áherslu á asísk og frönsk áhrif í mat.

Yfirkokkur er Ragnar Ómarsson, valinn Matreiðslumaður ársins í tvígang, Matreiðslumaður Norðurlanda 2003, og hefur leitt íslenska kokkalandsliðið til glæstra sigra, nú síðast silfur- og bronsverðlauna á heimsmeistaramótinu 2006 í Luxemborg.

Borðapantanir í síma 552 5588 og á domo@domo.is
Opið: mánudaga til miðvikudaga 18 – 22
fimmtudaga til laugardaga 18 – 23
Lokað á sunnudögum

DOMO RESTAURANT
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

domo



Majones jól á Domo Bar

Laugardaginn 9. desember, kl. 22, á DOMO.

Til að fagna Majones Jólum verður haldið magnað jólapartí með Bogomil Font og Stórsveit Reykjavíkur. Reyka-kokteilar, hristir af Bogomil sjálfum, frá 22–23. Majones Jól verða leikin undir dunandi jóladansi. Bogomil og Sammi þeyta smekklausa jólaskífur fram á rauða nótt.

Ekki missa af neinu – mætið tímanlega – það verður stuð!

DOMO BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

domo



EITT VERKANNA Á SÝNINGU Í SKIPHOLTINU Ljósmynd eftir Margrét M. Norðdahl.

# Deild 33b opin

Árlega hafa listamenn sem reka vinnustofur sínar í bakhúsinu í Skipholti 33b opnað verkstæði sín fyrir jól fyrir gesti og gangandi. Þar hafa tíu listamenn aðsetur og eru þar að fást við tónlist, myndlist og ljósmyndun. Þau kalla sýningu sína Deild 33b og opnunin er í kvöld kl. 20. Það eru þau Pétur Thomsen, Sandra María Sigurðardóttir, Arndís Gísladóttir, Arnar Ingi Hreiðarsson, Hallgrímur Hallgrímsson, Berglind Ágústsdóttir, Steindór Ingi Snorrason, Margrét M. Norðdahl, Elísabet Stefánsdóttir, Þórunn Inga Gísladóttir og Andri Geir Árnason.

Gróskan í húsinu er mikil og kennir ýmissa grasa, málverk, ljósmyndir, bókverk, grafíkverk, myndbandsverk og tónverk verða til sýnis og hlustunar.

Tónlistarmenn leika og pönkhljómsveitin LesKunt heldur „debut" tónleika. Á sýningunni verða til sölu „smáverk" á góðu verði, en öll verk á sýningunni eru til sölu.

Sýningin verður opin laugardag og sunnudag, 9. og 10. desember, frá kl. 13-17. En opnunin er eins og fyrr sagði í kvöld og eru landsmenn allir boðnir hjartanlega velkomnir.

# Sýningin í Boxi



KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR

Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður opnar sýningu í Gallerí Boxi á Akureyri á morgun kl. 14. Verkið á sýningunni ber titilinn „Barn undir fjalli". Það er unnið með tækni miðalda, eggtempera á tré með blaðgulli. Á miðfleti myndarinnar blasir við stór stapi, eða stór biti af fjalli, klofinn í þrennt. Undir fjallinu hvílir barn, verndað af ógnarstærð og aldastyrk þess. Verkið sýnir smæð og viðkvæmni manneskjunnar, umvafin stórkostlegum kröftum, himni og jörð. Sýningin stendur til 6. janúar. - khh



LISTAKONAN TOMMA ABTS Handhafi Turner-verðlaunanna 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Leiðrétting

Ranglega var tilgreint í frétt Fréttablaðsins í gær að málarinn Tomma Abts væri fyrsta konan til að hljóta hin virtu Turner-listaverðlaun. Hið rétta er að Abts er fysta konan síðan árið 1997 til að hljóta verðlaunin. Eru lesendur blaðsins beðnir velvirðingar á mistökunum. - khh

## NÝJAR BÆKUR

**B**ókaútgáfan Æskan og Almenna útgáfan gefa út ritið **Hamingjan: leit og leiðir.** Ritið geymir margþættar hugleiðingar um hamingjuna eftir Ellert B. Schram, Gunnar Dal, Hörð Zóphaníasson, Jónu Hrönn Bolladóttur, Lindu Pétursdóttur, Matthildi Guðmundsdóttur og Njörð P. Njarðvík. Bókin geymir viskukorn og lífsreynslusögur frá þekktu fólki úr íslensku þjóðlífi sem eru lesendum í senn innblástur og hvatning. Umsjón með verkefninu höfðu Karl Helgason og Ólafur Haukur Árnason.





**F**iðluleikarinn er fjórða ljóðabók Árna Grétars Finnssonar og sem fyrr eru efnistök höfundar fjölbreytt. Ljóðin fjalla meðal annars um tímann, mannsævina og hverfulleikann, samtímann og ástina. Meirihluti ljóðanna er ortur undir hefðbundnum bragarháttum en þar má þó finna allmörg óhefðbundin ljóð og þó oft að hluta með hljóð-stöfum. Sjónarhornin eru margbreytileg og tónninn í bókinni næmur eins og í fyrri bókum Árna Grétars. Höfundur gefur bókina út.





**R**itskinna gefur út bókina **Ísöld** sem byggist á samnefndum teiknimyndum sem margir áhorfendur kannast við. Í bókinni geta lesendur skoðað og upplifað veröldina á ísöld með Manfreð, Lúlla og Dýra, kynnst forsögulegum dýrum betur sem og aðstæðum þeirra. Bókin er ríkulega myndskreytt og glettilega skrifuð þar sem gríni og fræðslu er blandað saman. Íslenska þýðingu gerðu Steinunn Gröndal og Guðrún Birna Ólafsdóttir.





**B**ókaútgáfan **Hólar** hefur gefið út skáldsöguna Samsærið gegn Bandaríkjunum eftir Pulitzer-verðlaunahafann Philip Roth. Umfjöllunarefni sögunnar er líf fjölskyldu hans í Newark – og milljóna annarra fjölskyldna í Bandaríkjunum, á ógnarárum forsetatíðar flughetjunnar og ofstækisfulla einangrunarsinnans Charles A. Lindbergh, sem vann stórsigur á Franklin Roosevelt í forsetakosningunum 1940. Við kjör hans greip óttinn um sig á hverju einasta gyðingaheimili í landinu og Bandaríkjamenn af gyðingaættum höfðu fulla ástæðu til að búast við hinu versta. Þýðandi er Helgi Már Barðason.





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

5 6 7 **8** 9 10 11

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Shadow Parade** og **Royal Fortune** gefa nemum jólagjöf snemma þetta árið og halda tónleika í **Stúdentakjallaranum** í kvöld.

☐ 23.00 Hljómsveitin **Laser** heldur tónleika á **Rósenberg** í **Lækjargötu**. Tónleikarnir eru hluti af þriggja vikna tónleikaferð þeirra um Norðurlöndin. Hljómsveitin var stofnuð í Gautaborg haustið 2005 af finnska saxófónleikaranum **Pauli Lyytinen** og gítarleikaranum **Sigurði Rögnvaldssyni**. Fengu þeir til liðs við sig norska kontrabassaleikarann **Jo Berger Myhre** og sænska trommuleikaranum **Andreas Werliin.** Öll tónlist er skrifuð af meðlimum hljómsveitarinnar og er skemmtileg blanda af djassi, rokki og frjálsum spuna.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Myndverkasýning **Kolbrúnar Róberts** stendur yfir út desember í **Energia** í **Smáralind**. Þetta er áttunda einkasýning Kolbrúnar en þar má sjá stór myndverk, sem unnar eru með steypugrunni.

☐ 18.00 Ljósmyndafélagið **Ljósop** í **Reykjanesbæ** heldur sína þriðju sýningu. Sýningin er opin frá kl. 18-22 að **Túngötu 2** í Keflavík. Níu félagsmenn taka þátt í sýningunni en á henni eru um 150 myndir, en einn hluti hennar er myndir með þemanu **18+** og er sá hluti sýningarinnar ekki aðgengilegur gestum undir 18 ára aldri.

☐ 20.00 **Paula Tuulia Väinämö** er gestur í KOM INN á DaLí vinnustofu í Brekkugötu 9. Paula sýnir teikningar sínar auk þess sem dúettinn **Rock Bird** flytur ljúfa tónlist. Sýning **Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur** stendur einnig yfir í DaLí gallery til 17. desember. Opnunartími á DaLí gallery er á föstudögum og laugardögum kl. 14-18.

NASA
FÖSTUD. 08. DES 2006
EINKASAMKVÆMI
LAUGARD 09. DES 2006
STÓRDANSLEIKUR
PAPAR
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NASA.IS
RADAR
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA



GAVIN PORTLAND



GWEN STEFANI

### Í SPILARANUM

The Mountain Goats - Get Lonely
Gavin Portland - Views of Distant Towns
Rock Plaza Central - Are We Not Horses?
Gwen Stefani - The Sweet Escape
Forgotten Lores - Frá heimsenda

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Uppistand í Chicago

Bandaríski tónlistarmaðurinn Will Oldham, sem er einnig þekktur sem Bonnie „Prince“ Billy, verður með uppistand á grínklúbbnum Weeds í Chicago 19. desember.

Oldham, sem hefur hingað til verið þekktur fyrir sérstæða tónlist sína, er einn af mörgum grínistum sem munu stíga á svið. Einn af þeim verður heimamaðurinn Kumail Nanjiani. „Hann er óútreiknanlegur og erfitt að vita hvað honum finnst fyndið,“ sagði talsmaður plötufyrirtækisins Drag City sem stendur fyrir uppákomunni.

Oldham gaf í september, undir nafninu Bonnie „Prince“ Billy, út plötuna The Letting Go. Var hún tekin upp hér á landi með aðstoð upptökustjórans Valgeirs Sigurðssonar. Hefur hún fengið góðar móttökur, rétt eins og flest verka hans.



**WILL OLDHAM** Oldham verður með uppistand í Chicago 19. desember.




**> Plata vikunnar**

**BENNI HEMM HEMM - Kajak**

★★★★

Önnur plata Benna Hemm Hemm er greinileg framför frá síðustu plötu. Hefur að geyma einfaldar en sterkar lagasmíðar sem bera með sér einstaklega þægilegan blæ.

**SHA**



## TÓNNINN GEFINN

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Ekki verið að miðla málum*

Fyrir viku gagnrýndi ég íslenska popptónlist í greininni Niðurlæging íslensks popps. Gagnrýni mín beindist helst að plötuútgefendum en það er fleira sem kemur til enda einföldun að kenna eingöngu útgefendum um stöðu mála í íslensku poppi. Miðlarnir sem koma popptónlistinni á framfæri eiga nefnilega mikla sök að máli. Eins og síðast ætla ég sérstaklega að beina athygli minni og jafnframt gagnrýni að stærsta aðilanum, útvarpinu.

Þegar flakkað er á milli útvarpsstöðva hérlendis, aðallega þessar stærstu og þekktustu, ómar þaðan tónlistin sem á yfirleitt tvennt sameiginlegt, vera einsleit og gefin út af plöturisunum í bransanum. Útvarpsstöðvarnar virðast vera jafnvel enn íhaldssamari en sjálf plötufyrirtækin og hræðslan við að missa hlustendur er miklum mun sterkari en löngunin til þess að bæta við sig hlustendum. Lagavalið er þannig eftir því. Reynt er að erta hlustandann eins lítið og hægt er og skiptir þá litlu máli hvort um er að ræða góða ertingu eða slæma. En það gengur gegn lögmáli tónlistarinnar; tónlist er gerð til þess að hreyfa við manni, framkalla tilfinningar. Séu íslenskar dægurlagaperlur líka skoðaðar í samhengi við breiðskífurnar sem þær komu út á má sjá að yfirleitt eru þau lög á skjön við flest allt annað á sjálfri plötunni, öruvísi uppbyggð og jafnvel skrýtnari. Í dag eru hefðbundnustu lögin af plötunum hins vegar valin til spilunar og það er sannað mál að mest spiluðu lögin á útvarpsstöðvunum eru langt frá því alltaf af mest seldu plötunum. Þannig hafa útvarpsstöðvarnar ýtt undir þessa þróun íslensks popps og skapað vettvang sem þróast lítið sem ekkert og er einsleitur.

Eitt hafa stöðvarnar sér þó til afsökunar. Flóðið af tónlist er slíkt að mun erfiðara er nú um stundir að sigta út hvað er gott og hvað ekki. Þess vegna koma markaðs- og dreifingarmál sterk inn en það verður að segjast alveg eins og er að þessir tveir þættir eru gríðarlega mikilvægir og er ástæðan fyrir því að stóru plötufyrirtækin fá svo mikið pláss í miðlinum, þeir hafa meira bolmagn til þess. Erfiðara er fyrir litlu aðilana að koma sér á framfæri og það er miður. Er heldur ekki óeðlilegt og ósiðlegt að sömu eigendur eru að stærsta plötuútgefanda landsins og stærstu útvarpsstöðvunum? Að lokum vil ég þó viðurkenna það að sjálfur er ég starfsmaður á útvarpsstöð og því ekki hafinn yfir þessa gagnrýni. Í næstu viku ætla ég síðan að halda áfram þessari yfirferð minni um stöðnun og niðurgang íslensks popps.






# Léttleikandi og melódískur

***Albert Hammond Jr., gítarleikari New York-sveitarinnar The Strokes, var að senda frá sér sína fyrstu sólóplötu, Yours to Keep. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn og komst að því að tónlistin á Yours to Keep er töluvert frábrugðin tónlist The Strokes.***

„Ég hefði ekki verið að hafa fyrir því að gera sólóplötu ef ég hefði ekki talið mig hafa eitthvað til málanna að leggja,“ svarar Strokes-gítarleikarinn Albert Hammond Jr. í nýlegu viðtali þegar hann er spurður af hverju tónlistin á fyrstu sólóplötunni hans Yours to Keep sé svona ólík tónlist The Strokes. Og hann bætir því við að hann sé nú bara 20 prósent af hljómsveitinni þannig að það sé eðlilegt að útkoman sé ekki 100 prósent eins.



**ALBERT HAMMOND JR** Gítarleikari The Strokes hefur sent frá sér fyrstu sólóplötu sína. Hann er fyrstur meðlima hljómsveitarinnar til að gefa út sólóplötu.

**Sean Lennon meðal gesta**

Í raun er varla hægt að tala um að Yours to Keep sé sólóplata. Albert semur að vísu öll lög og texta, en platan er tekin upp með nokkrum vinum hans, þ.á m. trommuleikaranum Matt Romano og bassaleikaranum Greg Lattimer. Frægustu meðspilararnir eru samt Julian Casablancas, söngvari The Strokes, og Sean Lennon, sem spilar og syngur í nokkrum lögum. Tónlistin er í grunninn kannski ekkert mjög ólík tónlist The Strokes, en gítarriffin eru minna áberandi og aferðin er poppaðri. Tónlistin er léttari og útsetningarnar minna á köflum meira á Beach Boys eða The Shins heldur en The Strokes. A.m.k. tvö laganna minna svo eiginlega bara á John Lennon, sérstaklega Blue Skies.

**Hæfileikarnir frá pabbanum**

Hljómsveitin The Strokes er í pásu þessa dagana, en jafnvel þegar hún fer af stað aftur hefur Albert áhuga á því að halda áfram að semja tónlist. Hann er þegar farinn að hlakka til þess að gera næstu plötu. Ástæðan er þessi: „Í The Strokes er það Julian sem semur lögin. Hann fær hugmyndirnar og hefur sýn á það hvernig hann vill að hljómsveitin þróist. Hann veit hvernig hann vill að hljómsveitin hljómi þegar við erum að gera nýja plötu,“ segir Albert í fyrrnefndu viðtali. Og hann bætir því við að hann hafi á feiminslegan hátt reynt að koma sínum lögum að á síðustu Strokes plötum, en að Julian hafi ekki litist á þau. Albert á samt ekki langt að sækja lagasmíðahæfileikana. Hann er sonur Alberts Hammond eldri, sem m.a. samdi lögin It Never Rains In Southern California, The Free Electric Band og Down by the River.

**Gerði tvær útgáfur af plötunni**

Albert segist hafa byrjað á að gera plötuna í anda upptökustjórans Phil Spector, með stórum útsetningum, en síðan hafi hann tekið sömu lögin upp í einfaldari og rokkaðri útgáfum. Í flestum tilfellum valdi hann síðarnefndu útgáfurnar á plötuna, en hann segist ætla að nota Spectorísku útgáfurnar sem aukalög á smáskífur. Fyrsta smáskífan af plötunni hefur að geyma lagið 101.

**Aðgengilegri en Strokes**

Albert Hammond Jr. er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu og Bandaríkin. Platan hans hefur víðast hver fengið góða dóma, m.a. 8/10 í NME og Uncut og þrjár og hálfa stjörnu hjá Íslandsvininum Christian Hoard í Rolling Stone. Eflaust hafa margir átt von á því að Albert mundi nota tækifærið til þess að gera hrárri og tormeltari plötu heldur en plötur The Strokes, enda er algengt að hljómsveitarmeðlimir fari út í misvel heppnaða tilraunamennsku þegar þeir fá frelsið til þess að hafa hlutina nákvæmlega eins og þeim sýnist. Albert hefur þetta hins vegar alveg öfugt. Hans sólóplata er aðgengilegri heldur en Strokesplöturnar.



**MEÐ SAMVERKAMÖNNUM SÍNUM** Albert Hammond Jr. ásamt Matt Romano og Greg Lattimer.

# Nirvana á toppnum

Lagið Smells Like Teen Spirit með Nirvana hefur verið valið besta lag síðustu tuttugu ára af breska tímaritinu Q.

Var það fyrir ofan þekkt lög með sveitum á borð við U2, Outkast og Guns N´ Roses. „Smells Like Teen Spirit skipti sköpum í rokksögunni. Það breytti öllu,“ sagði aðstoðarritstjóri Q. „Það kom þungri tónlist aftur á kortið í byrjun tíunda áratugarins, þessari blöndu af pönki og reiðinni sem því fylgir og þungarokki Black Sabbath frá áttunda áratugnum. Það var eitthvað nýtt. Krakkar úti um allan heim elskuðu Nirvana og halda áfram að gera það,“ sagði hann.

Lagið er að finna á annarri plötu Nirvana, Nevermind, sem kom út 1991 við fádæma undirtektir.

## 20 bestu lögin

1. Smells Like Teen Spirit - Nirvana
2. Hey Ya! - Outkast
3. Sweet Child O' Mine - Guns N' Roses
4. Unfinished Symphony - Massive Attack
5. One - U2
6. Live Forever - Oasis
7. Bitter Sweet Symphony - The Verve
8. Common People - Pulp
9. There She Goes - The La's
10. Seven Nation Army - The White Stripes
11. Song 2 - Blur
12. Crazy - Gnarls Barkley
13. Angels - Robbie Williams



**KURT COBAIN** Hljómsveitin Nirvana gaf út tímamótaplötuna Nevermind árið 1991.

14. Baby One More Time - Britney Spears
15. Personal Jesus - Depeche Mode
16. Like A Prayer - Madonna
17. Firestarter - The Prodigy
18. Brimful Of Asha - Cornershop
19. Stan - Eminem
20. I Bet You Look Good On The Dancefloor - Arctic Monkeys

# Hæfilegt kæruleysi

Þungarokkshljómsveitin Canora hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Kelvinator. Upptökustjóri plötunnar var Ronan Chris Murphy sem hefur unnið með þekktum nöfnum á borð við King Crimson og Terry Bozzio. Dave Collins lagði síðan lokahönd á vinnslu plötunnar en hann vann t.d. plötuna Superunknown með Soundgarden.

„Við erum allir rosalega ánægðir með þetta. Þetta var ógeðslega gaman," segir Albert Ástvaldsson, söngvari Canora. Hann segir að þeir félagar hafi ákveðið að liggja ekkert of mikið yfir hlutunum þegar platan var tekin upp. „Við komum hæfilega kærulausir inn í þetta. Við áttum eftir að semja smá en svo var bara talið í í stúdíóinu. Við ákváðum að taka hrá-pakkann á þetta og vera með svolítið djamm."



**Í HLJÓÐVERINU** Canora við upptökur á plötunni ásamt Ronan Chris Murphy.

Albert segir þá félaga vera í góðu sambandi við Ronan og ætli sér að fá hann til að taka upp næstu plötu sína.

Canora verður með hlustunarpartí á Dillon 15. desember. Útgáfutónleikar verða væntanlega í janúar. - fb

## Í BÚNINGSHERBERGINU KEVIN FEDERLINE



Ísmolar
6 vatnsflöskur
Úrval gosdósa, að minnsta kosti 12 kók
6 dósir af Red Bull
Eplasafi
Heitt vatn og úrval af tei
1 flaska af Jack Daniels
1 vodkaflaska
Bjór
2 pakkar af Marlboro-sígarettum
Öskubakki
Bakki með brauði, áleggi og sósum
Skinka og kalkúnn, niðurskorinn
Ostabakki og kex
Doritos-snakk
Ávaxta- og grænmetisbakki
4 hrein handklæði
2 ilmkerti
Spegill

## > Lög vikunnar



**Bent - Móða**
Einlægur texti frá rapparanum ásamt stórgóðu undirspili Johnny Sexual sem notast við hljóðbút úr lagi með Hjálmum.

**Beyoncé - Irreplaceable**
Nýja platan er kannski ekkert spes en stelpan kann að búa til hittara.

**Swan Lake - A Venue Called Rubella**
Eitt af flottari lögum plötunnar Beast Moans. Indie-popp eins og það gerist best.

## NÝJAR PLÖTUR



**NYLON - Nylon**
★★★
Fyrsta plata Nylon fyrir erlendan markað er ágætlega heppnuð. Hljómurinn er þéttari og fyllri en á fyrri plötunum og bestu lögin eru fínt stelpnapopp. TJ

**ÍVAR BJARKLIND - Blóm eru smá**
★★
Fyrsta sólóplata Ívars Bjarklind er þægileg áheyrnar en lögin eru flest fremur óeftirminnileg. Liðsinni Orra Harðarsonar gerir mikið fyrir plötuna. HDM

**SNIGLABANDIÐ - Rúvtops**
★★
Útvarpsþættir Sniglabandsins á Rás 2 voru oft skemmtilegir, en tónlistin úr þeim sem er að finna á Rúvtops á lítið erindi á plötu. TJ

**JJ CALE & ERIC CLAPTON - The Road to Escondido**
★★★
Fín blúsplata í þessum afslappaða stíl sem einkennir tónsmíðar JJ Cale. Tveir gamlir meistarar að gera það sem þeir kunna best. TJ

**BRÍET SUNNA - Bara ef þú kemur með**
★★
Enn ein Ædolplatan sem er alveg eins og enn ein Ædolplatan, nema að það er meira kántrí og slidegítar. SHA



**AMPOP - Sail to the Moon**
★★★★
Sannfærandi framhald af My Delusions. Það er greinilega enginn hörgull á góðum hugmyndum og flottum lagasmíðum hjá Ampop. Ein af plötum ársins. TJ

**CSS - Cansei de ser Sexy**
★★★★
Frumraun CSS er án efa með því ferskasta sem komið hefur út á árinu. Partíplata vetrarins og ein af plötum ársins. BÖS

**HELMUS UND DALLI - Drunk is Faster**
★★★
Drunk is Faster er á köflum ein villtasta og skemmtilegasta plata sem heyrst hefur í langan tíma. Helmus und Dalli eru glettilega nálægt því að búa til kolbrjálað meistaraverk, en herslumuninn vantar. TJ



NYLON ... í Mjóddinni í dag!

**Nylon** stelpurnar skemmta í útibúum **KB banka** í desember.

**11. des.** Mosfellsbær **kl. 17**
**12. des.** Grafarvogur **kl. 17**

***Allir velkomnir!***

**Nylon** stelpurnar skemmta í **útibúi KB banka í Mjódd kl. 15 í dag**.
***Skemmtu þér með Nylon í boði KB banka!***

KB BANKI

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR FÓR Í ROCKSTAR-PARTÍ**

# *Súper fíflalæti*

Alltaf er maður að sjá eitthvað nýtt. Ég kíkti út á föstudagskvöldið, á þennan líka ágæta stað í Reykjavíkurborg, til að skoða næturlífið. Þegar þangað var komið kom í ljós að þar væri Rockstar: Supernova-partí. Ég sá glitta í Magna og hinn gæjann úr þættinum með augnmálninguna sitja og kjafta saman. Það er kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir það að þeir voru hreinlega að svigna undan æstum píum sem hylltu þá eins og drottningar. Þær reyndu með öllu móti að komast sem næst þeim til þess eins að geta sagt eitthvað… bara eitthvað! Ég sá æsinginn leka af þeim eins og svitann af karlmanni í hvítum nærbol með spagettí á bumbunni. Það mætti sennilega best líkja þessu við hóp af hvolpum á amfetamíni að slást um eitt bein. Og allt var þetta gert í þeirri einskæru von að ná einnar sekúndu augnsambandi við þá. Því þá yrði allt betra!

Ég get hreinlega ekki leynt undrun minni á þessum látum. Ég veit ekki betur en að hann Magni eigi glæsilega fjölskyldu sem hann er örugglega ekkert á leiðinni að skilja við. Og hinn gæinn, hann fannst mér ekki vitund merkilegri en gamli góði Reykvíkingurinn í ullarpeysunni… nema hvað að hann er yfirleitt ekki málaður um augun. Og hvað er svona merkilegt við þetta allt saman? Er það þátturinn sem þeir voru í sem gerir þá svona ómótstæðilega til eignar? Ég þykist nokkuð viss um að þessar stelpur hafi ekki látið svona þegar þær sáu Magna í „Á móti sól" hér fyrir rétt liðlega ári. Hann er örugglega mjög breyttur maður og miklu merkilegri en hann var þá! Svo er ég handviss um það að ef hinn gæinn hefði labbað inn á skemmtistað í Reykjavík, alls óþekktur, hefðu sömu stelpurnar ekki litið við honum. Þær hefðu sennilega stimplað hann sem furðufugl fyrir það eitt að vera með meiri augnmálningu en þær sjálfar!

Ég fæ hreinlega ekki skilið hvað það er sem knýr þessa geðveiki áfram. Að kona skuli stökkbreytast í eitthvað allt annað, lækka í aldri og örugglega þroska um einhverja tugi ára og láta eins og litlir krakkar sem sáu mömmu í alvörunni kyssa jólasvein! Kúlið hverfur hreinlega fyrir lífstíð!



Svo koma þær örugglega út af skemmtistaðnum, alsælar með að hafa borið þessa undursamlegu menn augum, smella á sig kúlinu, láta eins og ekkert hafi í skorist og halda áfram að lifa lífinu eins og harðsvíraðar íslenskar ísdrottningar! Þetta eru ekki beint háleit markmið og ég held að það séu þónokkrir ögn merkilegri hlutir til að afreka í þessu lífi en að geta sagst hafa hitt þennan og hinn.

# Vill börn og buru

Hótelerfinginn Paris Hilton segist vera viss um að hún verði góð mamma og að hún vilji eignast fjögur börn. „Ég veit að ég yrði rosalega góð mamma því ég sé svo vel um öll dýrin mín," segir Paris en virðist hafa fengið þessa flugu í hausinn eftir að hún byrjaði að umgangast poppprinsessuna Britney Spears sem er tveggja barna móðir. Samkvæmt bandarísku slúðurtímaritunum er Hilton mikið með tvo syni Spears og virðist líka það vel. „Það fer að líða að því að ég vilji róa mig niður og eignast fjölskyldu," segir partíljónið Paris Hilton.



**HILTON** Setur sér háleit markmið og segist vilja eignast fjögur börn í framtíðinni.




UNIQUE hár & spa

Sísí (Sigurbjörg Sigurpálsdóttir) hefur hafið störf hjá Unique hár og spa, Laugavegi 168, sími 552 6789. Allir viðskiptavinir innilega velkomnir, Kveðja Sísí.

AVEDA



MYNDLISTARMENN
– umsóknir um styrki

**Listasjóður Dungal** (áður Listasjóður Pennans)
**auglýsir eftir umsóknum um styrki.**
Sjóðurinn var stofnaður árið 1992 í minningu
Margrétar og Baldvins P. Dungal kaupmanns í Pennanum.
Markmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega myndlistarmenn
sem eru að stíga sín fyrstu skref á listabrautinni.

**Í ár verða veittir 2 styrkir.**
**- annar að upphæð 500.000 kr. og hinn að upphæð 300.000 kr.**
**auk þess sem sjóðurinn kaupir verk af styrkþegum.**

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar má nálgast
á vef listasjóðsins **www.listasjodur.is**. Umsóknum skulu fylgja
ljósmyndir af verkum umsækjanda ásamt ferilsskrá og skal
**skila gögnum í pósthólf 8222, 128 Reykjavík.**
(Vinsamlegast athugið að ekki er tekið við gögnum í tölvupósti.)
**Umsóknarfrestur er til 11. desember 2006.**

LISTASJÓÐUR DUNGAL
í minningu
Margrétar og Baldvins P. Dungal


# *De la Renta kemur sterkur inn*

**Oscar de la Renta er einn af ókrýndum konungum tískunnar. Fyrr í vikunni sendi hann frá sér síðsumarlínuna fyrir árið 2007 í New York sem féll vel í kramið hjá gagnrýnendum. Síðsumarlína er svokölluð aukalína fyrir utan hinar tvær, vor/sumar og haust/vetrar línurnar.**

De la Renta er þekktur fyrir glæsilega kjóla sem stjörnurnar klæðast gjarnan á rauða dreglinum en það var hversdagslegri bragur yfir þessari línu. Andi tíunda áratugarins sveif yfir tískupallinum en hverdagsleiki er einmitt aðalsmerki þess áratugs. Köflótt, víð snið og blöðrusnið voru áberandi ásamt jarðlitunum gráu, mosagrænu og vínrauðu. Gaman að sjá að Oscar de la Renta er ennþá með puttana á púlsinum þrátt fyrir að vera kominn á aldur. - áp



**ÓKRÝNDUR KONUNGUR** Oscar de la Renta fylgdist stoltur með sýningunni á hönnun sinni fyrir síðsumarið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**KÁPA FYRIR HAUSTIÐ** Gráköflótt kápa með flottu sniði.

**DRAMATÍSKT** Musntruð kápa með belti í mittið er greinilega eitthvað sem kemur sterkt inn næsta haust.



**DRAKT** Skemmtileg pilsadragt í öðruvísi sniði. Stuttur jakki og blöðru pils.



**GLÆSILEGT** Munstrað pils í gulli með háu mitti við brúna blússu. Kvenleikinn í fyrirrúmi.



**HÁTT MITTI** Gallabuxur með víðum skálmum og háu mitti við mosagræna kápu.

**VÍNRAUTT** Fallegur kjóll með stóru pilsi og vösum.

# Jenna styður Britney

Klámmyndastjarnan Jenna Jameson hefur nú ákveðið að koma poppprinsessunni Britney Spears til varnar. Myndir sem teknar voru af Britney og Paris Hilton, þar sem Spears klæddist ekki nærbuxum og flaggaði því sínu allra heilagasta, hafa farið eins og eldur um sinu um heimspressuna og Spears verið gagnrýnd mjög fyrir atvikið.

„Ef þú ert með það þá áttu að sýna það. Það hefur alltaf verið mín lífsspeki og greinilega deili ég henni með Spears þannig að mér finnst að það eigi ekki að vera að gagnrýna hana fyrir þetta lítilræði," segir Jenna en hún er þekktasta klámmyndastjarna í heimi.

Britney Spears hefur verið iðin við kolann síðan hún skildi og byrjaði að umgangast partíljónið Paris Hilton. Hún hefur verið orðuð við marga menn og sést vel í glasi á helstu skemmtistöðum Bandaríkjanna. Fjölskylda Spears hefur miklar áhyggjur af partílíferni stúlkunnar eftir skilnaðinn við Kevin Federline og telur að þetta hafi vond áhrif á forræðisdeiluna sem hún á í vændum.



**JENNA JAMESON** Ein þekktasta klámyndastjarna í heimi og lýsir yfir stuðningi við nærbuxnaleysi Britney Spears.



**BRITNEY SPEARS** Hefur verið iðin við kolann í skemmtanalífinu síðan hún skildi við Kevin Federline.

~ Íslensku bókmenntaverðlaunin 2006 ~

# Til hamingju Halldór og Þórunn!





„Skáldalíf er svipmikið verk um svipmikla menn.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið
★★★★

„Afskaplega forvitnileg … stórmerkileg bók skrifuð af mikilli íþrótt.“
Egill Helgason / Silfur Egils

„… afar líflega skrifuð og af mikilli þekkingu.“
Illugi Jökulsson / Blaðið
★★★★½

„Það er ekki hægt að kvarta meðan svona bækur eru skrifaðar.“
Kolbrún Bergþórsdóttir í viðtali við Rás 2

„Þetta er skemmtileg og fróðleg bók og höfundi til mikils sóma.“
Benedikt Jóhannesson / heimur.is

„Snilldarbók.“
Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„Bókmenntasöguleg tíðindi.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„Þetta er ósköp einfaldlega frábær ævisaga.“
Illugi Jökulsson / Blaðið
★★★★★

„… mikið ritverk og hefur höfundurinn … unnið þrekvirki með samningu þess.“
Halldór Blöndal / Morgunblaðið

„Ítarleg og áhrifamikil saga stórmennis. Tímamótaverk um þjóðskáldið.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„Þessi ævisaga er algert þrekvirki.“
Jón Yngvi Jóhannsson / Kastljós

„… gríðarlega dramatísk saga … stór saga um stóran mann.“
Þórhallur Gunnarsson / Kastljós

„… sannkölluð skemmtilesning.“
Árni Matthíasson / Morgunblaðið

„Bókin er bráðlifandi og stórfróðleg.“
Óðinn Jónsson, sagnfræðingur og útvarpsmaður

„Þetta er spennandi lesning.“
Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur







JPV ÚTGÁFA
JPV.IS

# Of mikið Eurovision

Söngvarinn Friðrik Ómar hefur vakið nokkra athygli upp á síðkastið, aðallega fyrir söng sinn í Eurovision og fyrir að hafa gefið út vinsælar plötur með Guðrúnu Gunnarsdóttur.

Friðrik hefur nú ákveðið að stíga skref fram á við og gefa út sína fyrstu sólóplötu. Fyrirfram hefði maður talið það alveg tímabært miðað við hve mikið hann hefur verið í sviðsljósinu en því miður nær hann ekki að stíga sterkur fram sem þroskaður sólótónlistarmaður.

Platan byrjar reyndar ágætlega með titillaginu Annan dag, sem er vandað og hugljúft popplag. Eftir það fer að síga á ógæfuhliðina. Næsta lag, Farinn, er allt of væmið þar sem kliskjukenndur textinn umvefur allt, sbr: „Ég hafði aldrei fundið neitt svo sterkt og vissi ei hvað það var sem hélt þér fast í huga mér.“

Lögin Kannski og Þessar dyr eru á svipuðum nótum, með klénum textum en þó í miklum Eurovision-stíl, sem einhverjir gætu haft gaman af.

Aðeins birtir til þegar Friðrik syngur Stevie Wonder-lagið I Believe á óaðfinnanlegan hátt og fer þar ekki á milli mála hversu góður söngvari Friðrik er. Texti hans er líka ágætur. Einnig stendur upp úr lag Van Morrison, Have I Told You Lately, sem Friðrik fer vel með. Lokalagið Það sem verður, sem hann söng í undankeppni Euro-vision, er síðan eitt af fáum grípandi lögum á plötunni.

Freyr Bjarnason




**TÓNLIST**
**Annan dag**
Friðrik Ómar
★

Fyrsta sólóplata Friðriks Ómars nær aldrei flugi. Væmin lög og klisjukenndir textar yfirgnæfa allt. Hörðustu Eurovision-aðdáendur gætu þó skemmt sér.

# Jóakim aftur á fast

Nýjustu fréttir af kvennamálum Jóakims prins í Danmörku herma að hann hafi endurnýjað kynnin við frönsku þokkadísina Marie Cavallier. En prinsinn sleit sambandi þeirra fyrr á árinu. Marie staðfesti í viðtali við danska blaðið BT í gær að hún og Jóakim væru byrjuð aftur saman og ástin blómstraði. Hún sagðist einnig hafa hitt Margréti drottningu nýverið en neitaði því þó að konunglegt brúðkaup væri á næsta leiti. Sambandið væri einfaldlega ekki komið á það alvarlegt stig og til marks um það myndu þau halda jólin í hvort í sínu lagi.

Seinheppni Jóakims í kvennamálum þykir ansi vandræðaleg fyrir dönsku konungsfjölskylduna og vonast aðstandendur hennar vafalítið eftir því að hann fari að festa ráð sitt. Enda rata barferðir hans og kvennafar ávallt á fremstu síður slúðurblaðanna. Af þeim sökum var hann nýverið sagður einn af aumkunarverðustu piparsveinum landsins í umfjöllun Ekstrablaðsins um lausa og liðuga karla í Danmörku.


**ÁNÆGÐUR PRINS** Jóakim Danaprins er aftur byrjaður með gamalli kærustu sinni.






# Segist hafa verið melludólgur

**Rapparinn Snoop Dogg hefur verið mikið í fréttum upp á síðkastið. Hann hefur verið handtekinn þrisvar sinnum á stuttu tímabili, og hafa fundist vopn, kannabis og kókaín í fórum hans. Snoop hefur svo farið mikinn í viðtölum, meðal annars sagt að hann sé svo einstakur og hæfileikaríkur að frægðin skipti hann engu máli.**

Í nýlegu forsíðuviðtali við tímaritið Rolling Stones talaði Snoop um deilur sínar við plötuútgefandann Suge Knight, en Suge þessi er dæmdur glæpamaður og fyrsti útgefandi Snoops. Hafa þeir eldað grátt silfur saman í mörg ár, en nú fyrst tjáir Snoop sig um málið, en áður hafa fáir þorað að tjá sig um Suge af einskærum ótta við hann. „Ég var aldrei hræddur við Suge, það eina sem ég óttaðist var að ég myndi drepa hann,“ segir Snoop, sem var sýknaður af morðákæru árið 1993, þá undir verndarvæng Suge Knights. „Snoop er uppljóstrari hjá lögreglunni. Finnst fólki ekki skrítið að það sé sífellt verið að handtaka hann, en hann þarf aldrei að fara í fangelsi?“ sagði Suge Knight sem var ekki lengi að svara Snoop.

Í viðtalinu við Rolling Stones talar rapparinn einnig um skilnað sinn við eiginkonu sína Shante Broadus árið 2004. Segir Snoop að skilnaðurinn hafi verið sér að kenna. „Ég var farinn að gera út vændiskonur. Mér fannst mellu-dólgaímyndin svo spennandi að varð að taka þátt. Ég var með vændiskonur út um alla Los Angeles,“ segir Snoop, sem hefur líklega verið nýhættur sem melludólgur þegar hann spilaði á Íslandi í fyrrasumar.

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum undra sig á breyttri ímynd Snoop Doggs, en fyrir nokkrum árum sagði hann opinberlega að hann ætlaði að segja skilið við glæpalífið og ímyndina. Margir trúa því að þessi breytta hegðun sé einungis til þess að kynna nýjan geisladisk hans, The Blue Carpet Treatment, sem kom út fyrir skemmstu. Einn fjölmiðlamaður orðar breytingarnar svo: „Þetta gerist þegar menn nota of mikið kókaín.“

dori@frettabladid.is


**SNOOP DOGG** Virðist vera að ganga af göflunum.


**SUGE KNIGHT** Segir Snoop Dogg kjafta frá öðrum til að komast undan fangelsisvist.

# Valdi vöðvana fram yfir fákana

**Flestir þekkja Arnar Grant sem einn sigursælasta vaxtarræktarmann landsins fyrr og síðar, eftirsóttan einkaþjálfara og erkihnakka. Færri vita hins vegar að áður en hann helgaði sig líkamsræktinni var Arnar mikill hestamaður; hann á afar farsælan keppnisferil að baki á því sviði og er viðurkenndur alþjóðakynbótadómari hrossa.**

Arnar var í ræktinni þegar Fréttablaðið truflaði hann. „Ég er alinn upp í sveit, umgekkst hesta frá blautu barnsbeini og keppti í fyrsta sinn á hestamóti þegar ég var átta ára.“ Næstu árin keppti Arnar á ófáum hestamótum og halaði inn verðlaunum. „Ég held ég eigi yfir tvö hundruð bikara allt í allt. Á árunum 1994 til 1998 bjó ég í Austurríki og þar úti fór ég á námskeið og fékk réttindi sem alþjóðlegur kynbótadómari.“

Rétt fyrir aldamót stóð Arnar hins vegar frammi fyrir því að hafa náð öllum þeim markmiðum sem hægt var að ná í íþróttinni og hnakkinn lagði hnakkinn á hilluna og hellti sér í vaxtarræktina. „Ég er mikill keppnismaður og veit sem er að maður verður að helga sig 100 prósent til að ná árangri. Ég klippti því algjörlega á hestamennskuna, ríð ekki einu sinni út mér til ánægju og hef alls engin afskipti af hestamennsku lengur.“

Arnar kveðst ekki sjá eftir því að hafa söðlað um á sínum tíma, það hafi jú ekki verið neitt eftir til að vinna. Hann hefur nú þegar unnið til fleiri verðlauna á sviði líkamsræktar en á hestamannaferli sínum en segir þó ekki loku fyrir það skotið að hann fari aftur á bak síðar meir. „Ég gæti vel trúað að ég hellti mér aftur í þetta árið 2017. Þá verð ég kominn á aldur þar sem mér fyndist tímabært að sanna að ég gæti unnið alla þessa bikara aftur,“ segir hann og hlær.

bergsteinn@frettabladid.is


**HESTASKÁL** Arnar með hluta af verðlaunagripunum úr hestamennskunni. Verðlaunasafnið fyrir líkamsræktina er orðið þónokkuð stærra.


**LITLI OG STÓRI** Arnar hefur reynslu af hestum af ýmsum stærðum eins og þessi mynd frá Austurríki ber með sér.


**ARNAR GRANT** Er viðurkenndur alþjóðakynbótadómari hrossa.

# Til hamingju!

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN
TILNEFND 2006



**Pétur Ben**
- Bjartasta vonin
- Rokkplata ársins
- Söngvari ársins



**Reykjavík!**
- Rokkplata ársins



**Hafdís Huld**
- Poppplata ársins



**Trabant**
- Myndband ársins



**Víkingur Heiðar**
- Flytjandi ársins, klassík



**Skúli Sverrisson**
- Plata ársins, ýmis tónlist




**Benni Hemm Hemm**-
Poppplata ársins



**Jóel Pálsson**
- Jazzplata ársins
- Jazzlag ársins




**Voces Thules**
- Plata ársins, klassík

**Jakobínarína**
- Bjartasta vonin



12 Tónar

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 15 511-5656
FIOLSTRÆDE 7 3336 5656
WWW.12TONAR.IS

# Magnaður andskoti

Evil Madness er súpergrúppa skipuð nokkrum tónlistarmönnum sem hafa verið áberandi í starfi Tilraunaeldhússins eða hafa bæði unnið í tónlist og myndlist. Tónlistin á fyrstu plötunni þeirra, Demon Jukebox, er gerð af Jóhanni Jóhannssyni, Stilluppsteypu, Curver, hinum sænska BJ Nilsen, DJ Musician og Pétri Eyvindssyni, þ.e.a.s. Pétur hefur greinilega tekið þátt í gerð plötunnar bæði sem hinn taktglaði DJ Musician og sem hann sjálfur.

Auk ofantalinna koma nokkrir fleiri listamenn að gerð umslagsins og plötubæklingsins sem er sérstaklega flottur og inniheldur bæði texta og myndir.

Evil Madness er að því er virðist þemahljómsveit sem einbeitir sér að hinum myrku hliðum mannsandans. Hún kannar skúmaskot mannssálarinnar; illskuna, geðveikina og hryllinginn.

Þetta er hávaðaraftónlist sem nýtur sín best spiluð á miklum styrk. Hún virkar hreinlega ekki ef hún er látin malla í bakgrunni. Það eru þrettán lög í glymskrattanum. Þau eru öll að mestu án orða og bera nöfn eins og Understanding the Monster, Tremendously Sick Horror Art Poetry, A Sudden Moment of Private Demonic Psychodrama og Inspired by Long Hours of Contionous Repetitive Deep Irritations and Uncontrollable Agony.

Mörg laganna mætti kalla einhvers konar hljóðskúlptúra – þau eru að mestu án takts, en síbreytileg og full af blæbrigðum. Hávaðinn eykst og minnkar og breytist og svo fæðist taktur sem deyr aftur skömmu síðar o.s. frv. Þetta er mjög myndræn tónlist.

Gæti hentað sem kvikmyndatónlist (t.d. í senuna þegar geimverurnar brjálast og limlestingarnar hefjast!). Hljómurinn er flottur eins og við var að búast og platan er nokkuð fjölbreytt. Stemningin minnir stundum á instrúmental lögin á Low og Heroes með Bowie eða á tilraunakenndar hávaðaorgíur frá útgáfum eins og Touch og Staalplaat. Lagið So Succesfully Evil er svo eina poppaða lagið á plötunni – það virkar dansvænt og glaðlegt miðað við afganginn.

Á heildina litið er þetta frábær hávaðaplata. Magnaður andskoti sem vex við hverja hlustun.

Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**
**Demon Jukebox**
Evil Madness
★★★★

Demon Jukebox hefur að geyma hávaðaraftónlist sem nýtur sín best spiluð á miklum styrk. Magnaður andskoti sem vex við hverja hlustun.

# Myrkrið er ekkert nýtt

**Finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor heldur tónleika á skemmtistaðnum Sirkus í kvöld. Jimi er að koma hingað til lands í þriðja sinn og kippir sér lítið upp við kuldann og myrkrið sem umlykur allt.**

Fyrsta plata Jimi kom út árið 1989. Síðan þá hefur hann verið ófeiminn við að prófa hina ýmsu tónlistarstíla auk þess sem hann hefur verið duglegur við að troða upp víðs vegar um heiminn. Tónleikar hans í kvöld eru á vegum Pineapple Records með stuðningi ReykjavíkMag og Reykjavik.com.

**Ellefu sólóplötur**

Jimi segist í spjalli við blaðamann hafa gefið út ellefu plötur, sumar með hljómsveit og aðrar einn á báti. „Ég ræð öllu og sem nánast öll lögin, þannig að ég lít á plöturnar sem sólóplötur. Í framtíðinni vil ég spila meira af fingrum fram, að hluta til af því að það er auðveldara að semja svoleiðis lög og líka vegna þess að ég er mikið fyrir þennan hippafíling,“ segir Jimi. Hann segist samt eiga erfitt með að átta sig á hvert tónlistin hans sé að þróast. „Stundum verð ég mjög þreyttur á rafrænni tónlist en hugmyndin um að spila nánast eingöngu óráfmagnaða tónlist höfðar ekki heldur til mín. Hlutir koma og fara og hver dagur er öðruvísi en annar. Það er ekki viturlegt að spá of mikið í framtíðina.“

**Hættur með Tenorwear**

Auk þess að vera tónlistarmaður hefur Jimi fengist við ýmsa aðra hluti eins og ljósmyndun, kvikmyndagerð og fatahönnun. Setti hann meðal annars á fót tískumerkið Tenorwear. „Ég er reyndar hættur með Tenorwear vegna þess að ég hef ekki mikið viðskiptavit og að vera með fatalínu er frekar krefjandi. Ég hélt að það yrði gaman að hanna dálítið á hverju ári og vildi að allt þetta praktíska yrði í höndum annarra. Ég fann bara engan til að reka þetta fyrir mig og þess vegna er ég hættur með Tenorwear tímabundið. Ég sel stundum það sem ég á eftir af fötunum á tónleikum.“

**Lassi Lethto er svalt nafn**

Jimi Tenor heitir réttu nafni Lassi Lethto. Hann telur að sitt rétta nafn sé svalt, þrátt fyrir allt. „Ég er bara fastur í Jimi. Mér finnst bæði nöfnin fín við mismunandi kringumstæður. Mér hefur alltaf líkað hugmyndin um listamannsnafn. Ég hef til dæmis engan áhuga á að vita hvað Liberace hét í raun og veru.“

**Myrkið er ekkert nýtt**

Jim er á leiðinni til Íslands í annað sinn. „Þetta er samt í fyrsta sinn sem ég kem í desember. Þegar maður kemur frá Finnlandi þá er myrkið ekkert nýtt í mínum augum.“ Hann flutti heim til Finnlands fyrir tveimur árum og játar að veturnir þar séu harðir. „Sumrin eru samt svo frábær. Menningin í Finnlandi er frekar skrítin og stundum finnst mér ég vera utanveltu. Ég er mikið á tónleikaferðalögum, þannig að ég fæ alltaf góða pásu frá finnskum veruleika. Ætli listamenn séu ekki alltaf á ferðinni, að leita að einhverju nýju, sama hvað það er.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00. President Bongo og Casanova sjá um að hita upp.



**JIMI TENOR** Finnski tónlistarmaðurinn spilar á skemmtistaðnum Sirkus í kvöld.






# Bogomil í jólaskapi

Bogomil Font hefur gefið út jólaplötuna Majones jól ásamt Stórsveit Reykjavíkur. Á plötunni eru níu jólalög, þar á meðal Jólasveinninn kemur í kvöld, Ég sá mömmu kyssa jólasvein og Jólin alls staðar í nýjum útsetningum.

„Þetta er verkefni sem byrjaði fyrir tveimur árum, eða frá því að Stórsveitin nálgaðist Bogomil og bað hann um að syngja með sér á jólatónleikum,“ segir Sigtryggur Baldursson, skjólstæðingur Bogomils. „Þar var galdurinn að semja nýja texta við gömul jólalög sem Samúel [Jón Samúelsson] var að útsetja fyrir Stórsveitina. Síðan þróaðist þetta þannig að í fyrra kom Stórsveitin aftur að máli við Bogomil og bað hann um að syngja önnur fjögur jólalög. Þá gerði hann tvo nýja texta og svo hefur þetta undið upp á sig,“ segir Sigtryggur.

„Þarna eru lög eins og Hinsegin jólatré, sem er fyrsta samkynhneigða jólalagið. Það fjallar um hýrt jólatré sem kemur út úr skápnum rétt fyrir jólin. Lagið Gull í mund fjallar síðan um hvað kaupmenn græða nú mikið yfir jólin og hvað þetta er mikil neysluhátíð.“

Að sögn Sigtryggs fannst Bogomil mjög gaman að syngja með Stórsveitinni á plötunni. „Það var skemmtilegt fyrir hann að fá tækifæri til að syngja með þessu stóra bandi sem hljómar svona grand og fallega.“

Á laugardag verður jólapartí fyrir Stórsveitina og velunnara á skemmtistaðnum Domo þar sem Bogomil og Samúel munu blanda kokkteila ofan í gesti og á sunnudag verða síðan tónleikar í Vetrargarðinum í Smáralind þar sem sveiflan verður tekin. - fb



**BOGOMIL FONT** Bogomil hefur sent frá sér plötuna Majones jól ásamt Stórsveit Reykjavíkur.



**LANE GARRISON** Garrison, sem leikur Tweener í Prison Break, lenti í hörðum árekstri.

# Garrison í árekstri

Sautján ára piltur dó þegar bíll með Lane Garrison úr þáttunum Prison Break, sem var einn af farþegum, klessti á tré í Kaliforníu.

Tvær fimmtán ára stelpur voru einnig í bílnum og slasaðist önnur þeirra alvarlega. Garrison, sem leikur Tweener í Prison Break, slasaðist lítillega.

Garrison ætlar að hasla sér völl á hvíta tjaldinu á næstunni og lék nýverið í myndinni Shooter sem kemur út á næsta ári.

# Engin Playstation 4

Eftir allt braskið við gerð Playstation 3 efast forsvarsmenn Sony um að fjórða tölvan verði gerð. Ljóst er að Playstation 3 og Nintendo Wii verða helstu leikjatölvur ársins og næstu ára og hafa greiningardeildir spáð báðum fyrirtækjum ýmist himinháum gróða eða bullandi tapi. Þær fregnir heyrast nú úr herbúðum Sony að fyrirtækið ætli að feta í fótspor Sega, hætta að gefa út tölvur og einungis gefa út tölvuleiki, en þar ku mesti gróðinn vera. Spekúlantar í tölvuleikjaiðnaðnum eru þessari þróun andvígir og segja Sonymenn of fljóta á sér.



**PLAYSTATION 3** Líklega síðasta Playstation-tölvan.

# TIL HAMINGJU
## MEÐ TILNEFNINGARNAR!

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN
TILNEFND 2006




Lay Low: Please Don't Hate Me
★★★ Helga Þórey Jónsdóttir, Mbl
★★★ Freyr Bjarnason, Fbl




Sálin & Gospel: Lifandi í Laugardalshöll
★★★★ Arnar Eggert Thoroddsen, Mbl




Pældu í því sem pælandi er í
★★★ Ragnheiður Eiríksdóttir, Mbl
★★★ Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.




Björgvin Halldórsson ásamt S.Í. og gestum
★★★★ Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl




Bubbi: 06.06.06
★★★★★ Arnar Eggert Thoroddsen, Mbl




Regína Ósk: Í djúpum dal
★★★★ Helga Þórey Jónsdóttir, Mbl




Todmobile: Ópus 6
★★★★ Atli Bollason, Mbl




Tríó Björns Thoroddsen
og Andrea Gylfadóttir: Vorvindar




Friðrik Ómar: Annan dag




Toggi: Puppy
★★★★ Trausti Júlíusson, Fbl.




Ampop: Sail to the Moon
★★★★ Trausti Júlíusson, Fbl
★★★ Atli Bollason, Mbl

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN
TILNEFND 2006

**Góða skemmtun um jólin** ▶

sena







## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stríðsmyndin Letters from Iwo Jima, sem Clint Eastwood tók upp samhliða Flags of Our Fathers, var valin besta myndin hjá National Board of Review-gagnrýnendasamtökunum í Bandaríkjunum. Frumsýna átti myndina, sem er með japönsku tali, snemma á næsta ári en ákveðið var að flýta henni. Flags of Our Fathers kom út í október í Bandaríkjunum og fékk hún blendnar viðtökur og dræmari aðsókn en búist var við.



Hjartaknúsarinn George Clooney segist vilja leika í indverskri Bollywood-kvikmynd þar sem söngur og dans er í fyrirrúmi. Clooney segist vera mikill aðdáandi Bollywood og er heillaður af því hversu kvikmyndaiðnaðurinn í landinu hefur þanist út undanfarin ár. Vill hann að bandarískir framleiðendur beini sjónum sínum meira að iðnaðinum þar í landi.

Hinn sautján ára Daniel Radcliffe, sem leikur Harry Potter, er yngsta manneskjan til að komast á lista tímaritsins Sunday Times í Bretlandi yfir ríkustu stjörnur landsins. Eigur hans eru taldar nema tæpum tveimur milljörðum króna. Fimmta Harry Potter-myndin er væntanleg á næsta ári og má því búast við því að Radcliffe fái enn meiri pening í vasann á næstunni.











| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | B.i.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE VIP | kl. 5 - 8 - 10:10 | | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 10:30 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | FLY BOYS | kl. 8 | B.i. 12 |
| SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY Ensk tal | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | | | |

| SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:50 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 | Leyfð | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |

| SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:30 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 | Leyfð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10 | B.i. 16 |

| SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DEAD OR ALIVE | kl 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 | Leyfð |
| THE LAST KISS | kl 10 | B.i.12 |
| | | |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

www.haskolabio.is

TÓNLISTARMAÐUR - MANNÚÐARVINUR - ÞJÓÐARÓGN




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 - 8 | Leyfð |
| THE US VS. JOHN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl.6-8-10:10 | B.i. 12 |
| NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.7 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Tannlaust sagarblað

Hryllingsmyndin Saw svínvirkaði, halaði inn fullt af peningum þannig að framhaldsmynd var hrist fram í snarhasti. Saw II stóð forveranum töluvert að baki og með þriðju myndinni er þetta búið.

Sagan var áhugaverð og snjöll í fyrstu tilraun en það er deginum ljósara að höndum hefur verið kastað til við handritsgerð Saw III. Væntanlega í látunum við að kreista síðustu dollarana úr blóðugri mjólkurkúnni.

Morðinginn Jigsaw er sem fyrr í meira lagi uppátektarsamur og heldur áfram að sérvelja sér fórnarlömb sem hafa tvo kosti, leysa viðbjóðslega þraut sem gæti kostað þau lífið. Standist þau þolraunina halda þau lífi en tortímast ellegar með skelfilegum hætti.

Jigsaw var feigur í fyrstu myndinni, með krabbameinsæxli í heila, og nú er svo komið að hann liggur banaleguna. Lærlingur hans, Amanda, fórnarlamb hans sem lifði fyrstu myndina, gengur erinda hans og gefur meistaranum ekkert eftir í ógeðfelldum morðum.

Amanda rænir í þessari umferð lækninum Lynn Denlon sem hún neyðir til þess að hjúkra Jigsaw með sprengjubelti um hálsinn. Hætti hjarta Jigsaw að slá mun læknirinn missa höfuðið í bókstaflegri merkingu.

Á sama tíma annars staðar í völundarhúsi morðingjanna fer Jeff nokkur í gegnum röð erfiðra þrauta sem ganga út á það að fá hann til að fyrirgefa manni sem varð syni hans að bana. Hann er ekki í bráðri lífshættu sjálfur en hefur örlög fólks í hendi sér sem Jigsaw hefur bruggað subbuleg banaráð.

Frekar en fyrri daginn er ekki allt sem sýnist og Jigsaw hefur hugsað marga leiki fram í tímann en öll spinnast þessi ósköp frekar illa. Reynt er að breiða yfir þunnt plottið með ofuráherslu á líkamlegan viðbjóð og þjáningu sem virkar ágætlega framan af. Myndin byrjar til dæmis á nokkrum suddalegum splatterum sem gefa fyrirheit um enn frekari óhugnað sem þó verður því miður lítið úr þannig að manni er farið að leiðast áður en yfir lýkur.

Saw III hefur það hins vegar umfram flestar myndir í sama flokki að hún er óvenju vel leikin en það hrekkur skammt enda er góður leikur eitt af því sem fólk gerir síst kröfu um í hryllingnum. Smá húmor, sterkara handrit og úthald í viðbjóði hefði getað reddað myndinni fyrir horn en hún lyppast því miður niður og er vonandi lokakaflinn í þessari seríu sem fór fantavel af stað en svo beint niður á við. **Þórarinn Þórarinsson**



**KVIKMYNDIR**

**Saw III**

Leikstjóri: Darren Lynn Bousman
Aðalhlutverk: Tobin Bell, Shawnee Smith, Angus Macfadyen, Bahar Soomekh

★

Veik og þvæld saga um síðasta útspil krabbameinssjúks geðsjúklings nær ekki tilætluðum árangri og ofuráhersla á líkamlegan viðbjóð breiðir ekki yfir meingallað handrit enda verður óhugnaðurinn hlægilegur frekar en skelfilegur áður en yfir lýkur.

# Incubus á toppinn

Sjötta plata bandarísku rokksveitarinnar Incubus, sem heldur tónleika hérlendis í mars á næsta ári, fór beint á topp Billboard-listans í Bandaríkjunum með plötuna Light Grenades. Er þetta í fyrsta skiptið sem Incubus fer beint á toppinn með plötu sína.

Incubus byrjar tónleikaferð sína um Bandaríkin og Kanada 5. janúar og seldist upp á hana á einum degi. Þetta er fyrsta tónleikaferð sveitarinnar í tvö ár og mun hún heimsækja 25 borgir á sex vikum.

Incubus, sem í eru söngvarinn Brandon Boyd, gítarleikarinn Mike Einziger, bassaleikarinn Ken Kenney, plötusnúðurinn Chris Kilmore og trommarinn Jose Pasillas, tók upp Light Grenades í Atlanta og Los Angeles ásamt upptökustjóranum Brendan O'Brien, sem unnið hefur meðal annars með Audioslave, Neil Young og Pearl Jam. Fyrsta smáskífulag plötunnar nefnist Anna Molly og hefur það fengið góðar viðtökur.



**INCUBUS** Rokksveitin Incubus fór beint á toppinn á Billboard-listanum.

# Með ritstíflu

Robert Smith, forsprakki bresku sveitarinnar The Cure, á í mestu vandræðum með að semja texta fyrir næstu plötu sína.

Hljómsveitin hefur þegar tekið upp 33 lög fyrir plötuna sem verður sú fjórtánda í röðinni. Útgáfu plötunnar hefur verið frestað þar til í maí. „Ég vil að orðin hafi einhverja þýðingu. Það er ekki nóg að þau rími," sagði Smith. „Ég þarf að klára textana fyrir jól. Ef það tekst ekki mega menn skjóta mig," sagði hann.



**ROBERT SMITH** Forsprakki The Cure á í mikilli ritstíflu um þessar mundir.

# Barn í vændum

Hin dönskættuðu hjón Connie Nielsen og Lars Ulrich, trommuleikari rokkhljómsveitarinnar frægu, Metallica, eiga von á sínu fyrsta barni saman. Connie Nilsen er leikkona og gerði garðinn frægan í stórmyndinni Gladiator fyrir nokkrum árum. Ulrich og Nielsen eiga bæði börn úr fyrri sambönd um. Leikkonan á von á sér í júní á næsta ári og eru skötuhjúin yfir sig ánægð með fregnirnar.



**DANSKÆTTAÐ BARN** Connie Nielsen og Lars Ulrich eiga von á sínu fyrsta barni saman í júní.




## > Dennis Rodman til liðs við Bumbuna?

Heyrst hefur að hið skrautlega körfuboltalið KR B, eða Bumban eins og liðið er venjulega kallað, rói að því öllum árum að fá sjálfan Dennis Rodman til liðs við félagið. Bumban á leik við Hvíta riddarann í bikarnum fljótlega og Bumban er bjartsýn á að ná sæti í átta liða úrslitum. Þar myndi liðið væntanlega leika á móti úrvalsdeildarliði og þá ætlar liðið að fá Rodman í sínar raðir en það ku kosta 50 þúsund dollara. Bumban á að hafa reynt að fá kappann til liðs við sig í fyrra en án árangurs. Vonandi gengur betur núna.



SAMSETT MYND/RÓBERT

**sport**

sport@frettabladid.is

FYLKISMENN BLÁSA TIL SÓKNAR: RÁÐA NÝJA ÞJÁLFARA Í STAÐ SIGURÐAR SVEINSSONAR OG FÁ EINNIG LIÐSSTYRK

# *Ólafur og Heimir Örn taka við Fylki*

Eftir helgi verður tilkynnt ráðning nýs þjálfara hjá Fylki í handknattleik. Við starfi Sigurðar Vals Sveinssonar tekur Ólafur Lárusson og honum til aðstoðar verður að öllum líkindum Heimir Örn Árnason, fyrrverandi leikmaður Fylkis og guðfaðir Fylkisliðsins enda átti hann stóran þátt í því Fylkir byrjaði með handknattleikslið fyrir síðustu leiktíð. Heimir Örn fékk samningi sínum við Bjerringbro-Silkebro rift í gær. Tímabilið hefur verið mjög erfitt hjá Heimi enda var hann meiddur í þrjá mánuði og svo þegar hann var loksins orðinn heill hafði þjálfari liðsins engan áhuga á því að nota hann. Það var því auðsótt mál að fá samningnum rift.

„Það var stórfurðulegt að fá aldrei tækifæri. Ég stóð mig vel á æfingum en fékk einfaldlega engin tækifæri,“ sagði Heimir sem hefur ekki enn gengið frá öllum lausum endum við Fylki en mikið má vera ef hann skrifar ekki undir. Einhver áhugi er frá liðum í Danmörku og Noregi en hugur Heimis stefnir heim þar sem kona hans er í námi og svo eignuðust þau skötuhjú sitt fyrsta barn á dögunum. „Ég vil alls ekki sjá Fylki falla enda tel ég að liðið geti gert góða hluti á næstu árum,“ sagði Heimir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ólafur Lárusson búinn að gefa Fylki jákvætt svar við tilboðinu um að þjálfa liðið, en hann er staddur erlendis og því verður ekki hægt að skrifa formlega undir fyrr en eftir helgi og má búast við tíðindum úr Fylkishöllinni á mánudag.





**RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR** Náði sér vel á strik í Helsinki í gær.

EM í 25 metra laug:

# Íslandsmet hjá Ragnheiði

**SUND** Íslenska sundfólkið var í eldlínunni á EM í 25 metra laug sem fram fer í Helsinki þessa dagana.

Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR bætti Íslandsmet Kolbrúnar Ýrar Kristjánsdóttur í 100 metra skriðsundi um 0,01 sekúndu er hún kom í mark á 55,95 sekúndum en Kolbrún setti gamla metið árið 2003. Þessi tími dugði Ragnheiði í 25. sætið í sundinu.

Anja Ríkey Jakobsdóttur varð í 27. sæti í 100 metra baksundi en hún synti á 1:03,24 mínútum. Jóhanna Gerða Gústafsdóttir varð í 35. sæti í sömu grein.

Örn Arnarson var aftur á móti fjarri sínu besta í 100 metra flugsundi sem hann synti á 53,51 sekúndu og það skilaði honum í 21. sæti.

- hbg

# Markmiðið að komast á EM í Finnlandi

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur verið ráðinn þjálfari A-landsliðs kvenna í knattspyrnu. Sigurður Ragnar hefur litla reynslu af þjálfun en er þó hvergi smeykur við að takast á við þetta krefjandi verkefni.**

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson var í gær ráðinn þjálfari A-landsliðs kvenna í knattspyrnu. Samningur Sigurðar Ragnars gildir fram yfir úrslitakeppni EM sem fram fer í Finnlandi árið 2009. Sigurður Ragnar tekur við starfinu af Jörundi Áka Sveinssyni sem gegnt hefur starfinu undanfarin tvö ár en Jörundur tók nýlega við þjálfun kvennaliðs Breiðabliks.

Sigurður sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það hafi verið erfitt að segja nei við boði um að taka við A-landsliði. „Mér var boðið starfið fyrir einni og hálfri viku. Ég tók mér einn dag í að hugsa málið en við náðum bara ekki að klára málin fyrr en núna. Bæði ég og Geir Þorsteinsson höfum verið mjög uppteknir. Mér fannst ekki hægt að hafna því að taka við A-landsliði þegar leitað var til mín. Þetta er mjög krefjandi og spennandi verkefni og ég var meira en til í að taka þetta að mér.“

**Krafa um árangur**

Formaður landsliðsnefndar kvenna, Kjartan Daníelsson, sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að það væri krafa að kvennalandsliðið kæmist í úrslitakeppnina í Finnlandi, annað væri ekki ásættanlegt.

„Það er yfirleitt markmið KSÍ að koma liðinu í úrslitakeppnina og það er mjög krefjandi markmið. Ég á eftir að fara yfir leikmannamál, hverjar gefa kost á sér áfram og fara svo yfir stöðuna en vissulega er það sem við ættum að stefna á. Leikmenn þurfa auðvitað að vera sammála því. Það eru þeir sem spila leikina,“ sagði Sigurður Ragnar en liðum í úrslitakeppni EM hefur verið fjölgað úr átta í tólf en gestgjafarnir Finnar eiga eitt af þeim sætum.



**GUÐNI KJARTANSSON OG SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON** Eru nýir landsliðsþjálfarar kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Ragnar sagðist fylgjast vel með íslenskum kvennafótbolta.

„Ég hef fylgst mjög vel með kvennaboltanum frá árinu 1992. Konan mín hefur verið leikmaður, bæði hér á landi og erlendis, og þjálfari. Ég hef alltaf fylgst vel með henni og svo hef ég líka farið á þessa kvennalandsleiki.

Ég þekki því hópinn ágætlega og mun fylgjast enn betur með hér eftir,“ sagði Sigurður Ragnar en konan hans er Íris Björk Eysteinsdóttir, knattspyrnuþjálfari og dómari.

„Það er mjög góður efniviður á Íslandi og það er sama með stelpurnar og strákana að yngri flokka þjálfun hérna er mjög góð.

Við skilum upp mörgum hæfileikaríkum leikmönnum en svo fá ekki allir tækifæri til að láta ljós sitt skína. Tvímælalaust eiga fleiri stelpur erindi út í atvinnumennsku og það væri að mörgu leyti gott ef þau tækifæri kæmu upp í ríkari mæli en verið hefur. Ef maður spilar í sterkari deildum og við sterkari leikmenn þá verður maður bara betri leikmaður,“ sagði Sigurður Ragnar. Er hann þá sammála því að bestu leikmenn landsins safnist saman í Breiðablik og Val?

**Minni breidd hjá stúlkunum**

„Það er bæði þannig í karla- og kvennaboltanum að bestu leikmennirnir sækjast eftir því að spila fyrir bestu liðin og bestu liðin sækjast eftir bestu leikmönnunum. Það er kannski minni breidd í kvennaknattspyrnunni og því hefur þetta kannski meiri áhrif en maður skilur það að metnaðarfullir leikmenn vilja vera í stærstu klúbbunum. En auðvitað væri æskilegast fyrir landsliðsþjálfarann að liðin séu jöfn.“

Þrátt fyrir mikla menntun sem knattspyrnuþjálfari hefur Sigurður Ragnar litla reynslu. „Ég hef verið að spila öll þessi ár sem leikmaður og það var fyrst nú í sumar sem það gafst einhver tími til að þjálfa.

Þá fór ég í verkefni með Guðna Kjartanssyni að vinna með U-18 landsliði Íslands. Við fórum með liðið á mót í Tékklandi og stýrðum því í þremur leikjum. Þar prófuðum við báðir að vera aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar. Annars hef ég ekki þjálfað mikið,“ sagði Sigurður Ragnar en Guðni Kjartansson verður aðstoðarþjálfari hans hjá A-landsliðinu.

„Ég er með UEFA-B og er búinn að halda um 60 þjálfaranámskeið fyrir KSÍ og setið þessi stig margoft sem við erum að kenna. Einnig er ég með mastersnám í íþróttasálfræði og BS-gráðu í íþróttafræðum og þetta nýtist manni allt á einhvern hátt.“

dagur@frettabladid.is


LÍBA
www.liba.is
Líba ehf, Iðngarðar 21, 250 Garði,
S. 422 7922, 893 5422, liba@liba.is

Granít gólfflísar
á betra verði en áður hefur sést




Einingahús • Legsteinar • Garðstyttur • Gólfflísar


Eyþór Þrastarson bætti tíma sinn í 50 m skriðsundi á lokadeginum á HM í sundi:

# Kristín Rós náði fjórða sætinu

**SUND** Í gær fór fram síðasti keppnisdagurinn á heimsmeistaramótinu í sundi fatlaðra í Durban í Suður-Afríku og þar voru allir íslenskir keppendurnir í eldlínunni.

Kristín Rós Hákonardóttir keppti í 50 metra skriðsundi og komst í gegnum undanrásir á tímanum 35,92 sekúndur sem var næstbesti tíminn í undanrásunum. Í úrslitum synti Kristín Rós svo á 36,02 sekúndum sem skilaði henni í fjórða sætið. Frábær árangur hjá Kristínu en þetta er þó töluvert frá hennar besta en Íslandsmet hennar í greininni er 35,31 sekúnda.

Sonja Sigurðardóttir, sem tekur þátt í stórmóti í sundi fatlaðra í fyrsta sinn, keppti í 100 metra skriðsundi og endaði í þrettánda sæti á tímanum 1:53,87 en besti tími sem hún hefur náð í greininni áður er 1:49,81 sekúnda.

Þá keppti Eyþór Þrastarson í 50 metra skriðsundi og endaði í ellefta sæti á tímanum 33,14 sekúndur sem er hans besti tími í þeirri grein og bætti hann sig þar um rúmlega hálfa sekúndu.

Íslensku keppendurnir koma heim á sunnudaginn en mótið hefur staðið yfir í rúma viku og geta íslensku keppendurnir vel við unað enda árangurinn verið góður á þessu móti.

- dsd



**KRISTÍN RÓS HÁKONARDÓTTIR** Þessi mikla sunddrottning okkar Íslendinga endaði í fjórða sæti í 50 metra skriðsundi á lokadeginum á HM í sundi. Kristín á einmitt Íslandsmetið í þeirri grein. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# HELGARTILBOÐ




CD+DVD

~~3.499~~ **3.199**

**Björgvin Halldórsson**
**Bó og Sinfó**




~~2.199~~ **1.999**

**Baggalútur**
**Jól og Blíða**

NÝTT




~~2.199~~ **1.999**

**Jóhann Friðgeir**
**Jóhann Friðgeir og vinir**




~~2.199~~ **1.999**

**Ragnheiður Gröndal**
**Þjóðlög**




~~2.199~~ **1.999**

**Lay Low**
**Please don´t hate me**

5CD




~~3.299~~ **2.799**

**100 Íslensk Jólalög**
**Ýmsir**

NÝTT



~~2.199~~ **1.999**

**Beta**
**Þriðja leiðin**




~~2.199~~ **1.999**

**Mannakorn**
**Jól með Mannakornum**

NÝTT



~~2.199~~ **1.999**

**Siggi Pálma**
**Stories**




**1.999**

**Pirates of the Caribbean 2**
**DVD**




**1.999**

**Þetta er ekkert mál**
**DVD**

NÝTT




**1.999**

**Cars**
**DVD**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR



**LIONEL MESSI** Það yrði reiðarslag fyrir Barcelona ef þessi smái en knái leikmaður færi til Inter Milan.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Lionel Messi:

## Lionel Messi til Inter á Ítalíu?

**FÓTBOLTI** Lionel Messi, leikmaður Barcelona, er orðaður við skipti yfir í ítalska liðið Inter, segja ítalskir fjölmiðlar. Messi er sagður vera óánægður með samning sinn hjá Barcelona og fregnir herma að faðir stráksins, sem jafnframt er umboðsmaður hans, hafi hitt yfirmenn hjá Inter á dögunum.

Messi hefur verið hjá Barcelona frá þrettán ára aldri og lék sinn fyrsta leik fyrir félagið fjórum árum síðar. Messi braut bein í fæti í síðasta mánuði og er ekki væntanlegur til keppni fyrr en í febrúar.

Messi er með um 230 milljónir í árslaun sem er víst töluvert frá því sem launahæstu leikmenn Barcelona eru með í laun. Massimo Moratti, stjórnarformaður Inter, hefur verið ráðlagt af Diego Maradona sjálfum að kaupa Messi, sem er með klásúlu í samningi sínum þess efnis að hann geti yfirgefi félagið ef eitthvað lið er til í að bjóða 13,8 milljarða í leikmanninn. Samningur Messis rennur ekki út fyrr en árið 2014.

Jorge Messi, faðir Lionels Messi, sást á dögunum í Mílanó og er sagður hafa farið á fund Morattis. - dsd

Ný könnun um ríkidæmi knattspyrnukappa og knattspyrnufjárfesta í Bretlandi:

# David Beckham þénar þrefalt meira en næsti maður sem er Michael Owen

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að David Beckham fái ekki lengur að spila reglulega fyrir Real Madrid er hann enn langríkasti knattspyrnumaður Breta. Nýverið var gerð ný könnun sem náði til breskra knattspyrnumanna og annarra leikmanna sem spila í Bretlandi. Englendingar skipuðu sér í efstu fimm sætin en skammt á hæla þeim komu menn eins og Andriy Shevchenko, Thierry Henry og Michael Ballack.

Verðmæti Beckhams eru talin nema 87 milljónum punda eða 11,7 milljörðum króna. Næsti maður, Michael Owen, er tæplega hálfdrættingur á við Bekcham og kemur næstur á listanum með 32 milljónir punda.

Það er löngu orðið frægt að Robbie Fowler hefur farið afar vel með sínar fjárfestingar og er hann næstur á listanum með 28 milljónir punda.

**RÍKUSTU KNATTSPYRNUMENNIRNIR**

| NAFN, FÉLAG | MILLJARÐAR KRÓNA |
|---|---|
| **DAVID BECKHAM, REAL MADRID** | **11,7** |
| MICHAEL OWEN, NEWCASTLE | 4,3 |
| **ROBBIE FOWLER, LIVERPOOL** | **3,8** |
| SOL CAMPBELL, PORTSMOUTH | 3,6 |
| **RIO FERDINAND, MANCHESTER UNITED** | **3,0** |
| RYAN GIGGS, MANCHESTER UNITED | 3,0 |
| **ANDRYI SHEVCHENKO, CHELSEA** | **3,0** |
| THIERRY HENRY, ARSENAL | 2,8 |
| **WAYNE ROONEY, MANCHESTER UNITED** | **2,7** |
| MICHAEL BALLACK, CHELSEA | 2,4 |

**RÍKUSTU FJÁRFESTARNIR**

| NAFN, FÉLAG | MILLJARÐAR KRÓNA |
|---|---|
| **R. ABRAMOVICH, CHELSEA** | **1458** |
| J. LEWIS, TOTTENHAM | 283,5 |
| **D. DESMOND, CELTIC** | **168,8** |
| M. GLAZER, MANCHESTER UNITED | 141,2 |
| **T. HEMMINGS, CHARLTON/PRESTON** | **121,5** |



**BECKHAM-HJÓNIN** Eiga fyrir salti í grautinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Beckham fær 4,4 milljónir punda í laun frá Real Madrid á hverju ári en aðaltekjulind hans eru frá auglýsingasamningum hans. Á síðasta ári færðu þau honum 19 milljónir punda í aðra hönd.

Og það skal engum koma á óvart hver sé efstur á lista þegar ríkustu knattspyrnufjárfestar Bretlands eru. Eigandi Chelsea, Rússinn Roman Abramovic, er þar langefstur á lista með verðmæti upp á 10,8 milljarða punda eða 1458 milljarða króna.

Talið er að Abramovic hafi eytt 440 milljónum punda í Chelsea á undanförnum þremur árum, um það bil sömu upphæð og Liverpool er að seljast á um þessar mundir.

Hann er þó ekki nema næstríkasti maður Bretlands því stálframleiðandinn Lakshmi Mittall er talinn eiga meira en hann. - esá








**HARRY REDKNAPP** Tók við Portsmouth í erfiðri stöðu fyrir ári en hann hefur gert frábæra hluti með liðið.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Campbell um Redknapp:

## Redknapp er Messías

**FÓTBOLTI** Sol Campbell, varnarmaður Portsmouth, sparar ekki stóru orðin þegar hann lýsir framkvæmdastjóra félagsins, Harry Redknapp. Á miðvikudaginn var ár frá því að Redknapp tók við Portsmouth af Frakkanum Alain Perrin. Þá var liðið í fallsæti en er nú fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

„Harry hefur gert frábæra hluti fyrir þetta knattspyrnufélag. Portsmouth var nánast úr leik fyrir ári en hann kom eins og Messías sjálfur og hjálpaði liðinu,“ sagði Campbell.

Það voru blendnar tilfinningar meðal stuðningsmanna Portsmouth þegar Harry Redknapp tók við liðinu fyrir ári því hann hafði áður yfirgefið félagið og tekið við erkifjendunum í Southampton. Redknapp hefur nú unnið stuðningsmenn Portsmouth á sitt band á nýjan leik með því að fá góða leikmenn til félagsins og þeir gæla jafnvel við að ná Evrópusæti í lok leiktíðar.

„Ég veit ekki hvert hans leyndarmál er. Sumir hafa bara í sér það sem þarf, sumir ekki, og Redknapp hefur þetta í sér. Harry Redknapp er allt öðruvísi en Arsene Wenger, það er ekki hægt að bera þá saman. Þeir eru hins vegar báðir frábærir stjórar og Harry mun halda áfram að gera góða hluti fyrir Portsmouth,“ sagði Campbell sem Redknapp keypti frá Arsenal í sumar. - dsd



**FERNANDO ALONSO** Fagnar hér heimsmeistaratitlinum sínum fyrr á þessu ári.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Formúla 1:

## McLaren vill fá Alonso strax

**FORMÚLA 1** Formúluliðið McLaren hefur farið fram á það við Renault að síðarnefnda liðið rifti samningi sínum við Fernando Alonso nú þegar svo að Spánverjinn geti æft með McLaren á Spáni í næstu viku.

„Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá viljum við sjá hann í McLaren-bílnum eins fljótt og auðið er. Eftir þessa viku er aðeins ein vika eftir í æfingar og við viljum að Renault virði allt sem Alonso hefur gert fyrir liðið og sleppi honum svo hann geti æft með okkur,“ sagði Martin Whitmarsh, stjórnarformaður McLaren. - dsd

Ben Johnson gefst ekki upp á að sverta mannorð Carls Lewis:

# Lewis var með í samsæri gegn mér



**SIGURVEGARI Á STERUM** Ben Johnson sést hér koma langfyrstur í mark í frægasta 100 metra hlaupi sögunnar á Ólympíuleikunum í Seoul árið 1988.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FRJÁLSAR** Kanadíski spretthlauparinn Ben Johnson, sem setti heimsmet á Ólympíuleikunum árið 1988 og var síðan sviptur verðlaunum sínum er upp komst að hann hafði neytt ólöglegra lyfja, er átján árum eftir hlaupið enn að reyna að hreinsa mannorð sitt og kasta rýrð á aðra. Þá sérstaklega Carl Lewis, sem varð annar í hlaupinu og fékk gullið þegar Johnson féll á lyfjaprófinu.

Johnson hefur játað að hafa neytt ólöglegra lyfja á þessum tíma en segist engu að síður vera fórnarlamb samsæris sem Carl Lewis hafi meðal annars tekið þátt í.

„Ég er með upplýsingar um hvers lags þetta samsæri var og hverjir stóðu á bak við það. Ég vil ekki segja of mikið en Carl Lewis var með í samsærinu,“ sagði Johnson við ástralska blaðið Herald Sun. Hann segist hafa drukkið bjór með fyrrverandi ruðningskappa í lyfjaherberginu á sínum tíma og að þessi ruðningskappi hafi verið fjölskylduvinur Carls Lewis og hefði laumað ólöglegu lyfi í bjórinn hans. Johnson segir að eitt þeirra lyfja sem hafi fundist í sýni hans hafi hann hreinlega ekki notað og því hafi einhver átt við bjórinn hans.

„Ég er búinn að fara yfir málið með lögfræðingi mínum og hann vill helst ekkert gefa upp um málið fyrr en í júní á næsta ári enda erum við enn að reyna að fá ákveðnar upplýsingar og einnig erum við að vinna í að fá ruðningskappann til að tala um málið,“ sagði Johnson enn fremur. Eins og búast mátti við hafa talsmenn Lewis neitað ásökunum Johnsons. „Carl hafði nákvæmlega ekkert með það að gera að sýni Johnsons reyndist jákvætt,“ sagði umboðsmaður Lewis. - hbg



**FRANCESCO TOTTI** Hefur farið á kostum með Roma að undanförnu.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Roma mætir Lazio:

## Totti verður klár í slaginn

**FÓTBOLTI** Francesco Totti, fyrirliði ítalska liðsins Roma, ætlar sér að spila með liðinu gegn Lazio á sunnudaginn þrátt fyrir að hafa meiðst í leik Roma og Valencia í Meistaradeildinni á þriðjudaginn.

„Ég verð klár í þennan nágrannaslag. Ég finn enn þá til í ökklanum og liðböndin eru enn aum en ég mun gera allt til að vera klár fyrir leikinn gegn Lazio á sunnudaginn,“ sagði Totti sem er byrjaður að æfa þrátt fyrir að ganga ekki heill til skógar.

Roma hefur unnið síðustu sex leiki sína í deildinni og eru fjórum stigum frá toppliði Inter Milan. Totti hefur farið fyrir sínum mönnum og skorað sjö mörk í síðustu fjórum deildarleikjum Roma. - dsd





**MAURICE TAYLOR** Hefur þrisvar greinst með marijúana í líkamanum.

Maurice Taylor:

# Í fimm leikja bann

**NBA** Maurice Taylor, leikmaður Sacramento Kings, hefur verið dæmdur í fimm leikja bann en hann féll á lyfjaprófi á dögunum. Bannið tók gildi í gær. Taylor hefur aðeins komið við sögu í fjórum leikjum hjá Kings í vetur og ekki enn skorað stig.

Taylor greindist með marijúana í líkamanum og er þetta í þriðja skiptið sem hann fellur á lyfjaprófi. Taylor gekk til liðs við Sacramento Kings frá New York Knicks í sumar og fékk sjálfkrafa fimm leikja bann að þessu sinni. Fyrst fékk Taylor fimm leikja bann tímabilið 2002-2003 og nú síðast fékk hann sex leikja bann tímabilið 2003-2004.

Af öðrum fréttum úr NBA er það að segja að Gilberto Arenas fór á kostum þegar Washington Wizards sigruðu New York Knicks á útivelli, 113-102.

Arenas skoraði 39 stig í leiknum þar sem Washington hittu úr 14 af 20 þriggja stiga skotum sínum en það er besti árangur liðs á því sviði það sem af er leiktíðar.

Ekkert hefur gengið hjá New York Knicks á leiktíðinni og þeir hafa einungis unnið tvo af tíu heimaleikjum sínum. - dsd

Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko talar opinskátt um stöðu sína hjá Chelsea:

# Tilbúinn að fara aftur til Ítalíu ef Mourinho getur ekki notað mig

**FÓTBOLTI** Úkraínski framherjinn Andriy Shevchenko segist vera tilbúinn til að yfirgefa Chelsea ákveði stjóri liðsins, Jose Mourinho, að hann henti ekki leikkerfi liðsins. Shevchenko hefur aðeins skorað þrjú mörk í ensku deildinni síðan hann var keyptur á rúmlega 30 milljónir punda frá AC Milan síðasta sumar. Hann hefur upp á síðkastið verið sterklega orðaður við sitt gamla félag.

„Mér líður eins og heima hjá mér og tilfinningin er eins og ég hafi verið í þessu liði í langan tíma en því miður virðist leikstíll minn ekki henta Mourinho. Roman Abramovich er vinur minn og hann segir ekki koma til greina að selja mig og ef ég færi frá liðinu yrði það aðeins að láni,“ sagði Úkraínumaðurinn sem skoraði sitt fyrsta mark fyrir Chelsea í Meistaradeildinni á miðvikudag og er erfitt að lesa annað úr orðum hans en að hann sé klár í að fara aftur til AC Milan sem gæti svo sannarlega nýtt krafta hans.



**ANDRIY SHEVCHENKO** Virðist vera til í að fara til Ítalíu eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MIKILL MARKASKORARI** Shevchenko skoraði grimmt fyrir AC Milan á sínum tíma en hefur ekki fundið skotskóna hjá Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ef ég verð lánaður þá er ég til í að pakka niður. Ég er maður með mikið sjálfstraust. Ef ég henta ekki einhverjum þjálfara þá fer ég bara aftur til Ítalíu og sýni hversu góður ég er. Ég er ekki búinn að vera sem leikmaður og ég hef í raun ekkert að sanna. Það vita allir hvers Andriy Shevchenko er megnugur,“ sagði Sheva að lokum.

Chelsea gaf frá yfirlýsingu í gær varðandi þær sögusagnir um málið þar sem segir að ekkert sé hæft í þessum fregnum, sem upphaflega áttu að hafa komið frá breska blaðinu The Mirror.

„Þessar fréttir eru hafðar eftir rússnesku dagblaði. Andriy hefur einungis gefið eitt viðtal í þessari viku og það var við rússneskt dagblað,“ sagði í yfirlýsingu félagsins.

Chelsea mætir Arsenal í stórleik umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni á sunnudaginn. Leiksins er beðið með miklum eftirvæntingum en þetta verður í fyrsta sinn sem Ashley Cole mætir sínum gömlu félögum í Arsenal frá því hann yfirgaf liðið í ágúst síðastliðnum.

Einnig verður þetta í fyrsta sinn sem William Gallas mætir aftur á Stamford Bridge. - hbg



**ROBBIE KEANE** Verður frá keppni í fimm til sex vikur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tottenham Hotspur:

# Keane og Jenas lengi frá keppni

**FÓTBOLTI** Tottenham varð fyrir áfalli í gær þegar í ljós kom að bæði Robbie Keane og Jermaine Jenas verða lengi frá keppni vegna meiðsla. Keane meiddist í leik gegn Middlesbrough á dögunum, stuttu eftir að hann skoraði sigurmarkið í leiknum.

„Keane verður frá keppni næstu fimm til sex vikurnar og það er áfall. Hann tognaði á liðbandi í hné. Keane er venjulega fljótur að jafna sig og það gæti vel verið að hann verði klár eftir fjórar vikur en að öllum líkindum verður hann frá í fimm til sex vikur,“ sagði Martin Jol, framkvæmdastjóri Tottenham, í gær. Jermaine Jenas meiddist á ökkla og verður frá í u.þ.b. fjórar vikur. - dsd




Owen Hargreaves ekki búinn að gefast upp:

# Langar til Man. United

**FÓTBOLTI** Enski landsliðsmaðurinn Owen Hargreaves hefur enn og aftur biðlað til Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd, um að reyna að kaupa sig. Hargreaves reyndi mikið að fá sig lausan frá Bayern München fyrir tímabilið en þýska félagið hafnaði öllum tilboðum í Hagreaves og sagði hann ekki ráða því hvort og hvenær hann færi frá félaginu.

Miðjumaðurinn varð fyrir því óláni að fótbrotna í september og hefur fylgst með af hliðarlínunni síðan. Leikmannamarkaðurinn verður opnaður á ný í janúar og Hagreaves er byrjaður að minna á sig.

„Að fá tækifæri til að spila fyrir stórt félag eins og Manchester United er draumur hvers leikmanns og ég tel United vera eitt stærsta félag heims. Svo kemst ég líka nær fjölskyldu minni ef ég fer þangað. Faðir minn er frá Bolton og öll hans fjölskylda býr þar. Það er ekki eins og United væri að kaupa þýskan leikmann því tenging mín á svæðið er mjög sérstök,“ sagði Hargreaves.

„Ég var upp með mér yfir áhuga United í sumar og það er ekkert leyndarmál að þangað vil ég fara. Þótt ég sé með samning hjá Bayern tel ég mikilvægt að segja frá því sem maður vill og hefur trú á. Mér er sama um gagnrýnina sem ég fékk. Þetta er minn vilji og þess vegna segi ég frá þessu.“ - hbg

Spennan að magnast fyrir leik Arsenal og Chelsea:

# Ætla að veifa peningum framan í Ashley Cole

**FÓTBOLTI** Mikil stemning er farin að myndast fyrir leik Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge um helgina og ekki síst fyrir þær sakir að þetta verður fyrsti leikur Ashley Cole með Chelsea gegn sínu gamla félagi.

Stuðningsmenn Arsenal hata Cole af ástríðu og tala fjálglega um að hann hafi elt Rússagullið til Chelsea. Þeir hafa ákveðið að veifa sérútbúnum peningaseðlum í átt að Cole í leiknum um helgina svo hann gleymi örugglega ekki af hverju hann ákvað að yfirgefa félagið.

Tölvupóstur gengur á milli stuðningsmanna Arsenal ásamt leiðbeiningum þessa dagana. Þeir sem ekki komast á völlinn eru samt hvattir til að prenta út seðilinn og nota hann eftir að þeir hafa lokið sér af á salerninu. Má búast við því að þúsundir seðla fái að fjúka upp í loftið á Stamford Bridge um helgina til „heiðurs“ Ashley Cole. - hbg



**SEÐILLINN GÓÐI** Þessa mynd eru stuðningsmenn Arsenal beðnir um að prenta út fyrir helgina. Með seðlinum fylgja leiðbeiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


LUFTGÍTAR HVAÐ?
Þú ert rokkstjarnan!
GUITAR HERO II
Guðjón Elmar, 27 ára Markaðsstjóri
Gunnar Ingvarsson, 38 ára Innkaupastjóri
INNIHELDUR 55 ROKKSLAGARA!
EINNIG FÁANLEGT: GUITAR HERO SEM INNIHELDUR 30 LÖG!
SKEMMTILEGASTI LEIKUR ÁRSINS ER KOMINN Í NÆSTU VERSLUN!
Gibson
ACTIVISION
PlayStation 2
www.guitarherogame.co.uk
sena



**KIM HYUNG-CHIL** Lést í gær þegar hann tók þátt í hestaíþróttum á Asíuleikunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Asíuleikarnir 2006:

## Dauðsfall í hestaíþróttum

**HESTAÍÞRÓTTIR** Asíuleikarnir standa nú yfir í Katar og í gær gerðist sá hörmulegi atburður að suður-kóreskur keppandi í hestaíþróttum lést þegar hestur hans féll ofan á hann í miðri keppni. Kim Hyung-chil hét maðurinn en hestur hans rúllaði yfir hann eftir að hafa dottið við eina hindrunina.

Kim var fluttur á sjúkrahús þar sem framkvæmdar voru lífgunartilraunir en án árangurs. Hann vann til silfurverðlauna á síðustu Asíuleikum þar sem hann keppti á sama hesti. **- dsd**



**FABIO CANNAVARO** Meiddist á ökkla eftir hressilega tæklingu frá Ruud van Nistelrooy. NORDIC PHOTOS/GETTY

Real Madrid:

## Nistelrooy slasaði Cannavaro

**FÓTBOLTI Óvíst er hvort Ítalinn Fabio Cannavaro getur leikið með Real Madrid um helgina eftir að hafa meiðst á ökkla á æfingu liðsins. Það var enginn annar en Ruud van Nistelrooy sem tæklaði Cannavaro grimmilega á æfingunni en Nistelrooy er þekktur fyrir flest annað en að vera góður tæklari.**

**Cannavaro reiddist við þessa tæklingu og neitaði að taka í hendina á Nistelrooy eftir atvikið þegar Nistelrooy bað félaga sinn afsökunar. „Ég finn mjög mikið til í ökklanum og veit ekki hvort ég get leikið um helgina," sagði Cannavaro. - dsd**

Keflavík og Njarðvík töpuðu bæði í Evrópukeppninni:

## Njarðvík steinlá fyrir Cherkaski Mavpy

**KÖRFUBOLTI** Bæði Keflavík og Njarðvík töpuðu leikjum sínum í Evrópukeppninni í gær en þetta voru síðustu leikir liðanna. Bæði liðin mættu úkraínskum andstæðingum og voru samferða til Úkraínu.

Njarðvík mætti Cherkaski Mavpy og steinlá, 114-73. Friðrik Stefánsson átti þó ágætan leik fyrir Njarðvík og skoraði 22 stig auk þess sem hann hirti 11 frá-köst. Jeb Ivey átti flestar stoðsendingar liðsins eða 5 talsins. Njarðvík endaði í neðsta sæti í sínum riðli en liðinu tókst ekki að vinna leik að þessu sinni.

Keflavík sótti BC Dnipro heim og varð að láta sér lynda 15 stiga tap, 93-78. Erlendu leikmennirnir í liði Keflavíkur voru atkvæðamestir en Tim Ellis skoraði 25 stig fyrir Keflavík og Daninn Thomas Soltau skoraði 19 stig. Jón Gauti Jónsson hirti flest fráköst í liðið Keflavíkur eða 5 talsins. Keflavík varð einnig að láta sér neðsta sætið linda að þessu sinni í Evrópukeppninni. **- dsd**



**KEFLAVÍK TAPAÐI** Jón Nordal og félagar hans í Keflavík urðu að sætta sig við tap gegn BC Dnipro. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Birgir Leifur fór illa af stað og er meðal neðstu manna

**Birgir Leifur Hafþórsson fór ekki vel af stað á fyrsta degi sínum á Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku. Birgir Leifur lék illa fyrstu sjö holurnar en náði að klóra í bakkann á síðustu níu holunum og endaði á fimm höggum yfir pari.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, fór ekki vel af stað á sínu fyrsta móti á Evrópumótaröðinni í golfi, Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku. Nokkur þekkt nöfn í golfheiminum taka þátt í mótinu en Birgir Leifur er í 120. til 132. sæti að loknum fyrsta keppnisdegi.

Birgir Leifur hóf keppni á túnda teig í gær og ræsti snemma. Hann fór afskaplega illa af stað og fékk skolla strax á annarri holu. Birgir náði þó að bæta fyrir það strax á næstu holu og lék á einu höggi undir pari.

Næstu fjórar holur Birgis eru líklega holur sem hann vill gleyma sem allra fyrst því á þeim fékk hann tvo skolla og einn tvöfaldan skolla. Birgir Leifur var því á fjórum höggum yfir pari eftir einungis sjö holur og útlitið ekki gott.

Hvort taugarnar hafi verið að fara með Birgi Leif skal ósagt látið en hann tók sig á síðari hluta mótsins og lék ágætis golf það sem eftir var. Birgir Leifur fékk tvo skolla og einn fugl á síðustu níu holunum og endaði því á fimm höggum yfir pari.

Birgir Leifur fékk því samtals fimm skolla, einn tvöfaldan skolla og tvo fugla á fyrsta hring og er í 120. til 132. sæti, en 154 keppendur taka þátt í Alfred Dunhill-mótinu.

Fimm kylfingar eru efstir og jafnir eftir fyrsta hring af fjórum höggum undir pari. Af þessum fimm eru tveir heimamenn.

Heimamaðurinn Ernie Els, sigurvegari mótsins frá því í fyrra, er þó ekki einn af þeim en hann er í 38. til 54. sæti en hann lék á pari vallarins í gær.



**BIRGIR LEIFUR** Er meðal neðstu manna eftir fyrsta dag á Alfred Dunhill-mótinu í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Af öðrum þekktum kylfingum á mótinu í gær má nefna að Englendingurinn Lee Westwood átti slæman dag í gær og lék á einu höggi yfir pari og er í 54. til 75. sæti á mótinu.

Keppni heldur áfram í dag en mótið stendur fram á sunnudag.

Birgir Leifur Hafþórsson sá sér ekki fært að svara í símann í gær þrátt fyrir ítekaðar tilraunir blaðamanns til að ná í hann.

**dagur@frettabladid.is**



**THIMOTHEE ATOUBA** Sýnir hér stuðningsmönnum Hamborg sitt álit á þeim í Meistaradeildinni á miðvikudaginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýska liðið Hamborg:

## Atouba fékk tvo leiki í bann

**FÓTBOLTI** Thimothee Atouba, varnarmaður Hamborg, hefur verið dæmdur í tveggja leikja bann auk þess sem hann fékk háa sekt fyrir að sýna áhorfendum löngutöngina þegar honum var skipt út af í 3-2 sigri Hamborg á CSKA Moskvu á miðvikudaginn. Atouba gaf frá sér skriflega afsökunarbeiðni í gær.

„Ég veit að ég hef valdið bæði félaginu og liðinu mikinn skaða. Ég veit hver ábyrgð mín er gagnvart félaginu. Ég iðrast þessa atviks mjög mikið, sérstaklega í ljósi þess að fram til þessa hef ég átt mjög gott samband við ykkur [stuðningsmenn Hamborgar] og þið hafið ávallt stutt mig," sagði í yfirlýsingu leikmannsins.

Yfirmaður íþróttamála hjá félaginu og þjálfari liðsins standa einnig við bakið á leikmanninum. „Atouba er ennþá okkar leikmaður. Við styðjum hann og vonum að hann geti sýnt eftir jólafríið það form sem hann hefur áður sýnt hjá félaginu," sagði í yfirlýsingu félagsins. **- dsd**




Skiptu um haus fyrir jólin
Allt að 70% afsláttur af öllum sturtuhausum fram að jólum - mikið úrval
VATNSVIRKINN
Nú er Vatnsvirkinn einnig með verslun að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði - verið velkomin!
Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 5.999,- 70% afsláttur
Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 5.999,- 70% afsláttur
Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 11.997,- 40% afsláttur
Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 11.997,- 40% afsláttur
Verð áður: 14.995,-
Tilboðsverð: kr. 8.997,- 40% afsláttur
Verð áður: 19.995,-
Tilboðsverð: kr. 9.998,- 50% afsláttur
Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

> **Carmen Electra**

Það hlaut að koma að því að hún Carmen Electra yrði með raunveruleikaþátt. Í þættinum „Till Death Do us Part Carmen + Dave“ sem er á dagskrá Sirkuss í kvöld er fylgst með lífi Carmenar og kærasta hennar, Dave Navarro. Eftir sjö þætti skildu þau, það er naumast. Carmen fæddist 20. apríl 1972 og er á lausu í dag.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: DÓRI DNA ER ÞREYTTUR, REIÐUR OG SÁR

# *Hvað er eiginlega X-factor?*

Þegar Stöð 2 hóf að auglýsa sjónvarpsþáttinn X-factor, þá var ég oft spurður um merkingu nafnsins. Ekki vegna þess að ég er svo klár, heldur vegna þess að ég lít út fyrir að vera svo klár. Spurningunni gat ég blessunarlega auðveldlega svarað. Ég benti fólki á að nú væri verið að leita eftir einhverjum einstaklingi sem hefði eitthvað meira en fallega söngrödd, einhverjum sem hefði svo kallað „úmf“, mikla hæfileika og alla þá kosti sem einkenna sannar stjörnur. Þess vegna leist mér líka mjög vel á þáttinn því Idol var ekkert annað en útblásin Karaoke-keppni, sem hélt dampi í eitt tímabil. X-factor hefur valdið mér miklum vonbrigðum hingað til. Það er ekkert hægt að setja út á umgjörð þáttarins og auðvitað er engu til sparað þar. Hins vegar get ég ekki betur séð en að þarna sé á ferðinni Idolkeppni í sauðagæru. Í þætti um daginn komu inn strákar og þóttust flínkir rapparar. Þeir röppuðu gamlan texta eftir rapphljómsveitina Skytturnar frá Akureyri og voru næstum sprungnir úr hlátri í leiðinni. Páll Óskar sá strax í gegnum skensið og neitaði þeim strax áframhaldandi framgöngu í þættinum. Elly og Einar hins vegar þóttust sjá þarna mikla hæfileika og svakalegan „X-factor“, enda vita þau jafn mikið um rapp og um klúbbadanstónlist í Aserbaídsjan. Strákarnir komust sem sagt í gegn. Þetta er náttúrlega hneisa og alveg klárt að þessi þáttur er sami karaoketryllingur og Idol var. Það má líka eiginlega segja að strákarnir hafi komist áfram út af jákvæðri mismunun. Þetta er ekki X-factor og minn maður Páll Óskar er með það á hreinu.



## EKKI MISSA AF



▶ **21.55** Kojak SKJÁR EINN



▶ **21.45** Helgi Rafn SIRKUS



▶ **23.10** Hollywood Ending SJÓNVARPIÐ



▶ **19.30** Newcastle-Reading SKJÁR SPORT



▶ **22.05** The Siege STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**7.55 EM í sundi** Bein útsending frá undanrásum á EM í sundi í 25 metra braut í Helsinki. Örn Arnarson og Ragnheiður Ragnarsdóttir eru á meðal keppenda.
**10.30 Hlé**
**16.25 EM í sundi** Bein útsending frá undanúrslitum og úrslitum á EM í sundi í 25 metra laug í Helsinki. Örn Arnarson og Ragnheiður Ragnarsdóttir eru á meðal keppenda, hafi þeim gengið að óskum í undanrásum.
**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.10 EM í sundi**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir (13:28)**
**18.25 Ungar ofurhetjur (6:26)**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Óútfyllt ávísun** (Blank Check)
**21.45 Lagarottur** (What Rats Won't Do) Bresk bíómynd frá 1998. Kate Beckenham er lögfræðingur í London og er að fara að gifta sig. Hún tekur að sér mál sem hún bindur miklar vonir við en lögmaðurinn sem mætir henni þar hefur aldrei beðið lægri hlut í dómsal. Leikstjóri er Alastair Reid og meðal leikenda eru Natascha McElhone, James Frain, Parker Posey og Charles Dance.
▶**23.10 Hollywood-endir** (Hollywood Ending) Bandarísk gamanmynd frá 2002. Kvikmyndaleikstjóri sem má muna sinn fífil fegurri er ráðinn til að leikstýra fyrrverandi eiginkonu sinni en þegar hann kemur í myndverið er hann sleginn blindu.
**1.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05 Liar Liar** (Lygarinn)
**8.00 Hvítir mávar**
**10.00 The Five Senses**
**12.00 Connie and Carla**
**14.00 Liar Liar** (Lygarinn) .
**16.00 Hvítir mávar**
**18.00 The Five Senses** (Skilningarvitin fimm) Sérlega áhugaverð kvikmynd sem bæði vekur upp og svarar ýmsum spurningum.
**20.00 Connie and Carla**
**22.00 Ripley´s Game**
**0.00 13th Floor**
**2.00 Blood Work** (Blóðugt starf) Stranglega bönnuð börnum.
**4.00 Ripley´s Game** (Refskák Ripley´s)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours** (Nágrannar)
**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)
**13.50 Valentína** (My Sweet Fat Valentina) Nýir framhaldsþættir. Suðuramerísk sápuópera af bestu gerð sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan. Aðalpersónan er Valentina, ung og ómótstæðileg kona. Hún er yndislega ljúf og góð og með kímnigáfuna í lagi. Þættirnir eru frumsýndir á mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgnum.
**14.35 Jamie Oliver - með sínu nefi (9:26)** (Oliver´s Twist)
**15.00 Extreme Makeover: Home Edition (20:25)**
**15.50 Hestaklúbburinn** (Saddle Club)
**16.13 Nýja vonda nornin**
**16.38 Kringlukast** (BeyBlade)
**17.03 Simpsons**
**17.28 Bold and the Beautiful 17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 Freddie (10:22)**
**20.30 X-Factor** Stærsti sjónvarpsviðburður í sögu Stöðvar 2. X-Factor er einstök sönghæfileikakeppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá 16 ára og upp úr.
**21.25 Balls of Steel (4:6)** (Fífldirfska) Ferskir og fjörlegir breskir skemmtiþættir í anda bandarísku þáttanna Jackass og íslensku Strákanna þar sem allt gengur út á fífldirfskuna. Hvað eru menn tilbúnir að ganga langt fyrir athyglina?
▶**22.05 The Siege** (Umsátrið)
**0.00 Dante´s Peak**
**1.45 Miss Lettie and Me**
**3.15 Ísland í bítið e**
**4.50 Fréttir og Ísland í dag**
**6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight e.**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Wildfire (e)** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu.Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær hún vinnu á búgarði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram.
**20.45 The Hills (e)** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A.
**21.15 Till Death Do Us Part: Carmen (e)** Það virðist vera sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakornin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru.En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll pörin virðast skilja um leið og tökum lýkur
▶**21.45 Helgi Rafn - útgáfutónleikar** Sirkus sýnir upptöku frá útgáfutónleikum Helga Rafns sem fram fóru í Borgarleikhúsinu 22. nóvember síðastliðinn.
**22.45 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum.Ásgeir og co. fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur.
**23.15 South Park (e)**
**23.45 Chappelle's Show (e)** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum.Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.
**0.15 Pepper Dennis (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar.
**1.00 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið.
**1.45 The Player (e)** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari.
**2.30 Entertainment Tonight**
**3.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Sigtið (e)**
**15.00 The King of Queens (e) 15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura.
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Toppskífan** Glænýr tónlistarþáttur þar sem söngstjarnan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag og fær til sín góða gesti.
**20.10 Trailer Park Boys**
**20.35 Parental Control** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu. Ashley 18 ára á 24 ára kærasta, Matty, sem er tískuhönnuður. Foreldrar hennar eru ekki sáttir við kappann og koma henni á tvö blind stefnumót.
**21.00 The Biggest Loser** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
▶**21.55 Kojak - NÝTT!** Sköllótta löggan með rauða sleikipinnann er mætt aftur. Nú er það Ving Rhames sem leikur Kojak í nýrri þáttaröð en eins og margir muna þá lék Telly Savalas lögguna frægu í vinsælum þáttum á áttunda áratug síðustu aldar.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.20 Masters of Horror**
**0.10 Sigtið (e)** Íslensk gamansería um vonlausasta sjónvarpsmann landsins, Frímann Gunnarsson.
**0.40 C.S.I: Miami (e)**
**1.35 Close to Home (e)**
**2.30 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.15 C.S.I: New York (e)**
**4.10 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.40 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Liðið mitt (frá 07.12)**
**14.00 Man. City - Watford (frá 4. des)**
**16.00 Roma-Atalanta (2. des)**
**18.00 Upphitun**
**18.30 Liðið mitt (e)**
▶**19.30 Newcastle - Reading (frá 6. des)**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 West Ham - Wigan (frá 6. des)**
**0.00** Upphitun (e)




Opið til 22 í dag og á morgun

Það er þægilegt að undirbúa jólin í Kringlunni. Endalaust úrval og notaleg stemning frá morgni til kvölds.

Nýtt kortatímabil

Kringlan

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### X-FACTOR



Áheyrnarprufurnar eru að baki í X-Factor og nú munu leiðir skilja hjá þeim sem áfram komust. Skipt verður niður í þrjá hópa; undir 25 ára verða saman í hóp, yfir 25 ára verða saman og sönghópar saman. Og svo þegar búið er að draga í dilka er komið að því að úthluta þeim til dómaranna. Hver dómaranna þriggja, Einar Bárðar, Páll Óskar og Ellý, fær sinn hóp til umráða. Í næstu þáttum fellur það síðan í hlut dómaranna að þjálfa þátttakendur og búa þá undir frekari átök. Það sem meira er þá þurfa dómararnir, hver um sig, að fækka í hópnum sínum. Með öðrum orðum þá hefst keppnin, leitin að þeim sem hefur X-faktorinn, fyrir alvöru í þætti kvöldsins. Og annað sem hefst í kvöld er hörku samkeppni milli dómaranna, en þeir fara að keppast innbyrðis um það hver á eftir að standa sig best í að undirbúa sitt fólk, hver þeirra hefur besta nefið fyrir X-faktornum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „TOPPSKÍFUNNI"

### KL. 19.30 Á SKJÁ EINUM

Tónlistarkonan Heiða sem var eitt sinn kennd við hljómsveitina Unun er umsjónarmaður Toppskífunnar sem er nýr sjónvarpsþáttur sem Skjár einn ætlar að frumsýna í kvöld. Heiða mun fá góða tónlistargesti í heimsókn til sín og segja frá vinsælustu lögum landsins hverju sinni. Einstaklega gagnlegur og sniðugur tónlistarþáttur sem mun örugglega lifa lengi á skjánum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útarpssagan: Gangandi íkorni
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Stórt í smáu
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Út um víðan völl: Á ferð um landið
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**11.30 Evrópumótaröðin (Dunhill Championship)** Bein útsending frá Evrópumótaröðinni í golfi. Birgir Leifur tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni með því að hafna í einu af 30 efstu sætunum á úrtökumótinu á San Roque á Spáni.

**18.00 Race of Champions - 2005 Highlights** (Race of Champions - 2005 Highlights) Fremstu ökuþórar heims mættu hver öðrum í Race of Champions. Ökumennirnir eru þekktar stjörnur úr Formúlunni, ralli og NASCAR en á meðal keppenda voru David Coulthard, Sebastien Loeb, Colin McRace, Jeff Gordon og Marcus Gronholm. Hér sjáum við það allra markverðasta úr kappakstrinum.

**18.55 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.

**19.25 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina. Hvaða lið mætast? Hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið? Þá verða viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.

**19.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07)

**20.20 World Supercross GP 2005-06** (Rogers Centre)

**21.15 KF Nörd (15:15)** (KF Nörd) Síðasti þátturinn um Knattspyrnufélagið Nörd þar sem Nördarnir fá að spreyta sig gegn Íslandsmeisturum FH.

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker** (San Jose's Bay 101 Shooting Star Tournament)

**23.30 Pro bull riding** (Billings, MT - The NILE Invitational)

**0.25 NBA deildin** (Sacramento - Miami)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Danskernes Krønike - Vores børn **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni*show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** The Last Castle **22.35** Copycat

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **14.55** Nifse saker **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synnøve **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.10** Justin Timberlake i Memphis **23.55** Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

**11.05** På spåret **13.00** Planeten **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Landgång **16.30** Söderlund & Bie **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Charlies änglar **21.35** Mäklarna **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Den som viskar **23.55** A Perfect World




**HRÓSIÐ ...**



*... fær Eiður Smári Guðjohnsen sem átti framúrskarandi leik með Barcelona á þriðjudaginn og sló þar með endanlega í gegn hjá stuðningsmönnum liðsins sem og fjölmiðlum, en spænsku blöðin keppast um að hlaða hann lofi.*

# Leið mistök sem lært verður af

Samúel Kristjánsson, tónleikahaldari og talsmaður tónleikanna Frostroses: European Divas, segir að ákveðin mistök hafi átt sér stað við skipulagningu tónleikanna sem ekki hefði mátt sjá fyrir. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var óánægja með framkvæmd fyrri tónleikanna. Til að mynda var gagnrýnt að fjórbókað hefði verið í sum sæti og öngþveiti hefði skapast þegar gestir á fyrri tónleikunum fóru út og mættu þá gestum á seinni tónleikana.

Hann segir að Frost muni koma upp tengli á heimasíðu verkefnisins, frostrosir.is, en þar getur fólk sem telur sig hafa gengið með skertan hlut frá borði haft samband við fyrirtækið. „Við munum leita allra leið til að koma til móts við þetta fólk," segir Samúel. Hann segir að þrátt fyrir að einhverjir misbrestir hefðu átt sér stað hafi flestir gestanna verið sáttir við tónleikana og þá ekki síst seinni tónleikana sem fengu prýðilega dóma í Morgunblaðinu. Á miðvikudaginn var sjónvarpsútgáfan tekin upp í Hallgrímskirkju og segir Samúel að þegar hafi tíu Evrópulönd keypt sýningarréttinn en þeir verði sýndir á næstu jólum.

Laugardalshöllin og midi.is sendu í gær frá sér fréttatilkynningu vegna málsins. Þar kom fram að fjöldi fólks hefði haft samband við þá aðila vegna „umtalsverðra hnökra sem virðast hafa gætt við framkvæmd tónleikanna" eins og segir í tilkynningunni. „Í kjölfar þessa atburðar munu midi.is og Laugardalshöllin endurskoða verklagsreglur sínar um ábyrgðir og heimildir atburðahaldara á framkvæmd þeirra mannfagnaða sem fyrirtækin tvö þjónusta. Er sú ákvörðun tekin með hagsmuni neytenda að leiðarljósi", og undir þetta kvitta Óli Öder Magnússon fyrir hönd Laugardalshallarinnar og Einar Sævarsson frá midi.is. **- fgg**



**SAMÚEL KRISTJÁNSSON** Segir að leið mistök hafi átt sér stað við skipulagningu tónleikanna en reynt verði að bæta fyrir þau og læra af þeim.



**LÁRÉTT** 2 svik 6 hlutafélag 8 þunnur vökvi 9 illæri 11 dreifa 12 mistakast 14 duglegur 16 utan 17 skýra frá 18 sigti 20 til 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT** 1 ofneysla 3 bor 4 ítalskur ofnréttur 5 forsögn 7 nokkrir 10 skjögur 13 farfa 15 gefa upp sakir 16 tunna 19 tveir eins.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 fals, 6 hf, 8 lap, 9 óár, 11 sá, 12 fella, 14 iðinn, 16 án, 17 tjá, 18 mið, 20 að, 21 arða.

LÓÐRÉTT: 1 óhóf, 3 al, 4 lasanja, 5 spá, 7 fáeinir, 10 rið, 13 lit, 15 náða, 16 áma, 19 óð.

BBC WORLD SERVICE

HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON: HÁLEIT MARKMIÐ HJÁ HOMMALIÐI

# Stefna á HM í Argentínu

„Þetta var stofnað í sumar en nafn á félagið var formlega tekið í gildi í sumar þegar við fórum í keppnisferð til Kaupmannahafnar," segir Hafsteinn Þórólfsson, formaður Strákafélagsins Styrmis, sem væntanlega er „hýrasta" knattspyrnulið landsins. Liðið hefur sett sér háleit markmið, stefnir á Evrópumótið í London sem haldið verður um páskana en svo er komið að stóra ævintýrinu, heimsmeistarakeppninni í Argentínu, þaðan sem margir af fremstu knattspyrnumönnum heims koma frá. Aðspurður hvort einhver saga sé á bak við nafnið sagði Hafsteinn svo ekki vera. „Við hittumst bara tveir á kaffihúsi, fannst Strákafélagið vera borðleggjandi og Styrmir hljómaði síðan vel við," útskýrir Hafsteinn.



**FORMAÐURINN** Hafsteinn Þórólfsson boðaði til æfinga í sumar og mættu sjö til leiks. Nú eru í kringum þrjátíu manns sem mæta á æfingar hjá St. Styrmi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hafsteinn æfði með áþekku knattspyrnufélagi í London sem hét London Left Footers en þegar hann kom heim á sumrin fannst honum það heldur súrt í brotið að svona lið væri ekki fyrir hendi hér. „Það var því bara boðað til æfinga á Klambratúni í sumar og þar mættu sjö hommar og léku saman knattspyrnu," segir Hafsteinn. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar, liðið er komið með sitt eigið merki, fékk nýverið styrk frá KSÍ hvað varðar bolta og töskur og eru í samningaviðræðum við Glitni um styrki enda verður það kostnaðarsamt að fara með þrjátíu manns til Suður-Ameríku.

Meðlimum St. Styrmis fjölgar með hverri æfingu en Hafsteinn segir að í kringum 25 til 30 mæti á æfingar hjá þeim. „Og það er nánast undantekningarlaust alltaf eitt nýtt andlit sem lætur sjá sig," bætir formaðurinn við og segir að þrátt fyrir að St. Styrmir sé opinberlega hommalið mega allir koma og spreyta sig. „Það slæðast alltaf einhverjir gagnkynhneigðir með enda liðið opið fyrir öllum," útskýrir Hafsteinn. Þrátt fyrir að mesta áherslan sé lögð á knattspyrnu segir Hafsteinn að markmiðið sé að fjölga íþróttagreinum innan félagsins og að á Gay Games, sem eru einhvers konar ólympíuleikar samkynhneigðra og haldnir í Kaupmannahöfn árið 2009, verði félagið með meira en bara fótbolta innan sinna vébanda. „Við leggjum samt mesta áherslu á hópíþróttir," segir Hafsteinn og vísar til heimasíðu félagsins sem er ststyrmir.is. **freyrgigja@frettabladid.is**



**ST. STYRMIR** Fóru í keppnisferðalag til Danmerkur og stefna á HM í Argentínu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin lífseiga og þreytta gáta um hvaða höfundur feli sig á bak við dulnefnið **Stella Blómkvist** er nú uppi sem oftar. Hafa margir verið nefndir eins og til dæmis **Snjólaug Bragadóttir, Elías Snæland, Stefán Jón Hafstein** og jafnvel **Davíð Oddsson** sjálfur.



Nú hefur enn ein tilgátan skotið upp kollinum, sem kenningasmiður segir steinliggja og púslar þá saman því sem lögfræðingurinn Stella þarf að eiga við í nýjustu bók sinni og því sem þekkja má úr fari og þáttum úr ævi viðkomandi. Og er sú hin skelegga og afkastamikla **Gerður Kristný**: Í nýrri bók sinni fæðir Stella barn sitt og hún fjallar um misnotkun. Það fylgir sögunni að sá sem hefur sveipað þessu hulu og komið verkinu í gegnum forlagið þannig að enginn viti hver býr að baki Stellu er fyrrum þróunarstjóri Eddu: **Kristján Bjarki Jónasson** – spúsi Gerðar.



Kaninn, útvarpsstöð sem **Jakob Frímann Magnússon** kom á fót af mikilli atorku og hraði, lagði undir sig tíðni þar sem BBC var áður útvarpað á. Stöðin hefur nú flutt sig yfir á betri bylgjulengd, eða 89,0. Á Kananum er aðeins leikin íslensk tónlist. Helsti dagskrárgerðarmaður er **Kolfinna Baldvinsdóttir** en ýmsir djassgeggjarar fóstra sína þætti þegar líður á kvöldið. Tilgangurinn með Kananum er að mæta því að á þriðja hundrað diska – hálft þriðja þúsund laga – kemur út á ári hverju á Íslandi en útvarpsstöðvar landsins, að Kananum undanskildum, leika varla nema fimm prósent af því. **- jbg**




OF MIKIÐ AÐ BERA?

**- Láttu okkur um það**




Nýja Sendibílastöðin

568 5000

www.sendibilar.is


# Kóngur fékk humaruppskrift

Feðgarnir Eyjólfur Elíasson og Elías Einarsson hafa nýlega sent frá sér Matreiðslubók íslenska lýðveldisins, sem samanstendur af matseðlum sem þeir hafa borið á borð fyrir fyrirmenn landsins og tigna gesti þeirra.

„Lambið var alltaf langvinsælast," sagði Eyjólfur, en lambauppskriftir eru áberandi í bókinni. „Ég held að ráðamennirnir reyni að flagga því sem mest," sagði hann. „Guðni Ágústsson vildi til dæmis varla sjá annað í veislum en lamb. Og skyrið líka," sagði Eyjólfur. Hann sagðist þó ekki hafa tekið eftir því hvort ráðamenn þjóðarinnar hafi átt sér einhverja uppáhaldsrétti. „Reyndar var Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, alltaf rosalega hrifinn af frönsku súkkulaðikökunni. Og Davíð Oddsson mátti aldrei fá tímían," sagði Eyjólfur.



**LAMBAKJÖTSMAÐUR** Guðni Ágústsson vildi að sögn Eyjólfs vart sjá annað en lambakjöt í veislum sínum.

Eyjólfur segir þá feðga oft hafa fengið þakkir frá tignum gestum og jafnvel látið þeim í té einkar vinsælar uppskriftir. „Humarinn með engiferinu í Orly-deiginu var rosalega vinsæll. Það var, held ég, Jórdaníukonungur sem fékk þá uppskrift," sagði Eyjólfur. „Ein fyrirkonan sagðist líka óska þess að hún væri með jafn góða kokka. En ég get nú varla gefið upp hver það var," sagði hann hlæjandi. „Hún var forsetafrú, ég segi ekki meir," bætti hann við að lokum. **- sun**



**EYJÓLFUR ELÍASSON MEÐ BÓKINA GÓÐU** Uppskriftina sem Jórdaníukonungur bað sérstaklega um er að finna í bókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Hott, hott á hesti!



**Hestur með innbyggðu frýsi!**
Þeystu af stað á nýja hestinum þínum.
Ef þú kippir í eyrað á honum heyrðirðu hófadyn og síðan frýsar hann hressilega.
Hott, hott! 800 krónur.

**TIGER**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorgi Akureyri**

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## Das Kapital

Sá Jón Ásgeir í viðtali um daginn í tilefni af söfnun handa hungruðum börnum. Þar talaði hann um að hann og fyrirtæki hans ætluðu að gefa einhver voðalega lifandis býsn af peningum til að börnin fengju menntun og mat.

**„SVAKALEGA** er hann góður,“ hugsar maður. En svo hugsar einhver annar: „Já hann ætti líka að hafa efni á því.“ Einmitt. En hann þarf ekkert að vera svona góður. Getur hann ekki bara tekið peninginn og keypt sér nýjan jeppa?

**EN** alvöru bissnesmenn gera fátt án þess að hugsa málið til enda. Þetta fattaði ég ekki fyrr en nú í vikunni þegar vinur minn sagði mér að nú væri að ryðja sér til rúms ný tegund af kapítalisma sem kallaðist „mannúðarkapítalismi“.

**MANNÚÐARKAPÍTALISMI** snýst um eina mjög einfalda og kristaltæra hugsun: „Manneskja = hugsanlegur viðskiptavinur.“ Og til að þessi tiltekna manneskja geti verið hugsanlegur viðskiptavinur er verra að hún sé hungruð, ólæs og fátæk.

**ÞESS** vegna eru menn að tala um að kapítalistar heimsins séu farnir að eyða háum upphæðum í hjálparstarf til að koma fátækum samfélögum upp á siði hins vestræna hagkerfis svo hægt sé að setja upp Starbucks og MacDonalds.

**ÞVÍ** enginn græðir á hungruðum heimi, það er ljóst. Því fleiri hausar í heiminum sem hafa efni á að setjast niður á Starbucks, kaupa sér föt frá Calvin Klein og panta sér Domino's pitsu því betra fyrir kapítalistana og sennilega mannkynið allt.

**OG** þá er holt að spyrja, er þetta vont? Auðvelt er að segja já, uss. Kapítalistarnir endanlega gengnir af göflunum, hjálpa fólki til að græða á því. Fussumsvei.

**EN** var okkur ekki einmitt kennt í æsku að það borgaði sig ekki að vera vondur? Það hefur aldrei borgað sig. Það borgaði sig ekki fyrir Júdas, Hitler, Vlad greifa og Ebenezer Scrooge. Mannkynssagan er full af dæmum um slíkt. Þvert á móti hefur alltaf borgað sig að vera góður. Og kapítalistarnir gera alltaf það sem borgar sig.





Jólagjöfin í ár er símtal frá stelpunni sem þú kynntist á skólaballi



SAMSUNG X830

5.900 kr.

Léttkaupsútborgun

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð aðeins 29.900 kr.

Með fullkomnum MP3 spilara, 1,3 MP myndavél og sendir tónlist í gegnum Bluetooth.



SAMSUNG X650

4.900 kr.

Léttkaupsútborgun

750 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð aðeins 13.900 kr.

Lítill og nettur með VGA myndavél, FM stereó útvarpi og stereó heyrnartólum.

2.000 kr. auka jólaafsláttur fyrir þá sem eru í Betri leið eða versla á siminn.is



Þú finnur jólagjöfina í ár í næstu verslun Símans eða á vefversluninni á siminn.is

LANG MESTA ÚRVAL LANDSINS AF STJÖRNUSJÓNAUKUM

CELESTRON



CELESTRON
FirstScope 114
114mm spegilssjónauki
Verð: 24.900 kr.

CELESTRON
NexStar 114 SLT
Tölvustýrður stjörnusjónauki
Verð: 39.990 kr.

CELESTRON
StarHopper 6
150mm spegilssjónauki
Verð: 39.900 kr.

Fjöldi aukahluta fyrir alla stjörnusjónauka á frábæru verði.

ORMSSON

SMÁRALIND · WWW.ORMSSON.IS